

Frumvarp til laga

um fjarskipti.

Frá háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra.

I. KAFLI

Markmið og gildissvið.

1. gr.

Gildissvið.

Lög þessi gilda um fjarskipti, fjarskiptaþjónustu og fjarskiptanet.

Fjarskipti sem eingöngu eru boð eða sendingar innan húsakynna heimilis, fyrirtækis eða stofnunar, svo sem í sjúkrahúsum, gistihúsum, skólum og verksmiðjum, heyra ekki undir lög þessi.

Lög þessi gilda ekki um efni sem sent er á fjarskiptanetum.

2. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að tryggja aðgengileg, greið, hagkvæm, skilvirk og örugg fjarskipti hér á landi. Enn fremur er markmið þeirra að auka vernd og valmöguleika neytenda og stuðla að virkri samkeppni, hagkvæmum fjárfestingum og nýsköpun á fjarskiptamarkaði.

Íslenska ríkið skal stuðla að því, eftir því sem unnt er, að öllum landsmönnum og fyrirtækjum bjóðist aðgangur að fjarskiptaþjónustu og háhraðanetum, þ.m.t. föstum og þráðlausum netum, eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum þessum.

II. KAFLI

Umgjörð fjarskiptamála.

3. gr.

Stjórn fjarskiptamála.

Ráðherra fer með yfirstjórn fjarskiptamála.

4. gr.

Umsjón með fjarskiptum.

Fjarskiptastofa skal hafa umsjón með fjarskiptum innan lögsögu íslenska ríkisins, þar á meðal notkun fjarskiptaíðnirófs, og eftirlit með framkvæmd laga þessara.

III. KAFLI
Orðskýringar.
 5. gr.
Orðskýringar.

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

1. *Aðgangur*: Að veita öðru fyrirtæki aðgang að aðstöðu eða þjónustu samkvæmt skilgreindum skilyrðum, hvort sem um er að ræða einkaaðgang eða ekki, í því skyni að veita fjarskiptaþjónustu, þ.m.t. þegar hún er notuð við afhendingu þjónustu í upplýsingasamfélaginu eða útsendingu efnis. Hann tekur m.a. til:
 - a. aðgangs að einstökum netþáttum og tengdri aðstöðu sem getur falið í sér tengingu búnaðar, hvort sem hún er föst eða þráðlaus og tekur þetta einkum til aðgangs að heimtaug og aðstöðu og þjónustu sem nauðsynleg er til að veita þjónustu um heimtaugina,
 - b. aðgangs að efnislegu grunnvirki, þ.m.t. byggingum, rörum og möstrum,
 - c. aðgangs að viðeigandi hugbúnaðarkerfum, þ.m.t. að rekstrarstuðningskerfum, upplýsingakerfum eða gagnagrunnum fyrir forpantanir, útvegum, pantanir, beiðnir um viðhald og viðgerðir og gerð reikninga,
 - d. aðgangs að númerafærslum eða kerfum þar sem jafngild virkni er í boði,
 - e. aðgangs að föstum netum og farnetum, einkum fyrir reikiþjónustu,
 - f. aðgangs að skilyrtum aðgangskerfum fyrir stafræna sjónvarpsþjónustu og
 - g. aðgangs að sýndarnetsþjónustu.
2. *Aðgangspunktur*: Efnislegur staður inni í eða fyrir utan byggingu sem er aðgengilegur fjarskipta-fyrirtækjum þar sem tenging innanhússfjarskiptalagnar við háhraðanet er gerð aðgengileg.
3. *Afkastamikið háhraðanet*: Fjarskiptanet sem samanstendur eingöngu af ljósleiðaraþáttum, a.m.k. að dreifipunkti við þjónustustað, eða fjarskiptanet með svipaða frammistöðu við venjuleg álagstímaskilyrði, með tilliti til tiltækra flutningsgetu aðgreina og útgreina, þanþols, villutengdra breyta og biðtíma og breytinga á honum. Frammistaða nets getur talist vera svipuð þótt upplifun endanotanda sé breytileg vegna eðlislægs mismunar á eiginleikum miðilsins sem netið tengist að lokum við nettengipunkt.
4. *Almenn heimild*: Fyrirkomulag sem komið er á fót til að tryggja rétt aðila til að bjóða fram fjarskiptanet eða fjarskiptaþjónustu og til að mæla fyrir um skyldur sem eru sértækar fyrir fjarskipti sem geta gilt um allar eða tiltekna gerðir fjarskiptaneta og fjarskiptaþjónustu í samræmi við lög þessi.
5. *Almennt fjarskiptanet*: Fjarskiptanet sem notað er að öllu eða mestu leyti til að veita almenna fjarskiptaþjónustu og styður við flutning á upplýsingum milli nettengipunkta.
6. *Almenn fjarskiptaþjónusta*: Fjarskiptaþjónusta sem stendur einstaklingum og lögaðilum til boða.
7. *Alþjónusta*: Afmarkaðir þættir fjarskipta af tilteknum lágmarksgæðum sem boðnir eru neytendum á viðráðanlegu verði í samræmi við ákvæði laga þessara.
8. *Efnislegt grunnvirki*: Efnislegt grunnvirki eins og það er skilgreint í lögum um ráðstafanir til hagkvæmrar uppbyggingar háhraðafjarskiptaneta.
9. *Endabúnaður*: Búnaður sem beint eða óbeint er tengdur við skilfleti almenns fjarskiptanets til þess að senda, vinna úr eða taka við upplýsingum. Hvort sem um er að ræða beina eða óbeina tengingu getur hún verið með þræði eða þráðlaus. Tenging telst óbein ef tæki

er komið fyrir milli endabúnaðarins og skilflatar netsins. Með endabúnaði er enn fremur átt við búnað fyrir gervihnattajarðstöðvar.

10. *Endanotandi*: Notandi sem ekki býður almenn fjarskiptanet eða veitir almenna fjarskiptaþjónustu.
11. *Farnet*: Þráðlaust net þar sem endabúnaður endanotenda tengist með radiósamböndum við fjarskiptastöðvar. Fjarskiptaþjónusta um farnet helst óskert þótt samband sé fært frá einni fjarskiptastöð til annarrar og geta farnet því þjónað notendum á ferð.
12. *Fast net*: Fjarskiptanet þar sem fjarskipti fara um þræði í fjarskiptastrengjum.
13. *Fjarskiptaþyrirtæki*: Einstaklingur eða lögaðili sem hefur tilkynnt Fjarskiptastofu um rekstur fjarskiptaþjónustu eða fjarskiptanets.
14. *Fjarskiptaþyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk*: Fjarskiptaþyrirtæki sem Fjarskiptastofa hefur skilgreint með umtalsverðan markaðsstyrk á grundvelli markaðsgreiningar.
15. *Fjarskiptanet*: Merkjaflutningskerfi, óháð því hvort það byggist á miðlægum innviðum eða hefur miðlægt stjórnkerfi. Í fjarskiptaneti getur eftir atvikum verið skipti- eða beinibúnaður ásamt öðrum björgum, þar á meðal netþáttum sem ekki eru virkir, sem leyfa flutning á merkjum yfir þræði, með þráðlausri útbreiðslu eða með öðrum rafsegulfræðilegum aðferðum. Í fjarskiptanetum geta fjarskipti farið yfir föst net og þráðlaus net, svo sem farnet eða yfir gervitungl, einnig rafmagnsdreifinet að því marki sem þau eru notuð til flutnings merkja. Til fjarskiptaneta teljast einnig kerfi sem notuð eru til hljóð- og myndmiðlunar og kapalsjónvarpsnet án tillits til þeirra fjarskiptamerkja sem um þau fara.
16. *Fjarskiptavirki*: Fjarskiptanet, efnislegt grunnvirki eða hvers konar tæki, tækjahlutar, lagnir, búnaður og annað sem sérstaklega er ætlað að koma á fjarskiptum eða reka þau hvort heldur er til sendingar eða móttöku.
17. *Fjarskiptaþjónusta*: Þjónusta sem að jafnaði er veitt gegn þóknun yfir fjarskiptanet. Hér er undanskilin sú þjónusta þegar efni sem sent er um fjarskiptanet er meðhöndlað, t.d. með ritstýringu. Fjarskiptaþjónusta tekur til eftirfarandi þjónustu:
 - a. netaðgangþjónustu í skilningi laga þessara,
 - b. fjarskiptaskiptaþjónustu milli einstaklinga í skilningi laga þessara og
 - c. þjónustu sem felst að öllu eða mestu leyti í því að flytja merki, svo sem flutningsþjónustu sem er notuð milli tækja og fyrir hljóð- eða myndmiðlun.
18. *Fjarskiptaþjónusta milli einstaklinga*: Þjónusta sem að jafnaði er veitt gegn þóknun og gerir bein, gagnvirk upplýsingaskipti milli tiltekins fjölda einstaklinga yfir fjarskiptanet möguleg. Einstaklingarnir sem hefja eða taka þátt í fjarskiptunum ákvarða hverjir viðtakendur eru. Þetta tekur ekki til þjónustu þar sem gagnvirk fjarskipti milli einstaklinga eru aðeins minni háttar viðbótarþáttur sem er órjúfanlega tengdur annarri þjónustu.
19. *Fjarskiptaþjónusta milli einstaklinga sem er ótengd númerum*: Fjarskiptaþjónusta milli einstaklinga sem tengist ekki númerum sem úthlutað er úr landsbundnu eða alþjóðlegu númeraskipulagi eða þar sem fjarskipti eru ekki möguleg við slík númer.
20. *Fjarskiptaþjónusta milli einstaklinga sem er tengd númerum*: Fjarskiptaþjónusta milli einstaklinga sem tengist númerum sem úthlutað er opinberlega, þ.e. númeri eða númerum í landsbundnu eða alþjóðlegu númeraskipulagi eða sem gerir fjarskipti möguleg við aðila með slík númer.
21. *Fjarskipti*: Hvers konar sending og móttaka tákna, merkja, skriftar, mynda og hljóða eða hvers konar boðmiðlun eftir þráðum eða með þráðlausri útbreiðslu eða öðrum rafsegulfræðilegum aðferðum.

22. *Heimtaug*: Sú raunlæga leið sem ber fjarskiptamerki og tengir nettengipunkt við tengigrind eða sambærilegan búnað í föstu neti.
23. *Hugbúnaðarskil*: Hugbúnaðarskil sem gerð eru aðgengileg af fjölmiðlaveitu eða þjónustuveitu til að tengjast búnaði fyrir stafræna hljóð- og myndmiðlun.
24. *Innanhússfjarskiptalögn*: Efnislegt grunnvirki eða búnaður, þ.m.t. þættir í sameiginlegu eignarhaldi, sem er staðsettur hjá endanotanda og ætlaður er til að hýsa fastlínu og/eða þráðlaus staðarnet þar sem slík net geta veitt fjarskiptaþjónustu og tengja aðgangspunkt byggingar við nettengipunkt.
25. *Innanhússfjarskiptalögn sem er tilbúin fyrir tengingu við háhraðanet*: Innanhússfjarskiptalögn sem ætluð er til að hýsa þætti háhraðaneta eða auðvelda afhendingu þeirra.
26. *Lagnir*: Fjarskiptalagnir, svo sem rör, strengir og kaplar.
27. *Mikilvægir innviðir*: Mikilvægir innviðir samkvæmt skilgreiningu laga um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða.
28. *Net- og upplýsingakerfi*: Net- og upplýsingakerfi samkvæmt skilgreiningu laga um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða.
29. *Netaðgangspjónusta*: Almenn fjarskiptaþjónusta sem veitir aðgang að netinu og þar með tengingu við því sem næst alla endapunkta þess, án tillits til þeirrar nettækni og endabúnaðar sem notaður er.
30. *Nettengipunktur*: Efnislegur tengipunktur þar sem endanotanda er veittur aðgangur að almennu fjarskiptaneti. Ef um er að ræða net þar sem skipting eða beining á sér stað er nettengipunkturinn auðkenndur með sérstöku vistfangi innan netsins sem hægt er að tengja númeri eða heiti endanotanda.
31. *Netþáttur*: Hluti fjarskiptanets, svo sem strengir, beinar, skiptar, fjarskiptabúnaður, endabúnaður og hugbúnaður.
32. *Netöryggissveit*: Netöryggissveit samkvæmt lögum um Fjarskiptastofu.
33. *Neyðarþjónusta*: Þjónusta sem er viðurkennd sem slík af stjórnvöldum, sem veitir aðstoð tafarlaust og hratt við aðstæður þar sem bein hætta steðjar að lífi eða limum einstaklinga, lýðheilsu eða almannaöryggi, eignum í einkaeigu eða eigu hins opinbera eða umhverfinu, í samræmi við landslög.
34. *Neytandi*: Einstaklingur sem notar eða óskar eftir almennri fjarskiptaþjónustu í öðrum tilgangi en sem tengist atvinnugrein hans, viðskiptum eða starfi.
35. *Notandi*: Einstaklingur eða lögaðili sem notar eða óskar eftir almennri fjarskiptaþjónustu.
36. *Nothæf netaðgangspjónusta*: Virkni, gæði og tæknilegir eiginleikar sem netaðgangspjónusta skal að lágmarki búa yfir þannig að þjónustan geti komið notendum að gagni í daglegu lífi.
37. *Númer og kóðar*: Röð tákna sem eru notuð til að auðkenna einstaka notendur í fjarskiptanetum.
38. *Ósvæðisbundið númer*: Númer úr landsbundna númeraskipulaginu sem ekki felur í sér svæðisnúmer, svo sem farsímanúmer, frínúmer og yfirgjaldsnúmer.
39. *Reikþjónusta*: Símtalsþjónusta, skilaboðaþjónusta og önnur gagnaflutningsþjónusta í farneti sem á upphaf eða lýkur hjá viðskiptavini sem ekki er í viðskiptasambandi við rekstraraðila þess farnets sem endabúnaður hans tengist í viðkomandi tilviki.
40. *Rekstraraðili*: Lögaðili sem býður fram eða hefur heimild til að bjóða fram almennt fjarskiptanet eða tengda aðstöðu.
41. *Samhýsing*: Aðgangur að rými og tækniþjónustu sem er nauðsynlegur til að koma viðeigandi búnaði aðgangsbeiðanda fyrir með góðu móti og tengja hann.

42. *Samræmd notkun tíðnirófs*: Tíðniróf þar sem samræmdum skilyrðum að því er varðar tiltækileika og skilvirka notkun hefur verið komið á með tæknilegum framkvæmdarráðstöfunum í samræmi við 4. gr. ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 676/2002/EB.
43. *Samtenging*: Sérstök tegund aðgangs sem rekstraraðilar almennra fjarskiptaneta sameinast um að koma á með efnislegri og rökvisri tengingu almennra fjarskiptaneta sem eitt eða fleiri fyrirtæki nota til að gera notendum eins fjarskiptafyrirtækis kleift að hafa samskipti við notendur sama eða annars fyrirtækis eða nýta sér þjónustu sem önnur fyrirtæki veita, þar sem slík þjónusta er veitt af viðkomandi aðilum eða öðrum aðilum sem hafa aðgang að netinu.
44. *Símaþjónusta*: Almenn fjarskiptaþjónusta sem gerir kleift að hefja og taka við, beint eða óbeint, innanlandssímtölum og/eða millilandasímtölum með númeri eða númerum úr landsbundnu eða alþjóðlegu númeraskipulagi.
45. *Símtal*: Tenging sem komið er á með almennri fjarskiptaþjónustu milli einstaklinga og leyfir tviátta talfjarskipti.
46. *Skaðleg truflun*: Truflun sem hættu er á að trufla virkni þráðlausrar leiðsöguþjónustu eða annarrar öryggisþjónustu eða sem á annan hátt dregur úr, hindrar eða truflar ítrekað þráðlausa fjarskiptaþjónustu sem er starfrækt í samræmi við gildandi reglur landsréttar eða reglur á alþjóðavettvangi eða á Evrópska efnahagssvæðinu.
47. *Skilyrt aðgangskerfi*: Sérhver tækniráðstöfun, auðkenningarkerfi og/eða tilhögun þar sem aðgangur að lokaðri hljóð- og myndmiðlun er bundinn skilyrði um áskrift eða annars konar fyrirframheimild í hverju einstöku tilviki.
48. *Skipting tíðnirófsins*: Útnefning tiltekins tíðnisviðs til notkunar fyrir eina eða fleiri gerðir þráðlausrar fjarskiptaþjónustu, eftir því sem við á, með tilgreindum skilyrðum.
49. *Staðsetningarupplýsingar*: Í almennu farneti eru staðsetningarupplýsingar unnin gögn úr netgrunnvirki eða handtölum, sem gefa til kynna landfræðilega staðsetningu endabúnaðar endanotanda; í almennu föstu neti eru það gögn um vistfang tengipunktsins.
50. *Strengur*: Fjarskiptastrengur sem inniheldur einn eða fleiri þræði sem notaðir eru til fjarskipta. Ljósleiðarastrengur er fjarskiptastrengur sem inniheldur einungis ljósleiðara.
51. *Svæðisbundin númer*: Númer úr landsbundnu númeraskipulagi þar sem hluti af talnasamsetningunni er landfræðileg vísun sem er notuð til að beina símtölum á hinn eiginlega nettengipunkt.
52. *Tengd aðstaða*: Tengd þjónusta, efnisleg grunnvirki og önnur aðstaða eða þættir í tengslum við fjarskiptanet eða fjarskiptaþjónustu sem gerir kleift að veita eða styður veitingu þjónustu um það net eða í tengslum við þá þjónustu, eða hefur möguleika á að gera það. Slík aðstaða getur samanstðið af byggingum eða inngöngum að byggingum, lögnum í byggingum, loftnetum, turnum og öðrum burðarvirkjum, rörum, strengjum, möstrum, brunnum og skápum.
53. *Tengd þjónusta*: Þjónusta í tengslum við fjarskiptanet eða fjarskiptaþjónustu sem gerir kleift að veita eða styður við veitingu þjónustu, sjálfsþjónustu eða sjálfvirkrar þjónustu um það net eða þjónustu eða hefur möguleika á að gera það. Slík þjónusta felur m.a. í sér númerafærslur eða kerfi þar sem jafngild virkni er í boði, skilyrt aðgangskerfi og rafræna dagskrárvísa auk annarrar þjónustu eins og auðkennis-, staðsetningar- og viðveruþjónustu.
54. *Tíðnisamnýting*: Aðgangur tveggja eða fleiri notenda að sama tíðnisviði, samkvæmt skilgreindu samnýtingarfyrirkomulagi sem er heimilað á grundvelli almennrar heimildar, tíðniheimildar eða hvoru tveggja, þar á meðal stjórnsýslufyrirmæla um sameiginleg afnot

- af leyfi sem hafa að markmiði að greiða fyrir sameiginlegri notkun tíðnisviðs, með fyrirvara um bindandi samkomulag milli allra viðkomandi aðila, í samræmi við samnýtingarreglur sem kveðið er á um í tíðniheimild, til að tryggja öllum notendum fyrirjónlegt og áreiðanlegt samnýtingarfyrirkomulag, með fyrirvara um beitingu samkeppnislaga.
55. *Yfirgjald*: Gjald fyrir virðisaukandi þjónustu sem er hærra en almennt símtalagjald.
 56. *Þráðlaus aðgangspunktur sem þekur lítið svæði*: Þráðlaus lágafslsbúnaður til netaðgangs sem er lítill um sig og með lítið drægi, sem notar leyfisskylt tíðniróf eða tíðniróf sem ekki er leyfisskylt eða hvort tveggja og sem nota má sem hluta af almennu fjarskiptaneti og má vera búinn einu eða fleiri loftnetum sem hafa lítill sjónræn áhrif og sem veitir notendum þráðlausan aðgang að fjarskiptanetum óháð undirliggjandi netuppbyggingu, hvort sem um er að ræða farnet eða fast net.
 57. *Þráðlaus fjarskiptabúnaður*: Rafeindabúnaður sem hefur þann tilgang að gefa frá sér eða taka við hátíðnibylgjum fyrir þráðlaus fjarskipti eða staðarákvörðun eða rafeindabúnaður sem verður að bæta við aukabúnaði, svo sem loftneti, til að geta gefið frá sér eða tekið við hátíðnibylgjum fyrir þráðlaus fjarskipti eða staðarákvörðun.
 58. *Þráðlaust net*: Fjarskiptanet þar sem fjarskipti fara ekki fram yfir þráð, heldur til dæmis með útvarpsblygjum í lofti.
 59. *Þráðlaust staðarnet*: Þráðlaust lágafslsaðgangskerfi með lítið drægi sem notar samhæft tíðniróf án einkaréttinda og lítill hætta er á að valdi truflunum á öðrum sambærilegum kerfum sem aðrir nota.
 60. *Þráður*: Einangrað efni, t.d. úr kopar, gleri eða plasti til flutnings á rafboðum eða ljósboðum til fjarskipta. Þráður sem flytur ljósboð nefnist ljósleiðari. Hver þráður er hluti af tilteknu föstu neti.
 61. *Öryggi fjarskiptaneta og fjarskiptaþjónustu*: Geta fjarskiptaneta og fjarskiptaþjónustu til að standast með tilteknu öryggisstigi allar aðgerðir sem stofna í hættu aðgengi, sannvottuðum uppruna, réttleika og leynd þessara kerfa og þjónustu, vistaðra eða sendra eða unninna gagna eða tengdrar þjónustu sem boðin er eða er aðgengileg um þessi fjarskiptanet eða fjarskiptaþjónustu.
 62. *Öryggisatvik*: Hver sá atburður sem hefur eða getur haft skaðleg áhrif á öryggi fjarskiptaneta og fjarskiptaþjónustu.

IV. KAFLI

Heimild til fjarskiptastarfsemi.

6. gr.

Almenn heimild.

Fjarskiptafyrirtæki hafa almenna heimild til að veita fjarskiptaþjónustu og bjóða fram fjarskiptanet. Heimild þessi nær til lögaðila sem staðfestu hafa innan Evrópska efnahagssvæðisins og enn fremur í aðildarríkjum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, eftir því sem ráðherra ákveður með reglugerð.

Fjarskiptafyrirtæki skal áður en starfsemi hefst tilkynna Fjarskiptastofu um fyrirhugaða fjarskiptaþjónustu eða rekstur fjarskiptaneta. Veita skal upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna skráningar á viðkomandi fjarskiptafyrirtæki og starfsemi þess. Í tilkynningu skal upplýsa um eftirfarandi:

- a. heiti fjarskiptafyrirtækis,
- b. rekstrarform og skráningarnúmer, kennitölu eða sambærilegar upplýsingar,

- c. heimilisfang höfuðstöðva á Evrópska efnahagssvæðinu og útibús/starfsstöðvar, eftir því sem við á,
- d. veffang,
- e. tengilið og samskiptaupplýsingar,
- f. stutta lýsingu á þjónustu sem ætlunin er að veita og fyrirhuguðu framboði á fjarskiptaneti,
- g. ríki Evrópska efnahagssvæðisins sem þjónusta nær til, og
- h. dagsetninguna sem áætlað er að starfsemi hefjist.

Fjarskiptafyrirtæki sem aðeins veita fjarskiptaþjónustu milli einstaklinga sem er ótengd númerum eru undanþegin tilkynningarskyldu skv. 2. mgr.

Fjarskiptastofa skal halda skrá yfir öll fjarskiptafyrirtæki sem hafa tilkynnt að þau muni starfa á grundvelli almennrar heimildar. Að beiðni fjarskiptafyrirtækis skal Fjarskiptastofa innan viku frá því að tilkynning barst stofnuninni gefa út staðfestingu þess að fyrirtækið hafi tilkynnt sig til skráningar.

Fjarskiptastofu er heimilt að setja nánari reglur um sniðmát tilkynninga skv. 2. mgr. og um staðfestingu skv. 4. mgr.

7. gr.

Lágmarksréttindi sem fylgja almennri heimild.

Fjarskiptafyrirtæki sem hafa almenna heimild skv. 6. gr. eiga rétt á að reka fjarskiptanet eða fjarskiptaþjónustu og nota fjarskiptatíðniróf í samræmi við lög þessi. Þau eiga rétt á umfjöllun um umsóknir sínar um nauðsynleg réttindi í samræmi við 34. gr. og um nauðsynlegan afnotarétt af númeraforða í samræmi við 21. gr.

Almenn heimild veitir fjarskiptafyrirtæki rétt til að semja um samtengingu og þar sem það á við að fá aðgang að eða samtengingu við önnur fjarskiptafyrirtæki.

Almenn heimild veitir rétt til útnefningar til að veita alþjónustu í samræmi við lög þessi.

Fjarskiptastofa gefur út reglur um almenna heimild til að reka fjarskiptanet og fjarskiptaþjónustu til nánari fyllingar á réttindum og skyldum sem mælt er fyrir um í 7.–9. gr.

8. gr.

Skilyrði almennrar heimildar.

Almenn heimild til reksturs fjarskiptaneta og fjarskiptaþjónustu skal bundin eftirtöldum skilyrðum:

- a. greiðslu rekstrargjalds í samræmi við ákvæði laga um Fjarskiptastofu,
- b. að uppfylltar séu kröfur XIII. kafla er lúta að persónuvernd í fjarskiptum,
- c. veitingu upplýsinga vegna tilkynningar í samræmi við 6. gr. og önnur ákvæði laga,
- d. að til þess bærum stjórnvöldum sé kleift að hlera símtöl og afla annarra gagna í samræmi við ákvæði laga,
- e. að uppfylltar séu kröfur XIV. kafla um almannaviðvörðunarkerfi, neyðarsamskipti og staðsetningu neyðarsímtala,
- f. að uppfylltar séu aðgangsskyldur aðrar en þær sem kveðið er á um í þessum kafla og gilda um fjarskiptafyrirtæki,
- g. að fylgt sé ráðstöfunum sem eiga að tryggja að farið sé eftir stöðlum eða tilmælum sem um getur í 24. gr., og
- h. að uppfylltar séu skyldur um gagnsæi og upplýsingagjöf samkvæmt lögum þessum sem miða að því að tryggja tengingu enda á milli í almennum fjarskiptanetum.

9. gr.

Sérstök skilyrði.

Auk skilyrða skv. 8. gr. eru fjarskiptafyrirtæki sem reka fjarskiptanet bundin af eftirtöldum skilyrðum, eftir því sem við á:

- a. samtenging neta skal vera í samræmi við lög þessi,
- b. flutningsskyldur samkvæmt lögum um fjölmiðla skulu uppfylltar að því er varðar fjarskiptanet sem notuð eru fyrir hljóð- og myndmiðlun til almennings,
- c. kröfur um ráðstafanir til verndar lýðheilsu gegn rafsegulsviðum af völdum fjarskiptaneta samkvæmt lögum þessum skulu uppfylltar,
- d. kröfur um viðhald á heildstæði almennra fjarskiptaneta samkvæmt lögum þessum skulu uppfylltar, þ.m.t. að því er varðar skilyrði til að koma í veg fyrir rafsegultruflanir milli fjarskiptaneta eða fjarskiptaþjónustu,
- e. kröfur er stuðla eiga að öryggi almennra fjarskiptaneta gagnvart óheimilum aðgangi samkvæmt lögum þessum skulu uppfylltar,
- f. skilyrði fyrir notkun fjarskiptatíðnirófs samkvæmt lögum þessum skulu uppfyllt,
- g. þjónusta skal uppfylla kröfur laga þessara um rekstrarsamhæfni,
- h. tryggja skal aðgengi endanotenda að númerum úr landsbundna númeraskipulaginu, að almenna alþjóðlega frínúmerakerfinu og, þar sem það er tæknilega og efnahagslega hagkvæmt, úr númerakerfum annarra aðildarríkja í samræmi við ákvæði laga þessara,
- i. reglur um neytendavernd samkvæmt lögum þessum skulu uppfylltar, og
- j. takmarkanir með tilliti til sendingar á ólöglegu efni í samræmi við ákvæði laga um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu skulu virtar, svo og takmarkanir með tilliti til sendinga á skaðlegu efni í samræmi við ákvæði laga um fjölmiðla.

Fjarskiptafyrirtæki sem aðeins veita fjarskiptaþjónustu milli einstaklinga sem er ótengd númerum eru undanþegin skilyrðum skv. g–j lið 1. mgr.

10. gr.

Aðskilnaður sérleyfisstarfsemi frá fjarskiptastarfsemi.

Fjarskiptafyrirtæki eða fyrirtækjasamtæður sem reka almenn fjarskiptanet eða veita almenna fjarskiptaþjónustu og njóta einka- eða sérréttinda á öðru sviði en fjarskiptum skulu halda fjarskiptastarfsemi sinni fjárhagslega aðskilinni frá slíkri starfsemi eins og um óskyld fyrirtæki væri að ræða. Þess skal gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaleyfisstarfsemi eða verndaðri starfsemi. Ákvæði þetta gildir án tillits til markaðsstyrks fyrirtækis.

11. gr.

Breytingar á réttindum.

Þegar sérstaklega stendur á, svo sem vegna breytinga á löggjöf, er Fjarskiptastofu heimilt að breyta skilyrðum almennra heimilda og skilyrðum fyrir úthlutun réttinda.

Fyrirhugaðar breytingar skulu kynntar ásamt rökstuðningi fyrir hagsmunaaðilum, þ.m.t. notendum, með hæfilegum fyrirvara sem þó skal ekki vera styttri en 30 dagar.

Ef gildistími réttinda til notkunar á tíðnum eða númerum er framlengdur er Fjarskiptastofu heimilt að gera breytingar á skilyrðum réttindanna eða bæta við skilyrðum.

V. KAFLI

Skipulag tíðnirófsins og úthlutun tíðna.

12. gr.

Skipulag tíðnirófsins.

Fjarskiptastofa skal í samræmi við alþjóðlegar samþykktir sem Ísland er aðili að stuðla að skilvirkri og hagkvæmri nýtingu tíðnirófsins og að skaðlegar truflanir á viðtöku þráðlausra merkja verði sem minnstar.

Fjarskiptastofa skipuleggur notkun tíðnirófsins að teknu tilliti til þeirra ákvarðana um samræmda tíðninotkun sem gilda fyrir Evrópska efnahagssvæðið, þ.m.t. um samræmda tíma-setningu á úthlutun tíðniréttinda. Fjarskiptastofu er heimilt að víkja frá ákvörðunum um samræmda tíðninotkun ef slík notkun hentar ekki íslenskum aðstæðum og það hefur ekki hamlandi eða skaðleg, truflandi áhrif á samræmda notkun tíðnisviðsins í öðrum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu. Slík ákvörðun skal vera rökstudd og tilkynnt til Eftirlitsstofnunar EFTA og sæta reglulegri endurskoðun.

Að teknu tilliti til þeirra ákvarðana um samræmda tíðninotkun sem gilda fyrir Evrópska efnahagssvæðið tekur Fjarskiptastofa ákvörðun um hvaða tíðniafnot séu heimil á grundvelli almennrar heimildar og hvaða tíðniafnot eru bundin sérstakri tíðniúthlutun vegna tiltekinna þarfa.

Fjarskiptastofa skal skipuleggja notkun mismunandi hluta tíðnirófsins, skrá skipulagið og birta það opinberlega og veita upplýsingar um skipulagið eftir þörfum. Stofnunin getur ákveðið að ákvarðanir alþjóðastofnana sem Ísland á aðild að varðandi skipulag og nýtingu tíðnirófsins verði bindandi hér á landi og skal þá vísað til þeirra í tíðniskipulaginu sem stofnunin birtir opinberlega.

Úthlutun tíðniréttinda skal byggjast á viðmiðum sem eru hlutlæg, gagnsæ, samkeppnis-hvetjandi, án mismununar og hófleg. Slík réttindi skulu að jafnaði vera bundin skilyrði um hlutleysi tækni og þjónustu nema hlutlægar ástæður mæli gegn því.

Ráðherra gefur út reglugerð um skipulagningu og úthlutun tíðna þar sem m.a. eru settar ítarlegri reglur um skipulag tíðnirófsins og umsjón Fjarskiptastofu með því, framkvæmd tíðni-úthlutana, þau skilyrði sem hægt er að setja fyrir tíðniréttindum og um önnur atriði er varða nánari útfærslu á réttindum og skyldum tíðniréttihafa.

13. gr.

Réttindi til að nota tíðnir.

Fjarskiptatíðnir innan íslensks yfirráðasvæðis eru auðlindir undir stjórn íslenska ríkisins. Úthlutun á tíðnum felur í sér tímabundna heimild til skilyrtra afnota sem hvorki leiðir til beins eignarréttar né varanlegs nýtingar- og ráðstöfunarréttar.

Þegar réttindi til notkunar ákveðinna tíðna falla ekki undir 1. mgr. 7. gr., sbr. og f-lið 1. mgr. 9. gr., skal Fjarskiptastofa að fenginni umsókn úthluta slíkum réttindum til fjarskipta-fyrirtækja. Einnig má úthluta réttindum fyrir notkun tíðna til útvarpsstöðva að lokinni opinni og gagnsærri málsmeðferð án mismununar enda þjóni slík úthlutun markmiðum stjórnvalda. Að auki má úthluta réttindum fyrir notkun tíðna til aðila sem starfrækja þráðlausan fjarskipta-búnað til eigin nota. Réttindi samkvæmt þessari grein eru bundin við nafn og kennitölu.

Varanlegt framsal og lán eða leiga á tíðniréttindum til annarra fjarskiptafyrirtækja er heimil enda hafi slík ráðstöfun ekki skaðleg áhrif á samkeppni, sbr. 14. gr. Tilkynna skal til Fjarskiptastofu um slíka ráðstöfun með a.m.k. 30 daga fyrirvara áður en hún á að koma til

framkvæmda og skal Fjarskiptastofa samþykkja varanlegt framsal, lán eða leigu á tíðni-réttindum ef eftirtalin skilyrði eru uppfyllt:

- a. viðtakandi réttindanna er á skrá Fjarskiptastofu skv. 6. gr.,
- b. tilkynningu fylgir staðfesting frá viðtakanda réttindanna um að hann ábyrgist að uppfylla skilyrði og standa við skuldbindingar tíðniréttihafa sem mælt er fyrir um í tíðniheimildinni, og
- c. Fjarskiptastofa metur það líklegt að viðtakandi réttindanna geti staðið við skuldbindingar sem mælt er fyrir um í tíðniheimildinni.

Ákvörðun um synjun um framsal, lán eða leigu á tíðniréttindum skal vera tekin innan þriggja mánaða frá móttöku tilkynningar skv. 3. mgr.

Vanræki fyrirtæki tilkynningarskyldu skv. 3. mgr. getur Fjarskiptastofa tekið málið til athugunar og ákvörðunar þegar stofnunin fær vitneskju um viðkomandi framsal, lán eða leigu tíðniréttinda.

Fjarskiptastofa skal birta opinberlega upplýsingar um öll réttindi til notkunar á tíðnum og réttihafa þeirra, þ.m.t. þeirra tíðniréttinda sem hafa verið framseld, lánuð eða leigð. Tíðniheimildir sem veittar eru til eigin nota má undanskilja birtingu svo og upplýsingar um tíðniheimildir sem sanngjarnt og eðlilegt er að leynt fari vegna mikilvægra öryggis-, fjárhags- eða viðskiptahagsmuna réttihafa.

14. gr.

Áhrif tíðniréttinda á samkeppnisskilyrði.

Útgáfa tíðniréttinda skal stuðla að virkri samkeppni á markaði og koma í veg fyrir að handhöfn slíkra réttinda skapi samkeppnishindranir. Við úthlutun, breytingar, endurnýjun, framsal, lán eða leigu tíðniréttinda er Fjarskiptastofu m.a. heimilt að:

- a. takmarka stærð tíðnisviða sem afnotaréttur er veittur af til fyrirtækja eða, þegar aðstæður gefa nægilegt tilefni til, láta skilyrði fylgja slíkum afnotarétti, svo sem að veittur sé heildsöluaðgangur, landsbundin eða svæðisbundin reikiþjónusta á tilteknum tíðnisviðum eða tíðnisviðum með svipaða eiginleika,
- b. taka frá, ef það er viðeigandi og réttlætjanlegt með tilliti til sérstakra aðstæðna á landsbundna markaðnum, tiltekinn hluta fjarskiptatíðnirófs eða tíðnisviða til úthlutunar til nýrra aðila,
- c. hafna að veita nýjan afnotarétt af fjarskiptatíðnirófi eða heimila nýja notkun á fjarskiptatíðnirófi á tilteknum tíðnisviðum eða láta skilyrði fylgja veitingu nýs afnotaréttar af fjarskiptatíðnirófi eða heimild fyrir nýrri notkun fjarskiptatíðnirófs til að koma í veg fyrir röskun á samkeppni með úthlutun, framsali, láni, leigu eða uppsöfnun afnotaréttar,
- d. láta skilyrði fylgja sem banna framsal afnotaréttar af fjarskiptatíðnirófi sem fellur ekki undir samrunaefirlit á grundvelli samkeppnislaga eða setja skilyrði fyrir slíku framsali,
- e. breyta fyrirbyggjandi réttindum í samræmi við lög þessi þegar það er nauðsynlegt til að bæta röskun á samkeppni sem orðið hefur með framsali eða uppsöfnun á afnotarétti af fjarskiptatíðnirófi.

15. gr.

Takmarkanir á úthlutun réttinda.

Fjarskiptastofa getur takmarkað fjölda úthlutana á réttindum til að nota ákveðnar tíðnir þegar það er nauðsynlegt til að:

- a. tryggja skilvirka notkun tíðna, þ.m.t. með því að horfa til þeirra skilmála sem gilda um tíðnifnotin og þess verðs sem greitt hefur verið fyrir þau,

- b. stuðla að útbreiðslu fjarskiptaþjónustu,
- c. tryggja tiltekin gæði þjónustunnar, eða
- d. stuðla að nýsköpun og markaðsþróun.

Óski Fjarskiptastofa eftir jafningjarýni evrópsks stefnuhóps um fjarskiptatíðnirófið skal stofnunin jafnframt rökstyðja að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt. Takmörkun á úthlutun tíðni-réttinda þarf þá að:

- a. stuðla að þróun innri markaðarins, þjónustustarfsemi yfir landamæri sem og samkeppni, og hámarka ávinning neytenda, og
- b. tryggja stöðug og fyrirsjáanleg fjárfestingarskilyrði fyrir núverandi og væntanlega notendur tíðnirófs til að setja upp fjarskiptaþjónustu sem notar tíðniróf.

Gefi evrópskur stefnuhópur um fjarskiptatíðnirófið út álit um fyrirhugaða ákvörðun Fjarskiptastofu um takmörkun á úthlutun tíðniréttinda skal stofnunin taka ýtrasta tillit til þess.

Öllum hagsmunaaðilum, þ.m.t. notendum, skal gefið tækifæri til þess að tjá sig um takmarkanir á réttindum í opnu samráði áður en Fjarskiptastofa tekur ákvörðun sem skal birt ásamt rökstuðningi.

Eigi síðar en við upphaf opins samráðs við hagsmunaaðila og notendur um fyrirhugaða ákvörðun um takmörkun tíðniréttinda og val á aðferð við úthlutun þeirra skal Fjarskiptastofa tilkynna um hana til evrópsks stefnuhóps um fjarskiptatíðnirófið og jafnframt tiltaka hvort og þá hvenær sé óskað eftir jafningjarýni hópsins um hana. Í tilkynningunni eða í eftirfarandi rökstuðningi skal Fjarskiptastofa rökstyðja hvernig fyrirhuguð takmörkun uppfyllir skilyrði sem tilgreind eru í 1. og 2. mgr.

Við töku ákvarðana um að takmarka fjölda réttinda eða framlengja gildistíma réttinda á tíðnisviði þar sem fjöldi réttinda er takmarkaður skal leggja áherslu á hagsmuni notenda og að örva samkeppni auk þess sem tillit skal tekið til hvata og áhættu við fjárfestingar. Kynna skal aðferðina sem nota skal við úthlutun réttinda og auglýsa eftir umsóknum. Úthlutun takmarkaðra réttinda skal fara fram með opnum og hlutlægum hætti, að teknu tilliti til sjónarmiða um jafnræði og meðalhóf.

Fjarskiptastofa skal með reglulegu millibili endurskoða takmarkanir sem settar hafa verið, meðal annars að beiðni þeirra fjarskipta-fyrirtækja sem hlut eiga að máli. Ef hægt er að veita frekari réttindi til notkunar tíðna skal auglýst eftir umsóknum.

16. gr.

Skilyrði fyrir notkun tíðna samkvæmt sérstakri tíðniheimild.

Í samræmi við reglur sem gilda um skilyrði sem sett eru fyrir tíðnifnotum samkvæmt almennri heimild, sbr. 7. gr., er Fjarskiptastofu jafnframt heimilt að binda tíðniréttindi samkvæmt sérstakri tíðniúthlutun skilyrðum sem stuðla að góðri, skilvirkri og markvissri notkun fjarskiptatíðnirófs. Skilyrðin skulu tilgreina viðeigandi þætti, þ.m.t. frestinn til að nýta afnotaréttinn, sem veita Fjarskiptastofu heimild til að afturkalla afnotaréttinn eða gera aðrar ráðstafanir ef ekki er farið eftir skilyrðunum. Helstu viðeigandi skilyrði eru:

- a. skylda til að veita þjónustu eða nota tiltekna tækni innan marka 5. mgr. 12. gr., þ.m.t. kröfur um útbreiðslu og þjónustugæði, eftir því sem við á,
- b. virk og skilvirk notkun fjarskiptatíðnirófs í samræmi við lög þessi,
- c. að búnaður og rekstur fjarskipta-fyrirtækis lágmarki skaðlegar truflanir og rafsegulgeislun sem almenningur getur orðið fyrir,
- d. hámarksgildistími í samræmi við 18. gr. með fyrirvara um hvers kyns breytingar á landsbundnum áætlunum um skiptingu tíðni,

- e. varanlegt framsal, lán eða leiga réttinda að frumkvæði rétthafa og skilyrði fyrir slíku framsali í samræmi við lög þessi,
- f. greiðsla afnotagjalda í samræmi við lög um Fjarskiptastofu,
- g. hvers kyns skuldbindingar sem fyrirtæki, sem hafa fengið afnotarétt, hafa gengist undir innan ramma ferlisins við veitingu eða endurnýjun tíðniheimildar áður en heimildin var veitt eða, eftir atvikum, samkvæmt umsókn um afnotarétt,
- h. skyldur til tíðnisamnýtingar eða til að deila fjarskiptatíðnirófi eða heimila aðgang annarra notenda í tilgreindum landshlutum eða á landsvísu að fjarskiptatíðnirófi,
- i. skyldur samkvæmt viðeigandi alþjóðasamningum sem varða notkun fjarskiptatíðnirófs, eða
- j. skyldur sem snerta sérstaklega notkun á fjarskiptatíðni í tilraunaskyni.

Til að stuðla að markmiðum um útbreiðslu fjarskiptaþjónustu getur Fjarskiptastofa einnig bundið tíðniheimild eftirfarandi skilyrðum:

- a. samnýtingu óvirkra eða virkra grunnvirkja sem treysta á fjarskiptatíðniróf,
- b. viðskiptasamninga um aðgang að reikiþjónustu, eða
- c. sameiginlega útbreiðslu grunnvirkja til að bjóða net eða þjónustu sem nýtir fjarskipta-tíðniróf.

Fjarskiptastofa skal viðhafa opið samráð við hagsmunaaðila um inntak og útfærslu skilyrða fyrir notkun tíðniréttinda þegar ætlunin er að binda notkun tíðna skilyrðum samkvæmt þessari grein.

17. gr.

Málsmeðferð við veitingu réttinda til að nota tíðnir og númer.

Fjarskiptastofa skal taka ákvörðun um réttindi til þess að nota tíðnir eins fljótt og unnt er eftir móttöku umsóknar. Ákvörðun skal liggja fyrir innan sex vikna ef tíðnir eru ætlaðar til ákveðinnar notkunar í tíðniskipulaginu.

Umsókn um réttindi til tíðninothunar skal taka til afgangur á tafar ef hún lýtur eingöngu að óverulegum hluta af skilgreindu tíðnisviði og úthlutun hefur þannig ekki teljandi áhrif á framboð þess eða neikvæð áhrif á samkeppni.

Ef Fjarskiptastofu berst umsókn um tíðnir til að veita fjarskiptaþjónustu eða til hljóð- og myndmiðlunar, sem ekki fellur undir 2. mgr., skal stofnunin kanna með auglýsingu hugsanlegan vilja annarra til að fá úthlutun á umræddu tíðnisviði. Komi í ljós áhugi á að fá úthlutun á viðkomandi tíðnisviði er heimilt að taka ákvörðun um að úthlutun fari fram með útboði eða uppboði skv. 6. eða 7. mgr., eftir því sem við á.

Krefjast má þess af umsækjendum um réttindi að þeir leggi fram fullnægjandi upplýsingar um eignaraðild, fjárhagsstöðu og fyrirhugaða starfsemi, svo og aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar teljast til að leggja mat á umsóknir þeirra. Fjarskiptastofu er heimilt að setja sérstök skilyrði varðandi hæfi umsækjanda um tíðnir til að fá úthlutun, svo sem um fjárhagslega burði til uppbyggingar og reksturs fjarskiptanets sem ætlað er til að nota þær tíðnir sem sótt er um, tæknilega getu og reynslu umsækjanda til að reka fjarskiptaþjónustu og að umsækjandi hafi ekki brotið alvarlega eða ítrekað gegn ákvæðum laga þessara eða vanefnt verulega skilmála fyrri úthlutana tíðniréttinda.

Setja má skorður við úthlutun tíðna fyrir útvarp sem byggjast á menningarlegum sjónarmiðum, svo sem til þess að stuðla að almennri menningarþróun og efla íslenska tungu. Einnig má setja skorður við úthlutun tíðna ef úthlutun getur orðið til þess að hindra virka samkeppni á fjölmiðlamarkaði.

Viðhafa má útboð við úthlutun réttinda til að nota tíðnir. Útboð skal að jafnaði vera opið en heimilt er að hafa útboð lokað að undangengnu opnu forvali. Fjarskiptastofa annast framkvæmd útboða og ákveður skilmála í útboðslýsingu. Útboðslýsing skal innihalda allar nauðsynlegar upplýsingar til þess að bjóðanda sé unnt að leggja fram tilboð í réttindi. Í útboðslýsingu skulu m.a. koma fram upplýsingar um lágmarksþjónustusvæði, afmörkun þess tíðnisviðs sem boðið er út, hversu mörg réttindi eru í boði, gildistími réttinda, hvort réttindin verða bundin við tiltekna þjónustu eða tækni, hæfi bjóðenda, aðra skilmála varðandi útboðið sjálft og um notkun og nýtingu á því tíðnisviði sem boðið er út. Skýrar upplýsingar skulu koma fram um mat á tilboðum. Óheimilt er að leggja fram frávikstilboð nema það sé sérstaklega heimilað í útboðslýsingu. Heimilt er að takmarka fjölda tilboða frá hverjum bjóðanda eða tengdum aðilum og einnig er heimilt að takmarka þátttöku aðila sem þegar hafa réttindi á sambærilegu tíðnisviði.

Ráðherra getur ákveðið að úthlutun fari fram samkvæmt uppboði. Í ákvörðun um uppboð skal koma fram hvort réttindi skuli bundin skilyrðum sem þjóna eiga samfélagslegum markmiðum, t.d. að ákveðin þjónusta verði boðin á tilteknu útbreiðslusvæði. Fjarskiptastofa ákveður skilmála uppboðs að öðru leyti. Fjarskiptastofa annast framkvæmd uppboða og úthlutun réttinda að loknu uppboði. Fjarskiptastofa getur falið öðrum hæfum aðila að annast tiltekna þætti í framkvæmd uppboðs. Í uppboðsskilmálum skal tilgreina nákvæmlega þær tíðnir sem boðnar eru upp, gildistíma réttinda, hvort réttindin verða bundin við tiltekna þjónustu eða tækni, greiðslufyrirkomulag, lágmarkskröfur sem gerðar eru til bjóðenda, aðra skilmála varðandi uppboðið sjálft og um notkun og nýtingu á því tíðnisviði sem boðið er upp. Í skilmálum er m.a. heimilt að mæla fyrir um þátttökugjald sem standa skal straum af kostnaði við undirbúning og framkvæmd uppboðs. Ákveða má lágmarksboð sem skal ekki vera hærra en sem svarar fimmtánföldu árlegu gjaldi fyrir viðkomandi tíðnir eins og það er ákveðið í lögum um Fjarskiptastofu. Ákveða má afslátt af lágmarksboði fyrir tíðniréttindi, til að mynda gegn kvöð um íþyngjandi skilyrði, svo sem um útbreiðslu og gæði þjónustu. Ákveða má brottvísun aðila frá uppboði og sektir ef ekki er staðið við tilboð eða brotið er gegn uppboðsskilmálum og geta þær numið allt að einföldu árlegu gjaldi fyrir þau réttindi sem boðið er í eða þeim mismun sem er á tilboði sem ekki er staðið við og þeirri greiðslu sem fæst fyrir réttindin í lok uppboðs. Áskilja má að trygging sé sett fyrir greiðslu tilboða og sekta. Heimilt er að takmarka fjölda tilboða frá hverjum bjóðanda eða tengdum aðilum og einnig er heimilt að takmarka þátttöku aðila sem þegar hafa réttindi á sambærilegu tíðnisviði.

Við úthlutun réttinda er Fjarskiptastofu heimilt að ákveða fyrir fram fjárhæð og fyrirkomulag dagsekta sem leggjast á fjarskiptafyrirtæki sem ekki uppfyllir þær skuldbindingar sem réttindin kveða á um. Dagsektir samkvæmt þessu ákvæði geta numið allt að 500.000 kr. á dag.

Ef ákveðið er að halda útboð eða uppboð við úthlutun tíðna er einnig heimilt að framlengja málsmeðferðarfrest skv. 1. mgr., þó ekki lengur en um átta mánuði.

Nánar skal kveðið á um málsmeðferð við veitingu réttinda til að nota tíðnir í reglugerð sem ráðherra setur. Í reglugerðinni skal m.a. kveða nánar á um framkvæmd og skilmála útboða og uppboða, framsal tíðniheimilda og sameiginlegt úthlutunarferli tíðniréttinda.

18. gr.

Gildistími og endurnýjun tíðniréttinda.

Fjarskiptastofa ákvarðar hæfilegan gildistíma tíðniréttinda miðað við þau markmið um útbreiðslu og gæði fjarskiptaþjónustunnar sem stefnt er að með tíðniúthlutuninni, auk annarra íþyngjandi skilyrða sem tíðniréttindi kunna að vera bundin. Við mat á hæfilegum gildistíma

tíðniréttinda skal jafnframt taka tillit til sjónarmiða um samkeppni og skilvirka nýtingu tíðnirófsins.

Við ákvörðun gildistíma tíðniréttinda á tíðnisviðum sem bundin eru ákvörðunum um samræmda tíðninoftkun innan Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. 2. mgr. 12. gr., skal enn fremur ríkja fyrirjáanleiki um ráðstöfun tíðniréttindanna til 20 ára. Fjarskiptastofu er þó heimilt að ákvarða gildistíma slíkra tíðniréttinda til skemmri tíma, en þó að lágmarki til 15 ára. Í slíkum tilvikum skal gefa kost á mögulegri framlengingu á gildistíma tíðniréttindanna til fimm ára eða lengri tíma á grundvelli niðurstöðu markaðsmats tíðninoftkunar skv. 5. mgr. Framkvæma skal slíkt markaðsmat eigi síðar en tveimur árum fyrir lok upphaflegs gildistíma viðkomandi tíðniréttinda.

Heimilt er að víkja frá ákvæði um lágmarksgildistíma tíðniréttinda skv. 2. mgr. þegar tíðniréttindin eru ætluð til:

- a. notkunar á afmörkuðum landsvæðum þar sem aðgangi að háhraðanetum er verulega ábótavant eða er ekki til staðar,
- b. sérstakra skammtímaverkefna,
- c. notkunar í tilraunaskyni,
- d. notkunar á fjarskiptatíðnirófi sem getur verið samhliða þráðlausri fjarskiptaþjónustu, eða
- e. annarrar notkunar á fjarskiptatíðnirófi en samræmingarákvörðun mælir fyrir um að uppfylltum skilyrðum 2. mgr. 12. gr.

Að fenginni umsókn frá tíðniréttihafa tekur Fjarskiptastofa ákvörðun um endurnýjun tíðniréttinda á samræmdu fjarskiptatíðnirófi tímanlega áður en gildistími réttindanna rennur út eða eigi síðar en 12 mánuðum fyrir þann tíma, nema þar sem möguleikinn á endurnýjun hefur verið útilokaður við úthlutun. Fjarskiptastofa skal að jafnaði endurnýja tíðniheimild tíðniréttihafa enda mæli málefnalegar ástæður ekki gegn því, t.d. neikvæð áhrif á samkeppni á fjarskiptamarkaði eða á skipulag og nýtingu tíðnirófsins. Við endurnýjun tíðniréttinda getur Fjarskiptastofa endurskoðað skilyrði fyrir notkun viðkomandi tíðna, sbr. ákvæði 16. gr.

Fjarskiptastofa getur í fyrsta lagi fimm árum fyrir lok ákvarðaðs gildistíma tíðniréttinda, sem stofnunin telur að ekki séu málefnalegar ástæður til að framlengja, sbr. 4. mgr., framkvæmt mat á því hvaða áhrif samþykki eða synjun á endurnýjun réttindanna hafi fyrir fjarskiptamarkaðinn og neytendur. Að teknu tilliti til skemmri fyrirvara um framkvæmd slíks markaðsmats gildir hið sama áður en tekin er ákvörðun um hvort framlengja skuli gildistíma tíðniréttinda sem bundin eru ákvörðun um samræmda tíðninoftkun og hefur verið úthlutað til skemmri tíma en 20 ára skv. 2. mgr. Markaðsmat tíðninoftkunar skal framkvæma að undan-gengnu opnu samráði við markaðsaðila um forsendur þess. Meðal þeirra þátta sem horfa skal til við matið, eftir því sem við á, eru eftirfarandi atriði:

- a. virk og skilvirk notkun viðkomandi fjarskiptatíðnirófs,
- b. möguleg áhrif tíðninoftkunar af því að þjóna almannahagsmunum,
- c. áhrif á samkeppnisstöðu á fjarskiptamarkaði,
- d. alþjóðlegar samþykktir og skuldbindingar um nýtingu tíðnirófsins, og
- e. skilvirkari nýting tíðnirófsins með tilliti til markaðspróunar eða nýrrar tækni.

Nánar skal mælt fyrir um ástæður fyrir mögulegri synjun á endurnýjun tíðniréttinda og inntak og framkvæmd markaðsmats tíðninoftkunar í reglugerð um skipulag og úthlutun tíðna.

VI. KAFLI
Númer og kóðar.

19. gr.

Forræði yfir númerum og kóðum.

Númer og kóðar úr íslenska númeraskipulaginu eru auðlindir undir stjórn íslenska ríkisins. Úthlutun á númerum felur í sér tímabundna heimild til skilyrtra afnota sem hvorki leiðir til beins eignarréttar né varanlegs nýtingar- og ráðstöfunarréttar. Númer og kóðar eru réttindi sem skráð eru á nafn og kennitölu og eru eingöngu framseljanleg samkvæmt skilyrðum sem Fjar-skiptastofa setur.

20. gr.

Skipulag númera og kóða.

Fjarskiptastofa skal viðhalda skipulagi númera sem nota má fyrir hvers konar fjarskipta-þjónustu, þ.m.t. númerakóða fyrir net, og sjá til þess að forði númera og kóða sé ávallt nægur og standi fjarskiptafyrirtækjum til boða á jafnréttisgrundvelli. Fjarskiptastofa gerir ráðstafanir til að endanotendur geti tengst ósvæðisbundnum númerum án tillits til tækni og búnaðar fjarskiptafyrirtækis. Upplýsingar um númeraskipulag og allar breytingar á því skulu birtar opinberlega.

Fjarskiptastofa hefur eftirlit með sameiginlegum númeragrunni til uppflettingar á númerum og framkvæmdar á númeraflutningum. Högun númeragrunnsins, svo sem skráningar á kóðum og merkingar á númeraröðum, uppflettingar- og miðlunarmöguleikar og gerð sameiginlegra verkferla um númeraflutninga, er háð samþykki Fjarskiptastofu.

Fjarskiptastofa skal setja reglur um númer, númeraraðir og kóða þar sem m.a. er kveðið nánar á um:

- a. skilyrði sem þurfa að vera uppfyllt til að fá úthlutað númerum fyrir fjarskiptastarfsemi hér á landi,
- b. kröfur til hæfni rétthafa, annarra en fjarskiptafyrirtækja, til að fá úthlutað númerum og skilmála sem gilda um notkun slíkra númera,
- c. tilgreiningu á þjónustutegundum einstakra númeraraða,
- d. tilgreiningu á þjónustutegundum stuttnúmera,
- e. tilgreiningu á sérstakri númeraröð fyrir fjarskiptaþjónustu milli tækja innan Evrópska efnahagssvæðisins, auk skilyrða sem fylgja slíkri númeraúthlutun, þ.m.t. þjónustuf lutning,
- f. tilgreiningu á lands- og svæðisbundnum númerum ef þörf krefur,
- g. framsal númeraraða og kóða, og
- h. meginreglur um gjaldskrá og hámarksverð sem geta átt við í tilgreindri númeraröð til að unnt sé að tryggja neytendavernd.

21. gr.

Málsmeðferð við úthlutun númera og kóða.

Fjarskiptastofa skal taka ákvörðun um réttindi til þess að nota númer eins fljótt og unnt er eftir móttöku umsóknar. Ákvörðun skal liggja fyrir innan þriggja vikna ef um er að ræða númer sem ætluð eru til ákveðinnar notkunar samkvæmt númeraskipulaginu. Úthlutun númera fer samkvæmt verklagsreglum sem eru hlutlægar, gagnsæjar, hóflegar og án mismununar.

Krefjast má þess af umsækjendum um réttindi að þeir leggi fram fullnægjandi upplýsingar um eignaraðild, fjárhagsstöðu og fyrirhugaða starfsemi, svo og aðrar upplýsingar sem nauð-

synlegar teljast til að leggja mat á umsóknir þeirra. Fjarskiptastofu er heimilt að setja skilyrði varðandi hæfi umsækjanda um númer til að fá úthlutun, svo sem um fjárhagslega burði til uppbyggingar og reksturs fjarskiptanets, tæknilega getu og reynslu umsækjanda til að reka fjarskiptaþjónustu og að umsækjandi hafi ekki brotið alvarlega eða ítrekað gegn ákvæðum laga þessara eða vanefnt verulega skilmála fyrri númeraúthlutana.

22. gr.

Skilyrði fyrir notkun númera.

Fjarskiptastofa getur sett eftirfarandi skilyrði við úthlutun númera:

- a. að tilgreind sé sú þjónusta sem númerið skal nota fyrir, þ.m.t. hvers kyns kröfur sem tengjast veitingu þjónustunnar,
- b. að framboð þjónustunnar sé í samræmi við tiltekin lágmarksviðmið,
- c. að notkun númeranna sé skilvirk og hagkvæm,
- d. að boðið sé upp á númeraflutning,
- e. að veittar séu almennar símaskrárupplýsingar,
- f. að gildistími réttindanna sé takmarkaður og skuli vera með fyrirvara um breytingar á númeraskipulagi,
- g. að skilmálar númeraúthlutunar séu bindandi fyrir viðtakendur númera við framsal slíkra réttinda,
- h. að rétthafi greiði afnotagjöld,
- i. að efndar séu skuldbindingar sem gengist er undir í útboði eða uppboði, eða
- j. að tekið sé mið af kvöðum samkvæmt alþjóðlegum samþykktum um notkun númera.
- k. að leyfishafi bjóði notendum símaþjónustu gjaldfrjálsa númerabirtingu í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Fjarskiptastofa skal mæla fyrir um fyrirkomulag númerabirtingar í reglum.

23. gr.

Ráðstafanir til að bregðast við misnotkun númera og svikastarfsemi.

Komi upp rökstuddur grunur um að númer sé misnotað í sviksamlegum tilgangi getur Fjarskiptastofa gefið fjarskiptaþyrirtæki hér á landi fyrirmæli um að loka fyrir aðgang að slíku númeri og samtengiumferð þess ásamt því að krefja fjarskiptaþyrirtækið um að halda eftir tekjum og/eða samtengigjöldum af slíkri ólögmati þjónustu og annarri þjónustu sem henni tengist.

VII. KAFLI

Fjarskiptabúnaður.

24. gr.

Búnaður fjarskiptaneta.

Tækjabúnaður fjarskiptaneta skal að jafnaði vera í samræmi við tæknistaðla sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu. Fjarskiptastofa getur í sérstökum tilvikum mælt fyrir um notkun annarra staðla svo og tilmæla frá Alþjóðafjarskiptasambandinu.

Tæknilegir eiginleikar í nettengipunktum skulu ávallt vera í samræmi við staðla.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um búnað fjarskiptaneta í reglugerð.

25. gr.

Innanhússfjarskiptalagnir.

Innanhússfjarskiptalagnir í byggingum, þ.m.t. aðgangspunktur í fjarskiptainntaki, eru á ábyrgð eiganda byggingar. Staðsetning aðgangspunkts og allar innanhússfjarskiptalagnir skulu vera í samræmi við samþykkt hönnunargögn. Í fjöleignarhúsum skal aðgangspunktur vera innsiglaður eða læstur og þannig gengið frá innanhússfjarskiptalögnum að óviðkomandi eigi ekki greiða leið að þeim. Fjarskiptafyrirtæki skal eiga rétt á aðgangi að aðgangspunkti til að tengja sig inn á innanhússfjarskiptalagnir byggingar og lagnir viðkomandi endanotanda, óháð því hvort um ræðir innanhússfjarskiptalögn sem er tilbúin fyrir tengingu við háhraðanet eða ekki. Fjarskiptastofa setur reglur um frágang aðgangspunkta og lagna í þeim tilgangi að tryggja vernd fjarskipta og skilgreina aðgangsheimild fjarskiptafyrirtækja.

Fjarskiptafyrirtæki hefur rétt til að tengja almennt fjarskiptanet sitt við aðgangspunkt á eigin kostnað.

26. gr.

Grunkröfur þráðlauss fjarskiptabúnaðar.

Þráðlaus fjarskiptabúnaður skal vera þannig gerður að:

- a. hann tryggi heilsuvernd og öryggi einstaklinga og húsdýra og friðhelgi eignarréttar,
- b. hann sé rafsegulsamhæfur,
- c. hann noti á skilvirkan hátt og styrki skilvirka notkun á fjarskiptatíðnirófi til að komast hjá skaðlegri truflun.

Þráðlaus fjarskiptabúnaður innan tiltekinna flokka eða tegunda skal vera þannig gerður að hann sé í samræmi við eftirfarandi grunkröfur:

- a. hann sé samvirkur við aukabúnað, einkum samræmd hleðslutæki,
- b. hann sé samvirkur um net við annan þráðlausan fjarskiptabúnað,
- c. hann sé hægt að tengja við skilfleti viðeigandi tegundar á sameiginlegum innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins,
- d. hann valdi hvorki skaða á fjarskiptanetinu eða virkni þess né því að netbúnaður sé misnotaður og valdi með því óviðunandi skerðingu á þjónustu,
- e. í honum séu innbyggðar öryggisráðstafanir til að sjá til þess að persónuupplýsingar og friðhelgi einkalífs notandans njóti verndar,
- f. hann sé gerður fyrir sérstakar aðgerðir sem tryggja vörn gegn svikum,
- g. hann sé gerður fyrir sérstakar aðgerðir sem tryggja aðgang að neyðarþjónustu,
- h. hann sé gerður fyrir sérstakar aðgerðir sem auðvelda fötluðu fólki að nota hann, og
- i. hann sé búinn þeim eiginleikum að aðeins sé hægt að setja inn á hann hugbúnað sem sýnt hefur verið fram á að virki fyrir búnaðinn.

27. gr.

Þráðlaus sendibúnaður.

Sendibúnað fyrir þráðlaus fjarskipti má aðeins hafa undir höndum, setja upp eða nota að fengnu leyfi Fjarskiptastofu. Þó má starfrækja þráðlausan búnað án sérstaks leyfis þegar hann er eingöngu notaður við fjarskiptaþjónustu á tilteknu tíðnisviði. Fjarskiptastofa gefur út leyfisbréf fyrir notkun þráðlauss sendibúnaðar og skal leyfisbréfið að jafnaði vera tímabundið. Binda má leyfið skilyrðum, svo sem um sendiafl, staðsetningu, bandbreidd, útbreiðslusvæði og tengingu við almenn fjarskiptanet. Leyfisbréf skulu gefin út á nafn eiganda búnaðarins og eru þau ekki framseljanleg. Leyfishafi sem selur þráðlausan búnað, sem hann hefur fengið

leyfisbréf fyrir, eða afhendir hann öðrum varanlega ber ábyrgð á því að tilkynna Fjarskiptastofu um nýjan eiganda. Fjarskiptastofa skal þegar í stað gera ráðstafanir til að stöðva starfrækslu þráðlausra senda, þ.m.t. útvarpssenda, sem ekki er leyfisbréf fyrir og ekki eru undanþegnir leyfissskyldu. Óheimilt er að hindra eftirlitsmenn Fjarskiptastofu í slíkum aðgerðum, enda hafi þeir framvísað starfsskírteini sínu. Ekki þarf leyfisbréf fyrir lágafllsbúnaði sem vinnur á samræmdum tíðnisviðum sem Fjarskiptastofa hefur tilkynnt að nota megi fyrir slíkan búnað. Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um leyfisveitingar fyrir þráðlausan búnað í reglugerð.

Seljendum leyfissskylds þráðlauss búnaðar ber að tilkynna Fjarskiptastofu hver sé kaupandi búnaðarins á því formi og með þeim hætti sem stofnunin samþykkir.

Þrátt fyrir leyfissskyldu vegna þráðlauss sendibúnaðar skv. 1. mgr. er Fjarskiptastofu heimilt að ákveða að þráðlaus sendibúnaður til tiltekinnar notkunar skuli eingöngu vera háður tilkynningarskyldu til stofnunarinnar. Heimild til notkunar slíks búnaðar er þá bundin því að Fjarskiptastofa geri ekki athugasemd við staðsetningu búnaðarins eða eiginleika hans og virkni. Óheimilt er að nota tilkynningarskyldan sendibúnað sem ekki hefur verið tilkynntur. Fjarskiptastofa getur sett reglur um tilkynningu þráðlauss sendibúnaðar, þ.m.t. um þær kröfur sem gerðar eru til tíðnirétthafa á þeim tíðnisviðum sem slíkur búnaður notar.

Fjarskiptastofa gefur út skírteini sem heimila einstaklingum að starfrækja ákveðnar tegundir þráðlauss sendibúnaðar. Ekki er gerð krafa um sérstaka þjálfun þeirra sem starfrækja þráðlausan sendibúnað nema í þeim tilfellum að búnaðurinn gegni öryggishlutverki eða þegar sendiafl er umfram 100 W. Heimilt er að gefa út skírteini talstöðvavarðar sem heimilar handhafa að starfrækja fjarskiptabúnað í skipum. Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um útgáfu skírteinis talstöðvavarðar og hæfniskröfur í reglugerð. Fjarskiptastofa getur veitt útlendingum sem dvelja hér á landi í takmarkaðan tíma undanþágu til að starfrækja þráðlausan sendibúnað, enda hafi þeir til þess réttindi í sínu heimalandi. Fjarskiptastofa getur sett nánari reglur um heimildir einstaklinga til að starfrækja þráðlausan sendibúnað.

Fjarskiptastofa gefur út leyfi til radióáhugamanna að fengnum umsóknum þeirra og umsögn hagsmunasamtaka áhugamanna. Ráðherra setur reglugerð um starfsemi radióáhugamanna.

28. gr.

Fjarskiptabúnaður í farartækjum.

Íslensk skip, loftför og önnur farartæki skulu búin fjarskiptabúnaði sem uppfyllir kröfur samkvæmt alþjóðlegum samþykktum og regluverki á sviði fjarskipta og samgangna.

Fjarskiptabúnað í erlendum skipum, loftförum eða öðrum farartækjum sem eru innan íslenskrar land- eða lofthelgi má aðeins nota í samræmi við íslensk lög og reglugerðir.

Fjarskiptastofa getur bannað notkun fjarskiptabúnaðar í erlendum farartækjum í íslenskri lögsögu ef notkunin telst andstæð íslenskum reglum.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. getur Fjarskiptastofa heimilað notkun búnaðar sem viðurkenndur er til notkunar á alþjóðavettvangi.

Ráðherra skal setja frekari reglur um fjarskiptabúnað og fjarskiptaþjónustu í farartækjum.

29. gr.

Takmörkun fjarskipta vegna truflana eða sérstakra aðgerða.

Fjarskiptastofa getur látið innsigla fjarskiptavirki og rafföng eða hluta þeirra eða bannað notkun þeirra og eftir atvikum fyrirskipað að þau skuli afhent til geymslu undir innsigli ef

fjarskiptavirkin eða rafföngin valda skaðlegum truflunum á fjarskiptum eða ef hætta er á því að þau valdi skaðlegum truflunum eða hætta er á að öryggi fjarskipta sé raskað.

Ef fyrir liggur rökstuddur grunur um að rafföng, tæki, raflagnir, loftnet eða því um líkt valdi skaðlegri truflun á rekstri fjarskiptavirkis er Fjarskiptastofu heimilt að beina fyrirmælum til eiganda slíks hlutar um að hann grípi án tafar til viðeigandi úrbóta á eigin kostnað, taki t.d. niður, færi eða fjarlægi viðkomandi hlut sem veldur skaðlegri truflun.

Vanræki eigandi að framfylgja fyrirmælum um úrbætur getur Fjarskiptastofa látið vinna verkið á kostnað eiganda. Krafa um kostnað vegna þessa er aðfararhæf skv. 5. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga um aðför, nr. 90/1989.

Ef þörf krefur er lögreglu skylt að aðstoða Fjarskiptastofu við þær aðgerðir er greinir í 1. og 2. mgr.

Að fenginni beiðni frá Fangelsismálastofnun getur Fjarskiptastofa veitt heimild fyrir truflun þráðlausra fjarskipta innan sérstaklega afmarkaðs svæðis vegna framkvæmdar á öryggis- og refsígæslu. Áður en slík heimild er veitt skal stofnunin leita álits fjarskiptafyrirtækja sem veita þráðlausa fjarskiptaþjónustu á viðkomandi svæði.

30. gr.

Samræmi búnaðar.

Óheimilt er að setja á markað eða bjóða á markaði annan þráðlausan fjarskiptabúnað en þann sem uppfyllir grunnkröfur 26. gr. og hefur CE-merkingu, á grundvelli samræmismats, því til staðfestingar.

Óheimilt er að taka þráðlausan fjarskiptabúnað í notkun nema notkun hans sé í samræmi við fyrirhugaðan tilgang hans og hann uppfylli grunnkröfur 26. gr. og hafi CE-merkingu, á grundvelli samræmismats, því til staðfestingar.

Innflutningur einstaklinga eða lögaðila á endabúnaði til eigin nota eða í öðrum tilgangi telst markaðssetning í þessu sambandi.

Aðili sem hyggst setja á markað þráðlausan fjarskiptabúnað á tíðnisviðum þar sem notkun hefur ekki verið samræmd á Evrópska efnahagssvæðinu skal tilkynna Fjarskiptastofu um þessa fyrirætlun með minnst fjögurra vikna fyrirvara. Einnig skal senda stofnuninni upplýsingar um eiginleika búnaðarins, þ.m.t. tíðnisvið hans, bil milli rása, mótunaraðferð og hátíðni-afl. Telji Fjarskiptastofa hætta á því að búnaðurinn geti truflað aðra þjónustu á viðkomandi tíðnisviði getur stofnunin bannað sölu og notkun hans.

31. gr.

Skyldur framleiðenda, innflytjenda og dreifingaraðila.

Framleiðendur þráðlauss búnaðar skulu tryggja að þráðlaus fjarskiptabúnaður sem þeir setja á markað fullnægi grunnkröfum 26. gr. og hafi CE-merkingu, á grundvelli samræmismats, því til staðfestingar. Framleiðendur bera ábyrgð á að framkvæmt sé samræmismat fyrir þráðlausa fjarskiptabúnaðinn, hvort sem er hjá faggiltri samræmismatsstofu eða, eftir atvikum, á grundvelli sjálfsmats. Þá skal framleiðandi þráðlauss fjarskiptabúnaðar sem settur er á markað hér á landi tryggja að honum fylgi upplýsingar fyrir notendur á íslensku um tilætlaða notkun, helstu eiginleika og öryggismál. Þá skulu fylgja upplýsingar um framleiðslunúmer, nafn framleiðanda og skráð viðskiptaheiti hans eða vörumerki. ESB-samræmisýfirlýsing og tæknigögn skulu einnig fylgja þráðlausa fjarskiptabúnaðinum. Ráðherra er heimilt með reglugerð að kveða á um að upplýsingar skv. 3. málsl. megi vera á ensku eða Norðurlandamáli öðru en finnsku enda megi ætla að notendahópur viðkomandi vöru skilji hið erlenda mál vegna

menntunar, starfa eða annarrar sérhæfingar. Framleiðandi þráðlauss fjarskiptabúnaðar getur kært niðurstöðu faggiltrar samræmismatsstofu um ósamræmi búnaðar til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála.

Einungis er heimilt að setja á markað þráðlausan fjarskiptabúnað sem uppfyllir grunnkröfur 26. gr. og hefur CE-merkingu, á grundvelli samræmismats, því til staðfestingar. Skulu innflytjendur ganga úr skugga um að búnaðinum fylgi þau gögn sem framleiðanda ber að láta fylgja, sbr. 1. mgr. og reglugerð sem ráðherra setur. Þá skulu innflytjendur skrá nafn sitt og skráð viðskiptaheiti á þráðlausa fjarskiptabúnaðinn eða, ef slíkt er ekki hægt, á umbúðir hans.

Dreifingaraðilar skulu gæta þess þegar þeir bjóða fram þráðlausan fjarskiptabúnað á markaði að hann sé í samræmi við grunnkröfur og hafi CE-merkingu því til staðfestingar. Dreifingaraðila ber að gæta þess að með búnaðinum fylgi þau gögn sem framleiðanda ber að láta fylgja, sbr. 1. mgr. og reglugerð sem ráðherra setur.

32. gr.

Eftirlit með markaðssetningu á þráðlausum fjarskiptabúnaði og samræmi hans.

Fjarskiptastofa fer með eftirlit með markaðssetningu á þráðlausum fjarskiptabúnaði og aðilum sem koma að markaðssetningu á honum. Skal stofnunin að eigin frumkvæði eða eftir ábendingu taka til meðferðar mál er varða markaðssetningu á þráðlausum fjarskiptabúnaði og skyldum aðila í tengslum við slíkan búnað. Í því skyni getur stofnunin, hvenær sem er og án sérstakrar heimildar, krafist þess að fá aðgang að sölustöðum slíks búnaðar.

Ef þráðlaus fjarskiptabúnaður, sem uppfyllir ekki grunnkröfur 26. gr. og reglugerðar sem ráðherra setur, er settur á markað, fluttur inn eða honum dreift, getur stofnunin krafist þess að sala hans og/eða notkun verði þegar í stað stöðvuð, búnaðurinn verði kyrrsettur eða haldlagður og að viðkomandi aðilar grípi til aðgerða til úrbóta. Fjarskiptastofa getur einnig, að undan-gengnu mati, takmarkað að þráðlaus fjarskiptabúnaður sé settur á markað, fluttur inn eða honum dreift af ástæðum sem tengjast almannaoöryggi, almannahæilbrigði og öðrum almannahagsmunum. Getur stofnunin jafnframt krafist aðgerða af hálfu viðkomandi aðila til úrbóta í slíkum tilvikum.

Fjarskiptastofa getur gert kröfu um að aðilar sem koma að markaðssetningu þráðlauss búnaðar afhendi stofnuninni sundurliðaðar upplýsingar og teikningar af búnaði sem settur hefur verið á markað eða ráðgert er að setja á markað. Með slíkar upplýsingar skal farið sem trúnaðarmál.

33. gr.

Reglugerð um eftirlit með markaðssetningu og samræmi þráðlauss fjarskiptabúnaðar.

Ráðherra skal setja reglugerð um eftirlit með markaðssetningu og samræmiskröfum sem gerðar eru til þráðlauss fjarskiptabúnaðar. Í reglugerðinni skal m.a. kveða á um kröfur sem gerðar eru til þráðlauss fjarskiptabúnaðar, heimildir til að bjóða þráðlausan búnað fram á markaði og notkun hans, frekari skyldur framleiðenda, innflytjendur og dreifingaraðila þráðlauss fjarskiptabúnaðar, samræmi þráðlauss fjarskiptabúnaðar, framkvæmd samræmismats og samræmismatsstofur, CE-merkingu, eftirlit með markaðssetningu og samstarf yfirvalda.

VIII. KAFLI

Aðgangur og samtenging.

34. gr.

Aðgangur að landi og mannvirkjum.

Ef nauðsynlegt er fyrir fjarskiptafyrirtæki að leggja fjarskiptavirki um land annars aðila, yfir það eða í jörðu, yfir hús eða önnur mannvirki á landinu, á þeim, gegnum þau eða undir þau, þá er eiganda viðkomandi fasteignar skylt að heimila slíkt, enda komi fullar bætur fyrir sannanlegt tjón; tímabundið rask og skerðingu á mögulegri nýtingu fasteignar, sé það raunin. Hafa skal samráð við eigendur eða umráðamenn slíkra fasteigna og mannvirkja um hvar lagnir eru lagðar og skal þess gætt að sem minnst sé raskað hagsmunum eigandans. Ágreiningi um fyrirhugaða lagningu fjarskiptavirkis má vísa til Fjarskiptastofu, sem að fengum sjónarmiðum málsaðila skal úrskurða um legu slíkra lagna. Starfsmenn við fjarskiptavirki skulu gæta þess að valda eigendum og íbúum ekki meiri óþægindum en brýnustu nauðsyn ber til.

Framkvæmdaaðili skal vinna teikningu að fyrirhugaðri framkvæmd skv. 1. mgr. og kynna hana hlutaðeigandi landeigendum og öðrum réthöfum sem rétt geta átt til eignarnámsbóta. Nú finnast ekki upplýsingar um dvalarstað allra eigenda og skal framkvæmdaaðili þá heimilt að auglýsa áformaða framkvæmd í Lögbirtingablaði og telst það þá nægjanleg birting gagnvart þeim sem hagsmuni kunna að eiga og ekki finnast upplýsingar um í fasteigna- eða jarðaskrá.

Ef tjón verður á landi aðila, mannvirkjum eða öðrum eignum við lagningu fjarskiptavirkja eða viðhald þeirra, og ekki verður úr bætt, eða lagning fjarskiptavirkja leiðir til takmörkunar á afnotamöguleikum viðkomandi eignar, þá skal eigandi fjarskiptavirkis bæta tjónið. Náist ekki samkomulag um bótaffárhæð skal um ákvörðun bóta fara að lögum um framkvæmd eignarnáms. Leiði framkvæmd til varanlegrar skerðingar á réttindum landeiganda eða annars rétt-hafa sem rétt getur átt til eignarnámsbóta skal um ákvörðun bóta fara að lögum um framkvæmd eignarnáms.

Þegar þar til bærir opinberir aðilar hafa til meðferðar umsókn um aðgang að eign skal viðhafa einfalda, skilvirka og gagnsæja málsmeðferð sem er öllum aðgengileg, án mismununar og án tafar, og taka í öllum tilvikum ákvörðun innan sex mánaða frá umsókn, nema ef um er að ræða eignarnám.

Ef opinber aðili fer með eignarhald eða yfirráð yfir fjarskiptafyrirtæki skal ákvörðun um aðgang að eign samkvæmt ákvæði þessu tekin í stofnun eða annarri einingu sem er aðskilin frá starfsemi sem tengist eignarhaldi eða yfirráðum yfir fjarskiptastarfsemi.

Ef fjarskiptafyrirtæki er nauðsynlegt að tryggja sér land, lóð eða aðra eign í sambandi við lagningu eða rekstur almennra fjarskiptavirkja og samningum um kaup verður ekki við komið má ráðherra heimila, að fenginni umsögn Fjarskiptastofu, að eign eða hluti hennar sé tekinn eignarnámi gegn endurgjaldi sem meta skal samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms. Samþykki ráðherra fyrir eignarnámi skal m.a. háð því að eignarnemi setji tryggingu fyrir greiðslu áætlaðra eignarnámsbóta og kostnaðar við matið. Ef eignarnámsbætur fást ekki greiddar hjá eignarnema skal ríkissjóður ábyrgjast greiðslu þeirra.

35. gr.

Aðgangur að aðstöðu.

Ef rekstraraðili hefur nýtt rétt til að koma sér upp aðstöðu á, yfir eða undir eignum annars aðila, eða nýtir sér reglur um eignarnám eða afnot af eign, getur Fjarskiptastofa fyrirskipað samhýsingu eða samnýtingu netþátta eða tengdrar aðstöðu í því skyni að vernda umhverfið, almannaheilbrigði, almannaöryggi eða til að uppfylla markmið um skipulag sveitarfélaga.

Áður en ákvörðun er tekin um samhýsingu eða samnýtingu skv. 1. mgr. skal fara fram opið samráð um málið. Ákvörðun skal eingöngu ná til tilgreindra svæða þar sem slík samnýting er talin nauðsynleg til að ná þeim markmiðum sem kveðið er á um í 1. mgr.

Ákvörðun skv. 1. mgr. getur náð til samnýtingar aðstöðu eða eigna, þ.m.t. lands, bygginga eða inngangs að byggingum, lagnaleiða í byggingum, loftneti, turna og annarra burðarvirkja, röra, mastra, brunna og skápa, eða falið í sér ráðstafanir til samræmingar við opinberar framkvæmdir.

Fjarskiptastofu er heimilt að setja reglur um kostnaðarskiptingu við samnýtingu aðstöðu, eigna eða framkvæmda samkvæmt þessari grein.

36. gr.

Réttur til samtengingar og aðgangs.

Fjarskiptafyrirtæki skulu eiga rétt á og þeim ber skylda til að semja um samtengingu almennra fjarskiptaneta og fjarskiptaþjónustu með það fyrir augum að veita almenna fjarskiptaþjónustu og tryggja framboð og rekstrarsamhæfi þjónustunnar hvarvetna á Evrópska efnahagssvæðinu.

Fjarskiptafyrirtæki á Evrópska efnahagssvæðinu sem óska eftir að semja um aðgang eða samtengingu þurfa ekki að vera skráð hjá Fjarskiptastofu ef þau reka hvorki fjarskiptanet né fjarskiptaþjónustu hér á landi.

Rekstraraðilar skulu bjóða öðrum fyrirtækjum aðgang og samtengingu með skilmálum og skilyrðum sem samrýmast þeim skyldum sem Fjarskiptastofa leggur á skv. 38., 39. og 46. gr.

Í samtengisamningi og samningi um aðgang að fjarskiptanetum skal geta um þá stýringu fjarskiptaumferðar sem aðilar áskilja sér rétt til að viðhafa í almennum fjarskiptanetum og skal stýringin uppfylla skilyrði um nauðsyn og meðalhóf. Slíka samninga um samtengingu og aðgang skal senda Fjarskiptastofu eigi síðar en viku eftir undirritun þeirra.

37. gr.

Almennt hlutverk Fjarskiptastofu varðandi aðgang og samtengingu.

Fjarskiptastofa skal leitast við að tryggja aðgang, samtengingu og samhæfni fjarskiptaþjónustu á fullnægjandi og hagkvæman hátt.

Fjarskiptastofa skal gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir takmarkanir sem hindra fyrirtæki í að gera samtengisamninga sín á milli.

Fjarskiptastofa skal veita leiðsögn og birta upplýsingar um verklag varðandi samninga um aðgang og samtengingu.

38. gr.

Kvaðir án undangenginnar markaðsgreiningar.

Fjarskiptastofa getur lagt kvaðir á fjarskiptafyrirtæki og aðra aðila eftir því sem nánar er tiltekið í ákvæði þessu, án tillits til þess hvort viðkomandi fyrirtæki hafi verið útnefnt sem fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk skv. 45. gr.

Fjarskiptastofa getur í rökstuddum tilvikum og eftir því sem þurfa þykir lagt eftirfarandi kvaðir á fjarskiptafyrirtæki í þeim tilgangi að tryggja tengingu endanotenda:

- a. kvaðir á fjarskiptafyrirtæki sem stjórna aðgangi endanotenda og eru taldar nauðsynlegar til að tryggja tengingu enda á milli, þ.m.t. kvöð um að samtengja fjarskiptanet,
- b. kvaðir á fyrirtæki sem stjórna aðgangi endanotenda um að gera þjónustu sína rekstrar-samhæfða,

- c. kvaðir á viðkomandi veitendur fjarskiptaþjónustu milli einstaklinga, sem er ótengd númerum og hefur verulega útbreiðslu og fjölda notenda, um að gera þjónustu sína rekstrarsamhæfða ef tengingu enda á milli er ógnað vegna skorts á rekstrarsamhæfi en kveða skal nánar á um skilyrði fyrir beitingu slíkra úrræða í reglugerð,
- d. kvaðir um að veita aðgang að hugbúnaðarskilum og rafrænum dagskrárvísimum með skilmálum sem eru réttlátir, sanngjarnir og án mismununar til að tryggja aðgang endanotenda að stafrænni hljóð- og myndmiðlun og tengdri viðbótarþjónustu.

Fjarskiptastofa getur að fenginni réttmætri beiðni lagt kvaðir á fjarskiptafyrirtæki eða aðra eigendur aðstöðu um að veita aðgang að lögnum og tengdri aðstöðu í byggingum eða að fyrsta samantektar- eða dreifipunkti ef sá punktur er staðsettur utan byggingar. Skilyrði fyrir því að leggja á slíkar kvaðir er að tvöföldun slíkra netþátta sé efnahagslega óhagstæð eða ómöguleg í framkvæmd. Kvaðir geta falist í skyldu til að veita aðgang að viðkomandi netþáttum og tengdri aðstöðu, skyldu til gagnsæis og jafnræðis og um skiptingu kostnaðar vegna aðgangs að teknu tilliti til áhættuþátta þar sem það á við.

Komist Fjarskiptastofa að þeirri niðurstöðu, eftir atvikum með tilliti til þeirra kvaða sem leiða af viðkomandi markaðsgreiningu, að kvaðir sem lagðar eru á í samræmi við 3. mgr. taki ekki nægjanlega á miklum og varanlegum efnahagslegum eða áþreifanlegum hindrunum í vegi fyrir tvöföldun netþátta þannig að samkeppni sé hamlað getur stofnunin látið kvaðir um aðgang ná lengra en til fyrsta samantektar- eða dreifipunktar eða að þeim punkti næst endanotendum sem getur hýst nægilegan fjölda tenginga til að hagkvæmt sé að fá aðgang að netinu á þeim stað. Ef réttlætlanlegt þykir af tæknilegum eða efnahagslegum ástæðum geta kvaðir náð til virkra netþátta og sýndaraðgangs.

Kvaðir skv. 4. mgr. skal ekki leggja á fyrirtæki sem uppfylla skilyrði 59. gr. og bjóða fram aðra raunhæfa leið til að ná til endanotenda með því að veita fyrirtækjum aðgang að afkastamiklu háhraðaneti með réttmætum og sanngjörnum skilmálum og skilyrðum sem eru án mismununar, en það er þó heimilt ef viðkomandi fjarskiptanet er fjármagnað með opinberu fé. Fjarskiptastofa getur undanþegið önnur fyrirtæki kvöðum skv. 4. mgr. ef þau bjóða aðgang að afkastamiklu háhraðaneti með réttmætum og sanngjörnum skilmálum og skilyrðum sem eru án mismununar. Kvöðum skv. 4. mgr. skal ekki beitt ef þær geta hamlað útbreiðslu nýrra fjarskiptaneta.

Fjarskiptastofa getur lagt kvaðir á fjarskiptafyrirtæki sem bjóða þráðlausa fjarskiptaþjónustu um að þau veiti aðgang að óvirkum netþáttum eða bjóði svæðisbundna reikiþjónustu ef nauðsynlegt er að tryggja svæðisbundinn aðgang að þráðlausri þjónustu og að ekki sé til staðar önnur svipuð og raunhæf leið til að veita endanotendum aðgang. Aðeins má beita slíkum kvöðum ef skýrt er kveðið á um þann möguleika í viðkomandi tíðniheimildum með vísan til óyfyrstíganlegra efnahagslegra eða áþreifanlegra hindrana í vegi markaðsdrifinnar útbreiðslu. Komi til ágreinings um aðgang getur Fjarskiptastofa m.a. lagt þá skyldu á fjarskiptafyrirtæki sem óskar aðgangs að það heimili aðgangsveitanda tíðnisamnýtingu á viðkomandi svæði.

Kvaðir samkvæmt þessari grein skulu vera hlutlægar, gagnsæjar, hóflegar og án mismununar. Meta skal árangur kvaða og taka ákvörðun um að viðhalda, afturkalla eða breyta þeim innan fimm ára frá gildistöku þeirra. Viðhafa skal samráð skv. 6. og 7. gr. laga um Fjarskiptastofu áður en ákvörðun er tekin eða hún endurskoðuð.

Kveða skal nánar á um beitingu kvaða samkvæmt þessu ákvæði í reglugerð.

39. gr.

Kerfi og búnaður til hljóð- og myndmiðlunar.

Fjarskiptastofu er heimilt að setja reglur um skilyrt aðgangskerfi fyrir stafræna hljóð- og myndmiðlun og tengda þjónustu, svo sem hugbúnaðarskil og rafræna dagskrárvísa. Í reglunum skal kveðið á um aðgang fjölmiðlaveita að slíkum kerfum og þjónustu og þá tæknilegu eiginleika sem kerfin og þjónustan skulu uppfylla.

Endabúnaður fyrir stafræna myndmiðlun, keyptur eða leigður, skal uppfylla kröfur um samvirkni í samræmi við reglur sem Fjarskiptastofa setur um:

- a. sameiginlegt brenglunaralgrím og gjaldfrjálsa viðtöku, og
- b. samvirkni hliðrænna og stafrænna sjónvarpstækja.

Óheimilt er að framleiða eða markaðssetja búnað eða hugbúnað sem er hannaður eða aðlagður til að sniðganga réttindi þjónustuveitanda sem veitir þjónustu um skilyrt aðgangskerfi.

40. gr.

Aðgangur að þráðlausum staðarnetum.

Heimilt er að veita aðgang að almennum fjarskiptanetum í gegnum þráðlaus staðarnet og nota til þess tíðnisvið sem ætlað er til slíkrar notkunar samkvæmt almennt heimild án sérstakrar tíðniúthlutunar.

Ef veiting slíks aðgangs er ekki í atvinnuskyni er veitandi þjónustunnar hvorki bundinn af skilyrðum almennrar heimildar skv. IV. kafla né ákvæðum varðandi réttindi endanotenda og er ekki skylt að samtengja net sitt skv. 36. gr.

Fjarskiptafyrirtæki er heimilt að veita aðgang að almennum fjarskiptanetum sínum í gegnum þráðlaus staðarnet sem kunna að vera staðsett í húsnæði endanotanda, með fyrirvara um að farið sé að viðeigandi skilyrðum almennrar heimildar og að upplýst samþykki endanotanda sé fengið fyrir fram.

Fjarskiptafyrirtæki er óheimilt að takmarka einhliða eða koma í veg fyrir að endanotendur:

- a. hafi aðgang að þráðlausum staðarnetum að eigin vali sem þriðju aðilar bjóða, eða
- b. heimili öðrum endanotendum gagnkvæman, eða almennan, aðgang að almennum fjarskiptanetum sínum í gegnum þráðlaus staðarnet, þ.m.t. að frumkvæði þriðju aðila sem safna saman þráðlausum staðarnetum mismunandi endanotenda og gera þau aðgengileg almenningi.

Endanotendum er heimilt að veita öðrum endanotendum aðgang, gagnkvæman eða annars konar, að þráðlausum staðarnetum sínum, þ.m.t. að frumkvæði þriðju aðila sem safna saman þráðlausum staðarnetum mismunandi endanotenda og gera þau aðgengileg almenningi.

Heimilt er að veita aðgang að þráðlausum staðarnetum af hálfu:

- a. opinberra aðila eða í almenningssýnum nálægt athafnasvæði opinberra aðila þegar aðgangurinn er viðbótarþjónusta við þá opinberu þjónustu sem veitt er á svæðinu, og
- b. frjálsra félagsamtaka eða opinberra aðila sem safna saman þráðlausum staðarnetum mismunandi endanotenda og gera þau gagnkvæmt eða almennt aðgengileg, þ.m.t. þráðlaus staðarnet sem almenningi er veittur aðgangur að í samræmi við a-lið.

41. gr.

Útbreiðsla og starfræksla þráðlausra aðgangspunkta sem þekja lítið svæði.

Ekki þarf sérstakt leyfi Fjarskiptastofu til uppsetningar á þráðlausum aðgangspunktum sem þekja lítið svæði. Notkun tíðna í slíkum sendum getur þó eftir atvikum verið háð heimild skv. V. kafla.

Opinber stjórnvöld skulu veita aðgang að efnislegum grunnvirkjum, sem þau hafa yfirráð yfir og henta tæknilega til að hýsa þráðlausa aðgangspunkta sem þekja lítið svæði eða eru nauðsynlegir til að tengja þá við grunnnet, þ.m.t. ljósastaurum, götuskiltum, umferðarljósum, auglýsingaskiltum og stöðvum fyrir almenningssamgöngur. Opinber stjórnvöld skulu sinna öllum réttmætum beiðnum um aðgang með sanngjörnum, réttmætum, gagnsæjum skilyrðum og skilmálum, án mismununar. Beiðni um slíkan aðgang skal afgreiða innan fjögurra mánaða frá því að hún er sett fram.

Ráðherra skal setja reglugerð þar sem tilgreindar eru kröfur um eðlisfræðilega og tæknilega eiginleika, svo sem hámarksstærð, þyngd og, eftir því sem við á, sendiafl sem þráðlausir aðgangspunktar sem þekja lítið svæði þurfa að uppfylla.

Fjarskiptastofa skal beita sér fyrir því að reglur sem gilda um útbreiðslu þráðlausra aðgangspunkta sem þekja lítið svæði séu samræmdar á landsvísu og birtar opinberlega á vef stofnunarinnar.

Fjarskiptastofa skal veita hverjum sem þess óskar upplýsingar um reglur sem gilda um uppsetningu og starfrækslu fjarskiptasenda sem falla undir þessa grein.

42. gr.

Samskipti fjarskiptafyrirtækja.

Fjarskiptafyrirtæki sem öðlast upplýsingar frá öðru fyrirtæki við gerð samninga um aðgang eða samtengingu eða að loknum samningum skulu eingöngu nota upplýsingarnar í þeim tilgangi sem þær voru veittar og skulu á öllum stigum halda trúnað. Óheimilt er að afhenda upplýsingarnar öðrum, þar á meðal öðrum deildum fyrirtækis, dótturfyrirtækjum eða samstarfsaðilum.

IX. KAFLI

Markaðir, markaðsgreiningar og kvaðir.

43. gr.

Skilgreining markaða o.fl.

Fjarskiptastofa skal skilgreina þjónustu- eða vörumarkaði og landfræðilega markaði í samræmi við meginreglur samkeppnisréttar og skuldbindingar samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Haft skal samráð við Samkeppniseftirlitið þegar við á.

Við skilgreiningu markaða skal Fjarskiptastofa taka ýtrasta tillit til tilmæla Eftirlitsstofnunar EFTA um viðkomandi þjónustumarkaði og viðmiðunarreglna Eftirlitsstofnunar EFTA um markaðsgreiningar og mat á umtalsverðum markaðsstyrk. Enn fremur skal, ef við á, taka tillit til niðurstaðna úr landfræðilegri könnun sem framkvæmd er í samræmi við 11. gr. í lögum um Fjarskiptastofu, nr. 75/2021.

Ráðherra skal setja reglugerð um nánari skilgreiningu markaða samkvæmt ákvæði þessu, um framkvæmd markaðsgreiningar skv. 44. gr., um mælikvarða sem nota skal við mat á því hvort fyrirtæki, eitt eða fleiri saman, hafi umtalsverðan markaðsstyrk skv. 45. gr. og um kvaðir og aðrar skyldur og réttindi skv. 46.–61. gr.

44. gr.

Framkvæmd markaðsgreiningar.

Fjarskiptastofa skal með hliðsjón af 43. gr. greina viðkomandi markaði með hliðsjón af skuldbindingum samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Þegar við á skal gera greininguna í samstarfi við Samkeppniseftirlitið. Greining skal leiða í ljós hvort aðstæður á

viðkomandi markaði réttlæti að kvaðir verði lagðar á. Við greiningu skal taka ýtrasta tillit til viðmiðunarreglna Eftirlitsstofnunar EFTA um markaðsgreiningar og mat á umtalsverðum markaðsstyrk.

Aðstæður á markaði geta talist réttlæta að lagðar séu á kvaðir samkvæmt þessum kafla ef öll eftirfarandi viðmið eru uppfyllt:

- a. miklar og varanlegar kerfislægar aðgangshindranir, eða aðgangshindranir í lögum og reglugerðum, eru til staðar,
- b. markaðsgerðin stefnir ekki í átt að virkri samkeppni innan þess tímaramma sem á við, með hliðsjón af stöðu samkeppni í grunnvirkjum og öðrum upptökum samkeppni sem liggja að baki aðgangshindrununum, og
- c. samkeppnislög ein og sér nægja ekki til að bregðast við þeim markaðsbresti sem auðkenndur hefur verið.

Þegar Fjarskiptastofa framkvæmir greiningu á markaði sem er að finna í tilmælum Eftirlitsstofnunar EFTA um viðkomandi markaði skal líta svo á að ákvæði a–c-liðar 2. mgr. hafi verið uppfyllt nema að Fjarskiptastofa komist að þeirri niðurstöðu að eitt eða fleiri af þessum viðmiðum séu ekki uppfyllt við viðkomandi landsbundnar aðstæður.

Við framkvæmd markaðsgreiningar skal Fjarskiptastofa með framsýnum hætti leggja mat á það hvernig þróun viðkomandi markaða yrði ef ekki væru til staðar kvaðir samkvæmt þessum kafla og taka tillit til allra eftirfarandi þátta:

- a. markaðsþróunar sem hefur áhrif á líkur þess að viðkomandi markaður stefni í átt að virkri samkeppni,
- b. allra viðkomandi samkeppnishamla á heildsölu- og smásölustigi,
- c. annarra reglna eða ráðstafana sem hafa áhrif á viðkomandi markað eða tengdan smásölu- markað, og
- d. kvaða sem komið er á á öðrum viðkomandi mörkuðum á grundvelli þessarar greinar.

Markaðsgreiningin skal vera grundvöllur ákvörðunar skv. 46. gr. um hvort Fjarskiptastofa skuli leggja á, viðhalda, breyta eða fella niður kvaðir á fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk. Ef samkeppni telst virk skulu ekki lagðar kvaðir á fyrirtæki á þeim mörkuðum. Ef virk samkeppni ríkir ekki á viðkomandi markaði skal útnefna fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk á þeim markaði í samræmi við 45. gr. Leggja má á þau kvaðir samkvæmt lögum þessum eða viðhalda eða breyta kvöðum sem þegar hafa verið lagðar á.

Við framkvæmd markaðsgreiningar á markaði á heildsölustigi skal leggja mat á samkeppnisstöðu á tengdum smásölumörkuðum.

Fjarskiptastofa skal framkvæma markaðsgreiningu og birta drög að ákvörðun sem byggist á greiningunni innan eftirtalinna tímamarka:

- a. innan fimm ára frá fyrri ákvörðun um viðkomandi markað eða innan sex ára ef Eftirlitsstofnun EFTA hefur ekki andmælt rökstuddri tillögu Fjarskiptastofu um árs framlengingu en slíka tillögu þarf að setja fram eigi síðar en fjórum mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins,
- b. innan þriggja ára frá útgáfu endurskoðaðra tilmæla Eftirlitsstofnunar EFTA um viðkomandi markaði að því er varðar markaði þar sem markaðsgreining hefur ekki áður farið fram, eða
- c. innan sex mánaða frá lokum frests skv. a- eða b-lið í tilvikum þar sem Fjarskiptastofa hefur ekki lokið eða telur sig ekki geta lokið greiningu innan tímamarka og hefur óskað eftir aðstoð evrópsks hóps eftirlitsaðila á sviði fjarskipta við að ljúka greiningu.

45. gr.

Umtalsverður markaðsstyrkur.

Fyrirtæki telst hafa umtalsverðan markaðsstyrk ef það eitt sér eða með öðrum hefur þann efnahagslega styrkleika á ákveðnum markaði að geta hindrað virka samkeppni og það getur að verulega leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Þegar fyrirtæki eitt sér eða með öðrum hefur umtalsverðan markaðsstyrk á tilteknum markaði getur það einnig talist hafa umtalsverðan markaðsstyrk á tengdum markaði ef tengsl milli markaðanna eru slík að fyrirtæki getur beitt markaðsstyrk sínum á öðrum markaðnum til að auka markaðsstyrk sinn á hinum.

46. gr.

Kvaðir á fjarskiptafyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk.

Fjarskiptastofu er heimilt að leggja kvaðir á fjarskiptafyrirtæki í samræmi við ákvæði þessa kafla.

Ef fjarskiptafyrirtæki telst, í kjölfar markaðsgreiningar, hafa umtalsverðan markaðsstyrk á tilteknum markaði skal Fjarskiptastofa leggja á kvaðir skv. 47.–52. gr., 55. og 59. gr. eins og við á. Velja skal þá aðferð sem veldur minnstri röskun til að fást við vandamál sem auðkennd eru í markaðsgreiningu.

Ef umtalsverður markaðsstyrkur fjarskiptafyrirtækis á tilteknum markaði er talinn valda umtalsverðum markaðsstyrk á tengdum markaði skv. 2. mgr. 45. gr. má aðeins leggja á kvaðir um gagnsæi, jafnræði, aðskilið bókhald og eftirlit með gjaldskrá á hinum síðarnefnda tengda markaði.

Ef Fjarskiptastofa hefur í hyggju, í undantekningartilvikum, að leggja aðrar kvaðir á fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk varðandi aðgang eða samtengingu en þær sem settar eru fram í 47.–52. gr., 55. og 59. gr. skal stofnunin leita samþykkis Eftirlitsstofnunar EFTA.

Kvaðir sem lagðar eru á samkvæmt þessari grein skulu vera:

- a. í samræmi við eðli vandamálsins sem tilgreint er í markaðsgreiningu og taka, eftir því sem við á, tillit til millilandaeftirspurnar,
- b. hóflegar og hafa hliðsjón, þar sem hægt er, af kostnaði og ávinningi,
- c. réttlætanagerlegar í ljósi markmiða laga þessara, og
- d. lagðar á að viðhöfðu samráði í samræmi við 24. og 28. gr. laga um Fjarskiptastofu, nr. 75/2021.

Fjarskiptastofa skal tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA um ákvarðanir um að leggja á, breyta eða afturkalla kvaðir á fyrirtæki í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 28. gr. laga um Fjarskiptastofu, nr. 75/2021.

Fjarskiptastofa skal fylgjast með markaðsþróun, svo sem í tengslum við viðskiptasamninga, þ.m.t. samninga um sameiginlegar fjárfestingar, sem hafa áhrif á samkeppnishæfni, með tilliti til kvaða á markaðnum. Ef þessi þróun er ekki nægilega mikilvæg til að þörf sé á annarri markaðsgreiningu skal Fjarskiptastofa meta án tafar hvort nauðsynlegt sé að endurskoða kvaðir sem lagðar hafa verið á fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk og breyta fyrri ákvörðunum, þ.m.t. með því að afturkalla kvaðir eða leggja nýjar kvaðir á til að tryggja að slíkar kvaðir uppfylli áfram skilyrði 5. mgr. Slíkar breytingar skulu aðeins gerðar að loknu samráði í samræmi við 24. og 28. gr. laga um Fjarskiptastofu, nr. 75/2021.

47. gr.

Aðgangur að mannvirkjum.

Fjarskiptastofa getur lagt kvaðir á fjarskiptafyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk um að verða við réttmætum beiðnum um aðgang að og notkun mannvirkja, þar á meðal bygginga eða innganga að byggingum, lagnaleiða í byggingum, loftneta, turna og annarra burðarvirkja, staura, mastra, röra, brunna og skápa, ef markaðsgreining bendir til þess að synjun aðgangs eða setning óréttmætra skilyrða fyrir aðgangi hindri sjálfbæra samkeppni og gangi gegn hagsmunum neytenda.

Leggja má kvaðir á fyrirtæki um að veita aðgang samkvæmt þessari grein í samræmi við markaðsgreiningu, að því tilskyldu að kvöðin sé hófleg og nauðsynleg til að uppfylla markmið laga þessara.

48. gr.

Aðgangur að netum og þjónustu.

Fjarskiptastofa getur mælt fyrir um að fjarskiptafyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk verði við réttmætum beiðnum um aðgang að og notkun á tilteknum netþáttum og tengdri aðstöðu ef talið er að synjun um aðgang eða óréttmætir skilmálar og skilyrði, sem hafa svipuð áhrif, muni hamla því að til verði sjálfbær samkeppnismarkaður á smásölustigi eða verði ekki til hagsbóta fyrir endanotendur.

Meðal annars má krefjast af fjarskiptafyrirtækjum að þau:

- a. veiti aðgang að einstökum hlutum neta eða tengdri aðstöðu, þ.m.t. aðgreindan aðgang að heimaugum og heimaugagreinum,
- b. veiti aðgang að tilteknum virkum netþáttum eða sýndarnetþáttum og sýndarnetþjónustu,
- c. semji í góðri trú við fyrirtæki sem óska eftir aðgangi,
- d. afturkalli ekki aðgang að aðstöðu sem þegar hefur verið veittur,
- e. bjóði ákveðna þjónustu í heildsölu sem þriðji aðili endurselur,
- f. heimili opinn aðgang að tæknisniðflötum, samskiptareglum eða annarri tækni sem er nauðsynleg til þess að tryggja rekstrarsamhæfi þjónustu eða sýndarnetþjónustu,
- g. hýsi eða samnýti tengda aðstöðu með öðrum hætti,
- h. bjóði þjónustu sem tryggir rekstrarsamhæfi enda á milli til notenda, eða reikþjónustu í farnetum,
- i. bjóði aðgang að rekstrarkerfum eða hliðstæðum hugbúnaði til þess að tryggja samkeppni í framboði þjónustu,
- j. samtengi net eða netaðstöðu, eða
- k. veiti aðgang að tengdri þjónustu eins og auðkennis-, staðsetningar- og viðveruþjónustu.

Heimilt er að bæta við kvaðir samkvæmt ákvæði þessu skilyrðum sem taka til sanngirni, réttmæti og tímasetningar.

Áður en tekin er ákvörðun um beitingu kvaða skv. 1. og 2. mgr. skal leggja mat á hvort annars konar aðgangur að heildsöluaðföngum, annaðhvort á sama eða tengdum heildsölu-markaði, geti verið nægjanlegur til að takast á við viðkomandi samkeppnisvandamál með tilliti til:

- a. hvort tæknilega og fjárhagslega raunhæft er að nota eða setja upp eigin aðstöðu í samkeppni með hliðsjón af markaðsþróun og eðli og gerð samtengingar eða aðgangs sem um ræðir, þ.m.t. hvort raunhæft er að notast við aðliggjandi aðgang, svo sem með aðgengi að rörum,
- b. væntanlegrar tækniþróunar sem hefur áhrif á kerfishönnun og -stjórnun,

- c. þarfar á að tryggja tæknilegt hlutleysi til að gera aðilum kleift að hanna og stjórna sínum eigin netum,
- d. hvort gerlegt er að veita þann aðgang sem í boði er, miðað við þá getu sem er fyrir hendi,
- e. upphaflegrar fjárfestingar eiganda aðstöðunnar, að teknu tilliti til fjárfestinga opinberra aðila og áhættunnar sem fylgir fjárfestingunni, einkum að því er varðar fjárfestingar í og áhættu sem tengist afkastamiklum háhraðanetum,
- f. nauðsynjar þess að standa vörð um samkeppni þegar til lengri tíma er litið með áherslu á efnahagslega skilvirka samkeppni sem byggist á grunnvirkjum og framsæknum viðskiptalíkönnum sem styðja sjálfbæra samkeppni, eins og þeim sem byggjast á sameiginlegri fjárfestingu í netum,
- g. hvers kyns viðeigandi hugverkaréttinda, eftir því sem við á, og
- h. framboðs samevrópskrar þjónustu.

Áður en tekin er ákvörðun um beitingu þessarar greinar skal meta hvort kvaðir um aðgang að mannvirkjum skv. 47. gr. geti dugað sem hófleg leið til að stuðla að samkeppni og tryggja hagsmuni endanotenda.

Þegar kvaðir eru lagðar á fyrirtæki um að veita aðgang í samræmi við þessa grein er heimilt að mæla fyrir um tæknileg eða rekstrarleg skilyrði sem veitandi og/eða notandi slíks aðgangs þarf að uppfylla ef það er nauðsynlegt til að tryggja að netið starfi eðlilega. Skuldbindingar um að fylgja tilteknum tæknistöðlum eða forskriftum skulu vera í samræmi við staðla og forskriftir sem mælt er fyrir um í samræmi við 24. gr.

49. gr.

Gagnsæi.

Fjarskiptastofa getur lagt kvaðir um gagnsæi á fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk, í tengslum við samtengingu eða aðgang, sem fela það í sér að fyrirtæki birti opinberlega tilteknar upplýsingar, svo sem bókhaldsupplýsingar, verð, tækniforskriftir, upplýsingar um eiginleika neta og væntanlega þróun þeirra, auk skilmála og skilyrða fyrir framboði og notkun, þ.m.t. skilyrði varðandi breytingar á aðgangi að eða notkun á þjónustu og hugbúnaði, m.a. að því er varðar flutning úr eldri fjarskiptanetum. Fjarskiptastofu er heimilt að tilgreina nákvæmlega hvaða upplýsingar skulu gera aðgengilegar, hversu nákvæmar þær þurfi að vera og með hvaða hætti þær skuli birtar.

Þegar fjarskiptafyrirtæki er gert að gæta jafnræðis getur Fjarskiptastofa skyldað það til að gefa út viðmiðunartilboð sem skal vera nægilega sundurgreint til að tryggja að fyrirtæki séu ekki krafín um að greiða fyrir aðstöðu sem ekki er nauðsynleg fyrir þjónustuna sem óskað er eftir. Tilboðið skal innihalda lýsingu á framboði aðgangs og þjónustu, sundurliðuðu samkvæmt þörfum markaðarins, og tengdum skilmálum og skilyrðum, þ.m.t. verði. Fjarskiptastofa getur mælt fyrir um breytingar á viðmiðunartilboðum.

Fjarskiptastofu er heimilt að setja reglur sem kveða nánar á um innihald viðmiðunartilboða, að teknu tilliti til viðmiðunarreglna evrópsks hóps eftirlitsaðila á sviði fjarskipta um lágmarksviðmiðanir fyrir viðmiðunartilboð.

50. gr.

Jafnræði.

Fjarskiptastofa getur lagt þær kvaðir á fjarskiptafyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk að það gæti jafnræðis með tilliti til samtengingar eða aðgangs. Kvaðir um jafnræði skulu einkum tryggja að fyrirtæki beiti sambærilegum skilyrðum við sambærilegar aðstæður gagn-

vart öðrum veitendum sambærilegrar þjónustu og láti öðrum í té þjónustu og upplýsingar með sömu skilyrðum og af sömu gæðum og það veitir vegna eigin þjónustu eða þjónustu dóttur-fyrirtækja sinna eða samstarfsaðila. Kvaðir um jafnræði geta falið í sér skyldu fyrirtækis til að bjóða öllum fyrirtækjum vörur og þjónustu sem tengjast aðgangi, þ.m.t. sjálfu sér, með sömu tímamörkum, skilmálum og skilyrðum, m.a. þeim sem tengjast verði og þjónustustigi, og í gegnum sömu kerfi og ferla til að tryggja jafnan aðgang.

51. gr.

Bókhaldslegur aðskilnaður.

Fjarskiptastofa getur lagt kvaðir á fjarskiptafyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk um bókhaldslegan aðskilnað milli starfsemi sem tengist samtengingu eða aðgangi og annarrar starfsemi þannig að hægt verði að skipta öllum tekjum og kostnaði niður á rekstrareiningar sem tengja má mismunandi þjónustu. Að auki getur stofnunin krafist þess af fyrirtæki sem rekur bæði fjarskiptanet og fjarskiptaþjónustu að heildsöluverð þess og verð innan fyrirtækisins sé gagnsætt, m.a. til að tryggja jafnræði og koma í veg fyrir óréttmætar niðurgreiðslur. Fjarskiptastofa getur ákveðið hvaða bókhaldsaðferðir skal nota.

Til að tryggja gagnsæi og jafnræði getur Fjarskiptastofa krafist þess að fá afhent bókhaldsgögn, þ.m.t. upplýsingar um tekjur frá þriðja aðila. Stofnuninni er heimilt að birta upplýsingar varðandi bókhald viðkomandi fyrirtækja ef það stuðlar að opnum og frjálsum samkeppnismarkaði, að teknu tilliti til reglna um leynd viðskiptaupplýsinga.

52. gr.

Eftirlit með gjaldskrá.

Þegar markaðsgreining gefur til kynna að skortur á virkri samkeppni hafi í för með sér að fjarskiptafyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk geti viðhaldið of háum gjöldum eða geti beitt verðþrýstingi getur Fjarskiptastofa lagt kvaðir á fjarskiptafyrirtæki varðandi endurheimt kostnaðar og eftirlit með gjaldskrá, svo sem kvaðir um kostnaðarviðmiðun gjaldskrár og kvaðir um kostnaðarbókhald á ákveðnum tegundum samtengingar eða aðgangs.

Við ákvarðanir samkvæmt ákvæði þessu skal taka tillit til þarfarinnar á því að stuðla að samkeppni og þeim langtímahagsmunum endanotenda sem tengjast útbreiðslu nýrra fjarskiptaneta, sér í lagi afkastamikilla háhraðaneta. Taka skal tillit til og hvetja til fjárfestinga. Gera skal ráð fyrir hæfilegri arðsemi af fjárfestingum að teknu tilliti til áhættu. Enn fremur skal taka mið af hagræði af fyrisjáanlegu og stöðugu heildsöluverði.

Taka skal til athugunar hvort hægt er að sleppa kvöðum samkvæmt ákvæði þessu ef samkeppnisþrýstingur er þegar til staðar varðandi smásöluverð og kvaðir um gagnsæi, jafnræði, bókhaldslegan aðskilnað og aðgang, sér í lagi hvers kyns efnahagslegt hermipróf sem beitt er skv. 50. gr., tryggja skilvirkan aðgang án mismununar.

Aðferðir við endurheimt kostnaðar eða aðferðafræði við verðlagningu skulu stuðla að útbreiðslu nýrra og öflugri neta, skilvirkni og sjálfbærri samkeppni og vera til sem mestra hagsbóta fyrir endanotendur. Í þessu tilliti er heimilt að taka tillit til þess verðs sem er í boði á sambærilegum samkeppnismörkuðum.

Sönnunarbyrði fyrir því að gjöld byggist á raunverulegum kostnaði, þ.m.t. sanngjörnum hagnaðarhlut af fjárfestingu, hvílir á hlutaðeigandi fyrirtæki. Fjarskiptastofa getur krafist fyrirtæki um fullan rökstuðning fyrir verði sínu og krafist þess að verðið sé leiðrétt þegar það á við. Stofnunin getur jafnframt krafist þess að fjarskiptafyrirtæki geri kostnaðarlíkan til útreiknings á verði. Fjarskiptastofa getur við útreikninga á kostnaði tekið mið af rekstri sambæri-

legrar þjónustu sem telst rekin af hagkvæmni og notað kostnaðargreiningaraðferðir sem eru óháðar aðferðum fjarskiptafyrirtækisins.

Ef kvöð felur í sér gerð kostnaðarbókhaldskerfis skal tryggja opinn aðgang að lýsingu á kostnaðarbókhaldskerfinu þar sem fram koma a.m.k. helstu flokkar kostnaðar og reglur sem notaðar eru við skiptingu kostnaðar. Óháður þar til bær aðili skal sannreyna að farið sé að reglum um kostnaðarbókhaldskerfið og árlega skal birta yfirlýsingu um hvort farið er eftir reglunum.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um útfærslu bókhaldslegs aðskilnaðar í rekstri fjarskiptafyrirtækja skv. 51. gr., þ.m.t. skiptingu eftir netum og þjónustu, og um nánara fyrirkomulag kostnaðargreiningar samkvæmt þessari grein, m.a. um aðferðir við eignamat, afskriftir, ávöxtunarkröfu og gerð kostnaðarlíkana.

53. gr.

Verð fyrir lúkningu símtala.

Fjarskiptafyrirtæki sem veita lúkningu símtala skulu ekki taka hærra gjald fyrir en nemur hámarksverði fyrir lúkningu sem gildir á Evrópska efnahagssvæðinu. Ef í gildi eru viðskiptasamningar við einstök ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins, er kveða á um hámarksverð fyrir lúkningu, skal tekið mið af þeim.

Ráðherra setur reglugerð um hámarksverð fyrir lúkningu símtala þar sem m.a. er heimilt að kveða á um:

- a. hámarksverð í heildsölu fyrir lúkningu símtala í farnetum,
- b. hámarksverð í heildsölu fyrir lúkningu símtala í föstum netum,
- c. viðmiðunargengi og uppgjörsaðferðir sem fjarskiptafyrirtækjum er skylt að nota við myntbreytingar eftir því sem við á, og
- d. sérreglur um lúkningu og hámarksverð sem gilda vegna sérstakra viðskiptasamninga.

Ef ekkert hámarksverð er í gildi á Evrópska efnahagssvæðinu er Fjarskiptastofu heimilt að gera markaðsgreiningu á mörkuðum fyrir lúkningu símtala til að meta hvort nauðsynlegt sé að leggja á kvaðir.

Fjarskiptastofa skal tryggja að farið sé að ákvæðum um hámarksverð og getur krafist þessi að fjarskiptafyrirtæki breyti verði ef verð þeirra er hærra en hámarksverð.

54. gr.

Hámarksverð fyrir reikiþjónustu og millilandafjarskipti.

Fjarskiptafyrirtæki sem veita reikiþjónustu hér á landi skulu sjá til þess að heild- og smásöluverð fyrir reikiþjónustu, sem á sér upphaf eða lýkur í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, sé ekki hærra en hámarksverð sem þar gildir. Ef í gildi eru viðskiptasamningar við einstök ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins, er kveða á um hámarksverð fyrir símtöl í reikiþjónustu, skal tekið mið af þeim.

Ráðherra setur reglugerð um reikiþjónustu í almennum farnetum þar sem m.a. er heimilt að kveða á um eftirfarandi:

- a. hámarksverð í heildsölu fyrir símtöl í reikiþjónustu,
- b. hámarksverð í smásölu fyrir símtöl í reikiþjónustu,
- c. hámarksverð í heild- og smásölu fyrir SMS-þjónustu, MMS-þjónustu og aðra gagnaflutningsþjónustu í farnetum,
- d. gjaldskrá sem er ekki hærri en samræmist hámarksgjaldi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 717/2007 um reikiþjónustu á almennum farsímanetum og

samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2120, um ráðstafanir varðandi opinn Netaðgang o.fl., að því er varðar millilandasímtöl innan Evrópska efnahagssvæðisins.

- e. gagnsæi smásölugjaldskrár og gjaldskrár skv. d-lið,
- f. viðmiðunargengi og uppgjörsaðferðir sem fjarskiptafyrirtækjum er skylt að nota við myntbreytingar vegna reikiþjónustu í farnetum,
- g. skyldur fjarskiptafyrirtækja til þess að verða við óskum reikiviðskiptavina um skipti milli reikigjaldskráa,
- h. upplýsingaskyldu fjarskiptafyrirtækja um viðeigandi reikigjöld,
- i. reglur um tímamælingar og gjaldfærslur símtala í reikiþjónustu,
- j. gjaldtöku fyrir móttöku talhólfsskilaboða í reikiþjónustu,
- k. skyldu fjarskiptafyrirtækja til að veita reikiviðskiptavinum sínum persónubundnar upplýsingar um verð og annað tengt gagnaflutningi í reikiþjónustu,
- l. skyldu fjarskiptafyrirtækja til að gera reikiviðskiptavinum sínum kleift að fylgjast með gagnaflutningsnotkun sinni á grundvelli verðs og magns og veita þeim kost á að velja efstu mörk fyrir slíka þjónustu yfir ákveðið tímabil, og
- m. sérreglur um reikiþjónustu og hámarksverð gagnvart einstökum ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins vegna viðskiptasamninga um reikiþjónustu.

Fjarskiptafyrirtæki sem veita fjarskiptaþjónusta milli einstaklinga sem er tengd númerum, hvort sem fjarskiptin eiga sér stað um föst net eða farnet, skulu ekki taka hærra smásöluverð fyrir slík magnmæld fjarskipti milli landa en það hámarksverð sem gildir á Evrópska efnahagssvæðinu. Ef í gildi eru viðskiptasamningar við einstök ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins skal tekið mið af þeim hámarksverðum sem þar er kveðið á um.

Ráðherra setur reglugerð um hámarksverð fyrir fjarskipti sem tilgreind eru í 3. mgr. þar sem m.a. er heimilt að kveða á um:

- a. hámarksminútuverð í smásölu,
- b. hámarksverð fyrir SMS í smásölu,
- c. val neytenda á áskriftaleiðum,
- d. viðmiðunargengi og uppgjörsaðferðir sem fjarskiptafyrirtækjum er skylt að nota við myntbreytingar,
- e. undanþágur og skilyrði fyrir þeim, og
- f. sérreglur um fjarskipti milli landa og hámarksverð sem gilda vegna sérstakra viðskiptasamninga.

Fjarskiptastofa skal hafa eftirlit með framfylgni við ákvæði um hámarksverð og getur krafist þess að fjarskiptafyrirtæki breyti verði ef verðlagning þeirra er hærri en sem nemur hámarksverði.

55. gr.

Ný afkastamikil háhraðanet.

Fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk geta boðið fram skuldbindingu um sameiginlega fjárfestingu í uppbyggingu nýrra afkastamikilla háhraðaneta. Skuldbinding skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a. nýtt afkastamikið háhraðanet skal vera opið öllum fjarskiptafyrirtækjum hvenær sem er á meðan netið er starfrækt,

- b. skuldbinding skal gera öðrum meðfjárfestum kleift að keppa með skilvirkum og sjálfbærum hætti til langs tíma á fráliggjandi mörkuðum þar sem fyrirtækið sem hefur umtalsverðan markaðsstyrk er virkt, og
- c. umsækjendum um aðgang, sem taka ekki þátt í sameiginlegu fjárfestingunni, skal gefast kostur á aðgangi með viðunandi hætti.

Ef Fjarskiptastofa kemst að þeirri niðurstöðu, að undangenginni málsmeðferð skv. 58. gr., að skuldbinding uppfylli skilyrði 1. mgr. og a.m.k. einn meðfjárfestir hefur gert samning við viðkomandi fyrirtæki, skal gera skuldbindinguna bindandi og ekki leggja á neinar viðbótarkvaðir í samræmi við 46. gr. varðandi þá hluta afkastamikilla háhraðaneta sem skuldbindingin nær til.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er Fjarskiptastofu heimilt, í rökstuddum tilvikum, að leggja á, viðhalda eða aðlaga kvaðir í samræmi við 46.–52. gr. að því er varðar ný afkastamikil háhraðanet til þess að takast á við veruleg samkeppnisvandamál á tilteknum mörkuðum þar sem staðfest er að vegna sértækra eiginleika þessara markaða sé ekki hægt að takast á við þessi samkeppnisvandamál með öðrum hætti.

Fjarskiptastofa skal fylgjast með því að farið sé að skilyrðunum sem sett eru fram í 1. mgr. með viðvarandi hætti og getur krafist þess að viðkomandi fyrirtæki leggi í té árlegar yfirlýsingar varðandi reglufylgni. Fjarskiptastofa getur skoríð úr ágreiningi sem kemur upp á milli aðila samnings um sameiginlega fjárfestingu.

Ráðherra setur reglugerð þar sem nánar er kveðið á um skilyrði varðandi skuldbindingar og málsmeðferð samkvæmt ákvæði þessu, þar á meðal ný skilyrði.

56. gr.

Aðskilin starfsemi.

Ef Fjarskiptastofa kemst að þeirri niðurstöðu að ekki hafi tekist að tryggja virka samkeppni með álagningu kvaða skv. 47.–52. gr., og að fyrir hendi séu mikil og viðvarandi samkeppnisvandamál eða markaðsbrestir í tengslum við heilðsöluframboð aðgangs á tilteknum mörkuðum, þá getur stofnunin í undantekningartilvikum, í samræmi við 4. mgr. 46. gr., lagt þá kvöð á lóðrétt samþætt fyrirtæki að setja starfsemi sem tengist framboði viðeigandi aðgangsneta í heilðsölu undir sjálfstætt starfandi rekstrareiningu.

Aðskilin rekstrareining skv. 1. mgr. skal afhenda öllum fyrirtækjum, þ.m.t. öðrum rekstrar-einingum innan samstæðunnar, vörur og þjónustu í tengslum við aðgang með sömu tímamörkum, skilmálum og skilyrðum, að meðtöldum þeim sem varða verðlagningu og þjónustustig, og um sömu kerfi og ferli.

Ef Fjarskiptastofa áformar að leggja á markaðsaðila kvöð varðandi aðskilda starfsemi skal fyrirhuguð ákvörðun borin undir Eftirlitsstofnun EFTA. Með slíku erindi skal leggja fram:

- a. gögn sem réttlæta niðurstöður eins og um getur í 1. mgr.,
- b. rökstutt mat sem bendir til engrar eða lítillar virkrar og varanlegrar samkeppni í grunnvirkjum innan hæfilegs frests,
- c. greiningu á væntanlegum áhrifum ákvörðunar á hagsmunaaðila og markaðinn, og
- d. greiningu á ástæðum þess að þessi ráðstöfun væri skilvirkust til að ráða bót á þeim samkeppnisvandamálum eða markaðsbrestum sem komið hafa í ljós.

Í drögum að ákvörðun skulu koma fram eftirfarandi þættir:

- a. nákvæmar upplýsingar um eðli og umfang aðgreiningar þar sem einkum er tilgreind réttarstaða rekstrareiningarinnar,

- b. lýsing á eignum aðskildu rekstrareiningarinnar og vörum eða þjónustu sem sú eining mun veita,
- c. fyrirkomulag stjórnunarháttanna í því skyni að tryggja sjálfstæði starfsfólks sem ráðið er til starfa hjá aðskildu rekstrareiningunni og samsvarandi hvatakerfi,
- d. reglur til að tryggja að farið sé að skuldbindingunum,
- e. reglur til að tryggja gagnsæjar verklagsreglur, einkum gagnvart öðrum hagsmunaaðilum, og
- f. vöktunaráætlun til að tryggja að farið sé að kröfum, þ.m.t. um útgáfu ársskýrslu.

Ef Eftirlitsstofnun EFTA samþykkir áform um aðskilnað skal Fjarskiptastofa framkvæma greiningu á mörkuðum sem tengjast viðkomandi aðgangsneti. Á grundvelli greiningarinnar skal leggja á, viðhalda, breyta eða afturkalla kvaðir á viðkomandi markaði. Heimilt er að leggja kvaðir skv. 46.–52. gr. á fyrirtæki sem gert hefur verið að aðskilja þætti í starfsemi sinni samkvæmt ákvæði þessu ef fyrirtækið hefur umtalsverðan markaðsstyrk á tilteknum markaði.

57. gr.

Aðgreining lóðrétt samþætts fyrirtækis að eigin frumkvæði.

Fjarskiptafyrirtæki sem hefur verið útnefnt með umtalsverðan markaðsstyrk á einum eða fleiri mikilvægum mörkuðum skal upplýsa Fjarskiptastofu með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara ef það hyggst yfirfæra aðgangsnét sín eða umtalsverðan hluta þeirra til aðskilins lög-aðila í annarri eigu eða stofna sérstaka rekstrareiningu í því skyni að veita öllum smásölu-birgjum, þ.m.t. eigin smásöludeildum, fullkomlega jafngildan aðgang. Fyrirtæki skulu einnig upplýsa stofnunina um hvers konar breytingu sem verður á þeirri fyrirætlun ásamt lokaniður-stöðu aðskilnaðarferlisins.

Fjarskiptafyrirtæki geta einnig boðið skuldbindingar að því er varðar aðgangsskilyrði sem gilda um net þeirra, eftir að aðskilnaðurinn kemur til framkvæmda, með það fyrir augum að tryggja skilvirkan aðgang án mismununar fyrir þriðju aðila. Boð um skuldbindingu skal innihalda nægilegar upplýsingar, þ.m.t. varðandi tímasetningu og tímalengd.

Fjarskiptastofa skal meta áhrif fyrirhugaðrar aðgreiningar ásamt skuldbindingunum sem boðnar eru, eftir atvikum, á þær kvaðir sem kunna að gilda á viðkomandi markaði. Í þeim tilgangi skal gera greiningu á þeim mörkuðum sem tengjast viðkomandi aðgangsneti.

Á grundvelli mats samkvæmt ákvæði þessu skal Fjarskiptastofa leggja á, viðhalda, breyta eða afturkalla kvaðir á viðkomandi markaði og beita 59. gr. ef við á. Stofnunin getur ákveðið að gera skuldbindingarnar skv. 2. mgr. bindandi í heild sinni eða að hluta.

Fjarskiptastofa skal fylgjast með framkvæmd þeirra skuldbindinga sem gerðar eru bindandi skv. 4. mgr. og taka til athugunar framlengingu þeirra þegar tímabilið sem þær eru upphaflega boðnar á er runnið út.

58. gr.

Skuldbindingarferli.

Fjarskiptafyrirtæki sem teljast hafa umtalsverðan markaðsstyrk geta boðið Fjarskiptastofu skuldbindingar varðandi aðgangsskilyrði, sameiginlega fjárfestingu eða hvort tveggja, sem gildir um net þeirra að því er varðar m.a.:

- a. samvinnufyrirkomulag sem varðar mat á viðeigandi og hóflegum skuldbindingum skv. 46. gr.,
- b. sameiginlega fjárfestingu í afkastamiklum háhraðanetum skv. 55. gr., eða
- c. skilvirkan aðgang þriðju aðila án mismununar skv. 57. gr.

Boð um skuldbindingar skal vera nægilega ítarlegt og taka til tímasetningar, gildissviðs þeirra og tímalengdar.

Til að meta skuldbindingar sem fyrirtæki býður skv. 1. mgr. skal Fjarskiptastofa framkvæma markaðsprófun, einkum á skilmálunum sem í boði eru, með því að standa fyrir opnu samráði við hagsmunaaðila, einkum við þriðju aðila sem verða fyrir beinum áhrifum. Þetta á þó ekki við í tilvikum þar sem skuldbindingar sem fyrirtæki býður skv. 1. mgr. uppfylla greinilega ekki eitt eða fleiri nauðsynleg skilyrði eða viðmiðanir.

Að teknu tilliti til allra þeirra skoðana sem fram koma í samráðsferlinu skal Fjarskiptastofa tilkynna fyrirtækinu sem telst hafa umtalsverðan markaðsstyrk bráðabirgðaniðurstöður sínar um það hvort skuldbindingarnar sem boðnar eru uppfylli markmiðin, viðmiðanirnar og málsmeðferðarreglurnar sem settar eru fram í ákvæði þessu og, eftir því sem við á, í 46., 55. eða 57. gr., og við hvaða skilyrði stofnunin kann að íhuga að gera skuldbindingarnar bindandi. Fyrirtækið getur endurskoðað upphaflegt boð sitt í ljósi bráðabirgðaniðurstaðna Fjarskiptastofu með það fyrir augum að uppfylla viðmiðanir.

Fjarskiptastofa getur birt ákvörðun um að gera skuldbindingar bindandi samkvæmt ákvæði þessu í heild sinni eða að hluta. Í slíkri ákvörðun getur Fjarskiptastofa ákveðið gildistíma bindandi skuldbindinga.

Þegar Fjarskiptastofa hefur gert skuldbindingar bindandi samkvæmt ákvæði þessu skal stofnunin meta afleiðingarnar af þeirri ákvörðun á markaðspróun og hvaða kvaðir er viðeigandi að leggja á eða viðhalda á viðkomandi markaði.

Fjarskiptastofa skal hafa eftirlit með og tryggja að farið sé að skuldbindingum sem stofnunin hefur gert bindandi. Taka skal til athugunar að framlengja tímabilið sem skuldbindingar hafa verið gerðar bindandi þegar upphaflega tímabilinu lýkur.

59. gr.

Heildsöluþyriræki.

Ef Fjarskiptastofa útnefni fjarskiptaþyriræki sem fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk og það starfar ekki á neinum smásölumarkaði fjarskiptaþjónustu skal stofnunin taka til athugunar hvort fyrirtækið hafi eftirfarandi einkenni:

- a. öll fyrirtæki og rekstrareiningar innan fyrirtækisins, öll fyrirtæki sem eru undir stjórn en ekki nauðsynlega að öllu leyti í eigu sama endanlega eiganda, og hluthafar sem geta beitt stjórnunarvaldi yfir fyrirtækinu, hafi aðeins starfsemi, nú og fyrirhugaða í framtíðinni, á heildsölumörkuðum fyrir fjarskiptaþjónustu og hafi því ekki starfsemi á smásölumörkuðum fyrir fjarskiptaþjónustu sem veitt er endanotendum, og
- b. fyrirtækið er ekki bundið til að stunda viðskipti við eitt aðskilið fyrirtæki, sem starfar á fráliggjandi markaði og er virkt á smásölumarkaði fyrir fjarskiptaþjónustu sem veitt er endanotendum, vegna einkaréttarsamnings eða samnings sem í reynd jafngildir einkaréttarsamningi.

Komist Fjarskiptastofa að þeirri niðurstöðu að skilyrðin sem mælt er fyrir um í 1. mgr. séu uppfyllt getur stofnunin aðeins lagt á fyrirtækið kvaðir skv. 48. og 50. gr. og um réttláta og sanngjarna verðlagningu ef það er talið réttlætlanlegt á grundvelli markaðsgreiningar.

Fjarskiptastofa skal endurskoða kvaðir sem lagðar eru á fyrirtæki í samræmi við ákvæði þetta hvenær sem er ef stofnunin kemst að þeirri niðurstöðu að skilyrðin sem mælt er fyrir um í 1. mgr. séu ekki lengur uppfyllt. Viðkomandi fyrirtæki skulu, án ástæðulausrar tafar, tilkynna Fjarskiptastofu um allar breytingar á aðstæðum sem tengjast skilyrðum skv. 1. mgr.

Fjarskiptastofa skal einnig endurskoða skyldur sem lagðar eru á fyrirtæki í samræmi við ákvæði þetta ef stofnunin kemst að þeirri niðurstöðu, á grundvelli upplýsinga um skilmála og skilyrði sem fyrirtækið býður viðskiptavinum sínum á fráliggjandi mörkuðum, að samkeppnisvandamál séu til staðar eða séu líkleg til að koma upp og skaða endanotendur og þörf geti verið á að leggja á kvaðir um gagnsæi, bókhaldslegan aðskilnað, aðgang að mannvirkjum eða eftirlit með gjaldskrá eða að gera breytingar á kvöðum sem lagðar hafa verið á í samræmi við 2. mgr.

60. gr.

Flutningur úr eldri fjarskiptanetum.

Fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk skal tilkynna Fjarskiptastofu fyrir fram og tímanlega um það þegar fyrirhugað er að leggja niður eða skipta út hluta nets sem fellur undir kvaðir sem lagðar hafa verið á fyrirtækið samkvæmt ákvæðum þessara laga.

Fjarskiptastofa skal tryggja að ferlið við niðurlagningu eða útskipti hafi skýra tímaáætlun og skilyrði, þ.m.t. að tilkynnt sé um framkvæmdina með hæfilegum fyrirvara og, ef nauðsyn krefur, til að vernda samkeppni og réttindi endanotenda, að séð sé til þess að aðrir kostir verði tiltækir, a.m.k. af sambærilegum gæðum, sem veita aðgang að nýja netinu.

Fjarskiptastofa getur afturkallað kvaðir sem gilda varðandi netið sem leggja á niður eða skipta út þegar gengið hefur verið úr skugga um að aðgangsvéitandinn:

- a. hafi komið á viðeigandi skilyrðum fyrir flutningnum, þ.m.t. að annar aðgangskostur sé tiltækur af a.m.k. sambærilegum gæðum og voru tiltæk í gegnum eldra netið sem gerir umsækjendum um aðgang kleift að ná til sömu endanotenda, og
- b. hafi fylgt skilyrðunum og ferlinu sem tilkynnt var í samræmi við þessa grein.

Slík afturköllun skal samþykkt í samræmi við málsmeðferðarreglurnar sem um getur í 24. og 28. gr. laga um Fjarskiptastofu, nr. 75/2021.

61. gr.

Eftirlit með smásöluþjónustu.

Ef Fjarskiptastofa kemst að þeirri niðurstöðu, í kjölfar markaðsgreiningar, að á tilteknum smásölumarkaði ríki ekki virk samkeppni og að kvaðir á heildsölustigi muni ekki leiða til þess að markmið laga þessara náist getur stofnunin lagt viðeigandi kvaðir á fyrirtæki sem hefur umtalsverðan markaðsstyrk á smásölumarkaðnum.

Kvaðir sem lagðar eru á skv. 1. mgr. skulu byggjast á eðli vandamálsins sem greint hefur verið og vera hóflegar og málefnalegar í ljósi markmiða laga þessara. Kvaðirnar geta falið í sér kröfur um að fyrirtæki innheimti ekki óhófleg gjöld, hindri ekki markaðsaðgang eða takmarki samkeppni með undirverðlagningu, veiti tilteknum endanotendum ekki ótilhlýðilegan forgang eða setji saman óeðlilega þjónustupakka. Enn fremur er heimilt að kveða á um hámark á smásöluverði, ráðstafanir til að stjórna einstökum gjaldskráum eða ráðstafanir til að beina gjaldskráum í átt að kostnaðarverði eða verði á sambærilegum mörkuðum.

Fyrirtæki sem háð eru eftirliti með smásölugjaldskrá, eða öðru viðeigandi eftirliti með smásölu, skulu nota nauðsynleg og viðeigandi kostnaðarbókhaldskerfi. Fjarskiptastofu er heimilt að tilgreina þá framsetningu og aðferðafræði sem nota skal við bókhaldið. Óháður þar til bær aðili skal staðfesta að farið sé að reglum um kostnaðarbókhaldskerfi skv. 6. mgr. 52. gr. Fjarskiptastofa skal sjá til þess að árlega sé birt yfirlýsing um það hvort reglum kerfisins sé fylgt.

X. KAFLI
Alþjónusta.

62. gr.

Réttur til alþjónustu á viðráðanlegu verði.

Neytendum skal á lögheimili eða aðsetri samkvæmt skráningu hjá Þjóðskrá Íslands tryggður aðgangur á viðráðanlegu verði að nothæfri netaðgangsjónustu og símaþjónustu með tilgreindum gæðum, þ.m.t. tengingu sem liggur að baki.

Þjónustutegundir innan alþjónustu eru ekki bundnar tiltekinni tækni.

Neytandi getur óskað eftir að tenging skv. 1. mgr. verði takmörkuð við stuðning við símaþjónustu.

Réttur til alþjónustu skv. 1. mgr. er ekki fortaklaus og getur verið háður takmörkunum vegna kostnaðar, landfræðilegra aðstæðna eða annars óhagræðis. Ágreiningur um synjun þjónustu skal borinn undir Fjarskiptastofu til ákvörðunar.

Réttur til alþjónustu á viðráðanlegu verði samkvæmt lögum þessum skal einnig ná til örfélaga í skilningi laga um ársreikninga á stöðum þar sem þau eru með heilsársstarfsemi.

Ráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um þá þjónustu og aðgerðir sem neytendum skulu standa til boða í gegnum viðkomandi tengingu.

63. gr.

Eftirlit með gjaldskrá innan alþjónustu og aðgengi að alþjónustu.

Upplýsingar um verð og viðskiptaskilmála vegna veitingar alþjónustu skulu birtar opinberlega, m.a. á vef fjarskiptafyrirtækis. Fjarskiptastofa skal fylgjast með þróun og verðlagi alþjónustu skv. 62. gr. í smásölu, einkum með tilliti til landsbundins verðlags og tekna neytenda.

Ef það er mat Fjarskiptastofu að smásöluverð fyrir alþjónustu skv. 62. gr. sé ekki viðráðanlegt fyrir tekjulága eða neytendur með sérstakar félagslegar þarfir séu útilokaðir frá aðgangi að þjónustunni getur stofnunin ákveðið að fjarskiptafyrirtæki sem veita alþjónustu bjóði upp á sérstaka gjaldskrá fyrir þessa tilteknu hópa eða grípi til annarra ráðstafana sem nauðsynlegar eru til að aðgengi að alþjónustu sé tryggt.

Ráðherra er heimilt í reglugerð að kveða nánar á um skilyrði og útfærslu ráðstafana samkvæmt ákvæði þessu.

64. gr.

Aðgengi að alþjónustu.

Ef markaðskönnun og viðbótarsannanir, ef þörf krefur, leiða í ljós að neytendur hafi ekki, vegna viðskiptasjónarmiða fjarskiptafyrirtækja, aðgang að alþjónustu eins og hún er skilgreind á hverjum tíma getur Fjarskiptastofa útnefnt fjarskiptafyrirtæki, eitt eða fleiri, með alþjónustuskilyldur til að tryggja öllum landsmönnum fullnægjandi alþjónustu skv. 62. gr. Við útnefningu samkvæmt ákvæði þessu skal gæta jafnræðis, hlutleysis og gagnsæis. Kveða má á um skyldu til að veita þjónustu á ákveðnum svæðum eða eftir þjónustutegundum.

Við útnefningu skal jafnframt leitast við að lágmarka markaðsröskun, einkum veitingu þjónustu á verði eða með fyrirvara um aðra skilmála og skilyrði sem víkja frá eðlilegum viðskiptakjörum, en standa jafnframt vörð um almannahagsmuni.

Tilkynna ber Fjarskiptastofu um fyrirhugaða sölu aðgangsnets, eða umtalsverðs hluta þess, af hálfu fjarskiptafyrirtækis sem útnefnt hefur verið til veitingar alþjónustu samkvæmt ákvæði

Þessu með nægum fyrirvara, enda kunna breyttar aðstæður að kalla á endurmat ráðstafana stofnunarinnar.

Ráðherra getur í reglugerð kveðið nánar á um skilyrði og útfærslu ráðstafana samkvæmt ákvæði þessu.

65. gr.

Kostnaður við alþjónustu.

Ef fjarskiptafyrirtæki telur að alþjónusta sem því er gert skylt að veita, sbr. 1. mgr. 64. gr., sé rekin með tapi og því ósanngjörn byrði á fyrirtækinu getur það sótt um fjárframlög hjá Fjarskiptastofu til að því verði tryggt eðlilegt endurgjald fyrir þá starfsemi sem um ræðir.

Við útreikninga á hreinum kostnaði í tengslum við alþjónustuskyldu skal m.a. taka mið af öllum markaðsávinningi þess þjónustuveitanda sem veitir nothæfa netaðgangspjónustu eða símaþjónustu af tilteknum gæðum.

Ef Fjarskiptastofu berst umsókn um fjárframlög skv. 1. mgr., og ekki verður talið að þjónustan verði tryggð með öðrum hagkvæmari hætti en jafnframt talið að þjónustan sé óhjákvæmileg og verði ekki aflögð, skal stofnunin ákvarða kostnað vegna alþjónustukvaða.

Fjarskiptastofa skal krefjast þess að alþjónustuveitandi upplýsi nákvæmlega hvert rekstrar-tapið af starfseminni er og hvernig það sundurliðast.

Fjarskiptastofa getur við mat á fjárframlögum krafist skýrslna löggiltra endurskoðenda eða falið slíkum aðila að gera úttekt á rekstrarafkomu á viðkomandi rekstrarsviði. Fjarskiptastofu er heimilt að krefjast aðgangs að bókhaldi fjarskiptafyrirtækisins við mat á kostnaði við alþjónustu.

Fjárframlög skulu að jafnaði miðuð við eitt ár í senn. Nú telur annar hvor aðila að forsendur fyrir ákvörðun fjárframlaga hafi breyst verulega og getur hvor um sig þá krafist endurskoðunar á framlaginu á gildistíma þess.

Ef hluti af starfsemi fjarskiptafyrirtækis er háður fjárframlögum samkvæmt ákvæði þessu skal sá þáttur starfseminnar vera bókhaldslega aðskilinn frá annarri starfsemi fjarskiptafyrirtækisins. Ef slíkur aðskilnaður er ekki fyrir hendi skal Fjarskiptastofa hafna umsókn fjarskiptafyrirtækis um fjárframlög.

Ráðherra getur í reglugerð kveðið nánar á um útreikninga á kostnaði við alþjónustu samkvæmt aðferðafræði um hreinan kostnað.

66. gr.

Fjármögnun alþjónustu.

Til að standa straum af greiðslu fjárframlaga samkvæmt þessum kafla skal innheimta jöfnunargjald sem rennur í rikissjóð.

Skal jöfnunargjaldið lagt á fjarskiptafyrirtæki sem starfrækja almenn fjarskiptanet eða almenna fjarskiptaþjónustu í hlutfalli við bókfærða veltu þessarar starfsemi. Með bókfærðri veltu er átt við rekstrartekjur sem fjarskiptafyrirtæki hefur af umræddri starfsemi hér á landi.

Jöfnunargjald skal ákveðið með lögum. Skal fjárþörf vegna alþjónustu endurskoðuð árlega af Fjarskiptastofu og niðurstaða þeirrar endurskoðunar ásamt tillögu um breytt gjaldhlutfall, ef þörf þykir, lögð fyrir ráðherra. Verði útgjöld hærri en nemur jöfnunargjöldum á árinu skal gjaldfæra þann mismun á skuldbindingar næsta árs. Verði fjárhæð jöfnunargjalda hærri en nemur útgjöldum á gjaldárinu skal afgangur fluttur til næsta árs.

Jöfnunargjald má draga frá tekjum á því rekstrarári þegar stofn þess myndaðist.

Jöfnunargjald skal ekki leggja á fjarskiptafyrirtæki sem eru með bókfærða ársveltu undir 30 millj. kr.

Um álagningu og innheimtu jöfnunargjalds, þ.m.t. fyrirframgreiðslu, fer samkvæmt ákvæðum VIII.–XIV. kafla laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, en um viðurlög fer skv. XII. kafla þeirra laga.

Fjarskiptastofa skal árlega birta upplýsingar um útreikning kostnaðar vegna alþjónustu-kvaða og sundurliðaðan lista yfir einstakar greiðslur fyrirtækja á jöfnunargjaldi.

XI. KAFLI

Skilmálar, gjaldskrár, gæði og neytendavernd.

67. gr.

Undanþága frá gildissviði og upplýsingaskylda.

Ákvæði 69.–77. gr. skulu ekki gilda um fjarskiptafyrirtæki sem veita fjarskiptaþjónustu milli einstaklinga sem er ótengd númerum og teljast örfélög í skilningi laga um ársreikninga, nema þau veiti einnig aðra fjarskiptaþjónustu.

Fjarskiptafyrirtæki sem ákvæði 69.–77. gr. gilda ekki um skv. 1. mgr. skulu upplýsa endanotendur um að undanþága eigi við með sannanlegum hætti áður en gengið er til samninga um þjónustu.

68. gr.

Jafnræði.

Fjarskiptafyrirtæki er óheimilt að gera ólíkar kröfur eða setja ólík skilyrði fyrir aðgangi að eða notkun á fjarskiptanetum eða fjarskiptaþjónustu fyrir endanotendur af ástæðum sem tengjast þjóðerni, búsetu eða staðfestu þeirra, nema slík meðferð sé rökstudd á hlutlægan hátt.

69. gr.

Upplýsingakröfur vegna samninga.

Áður en neytandi er bundinn af samningi eða tilboði skal fjarskiptafyrirtæki sem býður fjarskiptaþjónustu veita á skýran og sannanlegan hátt eftirtaldar upplýsingar sem skulu vera óaðskiljanlegur hluti samnings:

- a. upplýsingar í samræmi við ákvæði II. og III. kafla laga um neytendasamninga, nr. 16/2016, og
- b. samantekt yfir meginefni samnings skv. 2. mgr.

Í samantekt yfir meginefni samnings um fjarskiptaþjónustu skal a.m.k. greina eftirtaldar upplýsingar:

- a. nafn, heimilisfang og tengiliðaupplýsingar þjónustuveitanda,
- b. megininkenni þjónustu sem veita skal, svo sem gæðastig og tímamann sem upphafleg tenging mun taka,
- c. verð fyrir að virkja þjónustu og áskriftar- eða notkunartengd gjöld, þar sem þjónusta er veitt gegn beinni greiðslu,
- d. gildistíma samnings og skilyrði fyrir endurnýjun og uppsögn,
- e. að hvaða marki vara og/eða þjónusta er hönnuð fyrir endanotendur með fötlun, og
- f. hvernig hefja megi mál til lausnar á deilum neytanda og fjarskiptafyrirtækis.

Ákvæði 1.–2. mgr. gilda ekki um flutningsþjónustu sem notuð er til að veita þjónustu tækis í tæki.

Ráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um upplýsingakröfur vegna samninga, m.a. um meginþingni þjónustu og um sniðmát samantektar yfir meginþingni samnings. Heimilt er að gera greinarmun á kröfum um upplýsingaskyldu eftir eðli fjarskiptaþjónustu sem samningur lýtur að, svo sem netaðgangsjónustu. Í reglugerð má kveða nánar á um hvernig upplýsingum skal miðlað samkvæmt ákvæði þessu þannig að þær teljist uppfylla kröfur 1. mgr. um veitingu á skýran og sannanlegan hátt, t.d. í tilviki endanótenda með fötlun.

70. gr.

Samanburður fjarskiptaþjónustu.

Fjarskiptastofa skal sjá til þess að starfrækt sé samanburðarþjónusta sem gerir endanótendum kleift, þeim að kostnaðarlausu, að bera saman og meta mismunandi netaðgangsjónustu, fjarskiptaþjónustu milli einstaklinga sem er tengd númerum og, eftir atvikum, fjarskiptaþjónustu milli einstaklinga sem er ótengd númerum að því er varðar:

- a. verð og gjaldskrár fyrir veitta þjónustu og áskriftar- eða notkunartengd gjöld, og
- b. gæði þjónustunnar, þar sem boðið er upp á lágmarksþjónustugæði.

Samanburðarþjónustan skal vera óháð þeim fyrirtækjum sem kunna að selja fjarskiptaþjónustu.

Fjarskiptastofa setur reglur um framsetningu upplýsinga sem birtar skulu svo að endanótendur hafi aðgang að ítarlegum, samanburðarhæfum og auðskiljanlegum upplýsingum.

71. gr.

Gæði fjarskiptaþjónustu og nethlutleysi.

Fjarskiptafyrirtæki skulu viðhafa ráðstafanir til að stuðla að vernd, virkni og gæðum fjarskiptaþjónustu. Fjarskiptastofu er heimilt að setja reglur um slíkar ráðstafanir þar sem nánar er mælt fyrir um:

- a. lágmarksgrunnþjónustu og mismunandi þjónustustig,
- b. tæknileg skilyrði þjónustunnar og lágmarksgæði hennar,
- c. kröfur um upplýsingagjöf af hálfu fjarskiptafyrirtækja, mæliaðferðir og prófanir á gæðum þjónustu,
- d. ákvæði í þjónustusamningum,
- e. leiðir er auðvelda mat á gæðum þjónustunnar og verðsamanburð,
- f. vernd og stjórnun almennra fjarskiptaneta,
- g. vernd notendatenginga, og
- h. ferli við meðhöndlun öryggisatvika og umbætur.

Notendur með netaðgangsjónustu skulu eiga rétt á því að fá aðgang að upplýsingum og efni, miðla því, nota og bjóða fram þjónustu með því að nota búnað að eigin vali, óháð staðsetningu sinni eða fjarskiptafyrirtækis eða uppruna eða áfangastað upplýsinganna, efnisins og þjónustunnar. Ákvæði 1. málsl. gildir þó ekki um notkun eða aðgang að efni eða þjónustu sem brýtur gegn öðrum lögum eða dómi.

Fjarskiptafyrirtæki sem veitir netaðgangsjónustu skal meðhöndla alla fjarskiptaumferð jafnt án mismununar, takmarkana eða truflunar og óháð sendanda eða móttakanda, því efni sem sótt er eða miðlað, þeirri þjónustu sem notuð er eða boðin fram og þeim búnaði sem er notaður.

Þrátt fyrir 3. mgr. er fjarskiptafyrirtæki heimilt að beita umferðarstýringu á fjarskiptaumferð ef stýringin er nauðsynleg, gagnsæ, hófleg og án mismununar.

Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd nethlutleysis, m.a. um eftirfarandi:

- a. leyfilegan tilgang umferðarstýringar,
- b. skilyrði fyrir beitingu umferðarstýringar,
- c. skilyrði fyrir framboði á sérþjónustu sem styðst við ákveðna nethögun,
- d. vernd persónuupplýsinga við beitingu umferðarstýringar,
- e. upplýsingagjöf fjarskiptafyrirtækja til notenda í viðskiptaskilmálum, og
- f. upplýsingagjöf fjarskiptafyrirtækja til Fjarskiptastofu og eftirlitsúrræði hennar, m.a. um úttektir á framkvæmd nethlutleysis.

72. gr.

Gildistími, uppsögn og breytingar á samningum.

Óheimilt er í samningi að kveða á um lengri binditíma neytenda en 12 mánuði. Eftir þann tíma er neytanda heimilt að segja upp samningi með eins mánaðar fyrirvara. Ákvæði 1. málsl. á þó ekki við um samninga sem neytandi gerir um uppsetningu á fjarskiptatengingu, einkum að því er tengingu við afkastamikil háhraðanet varðar.

Endanotandi skal eiga rétt á því að segja samningum fyrirvaralaust upp án greiðslu skaðabóta í eftirtöldum tilvikum:

- a. þegar hann fær tilkynningu um fyrirhugaða breytingu á samningsskilmálum og í henni felst ekki ávinningur, eða
- b. þegar marktækt eða endurtekið misræmi er á milli raunafkasta umsaminnar fjarskiptaþjónustu, annarrar en netaðgangsjónustu, og afkasta sem gefin eru upp í samningi.

Í tilviki a-liðar 2. mgr. skal endanotanda veittur a.m.k. eins mánaðar fyrirvari áður en breytingarnar taka gildi og skal hann jafnframt upplýstur um rétt sinn samkvæmt þessari málsgrein vilji hann ekki samþykkja breytinguna.

Þegar samningur um fjarskiptaþjónustu með ákveðinn binditíma framlengist sjálfkrafa skal fjarskiptafyrirtæki upplýsa endanotanda með eins mánaðar fyrirvara um fyrirhuguð samningslok. Á sama tíma og/eða við breytingar á samningi skal endanotandi upplýstur um hvernig hann geti sagt upp þjónustunni og hvar hann geti fundið bestu upplýsingar um gjaldskrár.

Við lögmæta uppsögn endanotanda á samningi um fjarskiptaþjónustu getur aðeins komið til greiðslu skaðabóta ef endanotandi kys að halda endabúnaði við samningslok. Bætur til fjarskiptafyrirtækis skulu að hámarki nema virði búnaðarins í réttu hlutfalli við tímalengd eins og samþykkt er við samningslok, eða því sem eftir stendur af þjónustugjaldi við samningslok, eftir því hvort nemur lægri fjárhæð. Fjarskiptafyrirtæki skal aflétta öllum skilyrðum fyrir notkun endabúnaðar á öðrum netum endurgjaldslaust í síðasta lagi þegar bótagreiðsla skv. 2. másl. er innt af hendi.

73. gr.

Birting skilmála og gjaldskrár.

Fjarskiptafyrirtæki skulu birta og hafa aðgengilega á vef sínum viðskiptaskilmála og gjaldskrá fyrir alla þjónustu sína. Notendum alþjónustu skal gert kleift að fylgjast með og stjórna útgjöldum vegna hennar.

Þar sem netaðgangs- eða símaþjónusta er gjaldfærð samkvæmt tímagjaldi eða neyslumagni skal fjarskiptafyrirtæki sjá til þess að neytanda sé gert kleift að fylgjast með og stjórna notkun sinni. Jafnframt skal fjarskiptafyrirtæki tilkynna neytanda áður en inniföldu tíma- eða neyslumagni þjónustuleiða er náð.

Í skilmálum um símaþjónustu og nothæfa netaðgangsjónustu skal berum orðum koma fram að endanotanda sé ekki skylt að borga fyrir aðstöðu eða þjónustu sem ekki er nauðsynleg eða umbeðin vegna þjónustunnar sem óskað var eftir.

Ráðherra getur í reglugerð kveðið nánar á um kröfur samkvæmt ákvæði þessu, þar á meðal um gagnsæi vegna útgjaldastjórnunar.

74. gr.

Reikningar o.fl.

Notendur símaþjónustu eiga rétt á að fá reikninga fyrir fjarskiptanotkun sína sundurliðaða og skulu neytendur að því er varðar alþjónustu eiga rétt á slíkum reikningum án þess að greiðsla komi fyrir.

Upplýsingar sem geta falið í sér viðkvæmar persónuupplýsingar, svo sem vegna símtala til félagsþjónustu og hjálparlína ýmiss konar, skulu ekki birtar á sundurliðun reikninga enda hafi þeir sem veita slíka ráðgjöf eða aðstoð tilkynnt fjarskiptafyrirtækjum um starfsemi sína fyrir fram. Við gerð sundurliðaðra reikninga skal hafa hliðsjón af lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Ef símtöl bera yfirljald skal þjónustuaðili ávallt geta þess í upphafi símtals hver upphæð gjaldsins sé. Notandi skal eiga þess kost að læsa fyrir símtöl í númer með yfirljaldi. Nánar skal kveðið á um símtöl og aðra virðisaukandi þjónustu með yfirljaldi í reglugerð. Fjarskiptafyrirtæki er heimilt að senda notendum sérstakan reikning fyrir yfirljaldsjónustu. Fjarskiptastofu er heimilt að veita undanþágu frá upplýsingaskyldu um yfirljald.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um meðferð upplýsinga sem nauðsynlegar eru fyrir gerð reikninga, um sundurliðun reikninga, lokun yfirljaldsnúmera og málsmeðferð vegna kvartana.

75. gr.

Vanskil.

Heimilt er að loka fyrir fjarskiptaþjónustu vegna vanskila, enda hafi notanda verið gefin skrifleg aðvörðun a.m.k. mánuði fyrir lokun. Fyrsta mánuð eftir lokun skal þó vera mögulegt að móttaka símtöl. Óheimilt er að loka fyrir þjónustu vegna vanskila á yfirljaldsjónustu.

Ef gerð hefur verið tilraun til að komast hjá gjaldtöku á ólögmetan hátt eða reynt að koma gjaldskyldu yfir á óskyldan aðila er fjarskiptafyrirtæki heimilt að loka viðkomandi þjónustu án viðvörunar.

76. gr.

Númeraflutningur og flutningur netaðgangsjónustu milli fjarskiptafyrirtækja.

Notendum símaþjónustu skal vera unnt að halda símanúmerum sínum óháð því hvaða fjarskiptafyrirtæki veitir þjónustuna. Þetta gildir þó ekki um númeraflutning milli fastra neta og farneta.

Fjarskiptastofa skal tryggja að gjöld fyrir númeraflutning taki mið af kostnaði ásamt hæfilegri álagningu. Ekki er heimilt að leggja það gjald á endanotanda.

Við flutning á milli fjarskiptafyrirtækja sem veita síma- og netaðgangsjónustu skal halda endanotanda upplýstum fyrir og meðan á flutningi stendur og tryggja samfellu í þjónustunni, nema það sé ekki tæknilega mögulegt. Fjarskiptafyrirtæki skulu vinna saman að flutningsferli í góðri trú. Móttakandi þjónustuveitandi skal tryggja að virkjun þjónustu fari fram eins skjótt og auðið er og í samræmi við samning um þjónustuna. Fráfarandi þjónustuveitandi skal veita

sína þjónustu með sömu skilmálum þar til móttakandi þjónustuveitandi virkjar þjónustu sína við endanotanda. Þjónustutap meðan á flutningsferli stendur skal ekki vara lengur en í einn virkan dag. Lok flutningsferlis jafngildir uppsögn samnings við fráfarandi þjónustuveitanda. Mistakist flutningsferli símaþjónustu ber fjarskiptafyrirtæki að endurvirkja númer og tengda þjónustu endanotanda þar til flutningurinn tekst.

Fjarskiptafyrirtæki skal, að ósk neytanda sem flutt hefur símaþjónustu skv. 3. mgr., endurgreiða ónýtta inneign fyrirframgreiddrar þjónustu. Slík endurgreiðsla getur því aðeins verið háð þóknun ef kveðið er á um hana í samningi, hún er hófleg og í réttu hlutfalli við raunkostnað fyrirtækisins af flutningsferlinu.

Fjarskiptastofa getur sett nánari reglur um númera- og þjónustuf lutning og tímasetningar í því sambandi og sker úr ágreiningi um framkvæmd hans.

Ráðherra getur í reglugerð kveðið á um bætur til endanotenda í tilvikum þar sem mistök verða í flutningsferli síma- eða netaðgangsjónustu, tafir eða misbeiting verður í flutningsferli og vegna glataðrar þjónustu- og uppsetningartíma.

77. gr.

Pakkatilboð.

Í samningi við neytanda um þjónustupakka, sem innihalda a.m.k. síma- eða netaðgangsþjónustu, með eða án endabúnaðar, skulu eftirfarandi kröfur gilda um alla þætti pakkans:

- a. upplýsingakröfur vegna samninga skv. 69. gr.,
- b. gildistíma, breytingar á og uppsögn samninga skv. 72. gr., og
- c. númeraflutning og flutning netaðgangsjónustu milli þjónustuveitenda skv. 76. gr.

Ef neytandi á skv. 72. gr. rétt til uppsagnar fyrir lok samningstíma vegna vanefnda eða afhendingarskorts að því er varðar tiltekinn þátt þjónustupakka skal sá réttur teljast ná til pakkans í heild.

Gildistíma samnings neytanda við fjarskiptafyrirtæki um síma- eða netaðgangsjónustu verður ekki breytt, að því er þá þjónustu varðar, með nýrri áskrift að viðbótarþjónustu eða endabúnaði nema neytandi samþykki slíka breytingu sérstaklega.

Ákvæði 1. og 3. mgr. skulu gilda um örfélög í skilningi laga um ársreikninga og samtök sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni nema þau afsali sér þeim rétti með skýrum hætti.

XII. KAFLI

Öryggi upplýsinga, fjarskiptaneta og fjarskiptaþjónustu. Netöryggissveit.

78. gr.

Skipulag net- og upplýsingaöryggis og umgjörð áhættustýringar.

Fjarskiptafyrirtæki sem veitir almenna fjarskiptaþjónustu eða rekur almenn fjarskiptanet skal setja sér skjalfesta öryggisstefnu og ferla til að meta, stýra og lágmarka hættu sem steðjað getur að starfseminni.

Fjarskiptafyrirtæki sem veitir almenna fjarskiptaþjónustu eða rekur almenn fjarskiptanet ber eftir fremsta megni að verja upplýsingar sem fara um fjarskiptanet gegn því að þær glatist, skemmist eða breytist fyrir slysi eða að óviðkomandi fái aðgang að þeim. Á grundvelli öryggisstefnu skal reglubundið framkvæma áhættumat með tilliti til öryggis upplýsinga og byggt á því ákvarða og endurmeta öryggisráðstafanir.

Fjarskiptafyrirtæki sem veitir almenna fjarskiptaþjónustu eða rekur almenn fjarskiptanet skal hafa skjalfesta viðbragðsáætlun og áætlun um samfelldan og órofinn rekstur og fjarskiptaþjónustu til að tryggja takmörkun á tjóni ef alvarleg röskun verður á starfsemi þess. Verkerl-

um og viðbrögðum við öryggisatvikum skv. 80. gr. skulu gerð skil í öryggisstefnu, þar á meðal skráningu atvika.

Öryggisskipulag, ráðstafanir og áhættustýring samkvæmt ákvæði þessu skal taka mið af alþjóðlegum stöðlum og alþjóðlegum viðmiðum um bestu framkvæmd. Skal það ná til tæknilegra og skipulagslegra ráðstafana, eftir því sem við kann að eiga, og varða að lágmarki:

- a. öryggi fjarskiptaneta, fjarskiptabúnaðar, kerfa, aðstöðu og aðfanga,
- b. meðhöndlun öryggisatvika,
- c. samfellda virkni og rekstur fjarskiptaneta og fjarskiptaþjónustu, og
- d. innra eftirlit í formi úttekta og prófana.

Fjarskiptafyrirtæki sem veitir almenna fjarskiptaþjónustu eða rekur almenn fjarskiptanet ber að viðhafa virkt kerfi innra eftirlits til að tryggja að umgjörð áhættustýringar og viðbúnaðar í starfsemi þess uppfylli kröfur laga þessara. Ef við á skal fjarskiptafyrirtæki sem notar fjarskiptanet annarra fjarskiptafyrirtækja viðhafa samráð við þau um öryggisskipulag, ráðstafanir og áhættustýringu samkvæmt ákvæði þessu.

Fjarskiptafyrirtæki sem útvistar starfsemi sem nauðsynleg er fyrir virkni, vernd eða stjórnun fjarskipta, skal gera um það skriflegan þjónustusamning við þjónustuveitanda. Í þjónustusamningi skal með skýrum hætti afmarka hlutverk og skyldur beggja aðila, tilgreina útvistaða starfsemi og tryggja aðgang Fjarskiptastofu að viðeigandi upplýsingum frá þjónustuveitanda vegna eftirlits á grundvelli laga þessara.

Fjarskiptafyrirtæki sem útvistar út fyrir íslenska lögsögu starfsemi sem nauðsynleg er fyrir virkni, vernd eða stjórnun fjarskipta á Íslandi, skal grípa til viðeigandi ráðstafana eins fljótt og mögulegt er, ef hættu er talin á að útvistunin ógni rekstrarsamfellu eða fjarskiptaleynd og varðar almannahagsmuni eða þjóðaröryggi. Ef slík útvistun veldur rofi á rekstrarsamfellu eða fjarskiptaleynd sem varðar almannahagsmuni eða þjóðaröryggi skal fjarskiptafyrirtæki bregðast við án tafar í því skyni að tryggja áframhaldandi starfsemi og takmörkun á tjóni, eftir atvikum með því að færa starfseminu undir íslenska lögsögu. Fjarskiptafyrirtæki skal tilkynna Fjarskiptastofu án tafar um nýjar upplýsingar eða annað sem tengist áfallaþoli fjarskiptaneta eða fjarskiptaþjónustu og varðar almannahagsmuni eða þjóðaröryggi.

Fjarskiptastofa getur farið fram á að fjarskiptafyrirtæki framkvæmi sértækt áhættumat á einstökum rekstrar- og kerfisþáttum fjarskiptaneta eða fjarskiptaþjónustu eða sérstökum ógnum sem geta steðjað að upplýsingum, fjarskiptanetum og fjarskiptaþjónustu. Skal fjarskiptafyrirtæki, eftir atvikum, setja sér sértækar öryggisráðstafanir á grundvelli niðurstöðu slíks mats sem m.a. byggjast á alþjóðlegum viðmiðum um bestu framkvæmd.

Við mat á öryggisskipulagi, ráðstöfunum og áhættustýringu fjarskiptafyrirtækis samkvæmt ákvæði þessu skal Fjarskiptastofa meðal annars horfa til hagsmuna notenda fjarskiptaþjónustu af því að hún haldist órofin, almannahagsmuna og þjóðaröryggis.

Ráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um skyldur fjarskiptafyrirtækja samkvæmt ákvæði þessu, þar á meðal um afkastagetu og flæði umferðar um almenn fjarskiptanet, viðbúnaðaræfingar og eftirlitsúrræði Fjarskiptastofu.

Ráðherra getur í reglugerð, að fengnum umsögnum Fjarskiptastofu og ríkislögreglustjóra, kveðið á um að kerfi og búnaður í fjarskiptanetum sem teljast mikilvæg með tilliti til almannahagsmuna eða þjóðaröryggis skuli vera staðsett í íslenskri lögsögu, að því gefnu að búnaðurinn og kerfin sem um ræðir séu nauðsynleg fyrir virkni eða stjórnun fjarskipta innan landsins. Í reglugerð skv. 1. másl. getur ráðherra einnig kveðið á um að rekstur slíks búnaðar og kerfa skuli fara fram í íslenskri lögsögu, þ.m.t. umsjón og eftirlit með virkni og ástandi fjarskiptaneta.

79. gr.

Úttektir og bindandi fyrirmæli.

Fjarskiptastofu er heimilt að gera úttektir og prófanir á því hvort fjarskiptafyrirtæki uppfylli kröfur laga þessara er varða net- og upplýsingaöryggi, virkni og áhættustýringu fjarskiptaþjónustu og almennra fjarskiptaneta. Fjarskiptastofa getur jafnframt gert kröfu um að til þess bær utanaðkomandi aðili geri úttektir og prófanir og kveðið á um framvísun skjalfestra niðurstaðna hlutaðeigandi. Útlagður kostnaður vegna úttekta og prófana skal greiddur af viðkomandi fjarskiptafyrirtæki.

Fjarskiptastofu er enn fremur heimilt að framkvæma mat á heildstæði, öryggi og virkni almennra fjarskiptaneta og fjarskiptaþjónustu með tilliti til áhættu, í heild eða að hluta.

Ef fjarskiptafyrirtæki uppfyllir ekki kröfur 78. gr. að mati Fjarskiptastofu skal stofnunin krefjast þess að úr verði bætt innan hæfilegs frest. Vanræki fjarskiptafyrirtæki að fara að fyrirmælum Fjarskiptastofu um úrbætur getur stofnunin látið vinna verkið á kostnað hlutaðeigandi. Krafa um kostnað vegna þessa er aðfararhæf skv. 5. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga um aðför, nr. 90/1989.

80. gr.

Tilkynningar vegna öryggisatvika.

Fjarskiptafyrirtæki sem rekur almennt fjarskiptanet eða veitir almenna fjarskiptaþjónustu skal án tafar tilkynna til netöryggissveitar Fjarskiptastofu öll alvarleg öryggisatvik sem ógna öryggi eða virkni almennra fjarskiptaneta eða almennrar fjarskiptaþjónustu.

Við mat á alvarleika öryggisatviks skv. 1. mgr. skal einkum horft til:

- a. fjölda notenda sem öryggisatvik hefur áhrif á,
- b. hversu lengi öryggisatvik stendur yfir,
- c. landfræðilegrar útbreiðslu og umfangs áhrifa öryggisatviks,
- d. að hvaða marki virkni netsins eða veiting þjónustunnar verður fyrir áhrifum, og
- e. umfangs áhrifa öryggisatviksins á efnahagslega og samfélagslega starfsemi.

Tilkynna skal til Fjarskiptastofu án tafar ef hættu er á að öryggi eða leynd upplýsinga á fjarskiptanetum verði rofin eða ef til rofs hefur komið.

Í tilkynningu samkvæmt ákvæði þessu skal m.a. upplýst um mögulegt útivistunarfyrirkomulag og hugsanleg smitáhrif, jafnvel yfir landamæri. Umfang tilkynningar ræðst að öðru leyti af efni og aðstæðum.

Netöryggissveit skal tryggja að upplýsingar um öryggisatvik séu aðgengilegar vegna framkvæmdar eftirlits á grundvelli 79. gr.

Fjarskiptastofa getur sett reglur um nánari útfærslu og framkvæmd tilkynningarskyldu samkvæmt ákvæði þessu.

81. gr.

Upplýsingagjöf.

Ef sérstök eða umfangsmikil ógn steðjar að fjarskiptaneti eða fjarskiptaþjónustu skulu fjarskiptafyrirtæki upplýsa þá notendur sem geta orðið fyrir áhrifum af þeirri ógn. Þau skulu jafnframt upplýsa um mögulegar öryggisráðstafanir og úrræði sem hægt er að grípa til. Ef við á skulu þau veita upplýsingar um hina meintu ógn. Ef hættu er á að öryggi eða leynd fjarskipta á tilteknu neti verði rofin skal þjónustuveitandi upplýsa notendur um hættuna. Upplýsingagjöfin skal vera án endurgjalds.

Ef almenningssvitundar er þörf til að koma í veg fyrir eða takast á við öryggisatvik og þegar upplýsingagjöf um öryggisatvik er af öðrum ástæðum nauðsynleg í þágu almannahagsmuna er Fjarskiptastofu heimilt að upplýsa almenning um öryggisatvikið eða kveða á um að fjarskiptafyrirtæki geri slíkt. Þá er stofnuninni heimilt að tilkynna almenningi um veikleika og almennar hættur ef það er nauðsynlegt í þágu almannahagsmuna. Eftir atvikum skal samráð viðhaft um slíkar tilkynningar við lögreglu.

Fjarskiptastofa skal, ef þörf krefur, upplýsa eftirlitsstjórnvöld í öðrum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og Netöryggisstofnun Evrópu um öryggisatvik. Árlega skal Fjarskiptastofa senda yfirlitsskýrslu til Eftirlitsstofnunar EFTA og Netöryggisstofnunar Evrópu um tilkynnt öryggisatvik skv. 80. gr. og meðhöndlun þeirra.

82. gr.

Viðbúnaður og hlutverk netöryggisveitar.

Netöryggisveit skal aðstoða fjarskiptafyrirtæki við forvarnir, leiðbeina þeim og styðja við skjót viðbrögð gegn aðsteðjandi hættu. Við útbreitt öryggisatvik samhæfir netöryggisveitin aðgerðir viðeigandi aðila gegn aðsteðjandi hættu til að lágmarka tjón og reisa við eða lagfæra óvirk kerfi.

Netöryggisveitin skal greina og meðhöndla ógnir og öryggisatvik í netum og þjónustu fjarskiptafyrirtækja og fyrirbyggja og draga úr hættu á öryggisatvikum eins og kostur er og sporna við og lágmarka tjón aðila sem af slíku kann að hljóta.

Fjarskiptafyrirtækjum er skylt að bregðast án tafar við tilmælum netöryggisveitar um aðgerðir gegn bráðri aðsteðjandi netógn, hvort sem sú ógn steðjar að öryggi neta og þjónustu eins eða fleiri fjarskiptafyrirtækja. Hið sama á við í tilviki mjög alvarlegrar áhættu eða atvika sem steðja að net- og upplýsingakerfum mikilvægra innviða eða opinberra stofnana, almannahagsmunum eða þjóðaröryggi.

Netöryggisveitin skal leitast við að greina netógnir og öryggisatvik á sviði fjarskipta á frumstigi og skal hún senda út snemmvíðvaranir í þeim tilgangi að styðja við skjót viðbrögð gegn aðsteðjandi ógn. Skal netöryggisveit tilkynna og miðla upplýsingum til viðeigandi hagsmunaaðila um ógnir og öryggisatvik. Netöryggisveitin veitir ráðgjöf um varnir og viðbúnað og kemur upplýsingum á framfæri við almenning ef þurfa þykir, eftir atvikum í samráði við önnur stjórnvöld.

Netöryggisveitin skal setja á laggirnar samstarfshóp með fjarskiptafyrirtækjum fyrir tæknilegt samráð og upplýsingaskipti á sviði net- og upplýsingaöryggis, m.a. til að greina ógnir og öryggisatvik sem og til að samræma viðbrögð.

Netöryggisveitinni er heimilt að tilkynna ríkislögreglustjóra um alvarleg eða útbreidd öryggisatvik og skal, eftir því sem við kann að eiga, hafa samstarf við embættið um varnir og viðbrögð. Netöryggisveitin skal án tafar hvetja fjarskiptafyrirtæki til að tilkynna lögreglu um öryggisatvik leiki grunur á refsiverðri háttsemi.

83. gr.

Samningar netöryggisveitar og fjarskiptafyrirtækja.

Ef Fjarskiptastofa metur það nauðsynlegt skal fjarskiptafyrirtæki og netöryggisveitin gera með sér samning um uppsetningu og rekstur tæknilegrar vöktunarþjónustu fyrir net- og upplýsingakerfi fjarskiptafyrirtækisins í þeim tilgangi að greina hættur og ummerki um árásir, spillikóða og aðrar vísbendingar um aðstæður sem gætu skapað hættu fyrir öryggi fjarskipta neta og fjarskiptaþjónustu fjarskiptafyrirtækisins.

Samningar skv. 1. mgr. skulu a.m.k. innihalda ákvæði er varða:

- a. búnað og netkerfi sem tengist vöktun netöryggissveitar,
- b. tæknilegar lausnir sem beitt er við vöktun, og
- c. tegund og vinnslu þeirra gagna, þ.m.t. persónuupplýsinga, sem safnað er, meðferð þeirra, vistun og eyðingu.

Fjarskiptafyrirtæki er skylt að hýsa og samtengjast endurgjaldslaust þeim búnaði netöryggissveitar sem Fjarskiptastofa metur nauðsynlegan skv. 1. mgr. vegna tæknilegrar vöktunarþjónustu og vegna upplýsinga um almenna netumferð skv. 4. mgr. Netöryggissveitinni er heimilt að taka við upplýsingum á grundvelli samnings um vöktunarþjónustu án dómsúrskurðar.

Hvorki er heimilt að persónugreina netumferð né skima einstaka netpakka eða flæði sem netöryggissveitin kann að nema í almennum netkerfum fjarskiptafyrirtækja. Netöryggissveitinni er þó heimilt að taka við upplýsingum um almenna netumferð án dómsúrskurðar, þ.m.t. á samtengipunktum og í útlandagáttum, enda séu þær upplýsingar ópersónugreinanlegar.

84. gr.

Aðgangur að upplýsingum, þagnarskylda og vinnsla persónuupplýsinga.

Um aðgang netöryggissveitar að gögnum og upplýsingum, um sértæka þagnarskyldu og undanþágur frá slíkri skyldu og um meðferð persónuupplýsinga skal fara eftir ákvæðum 17. og 19.–21. gr. laga um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða, nr. 78/2019.

85. gr.

Reglugerðarheimild er varðar netöryggissveit.

Ráðherra setur, að viðhöfðu samráði við Fjarskiptastofu og að fenginni umsögn frá Persónuvernd og ríkislögreglustjóra, nánari fyrirmæli í reglugerð um starfsemi netöryggissveitar samkvæmt lögum þessum. Í henni skal m.a. fjalla um meðferð tilkynninga og flokkunarkerfi fyrir atvik, áhættu, upplýsingar og framsetningu tilmæla, svo og samstarf við lögreglu.

86. gr.

Vernd fjarskiptavirkja.

Þar sem fjarskiptavirki eru má ekki reisa mannvirki, setja upp tæki, leggja lagnir, gera jarðrask eða aðrar ráðstafanir er af geta hlotist skemmdir á fjarskiptavirkjum eða truflanir á rekstri þeirra nema áður hafi verið aflað upplýsinga um legu þeirra og samráð verið haft við eiganda fjarskiptavirkisins um tilhögun framkvæmdanna.

Ef nauðsynlegt reynist vegna verklegra framkvæmda að flytja til eða breyta legu fjarskiptavirkja ber sá sem slíka framkvæmd annast allan kostnað sem af því kann að leiða, beinan og óbeinan, nema annað hafi orðið að samkomulagi.

Ef jarðrask eða aðrar framkvæmdir hafa leitt til skemmda á fjarskiptavirkjum eða truflana á rekstri þeirra skal sá sem þeim hefur valdið þegar í stað tilkynna það til eiganda fjarskiptavirkisins. Er tjónvaldi jafnframt skylt að bæta allt tjón sem af skemmdunum leiðir, bæði beint og óbeint, þar á meðal viðskiptatap, nema hann sýni fram á að ekki hafi verið komist hjá tjóni þó að fyllsta aðgæsla hafi verið sýnd. Bótaábyrgð skv. 2. málsl. gildir ekki um lagnir sem lagðar eru á minna en 20 cm dýpi innan lóðarmarka fasteigna.

Þar sem fjarskiptastrengir liggja í sjó skulu sjófarendur sýna aðgæslu og gæta varúðar. Bannað er að veiða með veiðarfærum, sem fest eru í botni eða eru dregin eftir honum, svo sem

netum, botnvörpum og þess háttar, á svæðum þar sem fjarskiptastrengir liggja. Svæði þetta skal vera mílufjórðungs belti hvorum megin við fjarskiptastrenginn. Þá er skipum einnig bannað að leggjast við akkeri innan sömu fjarlægða frá fjarskiptastrengjum. Ráðherra er heimilt að veita undanþágu frá banni við botnveiðum samkvæmt þessari málsgrein, í sérstökum tilvikum, ef um er að ræða veiðarfæri sem ekki eru talin líkleg til að raska öryggi fjarskiptastrengja á viðkomandi svæði að teknu tilliti til aðstæðna. Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um skilyrði fyrir undanþágum samkvæmt þessari málsgrein í reglugerð. Ef tjón verður á fjarskiptastreng í sjó, sem valdið er af ásetningi eða gáleysi, skal sá sem tjóni hefur valdið bæta beint og óbeint fjártjón sem af því hlýst nema hann sýni fram á að hann hafi gert allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir til þess að komast hjá tjóni.

Þegar skip er innan eða utan landhelgi við lagningu eða viðgerð á fjarskiptastrengjum og ber til sýnis alþjóðamerki eða önnur merki er gefa það til kynna skulu önnur skip sem sjá eða eiga að geta séð þessi merki halda sig eigi skemmra en mílufjórðung frá skipinu. Net og önnur veiðarfæri skal hafa í sömu fjarlægð. Fiskiskip skulu þó hafa 12 stunda frest til þess að fjarlægja veiðarfæri sem liggja í sjó.

Ef dufl hefur verið lagt út vegna lagningar eða viðgerðar á fjarskiptastreng skulu skip halda sig og veiðarfærum sínum eigi skemmra en mílufjórðung frá duflinu.

Ef skip hefur orðið að sleppa akkeri eða leggja net eða önnur veiðarfæri í sölnar til þess að komast hjá því að skemma fjarskiptastrengi á það kröfu um skaðabætur frá eiganda strengjanna, enda hafi stjórnendur skipsins ekki stofnað til hættunnar af gáleysi.

Ef unnt er skulu skipverjar þegar skjalfesta skýrslu um tjónið sem staðfest skal af stjórnanda skipsins. Að auki skal eiganda fjarskiptastrengsins eða forsvarsmanni eiganda tilkynnt um atburðinn eins fljótt og kostur er.

87. gr.

Öryggishagsmunir vegna uppbyggingar fjarskiptaneta.

Við þróun, uppbyggingu og rekstur fjarskiptaneta í íslenskri lögsögu skal grípa til ráðstafana til að bregðast við áhættuþáttum er varða brýna almanna- og öryggishagsmuni.

Telji Fjarskiptastofa hættu á að farnet á landsvísi séu eða geti orðið mjög háð búnaði frá einum framleiðanda er stofnuninni, á grundvelli öryggishagsmuna, heimilt að binda leyfi skv. 27. gr. skilyrðum er stuðla að fjölbreytni í gerð búnaðar, setja slík skilyrði í reglum um tilkynningu þráðlauss sendibúnaðar skv. 3. mgr. 27. gr., eða grípa til annarra viðeigandi ráðstafana.

Að fengnum umsögnum ráðherra sem fara með utanríkis- og varnarmál, almannavarnir og löggæslu getur ráðherra kveðið á um í reglugerð að búnaður í tilteknum hlutum innlendra fjarskiptaneta, sem teljast viðkvæmir með tilliti til almannahagsmuna eða þjóðaröryggis, skuli í heild eða að ákveðnu hlutfalli vera frá framleiðanda í ríki sem Ísland á öryggissamstarf við eða ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins. Í reglugerð skv. 1. málsl. getur ráðherra jafnframt heimilað notkun búnaðar frá öðrum ríkjum, hafi hann verið samþykktur til sambærilegra nota af ríkjum sem Ísland á öryggissamstarf við.

Umsögn skv. 3. mgr. er undanþegin upplýsingarétti almennings og aðila máls samkvæmt upplýsinga- og stjórnsýslulögum. Ráðherra sem veitir umsögn getur aflétt trúnaði af umsögn teljist öryggishagsmunir ekki lengur standa afhendingu eða birtingu í vegi.

XIII. KAFLI

Friðhelgi einkalífs, fjarskiptaleynd, aðstoð við rannsókn sakamála o.fl.

88. gr.

Leynd fjarskipta.

Óheimil er sérhver vinnsla fjarskipta, þ.m.t. geymsla, hlustun, upptaka eða hlerun, nema hún fari fram með upplýstu samþykki notanda eða samkvæmt heimild í lögum.

Notkun hvers konar kerfa og búnaðar, þar með talið hugbúnaðar, sem safnar og/eða geymir upplýsingar um athafnir eða samskipti notanda í endabúnaði hans, veitir aðgang að upplýsingum sem geymdar eru í endabúnaði hans eða fylgist með athöfnum hans er óheimil nema samkvæmt upplýstu samþykki notanda eða samkvæmt heimild í lögum. Þrátt fyrir þetta er notkun slíks búnaðar heimil til að fá aðgang að upplýsingum og/eða til tæknilegrar geymslu í lögmætum tilgangi og með vitund hlutaðeigandi notanda.

Öllum sem starfa við fjarskiptavirki, hvort sem um er að ræða starfsmenn fjarskiptafyrirtækja eða aðra, er skylt, bæði meðan þeir gegna starfi og eftir að þeir hafa látið af því, að halda leyndu fyrir óviðkomandi aðilum öllu því sem um fjarskiptavirkin fer, hvort sem um er að ræða efni skeyta eða samtala eða hvort fjarskipti hafa átt sér stað og á milli hverra. Enginn sem starfar við fjarskiptavirki, fjarskiptanet eða fjarskiptaþjónustu má skjóta undan skeytum, gögnum, myndum eða öðrum merkjum sem afhent eru til fjarskiptaflutnings eða liðsinna öðrum við þess konar athæfi.

Sá sem fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekur við símskeytum, myndum eða öðrum fjarskiptamerkjum og táknum eða hlustar á símtöl má ekki skrá neitt slíkt hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Jafnframt ber honum að tilkynna sendanda að upplýsingar hafi ranglega borist sér. Skylt er að gæta fyllsta trúnaðar í slíkum tilfellum.

89. gr.

Gögn um fjarskipti.

Gögnum um fjarskiptaumferð notanda sem geymd eru og fjarskiptafyrirtæki vinnur úr skal eyða eða gera nafnlaus þegar þeirra er ekki lengur þörf við afgreiðslu ákveðinnar fjarskipta-sendingar.

Gögn um fjarskiptanotkun sem nauðsynleg eru til reikningsgerðar fyrir notendur og uppgjörs fyrir samtengingu má geyma þar til ekki er lengur hægt að vefengja reikning eða hann fyrnist.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. skulu fjarskiptafyrirtæki, í þágu rannsókna sakamála og almannaöryggis, varðveita lágmarksskráningu gagna um fjarskiptaumferð notanda í sex mánuði. Lágmarksskráningin skal tryggja að fjarskiptafyrirtæki geti upplýst hver af viðskiptavinum þess var notandi tiltekins símanúmers, IP-tölu eða notandanafns, jafnframt því að upplýsa um allar tengingar sem notandinn hefur gert, dagsetningar þeirra, hverjum var tengst og magn gagnaflutnings til viðkomandi notanda, svo og hvaða símanúmer tiltekinn viðskiptavinur var með á tilteknu tímabili. Fjarskiptafyrirtæki skal tryggja vörslu framangreindra gagna og er óheimilt að nota eða afhenda umræddar upplýsingar öðrum en lögreglu eða ákærvaldi í samræmi við ákvæði 92. gr. Eyða ber umferðargögnum að þessum tíma liðnum enda sé ekki þörf fyrir þau á grundvelli 2. mgr.

Með upplýstu samþykki notanda er fjarskiptafyrirtæki heimilt að vinna úr gögnum skv. 1. mgr. vegna markaðssetningar fjarskiptaþjónustu eða framboðs á virðisaukandi þjónustu að því leyti sem nauðsynlegt er fyrir slíka þjónustu eða markaðssetningu. Samþykki má afturkalla hvenær sem er.

Þjónustuveitandi skal upplýsa notendur fyrir fram um hvaða gögn um fjarskiptanotkun eru tekin til úrvinnslu og hversu lengi úrvinnsla mun standa.

Úrvinnslu gagna samkvæmt þessari grein skulu þeir einir sinna sem eru undir stjórn fjarskiptafyrirtækja og sjá um gerð reikninga eða stjórnun fjarskiptaumferðar, fyrirspurnir notenda, uppljóstrun misferlis, markaðssetningu fjarskiptaþjónustu eða virðisaukandi þjónustu og skal úrvinnslan einskorðast við það sem er nauðsynlegt í þágu slíkrar starfsemi.

90. gr.

Upplýsingar um staðsetningu búnaðar.

Því aðeins má vinna úr upplýsingum um staðsetningu búnaðar í almennum fjarskiptanetum eða fjarskiptaþjónustu að ekki sé hægt að tengja þær við einstaka notendur eða að fengnu upplýstu samþykki þeirra, sbr. þó 98. gr.

91. gr.

Hljóðritun símtala.

Sá aðili að símtali sem vill hljóðrita símtal skal í upphafi þess tilkynna viðmælanda sínum um fyrirætlun sína.

Aðili þarf þó ekki að tilkynna sérstaklega um upptöku símtals þegar ótvírætt má ætla að viðmælanda sé kunnugt um hljóðritunina.

Þrátt fyrir 1. mgr. er opinberum stofnunum, eða fyrirtækjum sem veita þeim þjónustu, heimilt að hljóðrita samtöl sem þeim berast þegar slík hljóðritun er eðlilegur þáttur í starfsemi stjórnvalds og nauðsynleg vegna þjóðar- og almannaöryggis.

Um fyrirkomulag hljóðritunar og kynningu hennar fyrir almenningi og starfsmönnum stofnunar skal fara eftir skilyrðum sem Persónuvernd kann að setja.

Úrvinnsla hljóðritana samkvæmt þessari grein skal vera í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

92. gr.

Rannsókn sakamála.

Fjarskiptafyrirtæki er skylt að verða við tilmælum lögreglu um aðstoð við rannsókn sakamáls, enda styðjist þau tilmæli við dómsúrskurð eða lagaheimild. Fjarskiptafyrirtæki skulu setja sér verklagsreglur um viðbrögð við beiðnum um aðgang lögreglu að persónuupplýsingum notenda.

Ekki má án undangengins dómsúrskurðar heimila óviðkomandi aðilum að sjá skeyti, önnur skjöl eða annála um sendingar sem um fjarskiptavirkin fara eða hlusta á fjarskiptasamtöl eða hljóðrita þau. Fjarskiptafyrirtæki er þó rétt og skylt að veita lögreglu, í þágu rannsóknar sakamáls, upplýsingar um hver sé skráður notandi ákveðins símanúmers og/eða notandi vistfangs (IP-tölu), svo og hvaða símanúmer tiltekinn viðskiptavinur var með á tilteknu tímabili. Fjarskiptafyrirtæki er skylt að verða við kröfu lögreglu um að gögn séu afhent á formi samkvæmt alþjóðlegum viðmiðum. Um aðgang lögreglu að upplýsingum um fjarskipti skal að öðru leyti fara samkvæmt lögum um meðferð sakamála.

Í þágu rannsóknar máls er lögreglu heimilt að leggja fyrir fjarskiptafyrirtæki að varðveita þegar í stað stafræn gögn, þ.m.t. fjarskiptaumferðarupplýsingar. Fyrirmæli lögreglu geta eingöngu tekið til gagna sem þegar eru fyrir hendi. Í fyrirmælunum á að koma fram hvaða gögn eigi að varðveita og hve lengi en sá tími má þó ekki vera lengri en 90 dagar.

Starfsmenn fjarskiptafyrirtækis eru bundnir þagnarskyldu um allar aðgerðir sem gripið er til samkvæmt þessari grein. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi. Fjarskiptafyrirtæki skal óska eftir öryggisvottun lögreglu vegna þeirra starfsmanna fjarskiptafyrirtækis er annast tengingar á símhlustun fyrir lögreglu. Lögreglu er í því sambandi heimilt, að fengnu skriflegu samþykki viðkomandi starfsmanns fjarskiptafyrirtækis, að afla upplýsinga um bakgrunn og sakaferil hans, svo sem úr skráum lögreglu, sakaskrá eða öðrum opinberum skráum. Áður en lögregla lýkur athugun sinni skal þeim sem athugun beinist að gert kleift að koma sjónarmiðum sínum að. Hann á jafnframt rétt á rökstuðningi ákvarði lögregla að synja honum um öryggisvottun. Ákvörðun lögreglu um synjun öryggisvottunar sætir kæru til ráðherra samkvæmt ákvæðum stjórnisýslulaga.

Ráðherra getur sett reglugerð um skyldur fjarskiptafyrirtækja varðandi varðveislu upplýsinga og aðgang lögreglu að fjarskiptasendingum og upplýsingum samkvæmt þessari grein.

93. gr.

Símaskrárupplýsingar.

Endanotandi númeratengdrar fjarskiptaþjónustu á rétt á að ákveða hvort persónuupplýsingar um hann séu skráðar í númera- og vistfangaskrá fjarskiptafyrirtækis sem nýtt er fyrir opinberar prentaðar eða rafrænar símaskrár eða fyrir upplýsingaþjónustu um símanúmer. Fjarskiptafyrirtæki sem úthluta númerum skulu upplýsa endanotendur um þennan rétt sinn, hvaða persónuupplýsingar um ræðir og um vinnslu þeirra.

Þær persónuupplýsingar sem fjarskiptafyrirtæki skal skrá í þessum tilgangi takmarkast við þær upplýsingar sem þarf til að bera kennsl á endanotanda nema endanotandinn hafi veitt upplýst samþykki til annars. Fjarskiptafyrirtæki ber að verða við kröfu endanotanda um að gefið sé til kynna í prentaðri eða rafrænni símaskrá eða í upplýsingaþjónustu um símanúmer að upplýsingar skráðar um hann megi ekki nota í tilgangi beinnar markaðssetningar eða um að heimilisfangi sé sleppt að einhverju eða öllu leyti. Áður en persónulegar upplýsingar um endanotanda eru skráðar í opinberar símaskrár eða notaðar fyrir upplýsingaþjónustu um símanúmer skal hann hafa aðgang að upplýsingunum. Óheimilt er að innheimta kostnað vegna réttar endanotanda skv. 1. og 2. mgr.

Fjarskiptastofa getur skyldað öll fjarskiptafyrirtæki sem úthluta endanotendum símanúmerum til að verða við beiðnum um að láta í té viðkomandi upplýsingar í númera- og vistfangaskráum þeirra í formi sem aðilar koma sér saman um, þ.m.t. tölvutæku formi, og með skilmálum sem eru sanngjarnir, tryggja jafnræði og byggjast á kostnaði ásamt hæfilegri álagningu. Óheimilt er að nota upplýsingarnar í öðrum tilgangi en að gefa út prentaðar eða rafrænar símaskrár eða fyrir upplýsingaþjónustu um símanúmer.

Fjarskiptastofa setur að öðru leyti reglur um skráningu endanotenda sem úthlutað hefur verið númerum í föstum netum og farnetum. Að því er varðar farsímakort sem ekki eru skráð á nafn er stofnuninni heimilt að setja reglur um skráningu þeirra í samstarfi við Neyðarlínuna, lögreglu og farsímafyrirtæki í því skyni að stuðla að auknu öryggi við notkun farsíma.

94. gr.

Óumbeðin fjarskipti.

Notkun sjálfvirkra uppkallskerfa, símbréfa, tölvupósts og hvers konar rafrænna skilaboða fyrir beina markaðssetningu er einungis heimil þegar endanotandi hefur veitt upplýst samþykki sitt fyrir fram.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að nota tölvupóstfang fyrir beina markaðssetningu á eigin vörum eða þjónustu ef viðskiptavinum er gefinn kostur á að andmæla slíkri notkun tölvupóstfanga þeim að kostnaðarlausu þegar skráning á sér stað og sömuleiðis í hvert sinn sem skilaboð eru send, hafi viðskiptavinurinn ekki þegar í upphafi hafnað slíkri notkun.

Að öðru leyti en mælt er fyrir í 1. og 2. mgr. eru óumbeðin fjarskipti í formi beinnar markaðssetningar óheimil til þeirra notanda sem óska ekki eftir að taka á móti þeim.

Þrátt fyrir ákvæði 1.–3. mgr. er heimilt að nota almenn tölvupóstföng fyrirtækja og stofnana, séu þau fyrir hendi, fyrir beina markaðssetningu á vörum og þjónustu.

Óheimilt er að senda tölvupóst sem þátt í beinni markaðssetningu þar sem nafn og heimilisfang þess sem stendur að markaðssetningu kemur ekki skýrt fram.

Þeir sem nota almenna tal- og farsímaþjónustu sem lið í markaðssetningu skulu virða merkingu í símaskrá sem gefur til kynna að viðkomandi notandi vilji ekki slíkar símhringingar í símanúmer sitt. Endanotandi á rétt á að fá vitneskju um hvaðan þær upplýsingar koma sem liggja úthringingu til grundvallar.

XIV. KAFLI

Neyðarsamskipti. Neyðar- og öryggisfjarskipti. Fjarskipti á hættutímum.

95. gr.

Áreiðanleiki neyðar- og öryggisfjarskipta.

Ákvæði 78.–81. gr. gilda um öll fjarskiptanet sem notuð eru fyrir neyðar- og öryggisfjarskipti.

Ráðherra getur í reglugerð kveðið á um auknar kröfur til skipulags net- og upplýsingaöryggis og fyrirkomulag áhættustýringar neyðar- og öryggisfjarskipta sem og þeirra fjarskiptaneta sem notuð eru fyrir neyðar- og öryggisfjarskipti, m.a. um:

- a. framkvæmd áhættumats,
- b. öryggisráðstafanir, svo sem vernd og tiltækileika kerfa eða kerfiseininga, og
- c. fyrirkomulag innra eftirlits.

96. gr.

Neyðarsamskipti.

Stuttúmerið 112 skal notað fyrir neyðar- og öryggisþjónustu og er óheimilt að nota það í öðrum tilgangi. Óheimilt er að gjaldfæra símtöl í neyðarnúmerið 112, þ.m.t. öflun staðsetningarupplýsinga. Fjarskiptafyrirtækjum er skylt að flytja símtal í númerið 112, ásamt viðeigandi fjarskiptaumferðarupplýsingum, óháð fjarskiptanetum, samningum um reikiþjónustu milli fjarskiptafyrirtækja og inneign notanda.

97. gr.

Ábendingalína vegna barna sem er saknað og hjálparsími fyrir börn.

Stuttúmerið 116000 skal notað fyrir ábendingalínu vegna tilkynninga um börn sem er saknað og stuttúmerið 116111 skal notað fyrir hjálparsíma barna. Óheimilt er að gjaldfæra símtöl í númerin 116000 og 116111, þ.m.t. öflun staðsetningarupplýsinga. Fjarskiptafyrirtækjum er skylt að flytja símtöl í númerin 116000 og 116111, ásamt viðeigandi fjarskiptaumferðarupplýsingum, óháð fjarskiptanetum, reikisamningum milli fjarskiptafyrirtækja og inneign notanda.

98. gr.

Upplýsingar um staðsetningu búnaðar í neyðartilvikum.

Þrátt fyrir ákvæði 90. gr. skulu fjarskiptafyrirtæki án samþykkis notanda senda, án endurgjalds, upplýsingar um staðsetningu notanda, að því marki sem er tæknilega gerlegt, til aðila sem annast neyðarþjónustu og eru opinberlega viðurkenndir sem slíkir, þ.m.t. lögreglu, sjúkraflutningamanna og slökkviliðs. Notkun upplýsinganna er einungis heimil í þeim tilgangi að staðsetja neyðarsímtöl eða búnað notanda í tilvikum þar sem lögregla telur að líf hans eða annarra sé í bráðri hættu og upplýsingarnar eru nauðsynlegar til að afstýra hættunni.

99. gr.

Almannaviðvörðunarkerfi.

Fjarskiptafyrirtæki sem reka farnet eða veita farnetsþjónustu skulu að beiðni almanna- varna, eða annarra þar til bærra opinberra viðbragðsaðila, senda viðvaranir um yfirvofandi eða yfirstandandi neyðarástand í farsíma eða annan nettengdan búnað án endurgjalds. Fjarskipta- umferð slíkra viðvarana skal njóta forgangs í almennum fjarskiptanetum.

100. gr.

Fjarskipti á hættutímum og í neyðartilvikum.

Ráðherra getur samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar mælt fyrir um stöðvun eða takmörkun fjarskipta sem teljast hættuleg þjóðaröryggi eða almannaöryggi.

Í neyðartilvikum, svo sem við náttúruhamfarir, getur ráðherra að beiðni ríkislögreglustjóra mælt fyrir um takmörkun fjarskipta sem truflað geta neyðar- og öryggisfjarskipti. Á sama hátt skal heimilt að mæla fyrir um að tiltekin fjarskiptavirki skuli notuð í þágu björgunaraðgerða og að sett skuli upp ný fjarskiptavirki.

Við yfirvofandi eða yfirstandandi þjónusturof á fjarskiptum sem nær til stórs landsvæðis eða til umtalsverðs fjölda notanda, þannig að neyðarástand geti eða hafi skapast, getur ráðherra mælt fyrir um aðgerðir til að viðhalda rekstrarsamfelli þjónustunnar uns komist hefur verið hjá neyðarástandinu.

Komi endurgjald til greina vegna aðgerða sem gripið er til vegna 2. og 3. mgr. greiðist það úr ríkissjóði samkvæmt mati Fjarskiptastofu.

XV. KAFLI

Fyrirmæli og afturköllun réttinda. Stjórnvaldssektir og viðurlög.

101. gr.

Fyrirmæli um úrbætur, afturköllun réttinda og heimild til rekstrarstöðvunar.

Fjarskiptafyrirtæki sem hafa réttindi til að nota tíðnir og númer skulu að beiðni Fjarskipta- stofu veita stofnuninni upplýsingar samkvæmt lögum um Fjarskiptastofu sem nauðsynlegar eru til þess að ganga úr skugga um að farið sé eftir skilyrðum almennrar heimildar eða álagðra kvaða skv. VIII.–X. kafla.

Komist Fjarskiptastofa að þeirri niðurstöðu að fjarskiptafyrirtæki fari ekki að skilmálum almennrar heimildar, skilyrðum sem tengjast réttindum eða ákvörðunum stofnunarinnar skal hún tilkynna fjarskiptafyrirtækinu um þessa niðurstöðu og gefa fyrirtækinu tækifæri til þess að koma skoðun sinni á framfæri eða bæta úr annmörkum innan eins mánaðar frá dagsetningu tilkynningar eða skemmri tíma sem fyrirtækið samþykkir eða Fjarskiptastofa kveður á um þegar um endurtekið brot er að ræða eða lengri tíma sem Fjarskiptastofa samþykkir.

Láti fjarskiptafyrirtæki ekki af broti sínu innan settra tímamarka getur Fjarskiptastofa gripið til viðeigandi ráðstafana skv. 5. mgr. eða 101. gr. eða lagt á dagsektir í samræmi við 19. gr. laga um Fjarskiptastofu, nr. 75/2021. Tilkynna skal fjarskiptafyrirtæki um ákvörðun stofnunarinnar ásamt rökstuðningi við hana og skal veita því hæfilegan frest til þess að bregðast við.

Við alvarleg og endurtekin brot á skilmálum almennrar heimildar eða skilyrðum sem tengjast réttindum eða ákvörðun Fjarskiptastofu, þegar ráðstafanir til að tryggja að farið verði að lögum hafa mistekist, getur Fjarskiptastofa stöðvað netrekstur eða þjónustu fjarskiptafyrirtækis, fellt niður skráningu eða afturkallað réttindi tímabundið eða varanlega.

Fjarskiptastofa getur, ef sannanir liggja fyrir um brot á skilmálum almennrar heimildar eða skilyrðum sem tengjast réttindum eða ákvörðunum Fjarskiptastofu sem leiðir til yfirvofandi hættu fyrir öryggi og heilsu almennings eða getur skapað alvarleg fjárhagsleg eða rekstrarleg vandamál fyrir önnur fjarskiptafyrirtæki eða notendur fjarskiptaneta eða fjarskiptaþjónustu, tekið bráðabirgðaákvörðanir til að bæta úr ástandinu áður en endanleg ákvörðun er tekin. Fjarskiptafyrirtækinu sem í hlut á skal að lokinni bráðabirgðaákvörðun veitt tækifæri til þess að koma skoðunum sínum á framfæri og leggja til úrbætur. Þegar við á getur Fjarskiptastofa staðfest bráðabirgðaákvörðun sína.

102. gr.

Framfylgdarheimildir vegna óumbeðinna fjarskipta.

Ef brotið er gegn 94. gr. gilda ákvæði 20. gr. a og b, 2. mgr. 21. gr. c, 22.–25. gr., 25. gr. a og 27. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, nr. 57/2005, um málsmeðferð og heimildir Fjarskiptastofu til að framkvæma vettvangskönnun og prufukaup, grípa til aðgerða, leggja á sektir og dagsektir og krefjast lögbanns.

Ákvörðunum Fjarskiptastofu skv. 1. mgr. verður skotið til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála.

103. gr.

Stjórnvaldssektir.

Fjarskiptastofa getur lagt stjórnvaldssektir á fjarskiptafyrirtæki, lögaðila eða einstaklinga sem brjóta gegn eftirtöldum ákvæðum laga þessara og reglum settum á grundvelli þeirra:

- a. skilyrðum almennrar heimildar skv. 8. og 9. gr.,
- b. skilyrðum fyrir notkun tíðna og númera skv. 16. og 22. gr.,
- c. réttindum og skyldum um aðgang að aðstöðu, netum eða þjónustu eða samtengingu og rekstrarsamhæfingu neta skv. 34.–36. og 38.–41. gr.,
- d. trúnaðarskyldum skv. 42. gr.,
- e. kvöðum sem lagðar hafa verið á fjarskiptafyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk skv. 46.–52. gr., 56. gr. og 61. gr.,
- f. skuldbindingum sem fjarskiptafyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk hafa gengist undir í tengslum við sameiginlega fjárfestingu skv. 55. gr., aðskilnað starfsemi skv. 56. gr., kvaðir skv. 46. gr. og skuldbindingarferli skv. 58. gr.,
- g. tilkynningarskyldu heildsölufyrirtækis varðandi breytingar á aðstæðum skv. 3. mgr. 59. gr.,
- h. tilkynningarskyldu og öðrum réttindum og skyldum varðandi flutning úr eldri fjarskiptavirkjum skv. 60. gr.,

- i. ákvæðum um hámarksverð og önnur réttindi og skyldur er varða lúkningu símtala, reikipjónustu og millilandafjarskipti skv. 53. og 54. gr.,
- j. skilyrðum um fjárhagslegan aðskilnað fjarskiptastarfsemi frá sérleyfisbundinni starfsemi skv. 10. gr.,
- k. ákvæðum sem varða rétt neytenda skv. 68., 69., 71.–74., 76. og 77. gr.,
 - l. ákvæðum sem varða öryggi upplýsinga, fjarskiptaneta og fjarskiptapjónustu skv. 78., 80. og 1. mgr. 81. gr.,
- m. friðhelgi einkalífs, fjarskiptaleynd og aðstoð við rannsókn sakamála skv. XIII. kafla,
- n. reglum sem gilda um frágang innanhússfjarskiptalagna skv. 25. gr.,
- o. ákvæði er varðar búnað fjarskiptaneta skv. 24. gr., þráðlausan sendibúnað skv. 27. gr. og fjarskiptabúnað í farartækjum skv. 28. gr.,
- p. grunnkröfum þráðlauss fjarskiptabúnaðar skv. 26. gr., samræmi búnaðar skv. 30. gr., skyldum aðila sem koma að markaðssetningu skv. 31. gr. og reglum um eftirlit með markaðssetningu búnaðar skv. 33. gr.,
- q. vernd fjarskiptavirkja skv. 86. gr.,
- r. skyldu til að afhenda fullnægjandi og réttar upplýsingar um uppbyggingaráform skv. 11. gr. í lögum um Fjarskiptastofu, nr. 75/2021, enda hafi þær verið afhentar fyrir stórkostlegt gáleysi eða af ásetningi, eða
- s. skyldu til að afhenda Fjarskiptastofu réttar, fullnægjandi og uppfærðar upplýsingar skv. 1. og 2. mgr. 15. gr. laga um Fjarskiptastofu, nr. 75/2021.

Stjórnvaldssektir geta numið allt að 4% af heildarveltu síðasta rekstrarárs hjá hverju því fjarskiptafyrirtæki eða öðru fyrirtæki sem aðild á að broti. Hvað varðar einstaklinga geta sektir numið frá 10.000 kr. til 10 millj. kr. Við ákvörðun á fjárhæð sekta skal hafa hliðsjón af eðli og umfangi brota, hvað brot hafa staðið lengi og hvort um ítrekað brot er að ræða. Ákvarðaðar stjórnvaldssektir eru aðfararhæfar og renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Sé stjórnvaldssekt ekki greidd innan mánaðar frá ákvörðun Fjarskiptastofu skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

Stjórnvaldssektum verður beitt óháð því hvort lögbrot eru framin af ásetningi eða gáleysi. Falla má frá sektarákvörðun teljist brot óverulegt eða af öðrum ástæðum sé ekki talin þörf á slíkum sektum til að stuðla að framgangi ákvæða laga þessara.

Ákvörðun Fjarskiptastofu um sektir má skjóta til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála.

Heimild Fjarskiptastofu til að leggja á stjórnvaldssektir samkvæmt lögum þessum fellur niður þegar fimm ár eru liðin frá því að háttsemi lauk. Frestur skv. 1. málsl. rofnar þegar Fjarskiptastofa tilkynnir aðila um upphaf rannsóknar á meintu broti. Rof frests hefur réttaráhrif gagnvart öllum sem staðið hafa að broti.

104. gr.

Refsingar.

Brot sem framið er af ásetningi á ákvæðum í lögum þessum sem tilgreind eru í d-, e-, f-, m- og q-lið 1. mgr. 103. gr. og reglum settum á grundvelli þeirra varða sektum, en fangelsi allt að tveimur árum ef sakir eru miklar eða brot ítrekuð. Gáleysisbrot skulu eingöngu varða sektum.

Ef brot gegn ákvæðum í lögum þessum sem tilgreind eru í m-lið 1. mgr. 103. gr. er framið í ávinningsskyni, hvort sem er í eigin þágu eða annarra, má refsa með fangelsi allt að þremur árum.

Ef brot skv. 1. og 2. mgr. er framið í starfsemi lögaðila má gera lögaðilanum fésekt skv. II. kafla A almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Tilraun og hlutdeild í brotum skv. 1. og 2. mgr. eru refsiverð skv. III. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Fjarskiptabúnað sem hefur verið starfræktur í heimildarleysi má gera upptækan í málum sem vísað er til lögreglu skv. 105. gr., sbr. 69. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

105. gr.

Kæra mála til lögreglu.

Brot gegn lögum þessum og reglum settum á grundvelli þeirra sæta aðeins rannsókn lögreglu að undangenginni kæru Fjarskiptastofu eða brotþola.

Ef brot eru meiri háttar er Fjarskiptastofu skylt að vísa þeim til lögreglu. Brot telst meiri háttar ef það lýtur að verulegum fjárhæðum, ef verknaður er framinn með sérstaklega víta-verðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi brotsins. Jafnframt getur Fjarskiptastofa á hvaða stigi rannsóknar sem er vísað máli vegna brota á lögum þessum til rannsóknar lögreglu. Gæta skal samræmis við úrlausn sambærilegra mála.

Varði brot á lögum þessum bæði refsíábyrgð fyrir einstakling og lögaðila metur Fjarskiptastofa, með tilliti til grófleika brots og réttarvörslusjónarmiða, hvort mál skuli kært til lögreglu að hluta eða í heild.

Með kæru stjórnvalds skulu fylgja afrit þeirra gagna sem grunur um brot er studdur við. Ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, gilda ekki um ákvörðun um að kæra mál til lögreglu.

Telji ákærandi að ekki séu efni til málshöfðunar vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi sem jafnframt varðar stjórnsýsluviðurlögum getur hann sent eða endursent mál sem varðar brot á lögum þessum og gögn því tengd til Fjarskiptastofu til meðferðar og ákvörðunar.

106. gr.

Réttur manna til að fella ekki á sig sök.

Í máli sem beinist að einstaklingi og lokið getur með álagningu stjórnvaldssekta eða kæru til lögreglu hefur sá sem rökstuddur grunur leikur á að hafi gerst sekur um lögbrot rétt til að neita að svara spurningum eða afhenda gögn eða muni nema hægt sé að útiloka að það geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um brot hans. Fjarskiptastofa skal leiðbeina hinum grunaða um þennan rétt.

XVI. KAFLI

Gildistaka o.fl.

107. gr.

Reglugerðarheimild.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

108. gr.

Innleiðing.

Lög þessi fela í sér innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1972 frá 11. desember 2018 um setningu evrópskra reglna um fjarskipti eins og hún var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr.

275/2021 frá 24. september 2021, með þeim breytingum og viðbótum sem leiða af XI. viðauka samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins.

109. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2022. Samhliða falla úr gildi lög um fjarskipti, nr. 81/2003.

Þrátt fyrir ákvæði 1. másl. 1. mgr. skulu fjarskiptafyrirtæki sem hafa verið tilkynnt til Fjarskiptastofu og skráð í tíð eldri laga um fjarskipti halda skráningu sinni við gildistöku laga þessara.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu ákvæði laga um fjarskipti, nr. 81/2003, gilda um markaðsgreiningar og ákvarðanir um kvaðir, sem eru í vinnslu, en er ólokið við gildistöku laga þessara, enda hafi drög að viðkomandi markaðsgreiningu og/eða drög að fyrirhuguðum kvöðum verið birt til samráðs skv. 24. gr. laga um Fjarskiptastofu, nr. 75/2021, fyrir gildistöku laga þessara, gilda til 31. desember 2022.

110. gr.

Breytingar á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara verður eftirfarandi breyting á lögum um íslensk landshöfuðlén, nr. 54/2021: Í stað heitisins „Póst- og fjarskiptastofnun“ í 2. mgr. 3. gr. laganna og sama heitis hvarvetna annars staðar í lögnum kemur í viðeigandi beygingarfalli: Fjarskiptastofa.

Ákvæði til bráðabirgða

I.

Reglur og reglugerðir samkvæmt lögum þessum skal setja svo fljótt sem kostur er. Þar til þær hafa verið staðfestar skulu þær reglur og reglugerðir sem nú gilda um þau mál er lög þessi taka til vera í fullu gildi, enda brjóti ákvæði þeirra eigi í bága við ákvæði laga þessara.

II.

Öllum kvöðum, sem lagðar hafa verið á fjarskiptafyrirtæki skv. VII. kafla laga um fjarskipti, nr. 81/2003, og eru í gildi við gildistöku laga þessara, skal viðhaldið þar til endurskoðun kvaðanna hefur farið fram að lokinni markaðsgreiningu.

III.

Við úthlutun eða endurnýjun tíðniréttinda fram til 31. desember 2023 skal taka eftirfarandi gjöld:

- a. 3.500.000 kr. fyrir hvert úthlutað MHz af tíðnisviði á 880–915 og 925–960 MHz-tíðnisviðunum,
- b. 1.000.000 kr. fyrir hvert úthlutað MHz af tíðnisviði á 1710–1785/1805–1880 MHz og 1920–1980/2110–2170 MHz-tíðnisviðunum,
- c. 350.000 kr. fyrir hvert úthlutað MHz af tíðnisviði á 3,4–3,8 GHz-tíðnisviðinu.

Gjaldið miðast við að tíðniréttindin séu gefin út til 20 ára. Sé tíðniréttindum úthlutað til skemmri tíma skal greiða hlutfallslega í samræmi við það. Gjaldið greiðist í fjarskiptasjóð.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Frumvarp þetta var samið í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu og síðar í háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu í samstarfi við Fjarskiptastofu. Frumvarpið var upphaf-

lega lagt fram á 150. löggjafarþingi vorið 2020 (775. mál, þskj. 1354) og endurflutt á 151. löggjafarþingi haustið 2020 (209. mál, þskj. 210), en náði ekki fram að ganga. Frumvarpið er nú lagt fram að nýju, lítillega breytt, svo sem nánar er gerð grein fyrir í 5. kafla greinargerðar.

Með frumvarpinu er lagt til að innleidd verði hér á landi efnisákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1972 frá 11. desember 2018 um setningu evrópskra reglna um fjarskipti (e. European Electronic Communications Code Directive eða EECC-tilskipunin), sem stundum er vísað til sem „Kóðans“. Um er að ræða nýja grunngerð, þ.e. uppfærðar megin-efnisreglur á fjarskiptamarkaði (e. recast), sem leysir af hólmi fjórar eldri gerðir. Aðildarríki Evrópusambandsins áttu í desember 2020 að hafa innleitt tilskipunina í landsrétt. EECC-tilskipunin var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES) með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 275/2021 frá 24. september 2021, með stjórnskipulegum fyrirvara. Sama dag var tekin upp í samninginn, með ákvörðun nr. 274/2021, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1971 frá 11. desember 2018 um að koma á fót evrópskum hópi eftirlitsaðila á sviði fjarskipta (e. Body of European Regulators for Electronic Communications eða BEREC) og stofnun honum til stuðnings (e. Agency for Support for BEREC eða BEREC Office), um breytingu á reglugerð (ESB) 2015/2120 og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 1211/2009. Evrópskur hópur eftirlitsaðila á sviði fjarskipta (BEREC) er ráðgefandi og stefnumótandi samstarfsvettvangur sem ætlað er að stuðla að samræmdri innleiðingu og framkvæmd samevrópsks regluverks á fjarskiptamarkaði, svo sem með útgáfu leiðbeininga og ráðgjöf. Í daglegu tali er vitnað til EECC-tilskipunarinnar og BEREC-reglugerðarinnar sem fjarskiptapakka Evrópusambandsins frá 2018. Alþingi samþykkti með lögum um Fjarskiptastofu, nr. 75/2021, heimild til handa ráðherra um innleiðingu BEREC-reglugerðarinnar með setningu reglugerðar. Stefnt er að setningu hennar við gildistöku laga þessara, verði frumvarpið að lögum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að ný lög um fjarskipti öðlist gildi 1. júlí 2022 og að samhliða falli lög um fjarskipti, nr. 81/2003, úr gildi.

Heildarendurskoðun fjarskiptalöggjafar kallar á endurmat gildandi reglna og reglugerða svo og setningu nýrra reglna og reglugerða. Stefnt er að því að ljúka þeirri vinnu svo fljótt sem kostur er, fyrir gildistöku nýrra laga. Ljóst má vera að nánari leiðbeiningar og viðmið um bestu framkvæmd regluverks á sviði fjarskipta munu þróast áfram með hliðsjón af fenginni reynslu og frekari tækniþróun. Því er meðal annars brýnt að tryggja aðkomu af Íslands hálfu á vettvangi BEREC og evrópsks stefnuhóps um fjarskiptatíðniróf (e. Radio Spectrum Policy Group eða RSPG), svo og á vettvangi EFTA og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, eftir því sem við á.

2. Tilfni og nauðsyn lagasetningar.

Gildandi íslensk fjarskiptalöggjöf byggist á samevrópsku regluverki, einkum tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2002/19/EB (aðgangs- og samtengingartilskipuninni), 2002/20/EB (heimildartilskipuninni), 2002/21/EB (rammatilskipuninni), 2002/22/EB (alþjónustutilskipuninni) og 2002/58/EB (tilskipuninni um persónuvernd í fjarskiptum), svo og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 676/2002/EB um tíðnimál. Tilskipun (ESB) 2018/1972 leysir fjórar fyrstnefndu tilskipanirnar af hólmi. Stofnanir Evrópusambandsins hafa unnið að endurnýjun tilskipunar 2002/58/EB og liggur fyrir tillaga að reglugerð þar um en hún er enn ósamþykkt.

Á sameiginlegum innri markaði Evrópu er rík áhersla lögð á einsleitni og samræmingu af hálfu bæði stofnana Evrópusambandsins og EFTA-ríkjanna sem aðild eiga að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Því er brýnt að uppfæra gildandi efnisreglur á sviði fjarskipta

og tryggja viðeigandi framkvæmd þeirra hér á landi. Allverulegar breytingar urðu á evrópsku fjarskiptaregluverki, þ.m.t. framangreindum tilskipunum, árið 2009 en þær breytingar voru ekki teknar upp í EES-samninginn eða innleiddar að fullu efnislega hér á landi. Skýrist sú staða einkum af ágreiningi um aðkomu EFTA-ríkjanna innan Evrópska efnahagssvæðisins að stjórn BEREC þar sem í eldri reglugerð um BEREC, reglugerð (EB) nr. 1211/2009, kom fram í 4. gr. að EFTA-ríkin innan Evrópska efnahagssvæðisins hefðu áheyrnaraðild að stjórn BEREC. EFTA-ríkin innan Evrópska efnahagssvæðisins sóttust hins vegar eftir fullum þátttökurétti án atkvæðisréttar. Í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 274/2021 er kveðið á um að fjarskiptaeftirlitsstofnanir EFTA-ríkjanna skuli hafa sömu réttindi og skyldur og stofnanir aðildarríkja ESB í stjórn BEREC, vinnuhópum BEREC og stjórn BEREC-skrifstofunnar, þó án atkvæðisréttar.

Með frumvarpinu er lagt til að löggjöf hér á landi verði breytt til samræmis við uppfært samevrópskt regluverk á sviði fjarskipta, sem nýverið var tekið upp í EES-samninginn með stjórnskipulegum fyrirvara. Gildandi íslensk fjarskiptalöggjöf er komin nokkuð til ára sinna, með vísan til framfara tækni og þjónustu, en mikilvægt er að löggjöf á hverjum tíma fylgi þróuninni. Að einhverju leyti gefa ákvæði tilskipunar (ESB) 2018/1972 svigrúm til útfærslu við innleiðingu í landsrétt, en það er þó mjög takmarkað.

Meginmarkmið EECC-tilskipunarinnar eru skv. 1. gr. hennar tvíþætt: a) að hrinda í framkvæmd innri markaði fyrir fjarskiptanet og fjarskiptaþjónustu sem mun leiða til útbreiðslu og upptöku neta með mjög mikla flutningsgetu, sjálfbærrar samkeppni, rekstrarsamhæfi fjarskiptaþjónustu, aðgengileika, öryggis fjarskiptaneta og fjarskiptaþjónustu og ávinnings fyrir endanotendur; og b) að tryggja að í Evrópu sé framboð af hágæðafjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg á viðráðanlegu verði fyrir tilstuðlan virkrar samkeppni og valkosta og bregðast við aðstæðum þar sem markaðurinn uppfyllir ekki þarfir endanotenda með fullnægjandi hætti, þ.m.t. fatlaðs fólks, svo að það hafi aðgang að þjónustu til jafns við aðra, og mæla fyrir um nauðsynleg réttindi endanotenda.

Í þingsályktun nr. 31/149 um fimm ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2019–2023 (sjá þskj. 1687, 403. mál á 149. lögb. 2018–2019) og þingsályktun nr. 32/149 um stefnu í fjarskiptum fyrir árin 2019–2033 (þskj. 1688, 404. mál á 149. lögb. 2018–2019) eru sett fram skýr markmið um aðgengileg, greið, örugg, hagkvæm og skilvirk fjarskipti. Á meðal skilgreindra verkefna fimm ára fjarskiptaáætlunar, til að ná markmiði um hagkvæmni og skilvirkni í fjarskiptum, er að innleiða nýtt heildarregluverk í fjarskiptum svo fljótt sem kostur er. Enn fremur er áhersla lögð á að uppfærsla regluverks á fjarskiptamarkaði stuðli að framförum, fjárfestingum, samkeppni, hagkvæmni, samnýtingu og neytendavernd. Þá má þess geta að markmið íslenskra stjórnvalda er að fjarskiptaregluverk styðji m.a. við skynsamlega og hagkvæma uppbyggingu innviða fyrir 5G-net og -þjónustu á Íslandi (sjá nánari umfjöllun í kafla 3.1). Helsta markmið íslenskra stjórnvalda samkvæmt gildandi fjarskiptaáætlun er þó eftir sem áður ljósleiðaravæðing landsins alls og þarf fjarskiptaregluverkið að stuðla að því markmiði.

3. Meginefni frumvarpsins.

Verði frumvarpið að lögum leysir það af hólmi gildandi fjarskiptalög, nr. 81/2003. Tilskipun (ESB) 2018/1972 geymir ýmis nýmæli og er þar að auki mun ítarlegri en eldri gerðir, þar af leiðandi þótti hagkvæmast og skilvirkast að leggja til heildarendurskoðun laganna. Kaflaskipting frumvarpsins er sem hér segir, en gert er ráð fyrir að ákvæði þess verði útfærð nánar í reglugerðum:

I. kafli – Markmið og gildissvið.

- II. kafli – Umgjörð fjarskiptamála.
 - III. kafli – Orðskýringar.
 - IV. kafli – Heimild til fjarskiptastarfsemi.
 - V. kafli – Skipulag tíðnirófsins og úthlutun tíðna.
 - VI. kafli – Númer og kóðar.
 - VII. kafli – Fjarskiptabúnaður.
 - VIII. kafli – Aðgangur og samtenging.
 - IX. kafli – Markaðir, markaðsgreiningar og kvaðir.
 - X. kafli – Alþjónusta.
 - XI. kafli – Skilmálar, gjaldskrár, gæði og neytendavernd.
 - XII. kafli – Öryggi upplýsinga, fjarskiptaneta og fjarskiptaþjónustu. Netöryggissveit.
 - XIII. kafli – Friðhelgi einkalífs, fjarskiptaleynd, aðstoð við rannsókn sakamála o.fl.
 - XIV. kafli – Neyðarsamskipti. Neyðar- og öryggisfjarskipti. Fjarskiptaógn.
 - XV. kafli – Fyrirmæli og afturköllun réttinda. Stjórnvaldssektir og viðurlög.
 - XVI. kafli – Gildistaka o.fl.
- Þrjú ákvæði til bráðabirgða (I–III).

Taka ber fram að ýmis ákvæði fjarskiptalaga, nr. 81/2003, eiga rætur að rekja til annarra gerða Evrópusambandsins á sviði fjarskipta sem teknar hafa verið upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og gilda munu samhliða nýja fjarskiptapakkanum. Í skýringum við ákvæði frumvarpsins er uppruna einstakra ákvæða gerð skil.

Tilskipun (ESB) 2018/1972 er uppfærsla á eldri gerðum. Hún leysir með öðrum orðum af hólmi eldri grundvallartilskipanir um fjarskipti og felur í sér allnokkrar breytingar á gildandi efnisreglum. Eitt meginmarkmið tilskipunarinnar, til viðbótar markmiðum um virka samkeppni og aðgengi notenda að fjarskiptaþjónustu á viðráðanlegu verði og fullnægjandi gæðum, er að stuðla að útbreiðslu háhraðaneta. Undirliggjandi eru meðal annars markmið um hagkvæma uppbyggingu á 5G-kerfum í Evrópu sem verða ein af grunnstöðum fyrir fjórðu iðnbyltinguna og hlutanetið (e. Internet of Things, IoT). Til viðbótar nýlegum lögum um ráðstafanir til hagkvæmrar uppbyggingar háhraðafjarskiptaneta, nr. 125/2019, sem ná aðeins til grunnvirkja sem eru hluti af einhvers konar neti, gerir frumvarp þetta ráð fyrir frekari nýmælum sem tengjast aðgangsræðum fyrir háhraðanet. Sjá nánari umfjöllun í kafla 3.2. Áhersla er lögð á að auðvelda og tryggja aðgengi að farnetstíðnum til uppbyggingar 5G-farneta. Fyrirhugað er að setja nánari reglur, á grundvelli tilskipunar (ESB) 2018/1972, til að einfalda aðgengi að aðstöðu til að setja upp senda enda fyrir séð að fjölga þurfi sendastöðum vegna 5G-væðingar til muna, einkum í þéttbýli.

Með tilskipuninni er hvatt til aukins samstarfs markaðsaðila og sameiginlegra fjárfestinga við uppbyggingu innviða og þeim sem byggja upp innviði heitið tilteknum ívilnunum.

Aðferðafræði við skilgreiningu markaða og greiningu á samkeppnisstöðu á þeim er í grundvallaratriðum óbreytt og byggist að verulegu leyti á aðferðafræði samkeppnisréttar og dómaframkvæmd á því sviði. Af nýjum áherslum tilskipunar (EBS) 2018/1972 má nefna að aukin áhersla er á að skoða tengda smásölumarkaði; horfa ber til stöðu á smásölumörkuðum áður en ákvörðun er tekin um beitingu heildsöluakvaða. Nýmæli er að kveða á um tímafresti til að ljúka markaðsgreiningum. Efnisákvæði er varða álagningu kvaða eru meiri að umfangi en í gildandi fjarskiptalögum en mörg þeirra snúast þó um einföldun og að minnka flækjustig við málsmeðferð. Ný kvöð bætist við sem felst í því að Fjarskiptastofa getur, ef aðrar kvaðir hafa ekki reynst fullnægjandi, svo sem um aðgang að mannvirkjum/lagnaleiðum, netum/þjónustu, kveðið á um aðskilnað rekstrareininga lóðrétt starfandi fyrirtækis sem hefur umtalsverðan

markaðsstyrk. Þá skal fjarskiptafyrirtækjum með umtalsverðan markaðsstyrk samkvæmt tilskipun (EBS) 2018/1972 gefast kostur á að leggja fram tilboð um skuldbindingar varðandi sameiginlegar fjárfestingar, aðskilnað starfsemi og almennar kvaðir og geta slík tilboð leitt til þess að kvöðum verði létt af fyrirtækjunum að einhverju leyti.

Tilskipunin gerir ráð fyrir að heilðsöluverð fyrir lúkningu símtala og SMS verði ákveðið fyrir allt Evrópska efnahagssvæðið og því verður óþarft fyrir Fjarskiptastofu að framkvæma greiningu á heilðsölumörkuðum fyrir lúkningu og taka ákvörðun um verð sem mun einfalda stjórnslu á þessu sviði verulega.

Þessu tengt er vert að nefna að BEREC-reglugerðin kveður á um hámarksmásöluverð á millilandasímtölum og SMS innan Evrópska efnahagssvæðisins, þ.e. viðbót við þegar gildandi ákvæði um hámarksverð fyrir reikiþjónustu á svæðinu.

Allnokkur ákvæði tilskipunarinnar fjalla um samræmingu milli ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu við skipulag fjarskiptatíðnirófs og stjórnun tíðnimála. Áhersla er lögð á að öll ríki innan EES vinni með samræmdum hætti að úthlutun farnetstíðna. Tilskipun (ESB) 2018/1972 gerir ráð fyrir fyrirsjáanleika til 20 ára að því er gildistíma tíðniréttinda varðar, þó má úthluta til skemmri tíma en að lágmarki til 15 ára. Með frumvarpinu er lagt til að opnað verði á framsal og leigu tíðniheimilda milli markaðsaðila.

Tilskipunin geymir ný ákvæði um eftirlit og stofnanaþyrirkomulag á fjarskiptamarkaði. Hér á landi verður einkum nýjung í því samhengi ítarleg viðurlagaákvæði og -heimildir til Fjarskiptastofu en samkvæmt gildandi lögum getur stofnunin einungis lagt á dagsektir en hefur ekki almenna heimild til að leggja á stjórnvaldssektir vegna brota á fjarskiptalögum.

Með frumvarpinu er lagt til að samþykkt verði ákvæði um öryggishagsmuni vegna uppbyggingar fjarskiptaneta. Við útfærslu þess var mið tekið af tillögum starfshóps sem í áttu sæti fulltrúar þriggja ráðuneyta, svo sem nánar greinir í skýringum við 87. gr., en öryggismál farnetskerfa eru enn í mótun alþjóðlega.

Loks má nefna að neytendavernd er í brennidepli í tilskipuninni. Áhersla er t.d. lögð á auknið aðgengi að upplýsingum og samanburði á verði og gæðum fjarskiptaþjónustu, svo og stöðlun viðskiptaskilmála.

Tilskipun (ESB) 2018/1972 kom til framkvæmda innan ESB í desember 2020 og áttu aðildarríkin að hafa innleitt hana fyrir þann tíma. Með frumvarpi þessu er lagt til að gildistaka nýrra fjarskiptalaga verði um mitt ár 2022 en nýi fjarskiptapakinn var tekinn upp í EES-samninginn 24. september sl., með stjórnskipulegum fyrirvara.

Ítarlega er fjallað um einstök ákvæði frumvarpsins í greinargerð þessari. Hér verður auk þess vikið nánar að eftirtöldum atriðum: 5G-þjónustu (3.1), hvötum til uppbyggingar á háhraðanetum (3.2), eftirliti með samkeppni á fjarskiptamarkaði (3.3), nýjum áherslum við framkvæmd markaðsgreininga (3.4), fjarskiptaleynd og friðhelgi einkalífs á sviði fjarskipta (3.5), viðurlögum (3.6), gjaldtöku fyrir tíðniafnot (3.7) og hlutverki evrópsks hóps eftirlitsaðila á sviði fjarskipta (BEREC, 3.8).

3.1. 5G-þjónusta.

Kynslóðir farsímakerfa koma og fara. Fyrsta kynslóðin kom fram á níunda áratugnum og birtist Íslendingum í formi NMT-kerfisins. NMT-kerfið olli byltingu á sínum tíma og kunni fólk að meta frelsið sem þráðleysinu fylgdi. NMT-kerfið fylgdi þjóðinni fram til 2010 þegar rekstri þess var hætt. Annarri kynslóðinni fylgdi einnig bylting sem fólst í því að byggt var á stafrænni GSM-tækni, handtækin minnkuðu og komust vel fyrir í vasa eða tösku, smáskeytaþjónustan (SMS) náði óvænt miklum vinsældum og gagnaflutningur um farnet kom til sög-

unnar. Með þriðju kynslóðinni varð gagnaflutningurinn að miðdepli þjónustunnar, tengingar við netið úr hvers manns vasa komu til sögunnar og handtækin gátu sífellt meira. Fjórða kynslóðin var sú fyrsta þar sem engar bjargir kerfisins eru sérstaklega teknar til talflutnings og er 4G því hreint gagnaflutningskerfi. Tal er flutt um 4G með sama hætti og önnur gögn. 4G byggist á annarri þráðlausri flutningstækni en 3G og hefur sú tækni margvíslega yfirburði. Þráðlaus flutningstækni 5G er af sama meidi og sú sem notuð er í 4G. Með 4G getur hver fjarskiptasendir annað a.m.k. 100 Mb/s gagnahraða til notenda og nýlegar uppsetningar geta annað allt að 1.000 Mb/s hraða til notenda í hverjum geira sérhverrar fjarskiptastöðvar. Farsímakerfi á Íslandi hafa mikla útbreiðslu. Almennt er upplifun fólks af þjónustunni góð enda er geta kerfisins víðast hvar mikil miðað við fjölda notenda á hverjum stað. Fjarlægð frá sendi, fjöldi samtímanotenda o.fl. getur haft áhrif á gagnahraða.

Fimmta kynslóðin felur í sér framþróun á öllum kerfishlutum farsímakerfisins. Stöðlunarvinna fyrir alla kerfishluta er nú á lokastigi. Til þessa hefur uppsetning 5G-neta fyrst og fremst átt sér stað í radióhluta kerfisins þar sem settar eru upp radióstöðvar sem hafa enn meiri flutningsgetu en fyrirbyggjandi radióstöðvar 4G-kerfisins. Þessi hluti 5G-kerfa er nefndur 5G NR (New Radio). Ástæða fyrir þessu er einkum sú að í þéttbýlum borgum er afkastageta 4G-kerfa ekki næg til að þjóna öllum þeim viðskiptavinum sem vilja nýta þjónustuna og jafnframt eru háhraða föst net víða af skornum skammti. Hver fjarskiptageiri 5G-stöðvar getur afkastað allt að 20.000 Mb/s gagnahraða til notenda og þjónað þúsundfalt fleiri notendum en sambærilegur 4G-geiri. Þannig leysir 5G úr brýnni tengiþörf erlendis sem ella væri leyst með föstum netum, ljósleiðurum og VDSL yfir koparlínur síðasta spölinn heim til notenda. Fyrir tilstuðlan landsátaksins *Ísland ljóstengt* hefur ljósleiðari verið lagður í stóran hluta dreifbýlis. Í þéttbýli er ljósleiðaralagning á markaðslegum forsendum komin vel á veg.

Stefna stjórnvalda er að 99,9% lögheimila og fyrirtækja á landinu hafi aðgang að ljósleiðara fyrir árslok 2025. Að þessu leyti skera Íslendingar sig úr hópi flestra þjóða. Hér á landi er því einfaldlega ekki eins brýn þörf og víða erlendis fyrir skjóta uppbyggingu 5G-neta í þeim megintilgangi að auka gagnaflutningshraða til notenda. 5G mun í byrjun nýta tíðnisvið sem þegar hefur verið úthlutað og ný tíðnisvið undir 6 GHz. Til lengri tíma litið verður tíðnum á mun hærri tíðnisviðum ráðstafað, t.d. á 26 GHz og enn ofar. Eiginleikar senda á háum tíðnisviðum eru með þeim hætti að afköstin eru mjög mikil (vegna meiri bandbreiddar) en drægnin afar takmörkuð, tugir eða nokkur hundruð metrar. Á móti kemur að sendarnir verða minni um sig, nota minni straum og geta nýst í nýjum lausnum á borð við stefnumiðuð merki.

Farnetskerfi á háum tíðnisviðum eru því aðallega ætluð í þéttri byggð og þar sem búast má við atvinnustarfsemi eða mannaferðum í miklum mæli. Til að ná samfelldri útbreiðslu með hárrí tíðni þyrfti þétt sendanet tiltölulega lítilla ljósleiðaratengdra senda.

Jaðar ljósleiðaranetanna teygir sig nær alls staðar þar sem fólk býr eða atvinna er stunduð. Þetta gefur kost á að tengja háhraðafarnet, t.d. 5G, við mjög hraðvirkt stofnnet víða um landið.

Með nýrri tækni opnast nýir möguleikar á þjónustu. Með innleiðingu 4G/LTE-tækninnar og áfram í 5G opnast möguleikar á að þjóna einangruð net (sýndarnet) í kerfum netrekenda með svokölluðum netsneiðum. Talið er að mikil þörf verði fyrir slíkar lausnir, sérstaklega vegna fjórðu iðnbyltingarinnar og þeirrar þjónustu sem þá verður til, t.d. iðntæknistýring, sjálfkeyrandi bílar, öryggisfjarskipti o.fl. Þá eru einnig að ryðja sér til rúms víða um heim svokölluð LTE-einkanet sem nýta sér m.a. opin tíðnisvið (ekki leyfisskyld, t.d. 5GHz) og samnýtingu/deilingu leyfisskyldrar tíðni.

3.2. *Hvatar til uppbyggingar á háhraðanetum.*

Nýtt samevrópskt fjarskiptaregluverk hefur það sem eitt meginmarkmið að stuðla að útbreiðslu háhraðaneta. Bætist þetta meginmarkmið við markmið um að skapa og viðhalda virku samkeppnisumhverfi í fjarskiptum á Evrópska efnahagssvæðinu og tryggja notendum aðgengi að fjarskiptaþjónustu á viðráðanlegu verði og fullnægjandi gæðum. Markmið um uppbyggingu háhraðaneta er ekki síst til komið til að greiða fyrir hagkvæmri uppbyggingu ljósleiðara- og 5G-kerfa í Evrópu, sem verður grunnstoðin fyrir fjórðu iðnbyltinguna og hlutanetið. Sú tækni mun óhjákvæmilega kalla á umtalsverðar fjárfestingar á komandi árum, bæði í farnetum og ljósleiðaranetum. Enn er margt óljóst varðandi uppbyggingu 5G, viðskiptalíkön þjónustunnar og hvaða kröfur verða gerðar til útbreiðslu og gæða.

Í regluverkinu er áhersla lögð á samkeppni og hvata fyrir markaðsaðila til að byggja upp fjarskiptainnviði og þá sérstaklega ljósleiðara og 5G-farnet. Ýmis ný ákvæði regluverksins lúta beinlínis að þessu. Nýjar áherslur eru mótaðar varðandi ferli markaðsgreininga. Horfa ber til stöðu á smásölumörkuðum áður en ákvörðun er tekin um beitingu heildsölu kvaða. Umræddum heildsölu kvaðum er þá ætlað að leysa samkeppnisvandamál á undirliggjandi smásölumarkaði. Greinist ekki samkeppnisvandamál á smásölumarkaði kemur ekki til álagningar kvaða á tengdum heildsölu mörkuðum. Jafnframt er lögð áhersla á aðgang að efnislegum grunnvirkjum fjarskiptafélaga til að greiða fyrir innviðasamkeppni. Hvatt er til samstarfs markaðsaðila og sameiginlegra fjárfestinga við uppbyggingu innviða og tilteknum ívilnunum heitið þeim sem byggja upp innviði. Fyrirtækjum sem eingöngu selja aðgang að innviðum í heildsölu og starfa ekki á smásölustigi má segja að sé ívilnað á þann hátt að á slík fyrirtæki er ekki unnt að leggja eins íþyngjandi kvaðir og á lóðrétt samþætt fjarskiptafyrirtæki. Ef ofangreind úrræði duga ekki er áfram stuðst við markaðsgreiningar samkvæmt hefðbundinni aðferðafræði fjarskiptaregluverksins.

Með samþykkt laga um ráðstafanir til hagkvæmrar uppbyggingar háhraða fjarskiptaneta, nr. 125/2019, hefur verið greitt fyrir aðgengi að ýmiss konar grunnvirkjum veitufyrirtækja, þ.m.t. fjarskiptafyrirtækja, í þeim tilgangi að auðvela uppbyggingu háhraðaneta. Með frumvarpi þessu eru lögð til frekari nýmæli er tengjast aðgangsuræðum fyrir háhraðanet. Í fyrsta lagi er hægt að kveða á um samnýtingu aðstöðu í ákveðnum tilvikum þegar fjarskiptafyrirtæki hefur nýtt sér rétt til að fá aðgang að eign þriðja aðila og eru heimildir í þeim efnun nokkuð auknar. Þá er Fjarskiptastofu í undantekningartilfellum heimilað að leggja kvaðir á eigendur innanhússlagna án tillits til markaðsstyrks þeirra um að veita aðgang að þeim við fyrsta samantektarpunkt utan byggingar eða jafnvel lengra í átt að miðlægum kerfum í sérstökum tilvikum. Heimilt verður að kveða á um samnýtingu óvirkra hluta farnets og svæðisbundið reiki án tillits til markaðsstyrks ef nauðsynlegt er til að tryggja svæðisbundinn aðgang en þetta ákvæði getur verið mjög gagnlegt við umfangsmikla útbreiðslu háhraðafarneta. Opinberum aðilum verður gert skylt að veita aðgang að efnislegum grunnvirkjum á borð við ljósastaura sem henta til að hýsa þráðlausa senda en slíkt getur verið nauðsyn þegar útbreiðsla 5G eykst. Lög nr. 125/2019 ná aðeins til grunnvirkja sem eru hluti af einhvers konar neti og er því nauðsynlegt að útvíkka aðgangsskyldur opinberra aðila með þessum hætti.

Fjarskiptastofu ber í framhaldi af markaðsgreiningum að skoða sem fyrsta kost að leggja kvaðir á fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk, um aðgang að mannvirkjum. Þetta atriði á að ýta undir samkeppni í uppbyggingu háhraðaneta með því að veita fyrirtækjum aðgang að aðstöðu til þess að byggja upp ný net, svo sem lagnaleiðum, en ákvæðið getur einnig náð til röra og strengja og gengur þar með lengra en lög nr. 125/2019. Verði hins vegar ekki talið

fýsilegt að leggja nýtt net í viðkomandi tilviki verður litið til annarra leiða, svo sem að veita heildsöluaðgang að neti eða þjónustu fyrirtækis sem hefur umtalsverðan markaðsstyrk. Annað atriði varðandi kvaðir sem stuðla á að uppbyggingu háhraðaneta felur í sér að fyrirtæki sem hefur umtalsverðan markaðsstyrk og hyggst byggja upp nýtt háhraðanet getur lagt fram tilboð um að veita öðrum fyrirtækjum möguleika á sameiginlegri fjárfestingu og/eða aðgangi að netinu og getur að tilteknum skilyrðum uppfylltum losnað undan öðrum kvöðum hvað varðar hið nýja net.

Ahersla er lögð á að auðvelda og tryggja aðgengi að farnetstíðnum til að byggja upp 5G-farnet. Lágmarkstímalengd tíðniheimilda farneta verður nú 15–20 ár til að auka fyrirsjáanleika og hagkvæmni uppbyggingar. Opnað er á viðskipti og framsal tíðniheimilda milli markaðsaðila. Ahersla er lögð á að öll lönd innan Evrópska efnahagssvæðisins vinni með samræmdum hætti og á sama tíma að úthlutun farnetstíðna. Þó ber að hafa í huga að almenn hagnýting fjarskiptatíðna fyrir farnet á Íslandi hvorki veldur né verður fyrir truflunum í tengslum við samsvarandi hagnýtingu annarra Evrópulanda. Fyrirhugað er að setja reglur til að einfalda aðgengi að aðstöðu til að setja upp senda enda er fyrirséð að fjölga þurfi sendastöðum til mikilla muna, einkum í mesta þéttbýlinu.

3.3. Um eftirlit með samkeppni á fjarskiptamarkaði.

Viðast hvar í Evrópu var fjarskiptastarfsemi áður fyrir í höndum ríkisrekinna fyrirtækja eða stofnana. Fjarskiptastarfsemi laut þá einkarétti hins opinbera. Í skjóli einkaréttar ríkisins voru byggðir upp umfangsmiklir fjarskiptainnviðir hér landi. Þegar leið á tuttugustu öldina var búið að tengja nánast hvert einasta heimili og vinnustað við almenna fjarskiptanetið. Eðli starfseminnar var með þeim hætti að skilyrði fyrir samkeppni voru ekki góð, þ.e. ekki var hægt að leggja annað fjarskiptanet og virkja þannig samkeppni. Afleiðingin varð sú að í velflestum ríkjum urðu til stór og öflug ríkisrekin fjarskiptafyrirtæki, eins og raunin varð hér landi með Póst- og símamálastofnun og svo Landssíma Íslands.

Við lok tuttugustu aldar voru aðstæður farnar að breytast. Með tæknibreytingum og þróun á markaðsháttum var það orðinn raunhæfur möguleiki fyrir önnur fyrirtæki að hefja fjarskiptastarfsemi á þeim forsendum að fá aðgang að fjarskiptainnviðum hins ríkisrekna fjarskiptafyrirtækis. Má í þessu sambandi nefna þá tækniþróun að hægt var að veita skiptan aðgang að heima- taug sem gerði það að verkum að talsímaþjónusta og gagnaflutningsþjónusta, sem þá var farin að ryðja sér til rúms, þurfti ekki að vera á hendi sama þjónustuveitanda.

Þessi þróun leiddi til breytinga á evrópsku fjarskiptaregluverki í þá átt að einkarétti ríkisins á fjarskiptastarfsemi var aflétt, sbr. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/19/EB. Þessi tilskipun var innleidd með fjarskiptalögum nr. 143/1996 og síðan með enn frekari ráðstöfunum sem fólust í innleiðingu á tilteknum Evróputilskipunum með fjarskiptalögum nr. 107/1999. Með innleiðingu á samkeppni á fjarskiptamarkaði var talin þörf á að gera tvenns konar grundvallarráðstafanir. Annars vegar að koma á fót sérstakri fjarskiptaeftirlitsstofnun sem væri ætlað það hlutverk að innleiða virka samkeppni á markaði þar sem ekki var fyrir nein samkeppni. Í þeim efnum myndu almenn samkeppnislög ekki duga til heldur þyrfti að gera frekari ráðstafanir til að opna markaðinn og styðja við samkeppni. Hins vegar var það vilji stjórnámálanna að almenningur ætti eftir sem áður að njóta þeirrar fjarskiptaþjónustu sem hin ríkisreknu fjarskiptafyrirtæki höfðu veitt þegnunum á jafnræðisgrundvelli með heildstæðum hætti á landinu öllu. Sú fjarskiptaþjónusta var nefnd alþjónusta í fjarskiptum og um hana hafa gilt sérstakar lagareglur frá afnámi á einkarétti ríkisins.

Að því er fyrra atriðið varðar, sérstakar og sjálfstæðar fjarskiptaeftirlitsstofnanir, var ljóst að beita þyrfti sértækum markaðsmótandi úrræðum til að skapa aðstæður þar sem ný fjarskiptafyrirtæki gætu rutt sér til rúms við hlið hinna rótgrónu fyrirtækja sem notið höfðu einkaréttar. Sumar af þessum ráðstöfunum eru mjög tæknilegs eðlis og varða aðgang nýrra markaðsaðila að fjarskiptainniðum sem þegar eru til staðar, t.d. varðandi form aðgangs, tæknilega skilfleti, kröfur um gæði og öryggi, skiptingu kostnaðar o.s.frv. Við þessar aðstæður væri jafnframt þörf á því að tryggja jafnræði og gagnsæi þar sem lóðréttri samþættri starfsemi rótgróinna aðila væri haldið áfram í hinu nýja samkeppnisumhverfi og þá í beinni samkeppni við þá aðila sem þyrftu að treysta á aðgang að fjarskiptainniðum þess. Til að ná þessu markmiði var farin sú leið að gera hinu markaðsráðandi fjarskiptafyrirtæki að birta viðmið-unartilboð gagnvart öðrum markaðsaðilum varðandi samningskjör og viðskiptaskilmála.

Ljóst var að slík markaðsmótandi reglusetning kallaði á tilkomu sérhæfðs fjarskiptaftirlitsstjórnvalds. Því væri falið að greina markaðinn og koma auga á leiðir til að opna markaði og grípa til ráðstafana með það að markmiði. Á sviði lögfræðinnar eru kvaðir sem lagðar eru á markaðsráðandi aðila, hugsaðar til lengri tíma og er ætlað að opna markaði kallaðar *ex ante*-eftirlit, þ.e. eftirlit sem horfir fram á við. Það er frábrugðið eftirliti á markaði sem í meginatriðum er ætlað að stöðva brot á samkeppnislögum en slíkt eftirlit er kallað *ex post*-eftirlit. Hér á landi og víðast í Evrópu er þessu eðlisólíka eftirliti komið fyrir hjá sinnhvörri eftirlitsstofnuninni, þ.e. Fjarskiptastofu hvað varðar eftirlit fram á við og Samkeppniseftirlitinu hvað varðar eftirlit sem horfir til baka og tekur á einstökum brotum.

Lög og reglur sem Fjarskiptastofa starfar eftir grundvallast á ESB-/EES-rétti, líkt og samkeppnislöggjöf. Við úrlausn mála styðjast báðar stofnanir því við lagaframkvæmd í þeim rétti, m.a. varðandi samspil annars vegar framkvæmdar samkeppnisyfirvalda á samkeppnisreglum og hins vegar eftirlits póst- og fjarskiptaftirlitsstofnana á grundvelli sérreglna á viðkomandi mörkuðum sem tengjast samkeppni.

Í ESB-/EES-rétti er þannig byggt á því að samhliða lagaframkvæmd, annars vegar almennra samkeppnisreglna og hins vegar fjarskipta- og póstreglna, sé bæði heimil og mjög mikilvæg.¹ Fræðimenn hafa litið svo á að samhliða eftirlit samkeppnisyfirvalda og fjarskiptaftirlitsstofnana sé til þess fallið að efla samkeppni. Þessar tvær stofnanir veiti hvor annarri ákveðið aðhald og tilvist þeirra beggja gefi færi á ákveðinni leiðréttingu fyrir markaðinn ef önnur skyldi leggja rangt mat til grundvallar sinni lagaframkvæmd.

Þar sem þessar tvær eftirlitsstofnanir hafa eftirlit með samkeppni á fjarskiptamarkaði, hvor með sínum hætti, hefur borið á gagnrýni um óskýr valdmörk á milli þeirra. Þegar eðli eftirlitsins er skoðað með tilliti til framangreindra sjónarmiða veldur það sjaldnast vafa undir verksvið hvorrar stofnunarinnar tiltekin mál falla. Markaðsgreiningar og kvaðir, sem eru eitt helsta eftirlitsverkefni á sviði samkeppni, eru til að mynda frumkvæðismál sem unnin eru eftir ítarlegum ákvæðum reglugerðar og leiðbeininga sem um það gilda. Inngrip Samkeppniseftirlitsins á fjarskiptamarkaði er aftur á móti aðallega tilkomið vegna kvartana um tiltekin brot á samkeppnislögum. Hér á landi hafa fyrirtæki oft látið reyna á valdmörk þessara stofnana fyrir úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála annars vegar og áfrýjunarnefnd samkeppnismála hins vegar. Í öllum eða nær öllum tilvikum hefur skilgreining stofnananna á valdmörkum þeirra á milli verið staðfest. Til að taka af allan vafa um mögulega óljós valdmörk á milli Fjarskipta-

¹ Vísa má í þessu sambandi m.a. til dóms dómstóls ESB frá 14. október 2010 í máli nr. C-280/08 (Deutsche Telecom), ákvörðunar framkvæmdastjórnar ESB frá 22. júní 2011 í máli nr. COMP/39.525 og dóms undirréttar ESB frá 29. mars 2012 í máli nr. T-336/07 (Telefónica).

stofu og Samkeppniseftirlitsins hafa þessar tvær stofnanir einnig sett sér leiðbeinandi reglur um verkaskiptingu á milli þeirra sem eiga að geta leyst úr einstaka markatilvikum. Þessar reglur voru endurskoðaðar 2019.²

Nú eru rúm 20 ár liðin frá því að núverandi stofnanafyrirkomulag vegna eftirlits á fjarskiptamarkaði var komið á fót á framangreindum forsendum. Margt hefur breyst á þeim tíma og á sumum undirmörkuðum fjarskipta ríkir nú hörð samkeppni, t.d. á sviði farneta. Hins vegar hefur ekki verið talið tímabært að fella eftirlit með samkeppni á fjarskiptamarkaði undir almenn samkeppnislög. Ætlunin er að nota samkeppnishvata og samnýtingu á innviðum til að stuðla að hagkvæmri uppbyggingu á þessum netum. Því þarf að móta þær kvaðir sem kunna að verða lagðar á markaðsráðandi aðila með þeim hætti að þær dragi ekki úr hvata til fjárfestinga um leið og búið verði svo um hnútana að ný net og ný þjónusta hamli ekki virkri samkeppni. Af ákvæðum hins nýlega uppfærða evrópska fjarskiptaregluverks má draga þá ályktun að enn sé þörf á sjálfstæðri og öflugri fjarskiptaeftirlitsstofnun til að sinna þessu verkefni á komandi árum.

3.4. Nýjar áherslur við framkvæmd markaðsgreininga.

Aðferðafræði við skilgreiningu markaða og greiningu á samkeppnisstöðu á þeim er í grundvallaratriðum sú sama og áður og byggist að stærstum hluta til á aðferðafræði samkeppnisréttar og dómaframkvæmd á því sviði.

Þó að þeir markaðir sem teknir eru til skoðunar samkvæmt núgildandi tilmælum Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) um viðkomandi markaði séu allir á heildsölustigi þá er aukin áhersla á að skoða tengda smásölumarkaði. Ef greining, þar sem litið er til framtíðar, leiðir til þeirrar niðurstöðu að samkeppni verði virk á smásölumörkuðum þó að engar kvaðir giltu á aðliggjandi heildsölumörkuðum er ekki talin ástæða til þess að beita kvöðum á viðkomandi heildsölumarkaði. Því er ætlast til þess að staðan á tengdum smásölumörkuðum sé skoðuð áður en lengra er haldið.

Málsmeðferð við markaðsgreiningar verður að mörgu leyti óbreytt frá því sem verið hefur. Nýmæli er að kveðið er á um tímafrest til að ljúka markaðsgreiningum. Niðurstöður markaðsgreininga hafa verið tilkynningarskyldar af hálfu Fjarskiptastofu til ESA og síðarnefnd stofnun hefur getað krafist þess að drög að ákvörðun verði dregin til baka ef hún er ekki í samræmi við skuldbindingar samkvæmt EES-samningnum. Þessi tilkynningarskylda verður áfram til staðar en við meðferð á því stigi bætist möguleg ráðgefandi álitsgjöf evrópsks hóps eftirlitsaðila á sviði fjarskipta (BEREC). Þá er gert ráð fyrir að ESA geti í afmörkuðum undantekningartilvikum haft afskipti af ákvörðun um álagningu kvaða. Fjallað er um þennan hluta málsmeðferðarinnar í athugasemdum við 7. gr. frumvarpsins sem varð að lögum um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 69/2003 (þskj. 961, 600. mál á 128. lögb. 2002–2003). Lög nr. 75/2021, um Fjarskiptastofnu, hafa nú leyst lög nr. 69/2003 af hólmi og er 28. gr. þeirra samhljóða 7. gr. laga nr. 69/2003, utan 3. mgr. sem er nýmæli.

Ákvæðum er varða álagningu kvaða fjölgar töluvert en mörg þeirra snúast þó um einföldun og er ætlað að draga úr fjölda álagðra kvaða og flækjustigi við málsmeðferð. Gert er ráð fyrir því að ef ástæða er til að leggja á kvaðir þá verði fyrst skoðað hvort það gæti dugað að leggja á kvöð um aðgang að mannvirkjum, svo sem lagnaleiðum, og gera þannig samkeppnisaðilum

² Sjá reglur Póst- og fjarskiptastofnunar (nú Fjarskiptastofu) og Samkeppniseftirlitsins, nr. 1001/2019, um meðferð og úrlausn fjarskipta- og póstmála (B-deild Stjórnartíðinda, útgáfud. 20. nóvember 2019).

kleift að leggja sín eigin net áður en aðgangur að netum og þjónustu fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk er skoðaður.

Fjarskiptafyrirtækjum með umtalsverðan markaðsstyrk gefst nú kostur á að leggja fram tilboð um skuldbindingar varðandi sameiginlegar fjárfestingar, aðskilnað starfsemi og almennar kvaðir og geta slík tilboð leitt til þess að kvöðum verði létt af fyrirtækjunum að einhverju leyti.

Ný kvöð sem bætist við felst í því að Fjarskiptastofa getur, ef aðrar kvaðir hafa ekki reynst fullnægjandi, kveðið á um aðskilnað rekstrareininga lóðrétt starfandi fyrirtækis sem hefur umtalsverðan markaðsstyrk.

Gert er ráð fyrir að sérstök ákvæði um aðgang að leigulínum og heimtaugum sem er að finna í 33. og 34. gr. gildandi fjarskiptalaga falli brott en mögulegt er að kveða á um slíkan aðgang með ákvörðun í kjölfar markaðsgreiningar eftir því sem þurfa þykir.

Nýi fjarskiptapakinn gerir ráð fyrir að skilgreint sé hámarksverð á tiltekinni þjónustu. Dæmi um það varðar hámarksverð fyrir reiki á Evrópska efnahagssvæðinu, sem er einnig að finna í gildandi fjarskiptalögum. Nýmæli er að heildsöluverð fyrir lúkningu símtala og SMS verður ákveðið fyrir allt Evrópska efnahagssvæðið. Mun það gilda gagnvart öllum símafyrirtækjum. Ákvæðið gerir það óþarft að Fjarskiptastofa framkvæmi greiningu á heildsölumörkuðum fyrir lúkningu og taki ákvörðun um verð og mun þetta einfalda stjórnsýslu á þessu sviði verulega. Þá má nefna nýtt ákvæði um hámarksmásöluverð á millilandasímtölum innan Evrópska efnahagssvæðisins.

3.5. Fjarskiptaleynd og friðhelgi einkalífs á sviði fjarskipta.

Í XIII. kafla frumvarpsins er fjallað um fjarskiptaleynd og friðhelgi einkalífs á sviði fjarskipta. Fjarskiptaleynd er ein af þeim grundvallarreglum sem eiga að tryggja friðhelgi einkalífsins. Fjarskiptaleynd felur í sér að efnisinnihald fjarskipta, svo sem efni símtala, skilaboða og því um líku skuli ávallt eytt þegar því hefur verið komið til móttakanda. Þetta er ólíkt gögnum um fjarskipti, þ.e. svokölluðum fjarskiptaumferðarupplýsingum, sem eru upplýsingar um sendingu eða símtal. Slík gögn getur verið nauðsynlegt að geyma til reikningagerðar, vegna rannsóknar sakamála o.fl. Hugtakið fjarskiptaleynd er samofið ákvæðum um öryggi upplýsinga á fjarskiptanetum enda ljóst að fjarskiptaleynd, sem og leynd um fjarskiptaumferðarupplýsingar, getur rofnað komi til öryggisatviks hjá fjarskiptafyrirtæki.

Með tilskipun 2002/58/EB og forvera hennar voru meginreglur sem settar voru fram í tilskipun 95/46/EB, um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga, yfirfærðar í sértækar reglur fyrir fjarskiptasviðið og eru ákvæði hennar viðbót og nánari umfjöllun um ákvæði síðarnefndu tilskipunarinnar, sbr. 2. mgr. 1. gr. og 4. lið inngangsorða tilskipunar 2002/58/EB. Ákvæði umræddrar tilskipunar er varða fjarskiptaleynd voru innleidd í 42. og 47. gr. gildandi fjarskiptalaga og gera þá kröfu að innihald fjarskiptasendinga sé ekki geymt og upplýsingum um fjarskiptaumferð skuli eytt.

Hin nýja tilskipun á sviði fjarskipta sem innleiða á með þessu frumvarpi tekur ekki til fjarskiptaleyndar og friðhelgi einkalífs á sviði fjarskipta. Því eru ekki lagðar til miklar efnisbreytingar á ákvæðum þessa kafla frá gildandi fjarskiptalögum. Aftur á móti hefur framsetning ákvæða breyst nokkuð. Ástæða þess er sú að í gildandi fjarskiptalögum eru samtvinnuð ákvæði um fjarskiptaleynd og öryggi fjarskipta. Fjarskiptaleynd byggist aftur á móti, líkt og áður segir, á tilskipun sem tilskipun (ESB) 2018/1972 breytir ekki. Sú síðastnefnda geymir hins vegar ákvæði um öryggi fjarskipta. Því þykir rétt að aðgreina þessi efnisákvæði í fyrirhuguðum nýjum fjarskiptalögum. Þá er jafnframt von á nýrri reglugerð frá Evrópusambandinu sem leys-

ir af hólmi tilskipunina um persónuvernd í fjarskiptum (2002/58/EB). Fyrirséð innleiðing þeirrar reglugerðar ætti því að verða einfaldari en ella með þeirri uppskiptingu sem lögð er til í þessu frumvarpi.

3.6. Viðurlög.

Samkvæmt 29. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972 ber aðildarríkjum skylda til þess að setja reglur um viðurlög vegna brota á ákvæðum landsréttar til innleiðingar á henni, þ.m.t. stjórnvaldssektir og dagsektarheimildir. Þá segir í 2. másl. 1. tölul. 29. gr. að landsbundin stjórnvöld og önnur lögbær yfirvöld skuli hafa vald til að leggja á slík viðurlög. Samkvæmt gildandi lögum getur Fjarskiptastofa eingöngu lagt á dagsektir en hún hefur ekki haft almenna heimild til að leggja á stjórnvaldssektir vegna brota á fjarskiptalögum.

Beiting viðurlaga vegna brota á fjarskiptalögum hefur verið á hendi dómstóla að undangenginni kærumeðferð af hálfu ákærvaldsins. Ljóst er að það fyrirkomulag uppfyllir ekki kröfu tilskipunarinnar um að eftirlitsstjórnvaldið skuli hafa vald til að beita viðurlögum. Þá sýnir reynslan að það er nánast óþekkt að brot á fjarskiptalögum hafi komið til ákærumeðferðar og úrlausnar fyrir dómstólum þrátt fyrir að Fjarskiptastofa hafi tekið fjölmargar ákvarðanir um brot á fjarskiptalögum á umliðnum árum. Ætla má að fjarskiptalög séu of sérhæfð til þess að það sé raunhæfur kostur að beiting viðurlaga sæti eingöngu ákærumeðferð og úrlausn dómstóla. Leggja verður til grundvallar að það feli í sér skilvirkara fyrirkomulag að beiting viðurlaga sé einnig á hendi þess sérfræðistjórnvalds sem hefur eftirlit með framkvæmd laganna. Á sama tíma verður jafnframt að gera ráð fyrir að brot geti verið svo alvarleg og umfangsmikil að þau eigi frekar heima hjá dómstólum. Í frumvarpinu er lagt til að slík mál fari til dómstóla en það verði hlutverk Fjarskiptastofu að meta hvort slík skilyrði séu uppfyllt. Með þeirri reglu er jafnframt kveðið á um að mál geti ekki farið í ákærumeðferð án undangenginnar skoðunar Fjarskiptastofu. Ákvæði frumvarpsins hvað þetta varðar er sama efnis og sams konar ákvæði í 57. gr. laga um fjölmiðla, nr. 38/2011.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að í viðurlagakafla bætist ákvæði um stjórnvaldssektir sem Fjarskiptastofa getur beitt vegna brota á fjarskiptalögum. Til að uppfylla kröfu um skýrleika refsheimilda er farin sú leið að tilgreina sérstaklega þau ákvæða laganna sem geta verið andlag sektar ásamt því að orða stutta verknaðarlýsingu fyrir hvert ákvæði fyrir sig, þ.e. í hverju hin brotlega háttsemi gæti verið falin. Við smíði þessa ákvæðis var leitað fyrirmyndar í ákvæði um heimild Persónuverndar til að leggja á stjórnvaldssektir samkvæmt ákvæðum laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 90/2018, að því er varðar fjárhæð sekta. Enn fremur var horft til samkeppnislaga að því er framsetningu varðar.

Við mat á því hvaða ákvæði frumvarpsins ættu að varða mögulegum stjórnvaldssektum var horft til verndarhagsmuna ákvæðanna, mögulegra áhrifa og afleiðinga af brotum gegn þeim. Þá var einnig horft til eðlis mögulegra brota, þ.e. hvort um væri að ræða líkleg einskiptisbrot *ex post*, sem átt hefur sér stað, fremur en ástandsbrot sem vara þangað til látið er af háttseminni. Fyrri tegundin kallar frekar á stjórnvaldssektir en hin síðari fellur betur að beitingu dagsektarheimilda. Þó verður að gera ráð fyrir að brot sem í eðli sínu eru ástandsbrot, t.d. ólögsmæt synjun um að veita aðgang að netum eða aðstöðu, geta verið svo langvarandi og alvarleg að rétt sé að leggja á stjórnvaldssekt.

Ákvæði kaflans sem lýtur að refsingum, þ.e. viðurlögum sem beitt er af dómstólum að undangenginni ákærumeðferð, er að mestu óbreytt frá gildandi lögum. Þó er búið að herða á skýrleika refsheimildarinnar með því að tilgreina þau ákvæði sem geta verið andlag refsinga en þau eru þau sömu og geta varðað stjórnvaldssektum.

3.7. Um gjaldtöku fyrir tíðniafnot.

Tíðnirófið innan lögsögu Íslands er eftirsótt og takmörkuð auðlind. Fjarskiptatíðnir eru undir stjórn íslenska ríkisins og tímabundin heimild til afnota af þeim leiðir hvorki til eignarréttar né varanlegs nýtingar- eða ráðstöfunarréttar, sbr. 1. mgr. 7. gr. laga um fjarskipti, nr. 81/2003.

Notkun tíðna er undirstaðan í þráðlausum fjarskiptum af öllum toga, hvort sem um er að ræða sjónvarps- og útvarpssendingar eða farnetsþjónustu. Í ljósi þess hversu fjarskiptaþjónusta er mikilvæg og almennt útbreidd hefur skapast um hana mikilvæg og ört vaxandi atvinnugrein. Hinn 1. janúar 1998 var fjarskiptastarfsemi gefin frjáls hér á landi og frá sölonni á Símanum hf. í ágúst 2005 hefur almenn farsímaþjónusta eingöngu verið á hendi einkaaðila og að jafnaði skilað hagnaði, a.m.k. þegar til lengri tíma er litið.

Þegar fjarskiptastarfsemi var á hendi ríkisins hér á landi, eins og í flestum ríkjum Evrópu, tíðkaðist ekki að innheimta sérstök gjöld fyrir afnot af tíðnirófinu enda skiluðu tekjur af fjarskiptastarfsemi sér annaðhvort beint í ríkissjóð eða óbeint með vaxandi verðmæti hins ríkisrekna fjarskiptafyrirtækis. Þegar einkaréttur ríkisins var afnuminn var talið rétt og sanngjarnt að skattleggja afnot af auðlindinni, þ.e. að ríkissjóður fyrir hönd þjóðarinnar, eiganda auðlindarinnar, fengi sanngjarnt endurgjald fyrir afnotin sem eru grundvöllurinn að verðmætasköpuninni. Því hefur verið farin sú leið víðast hvar í Evrópu að innheimta gjöld fyrir afnot af verðmætum tíðnum og hafa ýmsar leiðir verið farnar í því sambandi. Í flestum tilvikum eru tíðniheimildir boðnar upp og seldar hæstbjóðanda og hafa umtalsverðar tekjur skilað sér í ríkissjóð viðkomandi landa með þeim hætti. Undanfarin ár hafa tekjur vegna tíðniúthlutana runnið í fjarskiptasjóð í samræmi við 2. mgr. 6. gr. laga um fjarskiptasjóð, nr. 132/2005.

Hér á landi greiða notendur tíðna jafnframt árlegt gjald fyrir notkun þeirra en það grundvallast á lögum um Fjarskiptastofu, nr. 75/2021 (22. gr.). Tekjum af gjaldinu hefur frá upphafi verið ætlað að renna til Fjarskiptastofu og standa undir kostnaði við stjórnsýslu og eftirlit, svo sem vegna truflana en þær aukast í hlutfalli við úthlutun og notkun fjarskiptatíðna.

3.7.1. Gjaldtökuheimildir.

Á grundvelli 7. mgr. 11. gr. gildandi laga um fjarskipti, nr. 81/2003, hefur Fjarskiptastofa heimild til að viðhafa uppboð við úthlutun réttinda til notkunar á tíðnum, að fengnu samþykki frá ráðherra. Samkvæmt ákvæðinu getur Fjarskiptastofa ákveðið tiltekið lágmarksboð í tíðnir. Lágmarksboð samkvæmt ákvörðun stofnunarinnar getur þó aldrei numið hærri fjárhæð en fimmtánföldu árgjaldi fyrir nýtingu á viðkomandi tíðnum. Árgjöld fyrir nýtingu tíðna eru skilgreind í 22. gr. laga um Fjarskiptastofu, nr. 75/2021.

Með öðrum orðum hefur Fjarskiptastofa heimild til að innheimta árgjald og jafnframt gjöld við úthlutun tíðna í upphafi, ef efnt er til uppboðs. Taki stofnunin ákvörðun um að endurnýja tíðniheimildir, samkvæmt annarri aðferð, er heimild til gjaldtöku vegna afnota af tíðniauðlindinni ekki til staðar. Aðstæður eru ekki alltaf með þeim hætti að rétt þyki að viðhafa uppboð við úthlutun tíðna. Í þeim tilvikum þegar gildistími tíðna er að renna út, en þær eru enn í fullri notkun fjarskiptafyrirtækja, sem hafa jafnvel byggt upp fjarskiptanet á viðkomandi tíðnisviði, getur verið réttlæt看legt og sanngjarnt að endurnýja tíðniheimildir án undangengins uppboðs. Í slíkum tilvikum skortir hins vegar heimild til að innheimta gjöld við endurnýjun heimildarinnar líkt og eðlilegt væri ef um almenna úthlutun væri að ræða. Skv. 32. gr. gildandi reglugerðar nr. 1047/2011, um skipulag og úthlutun tíðna í fjarskiptum, er meginreglan sú að endur-

nýja skuli tíðniheimildir við lok gildistíma enda hafi það ekki skaðleg áhrif á samkeppni eða skipulag tíðnirófsins.

Á árunum 2022–2023 mun gildistími fjölmargra tíðniheimilda renna út. Þetta eru tíðnir sem nú eru notaðar til að veita GSM-, 3G- og 4G-þjónustu. Búast má við því að hluti þeirra verði notaðar fyrir 5G-þjónustu þegar sú tækni hefur að fullu rutt sér til rúms. Umræddar tíðniheimildir liggja á nokkrum tíðnisviðum og eru af mismunandi stærð:

Flokkur	Tíðnisvið til endurúthlutunar	Stærð (MHz)	Samt. (MHz)
800 MHz	796-806/837-847 + 811-821/852-862 MHz	2x20	40
900 MHz	880-915 / 925-960 MHz	2x34,8	69,6
1800 MHz	1710-1785 / 1805-1880 MHz	2x73,8	147,6
2100 MHz	1920-1980 / 2110-2170 MHz	2x60	120
3600 MHz	3400-3800 MHz	300	300
	Samtals	677,2	677,2

Þegar tíðniheimildir eru ekki boðnar upp er ekki fyrir hendi almenn og gild gjaldtökuheimild. Þegar þessi staða hefur komið upp hefur löggjafinn sett sérstaka gjaldtökuheimild sem gildir fyrir tiltekna tíðniúthlutunir. Þetta var t.d. gert við úthlutun á 2100 MHz-tíðnisviðinu samkvæmt lögum um þriðju kynslóð farsíma, nr. 8/2005, og með sérstökum gjaldtökuákvæðum í formi bráðabirgðaákvæða við endurnýjun tíðniheimilda á 900 og 1800 MHz-tíðnisviðunum árið 2012, sbr. lög um breytingu á fjarskiptalögum, nr. 146/2010, og við úthlutun á 800 MHz-tíðnisviðinu árið 2013, sbr. lög um breytingu á fjarskiptalögum, nr. 163/2011.

Í lok síðasta árs fengu tíðniréttthafar framangreindra tíðniheimilda þær endurnýjaðar til skamms tíma eða til 31. mars 2023. Við lok þess gildistíma þykir rétt að gera ráð fyrir þeim möguleika að þær kunni að verða endurnýjaðar til umráða fyrir núverandi tíðniréttthafa til langs tíma eða til allt að tuttugu ára. Í ákvæði til bráðabirgða III í frumvarpinu er fyrirhugað að lögfesta slíka gjaldtökuheimild vegna mögulegrar endurnýjunar á framangreindum tíðniheimildum til núverandi tíðniréttthafa. Hér er um að ræða nokkurs konar varúðarráðstöfun og rétt að taka fram að með henni er ekki verið að binda hendur Fjarskiptastofu um að endurnýja tíðniheimildirnar til umráða núverandi tíðniréttthafa ef stofnunin kemst að niðurstöðu um að æskilegra sé að endurúthluta þeim á annan hátt.

3.7.2. Ákvörðun upphæðar gjalds vegna endurúthlutunar.

Sanngjörn og hæfileg gjöld fyrir tíðniafnot ráðast af ýmsum þáttum, t.d. stærð þess tíðnisviðs sem um ræðir og til hversu langs tíma tíðninni er úthlutað. Til viðbótar þessu eru ýmsar breytur sem hafa áhrif á verðlagninguna, t.d. hvort tíðnin sé til frjálsra afnota (tæknilega hlutlaus) eða hvort afnot hennar eru bundin íþyngjandi kvöðum, t.d. um útbreiðslu og gæði þjónustu.

Almennt má segja að fjárhagslegt verðgildi tíðniheimildar minnki eftir því sem fleiri kvaðir hvíla á henni. Verðgildið felst þá í þeim skuldbindingum sem lagðar eru á tíðniréttthafann, oftast um að byggja upp fjarskiptanet innan tilskilins tíma og ná tilteknum útbreiðslumarkmiðum sem hafa ákveðið samfélagslegt gildi. Þá eru kröfur um gæði fjarskipta æ mikilvægari þáttur í nútímafjarskiptum og eru álitnar íþyngjandi kvaðir. Ef lagðar eru slíkar íþyngjandi kvaðir á tíðniréttthafann minnkar að líkindum svigrúm til þess að afla fjárhagslegs endurgjalds fyrir afnotin.

Þá hefur það verið viðtekið að taka hærra gjald fyrir tíðnir sem liggja neðar í tíðnirófinu, t.d. fyrir neðan 1000 MHz. Þær eru langdrægari og gefa því möguleika á góðri útbreiðslu á

hagkvæman hátt með færri sendum en ella. Þau tíðnisvið sem ofar liggja í tíðnirófinu eru ekki eins langdræg en eru bandvíðari og bera þar af leiðandi meira gagnamagn sem er kostur við útbreiðslu á þéttbýlum stöðum og/eða þar sem fjarskiptanotkun er mikil. Flokkun á verðgildi tíðna eftir því hvar þær liggja í tíðnirófinu endurspeglast einnig í árgjöldum fyrir tíðniréttindi skv. 22. gr. í gildandi lögum um Fjarskiptastofu.

Við ákvörðun um grundvöll verðlagningar fyrir endurúthlutun þeirra tíðniheimilda sem vikið er að í ákvæði til bráðabirgða III er gagnlegt að horfa til þess hvernig þessar tíðnir hafa áður verið verðlagðar í sérstökum gjaldtökuákvæðum sem Alþingi hefur samþykkt. Við endurúthlutun tíðniheimilda á 900 og 1800 MHz-tíðnisviðunum, sbr. gjaldtökuákvæði í lögum um breytingar á fjarskiptalögum, nr. 146/2010, var tekin 1,5 millj. kr. fyrir hvert MHz af 900 MHz-tíðnisviðinu og 500 þús. kr. fyrir hvert MHz á 1800 MHz-tíðnisviðinu. Á þeim tíma voru tíðnirnar notaðar fyrir GSM- og 3G-þjónustu. Þegar lögfest var sérstakt gjaldtökuákvæði fyrir 800 MHz-tíðnisviðið, sbr. lög til breytinga á fjarskiptalögum, nr. 163/2011, var fyrirséð að þær tíðnir yrðu notaðar fyrir 4G og því verðgildi þeirra talið meira, en teknar voru 3 millj. kr. fyrir hvert úthlutað MHz.

Nú liggur fyrir að tíðniheimildir sem verður endurúthlutað á árunum 2022–2023 verða notaðar fyrir 5G-þjónustu. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að tilteknum tíðniréttindum sé úthlutað með fyrirsjáanleika til 20 ára en það er lengri úthlutunartími en ákvarðaður hefur verið til þessa. Með tilliti til vaxandi nýtingarmöguleika og verðmætasköpunar í fjarskiptum með tilkomu 5G-þjónustu, lengri gildistíma tíðniúthlutunar og að teknu tilliti til verðlagsbóta þykir hæfilegt að gera ráð fyrir 3,5 millj. kr. fyrir hvert úthlutað MHz fyrir tíðniheimildir á 800 og 900 MHz-tíðnisviðunum og 1 millj. kr. fyrir hvert úthlutað MHz á 1800 og 2100 MHz-tíðnisviðunum. Með tilliti til hversu stórt 3,6 GHz-tíðnisviðið er þykir hæfilegt að greiddar verði 350.000 kr. fyrir hvert úthlutað MHz en það er 1/10 af verði tíðniheimildar á tíðnisviði undir 1000 MHz.

Gert ráð fyrir því að gjaldtaka samkvæmt ákvæðinu geti mögulega skilað 750 millj. kr. í tekjur fyrir ríkið, þ.e. ef öllum tíðniheimildunum verður endurúthlutað við lok núgildandi gildistíma þeirra. Gert er ráð fyrir því að umræddar tekjur renni í fjarskiptasjóð, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga um fjarskiptasjóð, nr. 132/2005.

Fyrirséð er umtalsverð efling fyrirliggjandi fjarskiptainnviða og uppbygging nýrra í tengslum við hafin kynslóðaskipti í farnetsþjónustu. Líkur eru á að einhverrar opinberrar aðkomu verði þörf, eigi að viðhalda útbreiðslu nýrrar farnetstækni gagnvart byggð í landinu. Að auki þarf að reikna með mögulegum kostnaði vegna uppbyggingar 5G, einkum í þágu öryggisfjarskipta og samgangna. Leiða má líkur að því að meiri sátt náist um ráðstöfun á tekjum ríkisins vegna ráðstöfunar ofangreindra tíðniheimilda, verði þeim t.d. varið til uppbyggingar 5G utan markaðssvæða.

3.8. Um evrópskan hóp eftirlitsaðila á sviði fjarskipta (BEREC).

Með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1971 frá 11. desember 2018) er kveðið á um hlutverk og umgjörð evrópsks hóps eftirlitsaðila á sviði fjarskipta (BEREC). Markmið BEREC-reglugerðarinnar er einkum að stuðla að samræmdri innleiðingu og framkvæmd fjarskiptaregluverks. BEREC samanstendur af stjórn og vinnuhópum. Með BEREC-reglugerðinni er jafnframt sett á fót BEREC-skrifstofa (e. Agency for Support for BEREC eða The BEREC Office) sem skal veita BEREC þjónustu og aðstoð.

Verkefni BEREC eru meðal annars að aðstoða og veita ráðgjöf um hvers konar tæknileg atriði tengd fjarskiptum, gagnvart evrópskum fjarskiptaeftirlitsstofnunum, Evrópuþinginu,

ráðinu og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og vera stofnunum Evrópusambandsins til aðstoðar við undirbúning löggjafar og leggja mat á þörf fyrir þróun hennar. Enn fremur að gefa út nánari leiðbeiningar sem stuðla eiga að samræmdri framkvæmd fjarskiptaregluverks í Evrópu, að eigin frumkvæði eða beiðni fjarskiptæftirlitsstofnana eða stofnana Evrópusambandsins; að fylgjast með, safna og (eftir því sem við á) birta upplýsingar; gefa út tilmæli og sameiginlegt mat og miðla viðmiðum um bestu framkvæmd regluverksins og eftirlits. Síðast en ekki síst er það hlutverk stjórnar BEREC að gefa út álit. Ef upp kemur álitæfni þvert á landamæri aðildarríkja Evrópusambandsins eru lögbær stjórnvöld (fjarskiptæftirlitsstofnanir ríkja Evrópusambandsins) skuldbundin til að leita álits hjá stjórn BEREC og til að taka ýtrasta tillit til þess. Álit stjórnar BEREC geta einnig lotið að fyrirhuguðum aðgerðum lögbærra stjórnvalda sem gefa þarf framkvæmdastjórninni kost á að gefa umsögn um.

Síðastnefnda atriðið, um valdheimildir stjórnar BEREC, kallaði á aðlögun fyrir EFTA-ríkin innan Evrópska efnahagssvæðisins, í samræmi við tveggja stöða kerfi EES-samningsins. Í samningaviðræðum um aðlögun, vegna upptöku BEREC-reglugerðarinnar og EECC-tilskipunarinnar í EES-samninginn, leituðust EFTA-ríkin innan Evrópska efnahagssvæðisins í fyrsta lagi við að tryggja Eftirlitsstofnun EFTA sambærilegt hlutverk gagnvart EFTA-ríkjunum innan EES og framkvæmdastjórnin gegnir gagnvart aðildarríkjum Evrópusambandsins. Í öðru lagi að fjarskiptæftirlitsstofnanir í EFTA-ríkjunum innan EES fengju fullan þátttökurétt í störfum á vegum stjórnar og vinnuhópa BEREC, svo og BEREC-skrifstofunnar, þó ekki atkvæðisrétt, en afstaða þeirra til mála yrði skrásett sérstaklega í samræmi við eldri fordæmi (svo sem ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um upptöku almennu persónuverndarreglugerðarinnar í samninginn, GDPR), með vísan til 27., 32. og 33. gr. EECC-tilskipunarinnar.

BEREC er einkum ætlað ráðgefandi hlutverk og mun ekki taka bindandi ákvarðanir gagnvart ríkjum. Eftirlit með framkvæmd fjarskiptalöggjafar skal falin lögbæru stjórnvaldi í hverju ríki en að því marki sem regluverkið gerir ráð fyrir að ákvörðunarvald verði í höndum framkvæmdastjórnar ESB gagnvart aðildarríkjum Evrópusambandsins verður það í höndum Eftirlitsstofnunar EFTA að því er EFTA-ríkin innan Evrópska efnahagssvæðisins varðar.

BEREC-reglugerðin var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 274/2021. Með lögum um Fjarskiptastofu, nr. 75/2021, samþykkti Alþingi heimild til handa ráðherra um innleiðingu BEREC-reglugerðarinnar hér á landi í reglugerð, sbr. e-lið 1. mgr. 30. gr. Stefnt er að setningu hennar við gildistöku fyrirhugaðra laga um fjarskipti.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Með frumvarpinu er lagt til að uppfylltar verði þjóðréttarlegar skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með vísan í kafla 2 um tilefni og nauðsyn lagasetningar. Tilskipun (ESB) 2018/1972 var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 275/2021, 24. september sl., með stjórnskipulegum fyrirvara. Við samningu frumvarpsins kom til skoðunar hvort ákvæði þess færu í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944. Mat ráðuneytisins er að svo sé ekki.

5. Samráð.

Frumvarpið var upphaflega lagt fram á 150. löggjafarþingi vorið 2020 (þskj. 1354, 775. mál) þar sem það gekk til umhverfis- og samgöngunefndar eftir 1. umræðu. Það var endurflutt á 151. löggjafarþingi haustið 2020 (þskj. 210, 209. mál) þar sem það gekk á ný til umhverfis-

og samgöngunefndar eftir 1. umræðu. Þrátt fyrir ítarlega umfjöllun fyrir þingnefndinni náði það ekki fram að ganga fyrir þinglok. Frumvarpið er nú lagt fram í þriðja sinn í lítillaga breyttri mynd, einkum að teknu tilliti til ýmissa tillagna umsagnaraðila er fram komu við fyrri þinglega meðferð málsins, vegna nýlega samþykktra laga um Fjarskiptastofu og upptöku fjarskiptapakans frá 2018 í EES-samninginn. Visast enn fremur til laga um breytingu á lögum um fjarskipti, lögum um Fjarskiptastofu og lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri (áfallaþol fjarskiptaþjónustu og fjarskiptaneta), sem samþykkt voru á Alþingi 10. febrúar 2022 (þskj. 502, 169. mál á 152. lögþ.), en frumvarp þetta endurspeglar ákvæði þess.

Frumvarpið varðar einkum hagsmuni markaðsaðila (fjarskiptafyrirtækja), neytendur og Fjarskiptastofu. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti birti áform um endurskoðun löggjafar um fjarskipti í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum Ísland.is og voru þau til umsagnar frá 5. júlí til 12. ágúst 2019, sjá mál nr. S-176/2019. Umsagnar var óskað frá haghöfum um þau en aðeins barst ein umsögn. Ráðuneytið og Fjarskiptastofa efndu til opins kynningarfundar um nýja fjarskiptapakann í lok ágúst 2019 og voru drög að frumvarpi þessu birt til umsagnar í samráðsgáttinni í árslok 2019, þ.e. frá 9. desember 2019 til 9. janúar 2020, sjá mál nr. S-304/2019 og við lokafrágang frumvarpsins meðal annars tekið mið af þeim.

Við fyrri þinglega meðferð frumvarps til nýrra heildarlaga um fjarskipti, á 150. og 151. löggjafarþingi, barst umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis nokkur fjöldi umsagna. Með frumvarpi þessu er lagt til að brugðist verði við ýmsum tillögum að breytingum á frumvarpinu eins og það var lagt fyrir Alþingi á 151. löggjafarþingi (þskj. 210, 209. mál). Helstu breytingar frá fyrri framlagningu eru eftirtaldar. Skerpt hefur verið á orðalagi og hugtakanotkun að nokkru leyti og orðskýringarákvæði 5. gr. endurskoðað. Við 22. gr. hefur bæst nýr staflíður (k). Ákvæði er varða notendabúnað fyrir hljóð- og myndmiðlun færast úr 26. gr. í 39. gr. og yfirskrift hennar breytist til samræmis. Breytingar eru lagðar til á 34. gr. um aðgang að landi og mannvirkjum, er stuðla eiga að skjótari úrlausn ágreinings um fjarskiptalagnir. Felld er brott heimild til álagningar kvaða á grundvelli 3. mgr. 38. gr. að eigin frumkvæði Fjarskiptastofu og lokamálsliður 3. mgr. umorðaður. Ákvæði um eftirlit með gjaldskrá verði gerð skýrari (1. og 3. mgr. 52. gr.), svo og 75. gr. (vanskil). Í 54. gr. verði gert ráð fyrir að líta beri til viðskiptasamninga við einstök ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins er kveða á um hámarksverð fyrir símtöl í reikiþjónustu og millilandafjarskipti ef við á (svo sem Bretlands). Í 62. gr. er gert ráð fyrir að réttur til alþjónustu nái einnig til örfélaga í skilningi laga um ársreikninga á stöðum þar sem þau eru með heilsársstarfsemi. Það sem áður var f-liður í 1. mgr. 71. gr. fellur brott. Ákvæði 78. gr. frumvarpsins (skipulag net- og upplýsingaöryggis og umgjörð áhættustýringar) tekur breytingum til samræmis við ákvæði laga um breytingu á lögum um fjarskipti, lög um Fjarskiptastofu og lög um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri (áfallaþol fjarskiptaþjónustu og fjarskiptaneta). Þá er lögð til breyting á 80. gr. sem varðar upplýsingar um öryggisatvik, aðgengi að þeim verði tryggt vegna framkvæmdar eftirlits á grundvelli 79. gr. Lagt er til að lögfest verði í 86. gr. heimild til handa ráðherra um að veita undanþágu frá banni við botnveiðum yfir fjarskiptasæstrengjum. Lagt er til að í 87. gr. verði vísun til farneta skipt út fyrir orðið fjarskiptanet, orðalagi breytt lítillaga og nýjum 2. málsl. verði bætt við 3. mgr. Þá er lögð til breyting á 92. gr. sem varðar form gagna sem skylt er að afhenda lögreglu. Lagt er til að nýmæli um áreiðanleika neyðar- og öryggisfjarskipta verði fundinn staður í nýrri 95. gr.

Lagt er til að gildistaka nýrra laga verði um mitt ár 2022, en eins og fram hefur komið var ákvörðun um upptöku EECC-tilskipunarinnar í EES-samninginn tekin með stjórnskipulegum fyrirvara 24. september 2021 og öðlast gildi þegar Ísland hefur aflétt honum. Póst- og

fjarskiptastofa heitir nú Fjarskiptastofa, sbr. lög nr. 75/2021. Vegna þeirra er lítil þörf á frekari breytingum á gildandi lögum um stofnunina. Loks er í 109. gr. nú lagt til kveðið verði á um að gildandi fjarskiptalög skuli gilda um markaðsgreiningar og ákvarðanir um kvaðir sem eru í vinnslu en er ólokið við gildistöku nýrra laga, enda hafi drög að markaðsgreiningu eða fyrirhuguðum kvöðum verið birt til samráðs fyrir gildistöku nýju laganna (þetta gildi aðeins tímabundið).

6. Mat á áhrifum.

Á sameiginlegum innri markaði Evrópu, þ.m.t. á sviði fjarskipta, er rík áhersla á einsleitni og samræmda framkvæmd regluverks. Uppfærsla regluverks á Íslandi til samræmis við meginland Evrópu á að stuðla að framförum, fjárfestingum, samkeppni, hagkvæmni, samnýtingu og neytendavernd. Skynsamleg uppbygging fjarskiptainnviða, ekki síst vegna fyrirsjáanlegrar 5G uppbyggingar, er þjóðhagslega mikilvæg fyrir Ísland. Núgildandi regluverk er að mörgu leyti úrelt vegna framfara í tækni og þjónustu.

Tilskipun (ESB) 2018/1972, EECC-tilskipunin eða „kóðinn“, er ný grunngerð eða uppfærsla meginefnisreglna á fjarskiptamarkaði, sem felur í sér allnokkrar breytingar á eldra regluverki. Þó svo að fyrirsjáanlega verði um talsverðar breytingar á landsrétti að ræða, verði frumvarp þetta að lögum, er ljóst að ekki verður um eðlisbreytingu að ræða.

EECC-tilskipunin geymir ýmis nýmæli sem eru til þess fallin að auðvelda og bæta enn frekar aðstöðu stjórnvalda til að leggja mat á árangur umbóta í lagaumgjörð fjarskipta og framkvæmd hennar á hverjum tíma.

Verði frumvarpið að lögum er áætlað að kostnaður ríkisins geti aukist um allt að 185 millj. kr. á ári og felist að öllu leyti í auknum kostnaði við starfsemi Fjarskiptastofu.

Áætluð kostnaðaraukning byggir á greiningu Fjarskiptastofu á þeim auknu verkefnum sem stofnuninni eru falin samkvæmt ákvæðum frumvarpsins og viðmiðum um hvernig framkvæmd þeirra yrði háttáð. Við þá greiningu var höfð hliðsjón af raunkostnaði og reynslutölum, með samanburði á kostnaði hliðstæðra verkefna, svo sem er varðar kostnað vegna stöðugilda, búnaðar (þ.m.t. hugbúnaðar), þjálfunar og ferða. Sá kostnaðarliður sem vegur þyngst er launakostnaður vegna fjölgunar stöðugilda hjá stofnuninni á komandi árum. Í kostnaðarútreikningi var bæði horft til mögulegra breytinga á varanlegum kostnaði og tímabundnum kostnaði.

Þau ákvæði frumvarpsins sem einkum hafa áhrif á kostnað stofnunarinnar varða auknar kröfur um öryggi fjarskipta og aukið flækjustig á fjarskiptamarkaði vegna 5G uppbyggingar. Þá geta örar tæknibreytingar með tilheyrandi breytingum á högun og samsetningu fjarskiptaneta sem og breytingar á framboði fjarskiptaþjónustu haft veruleg áhrif á kostnað við eftirlit og stjórnsýslu.

Með stöðugri fjölgun og auknum alvarleika netógnna sem reyna látlaust á öryggi fjarskiptaneta, síaukinni notkun fjarskipta og mikilvægi þeirra sem og breytinga hjá markaðsaðilum, svo sem á eignarhaldi, hefur áhersla samfélagsins á áfallaþol og áreiðanleika fjarskipta og fjarskiptaleynd aukist verulega. Ákvæði frumvarpsins gera Fjarskiptastofu betur kleift að bregðast við þessari samfélagskröfu en í því felst jafnframt kostnaður. Í þessu sambandi er sérstaklega horft til aukins hlutverks Fjarskiptastofu með tilliti til sjónarmiða er varða almannahagsmuni og þjóðaröryggi á sviði fjarskipta.

Helstu verkefni Fjarskiptastofu sem leiða má af frumvarpinu og fela í sér ný útgjöld eða aukinn kostnað eru:

- Aukið eftirlit með öryggi fjarskiptaneta og fjarskiptaþjónustu.
- Þróun eftirlits og önnur viðfangsefni sem tengjast 5G uppbyggingu.

- Aukin áhersla á markaðsgreiningar sem leitt geta til breytinga á kvöðum.
- Þátttaka Fjarskiptastofu á vettvangi evrópsks hóps eftirlitsaðila á sviði fjarskipta (BEREC).
- Aukin áhersla og frekari þróun á gagnagrunni almennra fjarskiptaneta (GAF).
- Kaup og innleiðing á nýjum búnaði.
- Nauðsynleg endurþjálfun starfsfólks Fjarskiptastofu.
- Þýðingar alþjóðlegra viðmiða og staðla.

Innleiðing ákvæða 109. og 110. gr. EECC-tilskipunarinnar um samevrópskt neyðarnúmer og opinber viðvörðunarkerfi hafa snertifleti við starfsemi Neyðarlinunnar (112) og kann fjárþörf vegna nýs búnaðar að nema allt að 35 millj. kr. á ári og rekstrarkostnaður að aukast um allt að 20 millj. kr. Gera má ráð fyrir auknum tekjum vegna úthlutana tíðniheimilda að fjárhæð 20 millj. kr. á ári, sbr. 22. gr. laga um Fjarskiptastofu, nr. 75/2021. Má því segja að hrein útgjaldaaukning fyrir ríkissjóð verði um 165 millj. kr. á ári. Draga kann úr þessari fjárþörf á seinni hluta áratugarins þegar kemur að úthlutun á háum tíðnum fyrir 5G en á móti kemur að ný verkefni tengd notkun 5G á háum tíðnum gætu bæst við.

Að því er varðar tilfallandi tekjur ríkisins vegna nýrra eða endurúthlutunar tíðniheimilda vísast til kafla 3.7.2 í greinargerð.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að tilteknum tíðniheimildum verði úthlutað með fyrirsjáanleika til tuttugu ára, en það er lengri úthlutunartími en ákvarðaður hefur verið til þessa. Nú liggur fyrir að tíðniheimildir sem verður endurúthlutað á árunum 2022–2023 verða notaðar fyrir 5G þjónustu.

Gert er ráð fyrir því að gjaldtaka samkvæmt bráðabirgðaákvæði geti mögulega skilað 750 millj. kr. í einkis tekjur fyrir ríkið, þ.e. ef öllum tíðniheimildunum verður endurúthlutað við lok gildistíma þeirra.

Gert er ráð fyrir að kostnaðaraukning vegna frumvarpsins falli til frá þeim tíma sem það verður að lögum. Kostnaðaraukning ársins 2022 er því háð gildistöku laganna.

Áætluð kostnaðaraukning, verði frumvarpið að lögum, er ófjármögnuð í fjármálaáætlun 2022–2026. Það er því gert ráð fyrir að ófjármagnaður kostnaður verði tekinn til skoðunar við endurskoðun fjármálaáætlunar.

Hluti kostnaðaraukningar felst í auknum eftirlitskostnaði. Samkvæmt lögum um Fjarskiptastofu skal innheimta rekstrargjald af fjarskiptafyrirtækjum sem hlutfall af tekjum þeirra sem nemur öllum eftirlitskostnað. Því kemur til skoðunar að hækka hlutfallstölu rekstrargjalds.

Að fenginni heimild fjármála- og efnahagsráðuneytis mætti á næstu árum fjármagna kostnaðaraukningu vegna eftirlits að hluta til með því að nýta bundið eigið fé Fjarskiptastofu sem nemur nú 200 millj. kr. Með þeim hætti mætti forðast eða draga úr hækkan hlutfallstölu rekstrargjalds.

Verði frumvarpið að lögum mun það hafa áhrif á starfsemi fjarskiptafyrirtækja, sér í lagi þeirra sem reka fjarskiptanet. Gera má ráð fyrir að kostnaður kunni að aukast hjá einhverjum þeirra vegna ríkari krafna sem tengjast öryggi fjarskiptaneta. Þá felur frumvarpið í sér auknar kröfur um upplýsingagjöf en ætla má að kostnaður fjarskiptafyrirtækja vegna þess verði ekki verulegur.

Á móti má gera ráð fyrir að aukin áhersla á samnýtingu fjarskiptainniða, þ.e. fjarskiptavirkja og einstaka netþátta, leiði til verulega minni kostnaðar fyrir fjarskiptafyrirtæki

en ellegar hefði orðið. Með þeirri nútímavæðingu regluverksins sem í frumvarpinu felst má ætla að fjarskiptafyrirtækjum skapist ýmis tækifæri til frekari tekjuöflunar eða hagræðingar.

Vegna ákvæðis 50. gr. BEREC-reglugerðarinnar um hámarksgjaldtöku gagnvart neytendum vegna símtala innan Evrópu og fyrir smáskilaboð kunna markaðsaðilar að verða fyrir tekjumissi en neytendur njóta á móti góðs af.

Ekki er hægt að leggja mat á nettó áhrif kostnaðarbreytinga hjá fjarskiptafyrirtækjum, né hvort eða með hvaða hætti þær kunni að snerta atvinnulíf og neytendur.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ekki er um efnislegar breytingar að ræða frá því sem gildandi lög, nr. 81/2003, gera ráð fyrir, nema að því leyti ekki þykir ástæða til að gera greinarmun á fjarskiptum innan húsakynna heimilis, fyrirtækis eða stofnunar með þræði eða þráðlausum í 2. mgr. Með frumvarpinu er lagt til að markmiðsákvæði verði flutt í 2. gr.

Um 2. gr.

Lagt er til að markmið verði skilgreind í samræmi við 3. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972. Ákvæðið er ítarlegra en gildandi fjarskiptalög kveða á um. Þannig er í 1. mgr. lögð áhersla á að tryggja á Íslandi aðgengileg, greið, hagkvæm, skilvirk og örugg fjarskipti. Enn fremur er markmið frumvarpsins að stuðla að virkri samkeppni, hagkvæmum fjárfestingum og nýsköpun á fjarskiptamarkaði, í samræmi við áherslur tilskipunarinnar, svo og að vernda neytendur og auka valmöguleika þeirra. Þannig gerir frumvarpið t.d. ráð fyrir ríkri upplýsingaskyldu fjarskiptafyrirtækja að því er varðar áskriftarsamninga við neytendur. Slík skylda nær bæði til upplýsinga sem þurfa að liggja fyrir áður en samningur kemst á sem og á gildistíma samnings.

Í 2. mgr. er lagt til, að fyrirmynd tilskipunarinnar, að fyrirtæki verði nefnd samhliða landsmönnum að því er varðar skyldu ríkisins til að stuðla að því að aðgangur bjóðist að fjarskiptahjónustu og háhraðanetum, eftir því sem unnt er. Vísað er til fastra neta og þráðlausra neta, eftir því sem nánar er mælt fyrir um í öðrum efnisákvæðum frumvarpsins.

Um 3. gr.

Ákvæðið er að fyrirmynd 1. mgr. 2. gr. gildandi fjarskiptalaga. Ráðherra fer með yfirstjórn fjarskiptamála, nú háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra.

Um 4. gr.

Ákvæðið er að fyrirmynd 2. mgr. 2. gr. gildandi fjarskiptalaga. Fjarskiptastofa skal hafa umsjón með fjarskiptum innan lögsögu íslenska ríkisins, þar á meðal notkun fjarskiptatíðnirófs og er nýmæli að vísa sérstaklega til þess. Stofnuninni er enn fremur falið að hafa eftirlit með framkvæmd laganna.

Um 5. gr.

Efni tilskipunar (ESB) 2018/1972 gefur tilefni til ýmissa breytinga á orðskýringum frá því sem er í gildandi lögum um fjarskipti auk þess sem nokkuð er um ný hugtök sem m.a. tengjast nýjum áhersluatriðum tilskipunarinnar, svo sem markmiði um að stuðla að uppbyggingu háhraðaneta, bæði fastra og þráðlausra. Þá er töluvert af hugtökum er snúa að skipan tíðnimála, m.a. vegna 5G-tækni. Ýmis hugtök sem skilgreind eru í gildandi fjarskiptalögum halda sér,

þar á meðal hugtök sem rætur eiga að rekja til annarra ESB-gerða, t.d. að því er varðar net-öryggismál, nethlutleysi, fjarskiptabúnað, alþjóðlegt reiki o.fl.

Mikilvægt er að skilgreiningar hugtaka taki mið af meginreglunni um tæknilegt hlutleysi og megi aðlaga að tækniþróun, þ.m.t. að nýjum netstjórnunarleiðum eins og hermihugbúnaði.

Fjarskiptanet hafa verið að þróast í átt að IP-tækni sem m.a. gerir endanotendum kleift að velja á milli fjölda veitenda símaþjónustu. Hugtakið *almenn talsímaþjónusta* var á sínum tíma fyrst og fremst hugsað fyrir hliðræna talsímaþjónustu sem nú er á útleið. Því hugtaki verður því skipt út fyrir hugtakið *símaþjónusta* sem verður tæknilega óháð og felur m.a. í sér IP-lausrir. Meginþáttur slíkrar þjónustu verður að hún styðst við númer úr innlendu eða alþjóðlegu númeraskipulagi og er tvíátta, þ.e. býður upp á að báðir aðilar geti haft samskipti samtímis. Þjónusta á borð við hnapp á vef þjónustuveitanda uppfyllir ekki skilyrði þess að teljast símaþjónusta. Það gera hins vegar samskipti sem ætluð eru fötluðum einstaklingum sem nota textasímaþjónustu eða heildarsamtalsþjónustu eða margmiðlunarsamtalsþjónustu í rauntíma sem býður upp á tvíátta samhverfan rauntímaflutning á hreyfimynd, textaskilaboðum og tali milli notenda á tveimur eða fleiri stöðum.

Mikil þróun hefur átt sér stað í þjónustu sem nýtt er til rafrænna samskipta og tæknilegum leiðum til að koma slíkum samskiptum til skila. Endanotendur eru í síauknum mæli farnir að skipta út hefðbundinni talsímaþjónustu, textaskilaboðum (SMS) og tölvupósti fyrir IP-talsímaþjónustu (VoIP), skilaboðaþjónustu og tölvupóstþjónustu er byggist á veflausnum. Til að tryggja hag og réttindi endanotenda þegar þeir nýta sér ólíka miðla til samskipta er mikilvægt að skilgreiningar á slíkum rafrænum samskiptaþjónustum byggist fremur á notagildi umræddra þjónustna en beinum tæknilegum viðmiðum eins og áður var.

Í ákvæðinu er að finna skilgreiningu á hugtakinu *almenn fjarskiptanet*. Sambærilega skilgreiningu er að finna í gildandi lögum en nú er sérstaklega tiltekið að fjarskiptanetið styðji við flutning á upplýsingum milli nettengipunkta. Enn er gerð sú krafa að fjarskiptanetið sé að öllu eða mestu leyti notað til að veita almenna fjarskiptaþjónustu. Með almennri fjarskiptaþjónustu er átt við fjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg.

Lagt er til að hugtakið *endabúnaður* verði skilgreint í samræmi við 1. tölul. 1. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2008/63/EB um samkeppni á mörkuðum fyrir endabúnað til fjarskipta.

Gildissvið fjarskiptalaga ætti að vera slíkt að umfangi að unnt sé að ná þeim markmiðum um almannahag sem að er stefnt. Þó að flutningur fjarskiptamerkis sé mikilvægt viðmið varðandi mat á því það hvaða tegundir þjónustu falli undir gildissvið fyrirhugaðra laga ættu þau einnig að ná til þjónustu sem gerir rafræn samskipti möguleg. Frá bæjardyrum endanotanda séð skiptir ekki máli hvort þjónustuveitandi sem hann á viðskipti við flytur fjarskiptamerkið sjálfur eða hvort samskiptin eru flutt um *netaðgangspjónustu*. Með vísun í netið í skilgreiningu á hugtakinu *netaðgangspjónusta* er átt við Internetið. Skilgreining á hugtakinu *fjarskiptaþjónusta* ætti því, að fyrirmynd tilskipunar (ESB) 2018/1972, að vera þriðja og þjónustutegundirnar sem um ræðir geta að hluta til skarast. Í fyrsta lagi telst *netaðgangspjónusta* fjarskiptaþjónusta, í skilningi frumvarpsins, í öðru lagi fjarskiptaþjónusta á milli einstaklinga og í þriðja lagi þjónusta sem felst að öllu eða mestu leyti í því að flytja merki, svo sem flutningsþjónusta sem er notuð til að veita þjónustu milli tækja eða fyrir útsendingu. Uppfærð skilgreining á hugtakinu *fjarskiptaþjónusta* ætti að eyða öllum vafa sem fram hefur komið við notkun hugtaksins í tíð gildandi fjarskiptalaga og gera það mögulegt að hin ýmsu réttindi og skyldur frumvarpsins gildi aðeins um tiltekna tegundir þjónustu.

Til að þjónusta geti talist falla undir hugtakið *fjarskiptaþjónusta*, eins og það er skilgreint í frumvarpinu, þarf hún almennt að vera veitt gegn endurgjaldi. Í stafrænu hagkerfi telja fyrirtæki í auknum mæli að upplýsingar um notendur hafi verðgildi. Fjarskiptaþjónusta er í auknum mæli veitt gegn samþykki endanotenda um að þjónustuveitandi geti nýtt sér persónuupplýsingar eða aðrar upplýsingar um endanotandann í stað beins endurgjalds í formi peninga. Slíkt samþykki getur bæði verið beint og óbeint. Það sama á við um þær aðstæður þegar endanotandi heimilar aðgang að upplýsingum án þess að veita þær beinlínis sjálfur. Það gæti t.d. átt við um upplýsingar um vistföng eða aðrar sjálfvirkar upplýsingar sem t.d. er safnað saman eða fluttar með vefkökum. Þess má geta að dómstóll Evrópusambandsins hefur komist að þeirri niðurstöðu að endurgjald geti falist í því að þriðji aðili, en ekki endanotandi sjálfur, greiði þjónustuveitanda, t.d. í formi auglýsinga. Vísast til máls C-281/06 (Jundt v. Finanzamt Offenburg), enn fremur máls E-6/16 fyrir EFTA-dómstólnum (Fjarskipti hf. gegn Póst- og fjarskiptastofnun).

Fjarskiptaþjónusta milli einstaklinga er samkvæmt ákvæðinu öll sú þjónusta sem veitir möguleika á beinum, gagnvirkum upplýsingaskiptum milli einstaklinga, þ.m.t. hefðbundin símaþjónusta milli tveggja einstaklinga, tölvupóstþjónusta, skilaboðaþjónusta og hópsspjall. Hugtakið nær eingöngu til samskipta milli ákveðins fjölda einstaklinga sem tilgreindir eru af sendanda en ekki til samskipta á milli ótilgreinds hóps. Hugtakið tekur einnig til samskipta þegar lögaðili á í hlut þar sem einstaklingar koma fram fyrir hönd slíkra aðila. Það teljast gagnvirk upplýsingaskipti þegar þjónusta gefur móttakanda upplýsinga tækifæri á að bregðast við þeim. Hugtakið nær því ekki til þjónustu á borð við línulega sjónvarpsútsendingu, myndmiðlun eftir pöntun, vefsíður eða upplýsingamiðlun milli tækja. Þá tekur hugtakið ekki til þjónustu sem gerir gagnvirk fjarskipti milli einstaklinga möguleg en aðeins sem minni háttar viðbótarþátt sem er órjúfanlega tengdur annarri þjónustu. Túlka ber *minni háttar viðbótarþátt* þröngt og frá sjónarhóli endanotenda. Þetta gæti t.d. átt við um samskiptaþræði í nettölvuleikjum sem gerði það að verkum að tölvuleikurinn teldist ekki vera fjarskiptaþjónusta á milli einstaklinga.

Í gildandi samevrópsku regluverki er litið svo á að *fjarskiptaþjónusta milli einstaklinga sem er ótengd númerum* skuli því aðeins lúta reglum að því marki sem almannahagsmunir krefjast. Á hinn bóginn þykir réttlæt看legt að reglubyrði sé meiri gagnvart fjarskiptaþjónustu sem tengd er númerum þar sem slík þjónusta tekur þátt í og getur hagnast á opinberu, tryggðu og gagnvirku vistkerfi (númerakerfi).

Fjarskiptaþjónusta milli einstaklinga sem er tengd númerum nær til þjónustu sem tengist númerum sem úthlutað er úr landsbundnu eða alþjóðlegu númeraskipulagi eða þjónustu sem gerir fjarskipti möguleg við aðila með slík númer. Óveruleg notkun númers sem auðkennisætti ekki að jafngilda slíkri notkun á númeri. *Nettengipunktur* markar skil að því er reglusetningu varðar um fjarskiptanet og fjarskiptaþjónustu annars vegar og fjarskiptabúnað hins vegar. Það er í verkahring fjarskiptaeftirlitsstofnana á Evrópska efnahagssvæðinu að staðsetja nettengipunkta bæði í föstum og þráðlausum netum en nethögun getur verið með ýmsum hætti. Það er svo í verkahring evrópsks hóps eftirlitsaðila á sviði fjarskipta (BEREC), í nánú samstarfi við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, að gefa út leiðbeiningar í þessu sambandi um ólíkar sviðsmyndir sem upp geta komið varðandi staðsetningu nettengipunkta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að hugtökin *almenn fjarskiptaþjónusta*, *farnet*, *fast net*, *netþáttur*, *strengur*, *þráðlaust net* og *þráður* verði skilgreind.

Lagt er til að í frumvarpinu verði skilgreind nokkur hugtök sem varða stöðu notenda fjarskiptaþjónustu með einum eða öðrum hætti. Ólík hugtök fela í sér mismunandi aðstæður í

samskiptum notenda (einstaklinga eða lögaðila) við fjarskiptafyrirtæki sem hefur áhrif á réttarstöðu aðila og er þessi hugtakanotkun að fyrirmynd tilskipunarinnar. Í gildandi lögum er hugtakið *notandi* notað sem samheiti yfir áskrifendur almennt, þ.e. ekki er verið að vísa til tiltekins áskrifanda. Lagt er til að hugtakið *notandi* fái nokkuð víðtækari merkingu, að fyrirmynd tilskipunarinnar, þannig að það nái einnig til einstaklings eða lögaðila sem óskar eftir fjarskiptaþjónustu frá fjarskiptafyrirtæki sem mögulega hyggst endurselja hana til annarra. Þessi merking hugtaksins er ljós þegar hugtakið er borið saman við skilgreiningu á hugtakinu *endanotandi* en það er notandi sem ekki býður almenn fjarskiptanet eða veitir almenna fjarskiptaþjónustu. Þannig má í raun segja að hugtakið *endanotandi* eins og það er skilgreint í frumvarpi þessu hafi sama inntak og hugtakið *notandi* samkvæmt gildandi lögum um fjarskipti og *notandi* komi í stað hugtaksins *áskrifandi* samkvæmt gildandi lögum um fjarskipti.

Þá er lagt til að skilgreint verði hugtakið *neytandi* sem merkir einstakling sem notar eða óskar eftir almennri fjarskiptaþjónustu í öðrum tilgangi en þeim sem tengist atvinnugrein hans, viðskiptum eða starfi. Þetta hugtak er notað þegar fjallað er um réttarstöðu neytenda á einstaklingsmarkaði. Í þessu felst að notandi fjarskiptaþjónustu sem er neytandi getur notið réttinda sem ekki standa til boða fyrir lögaðila sem eru notendur á fyrirtækjamarkaði.

Eins ber að áréttta að þau hugtök frumvarpsins sem varða *öryggi kerfa og þjónustu* og *öryggisatvik* taka einnig til öryggis upplýsinga og fjarskiptaleyndar.

Um 6. gr.

Ákvæðið byggist á 4. gr. gildandi fjarskiptalaga. Áður en fyrirtæki hefur starfsemi á sviði fjarskipta skal tilkynning þar um send til Fjarskiptastofu með nánar tilgreindum lykilupplýsingum. Með orðunum að bjóða fram fjarskiptanet er átt við uppsetningu, rekstur, stjórnun eða það að gera slíkt net aðgengilegt. Að fyrirmynd tilskipunar (ESB) 2018/1972 er í frumvarpinu gert ráð fyrir að fyrirtæki sem aðeins veita fjarskiptaþjónustu milli einstaklinga sem er ótengd númerum séu undanskilin tilkynningarskyldu. Ekki er um veigamiklar breytingar að ræða frá gildandi lögum og felur ákvæðið í sér innleiðingu á 12.–14. gr. tilskipunarinnar. Fjarskiptastofa birtir á vef sínum skrá yfir fjarskiptafyrirtæki sem tilkynnt hafa um að þau muni starfa á grundvelli almennrar heimildar. Þess má geta að samevrópskt regluverk gerir ráð fyrir að framvegis verði uppfærðum listum yfir þau miðlað reglubundið til evrópsks hóps eftirlitsaðila á sviði fjarskipta (BEREC). Gera má ráð fyrir að nánari reglur verði settar um samræmt sniðmát tilkynninga.

Um 7. gr.

Ákvæðið byggist á 5. gr. gildandi fjarskiptalaga og felur í sér innleiðingu á 15. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972. Fyrirtæki með almenna heimild skulu eiga rétt á að reka fjarskiptanet og fjarskiptaþjónustu og til að nota fjarskiptatíðniróf í samræmi við nánari efnisákvæði þar um. Þau skulu jafnframt eiga rétt á umfjöllun um umsóknir sínar um nauðsynleg réttindi til að koma upp aðstöðu í samræmi við 34. gr. og um nauðsynlegan afnotarétt af númeraforða í samræmi við 21. gr. Réttur til að semja um samtengingu og/eða fá aðgang að eða samtengingu við önnur fjarskiptafyrirtæki skal einnig tryggður.

Um 8. gr.

Lagt er til að í ákvæðinu verði tilgreind skilyrði almennrar heimildar í nokkuð breyttri mynd frá því sem er í 6. gr. gildandi fjarskiptalaga. Ákvæðið felur í sér innleiðingu á 13. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972, sjá og A-hluta viðauka I við hana. Ákvæðið felur í sér þau skil-

yrði sem aðili þarf að uppfylla þegar hann rekur fjarskiptanet eða veitir fjarskiptaþjónustu. Uppfyllingin byggist á A-hluta áður nefnds viðauka I tilskipunarinnar.

Um 9. gr.

Ákvæðið felur í sér innleiðingu á 2. mgr. 13. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972, sjá og B-hluta viðauka I við hana. Lagt er til að útlistuð verði sérstök skilyrði sem fjarskiptafyrirtæki sem bjóða fjarskiptanet skulu bundin af. Hin sérstöku skilyrði eru talin upp í staflíðum a–j og kveða á um skilyrði er varða samtengingu, flutningsskyldur sem hér á landi er að finna í ákvæðum laga um fjölmiðla, nr. 38/2011, ákveðnar ráðstafanir til verndar lýðheilsu, kröfur er varða viðhald á heildstæði almennra fjarskiptaneta, kröfur er varða vernd og öryggi almennra fjarskiptaneta, að þau skilyrði sem kveðið er á um í frumvarpinu og varða notkun fjarskiptatíðnirófs séu virt, kröfur varðandi rekstrarsamhæfni, aðgengi endanotenda að númerum, að farið sé að kröfum frumvarpsins er varða neytendavernd og að takmarkanir með tilliti til sendingar á ólöglegu efni í samræmi við ákvæði annarra laga séu virtar. Rétt er að taka fram að skilyrði skv. b-lið 1. mgr. um flutningsskyldu vísar til línulegrar mynd- og hljóðmiðlunar í skilningi fjölmiðlalaga.

Um 10. gr.

Ákvæðið byggist á 1. og 2. mgr. 36. gr. gildandi fjarskiptalaga og felur í sér innleiðingu á 17. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972. Ákvæðið felur í sér að fjarskiptafyrirtæki eða fyrirtækjasamstæður sem reka almenn fjarskiptanet eða veita almenna fjarskiptaþjónustu og njóta jafnframt einka- eða sérréttinda á öðru sviði en fjarskiptum skulu halda fjarskiptastarfsemi sinni fjárhagslega aðskilinni frá annarri starfsemi líkt og um óskyld fyrirtæki væri að ræða. Fjarskiptastofa hefur túlkað þetta ákvæði í framkvæmd í fjölmörgum ákvörðunum sínum. Þá hefur úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála jafnframt úrskurðað í málum er varða þessa kröfu. Í nýlegum úrskurði nefndarinnar, í máli nr. 2/2019, má ráða að leggja beri rúma merkingu í ráðstafanir sem Fjarskiptastofa getur gripið til við framkvæmd og útfærslu á fjárhagslegum aðskilnaði í skilningi ákvæðisins.

Um 11. gr.

Ákvæðið byggist á 12. gr. gildandi fjarskiptalaga og felur í sér innleiðingu á 18. gr. tilskipunarinnar. Sú breyting er þó lögð til að aðeins verði fjallað um breytingar á réttindum en ekki jöfnum höndum breytingar og afturköllun. Um afturköllun réttinda vísast til ákvæða XV. kafla.

Um 12. gr.

Allnokkur ákvæði tilskipunar (ESB) 2018/1972 fjalla um samræmingu milli ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins við skipulag fjarskiptatíðnirófsins og stjórnun tíðnimála, sbr. einkum 4., 28., 36., 45., 46. og 53. gr. Annars vegar er um að ræða ákvæði sem lúta að samræmingu við skipulag tíðnirófsins almennt. Hins vegar eru ákvæði sem lúta að samræmingu í sérstökum tilvikum, svo sem milli einstakra ríkja, til að koma í veg fyrir fjarskiptatruflanir yfir landamæri, um samræmda úthlutun tiltekinna tíðna fyrir ákveðin tímamörk eða um samræmda tímasetningu og framkvæmd slíkra úthlutana. Rétt þykir að fjalla um hlutverk og valdheimildir Fjarskiptastofu til að skipuleggja íslenska tíðnirófið og stjórna tíðnimálum á einum stað í frumvarpinu. Þá er gengið út frá því að verkefni stofnunarinnar við samræmingu tíðniskipulagsins og tíðniúthlutana vegna sérstakra þarfa eða tilvika rúmist innan almennrar heimildar

hennar til að skipuleggja og stjórna tíðnirófinu, sjá og 4. gr. frumvarpsins. Með öðrum orðum ber að túlka ákvæðið á þann veg að Fjarskiptastofa geti uppfyllt þau skilyrði og markmið sem kveðið er á um í tilvitnuðum ákvæðum tilskipunarinnar hér að framan. Inntak og uppbygging þessa ákvæðis er þannig ekki ósvipað ákvæði 14. gr. gildandi fjarskiptalaga sem fjallar um skipulag tíðnirófsins.

Í 2. mgr. er lagt til að kveðið verði á um að skipulagi íslenska tíðnirófsins skuli hagað til samræmis við ákvarðanir um samræmda tíðninotkun sem gilda fyrir Evrópska efnahagssvæðið. Hér er um að ræða ákvarðanir sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins tekur um afnot einstakra tíðnisviða og þeirra skilyrða sem slík afnot kunna að vera bundin. Eins og ákvæðið ber með sér eru slíkar samræmingarákvarðanir framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins ekki skilyrðislaust bindandi hér á landi heldur er Fjarskiptastofu heimilt að víkja frá ákvörðunum um samræmda tíðninotkun ef slík notkun hentar ekki fyrir íslenskar aðstæður og hefur ekki hamlandi eða skaðlega truflandi áhrif á samræmda notkun tíðnisviðsins í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Eftirspurn eftir tiltekinni tíðninotkun getur t.d. verið lítil eða ekki fyrir hendi hér á landi eða önnur tíðninotkun talin henta íslenskum aðstæðum mun betur og frávik ekki talið fara í bága við þau markmið sem evrópskt fjarskiptaregluverk byggist á, sbr. 3. gr. tilskipunarinnar. Slík ákvörðun Fjarskiptastofu skal vera rökstudd og hún tilkynnt til Eftirlitsstofnunar EFTA, svo og sæta reglulegri endurskoðun.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir því að Fjarskiptastofa meti og taki ákvörðun um hvaða tíðnisvið eru notuð á grundvelli almennrar heimildar, sbr. 7 gr., sbr. og f-lið 1. mgr. 9. gr. frumvarpsins, og hvaða tíðnisvið eru nýtt samkvæmt sérstakri tíðniúthlutun. Meginreglan er sú að tíðniafnot séu heimil samkvæmt almennri heimild. Ef mat Fjarskiptastofu er að slíkt fyrirkomulag geti verið óæskilegt getur stofnunin ákveðið að tíðniafnot séu bundin sérstakri úthlutun. Við slíkt mat ber stofnuninni m.a. að horfa til: a) sérstakra eiginleika þess tíðnirófs sem um er að ræða, b) þarfarinnar á vernd gegn skaðlegum truflunum, c) þróunar áreiðanlegra skilyrða fyrir samnýtingu tíðnirófs, eftir því sem við á, og d) þarfarinnar á að tryggja tæknileg gæði fjarskipta eða þjónustu.

Fjarskiptastofu ber jafnframt að horfa til alþjóðlegra skuldbindinga varðandi skipulag tíðnirófsins, svo sem ákvarðana Alþjóðafjarskiptasambandsins (ITU) og Fjarskiptaráðs evrópskra eftirlitsaðila (ECC). Í 4. mgr. er fjallað um slíkar alþjóðlegar ákvarðanir og samþykktir og mælt fyrir um að Fjarskiptastofa geti gert þær skuldbindandi hér á landi með því að vísa til þeirra í tíðniskipulagi stofnunarinnar sem er birt opinberlega á vef stofnunarinnar og endurskoðað reglulega. Opinber birting á ákvörðun eða samþykkt þar til bærslu erlendis aðila í íslenska tíðniskipulaginu jafngildir birtingu slíkrar gerðar í Stjórnartíðindum, enda um að ræða gjörðir sem eru tæknilegs eðlis og beinast að afmörkuðum hópi manna sem hefur sérfræðipækkingu á þessu sviði.

Í 5. mgr. er fjallað um þær meginreglur sem almennt gilda þegar kemur að úthlutun tíðna og hagnýtingu þeirra. Úthlutun tíðniréttinda skal byggjast á viðmiðum sem eru hlutlæg, gagnsæ, samkeppnishvetjandi, án mismununar og hófleg. Í þessu felst að ekki skal binda tíðniúthlutunir óþarfa skilyrðum eða kröfum sem eru meira íþyngjandi en þörf er á til að ná því markmiði sem að er stefnt. Enn fremur felst í þessu krafa um að skilyrði tíðniheimilda þurfi að vera skýr og framkvæmanleg. Jafnframt er vísað til meginreglna um tækni- og þjónustuhlutleysi. Af þeim leiðir að almennt skal ekki úthluta tíðnum sem bundnar eru við tiltekna tækni eða eru einskorðaðar við ákveðna tegund fjarskiptaþjónustu. Talið er að það fari best á því að mat um það hvað teljast vera bestu og hagkvæmustu tækni- og þjónustulausnir sé í höndum markaðsaðila hverju sinni. Hins vegar geta verið ástæður fyrir því að Fjarskiptastofa

ákveði að víkja frá þessum meginreglum ef gild rök hníga til þess. Slík rök geta t.d. verið: a) að koma í veg fyrir skaðlegar fjarskiptatruflanir, b) að takmarka rafsegulgeislun við ákveðin gildi, c) að tryggja tiltekin gæði fjarskiptaþjónustunnar, d) að hámarka samnýtingarmöguleika tíðna og e) að tryggja skilvirka nýtingu tíðnirófsins. Til viðbótar þessum sjónarmiðum getur ákvörðun um að binda notkun tiltekinna tíðna við ákveðna tegund fjarskiptaþjónustu byggst á: a) öryggi mannlífa, b) því að stuðla að félagslegri og svæðisbundinni samheldni og samheldni milli svæða og c) því að stuðla að menningarlegri fjölbreytni, margbreytileika tungumála og fjölhyggju fjölmiðla, t.d. með hljóðvarps- og sjónvarpsútsendingum.

Eins og ákvæðið ber með sér felur skipulag tíðnirófsins í sér talsverða samræmingu á nýtingu tíðnisviða innan Evrópu og á alþjóðavettvangi auk þess sem huga þarf að aðstæðum hér á landi þegar kemur að ráðstöfun á tíðnum. Um er að ræða auðlindanýtingu sem á sér stað í flóknu og síbreytilegu tækniumhverfi. Af þessum ástæðum krefst stjórnun tíðnimála nokkurs sveigjanleika. Því er í 6. mgr. gert ráð fyrir því að ráðherra gefi út reglugerð til nánari útfærslu á skipulagi og úthlutun tíðna hér á landi.

Um 13. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 1. mgr. 7. gr. gildandi fjarskiptalaga. Tíðniréttindi eru takmörkuð og verðmæt auðlind sem lýtur forræði íslenska ríkisins innan lögsögu þess. Úthlutun tíðniréttinda, hvort heldur til einstaklinga eða lögaðila, felur í sér heimild til skilyrtra afnota sem hvorki leiða til beins eignarréttar né varanlegs nýtingar- og ráðstöfunarréttar.

Þetta ákvæði og önnur ákvæði þessa kafla, fyrir utan 12. gr. sem lýtur að skipulagi tíðnirófsins almennt, varða tíðniréttindi samkvæmt sérstakri úthlutun. Af þessum sökum er tekið fram að ákvæðið gildi um tíðniréttindi sem ekki falla undir almenna heimild með tilvísun í 7. gr., sbr. og f-lið 1. mgr. 9. gr. frumvarpsins. Með sérstakri úthlutun er átt við að tíðniréttindunum sé úthlutað samkvæmt sérstöku ferli og að réttindin séu formbundin. Þannig er gert ráð fyrir að slíkum tíðniréttindum sé úthlutað með útgáfu tíðniheimildar sem kveður á um réttindi og skyldur tíðniréttihafa. Inntak hugtaksins *rétthafi* ræðst af hefðbundinni lögfræðilegri skilgreiningu á því.

Í grunninn er þetta sama ákvæði og er að finna í 7. gr. gildandi laga með orðalagi um að tíðniréttindi séu bundin við nafn og kennitölu. Í gildandi fjarskiptalögum er tekið fram að framsal tíðniréttinda sé óheimilt. Meginbreytingin, verði frumvarp þetta að lögum, er sú að almennt verður heimilt að framselja varanlega, lána og leigja tíðniréttindi, í samræmi við 51. gr. tilskipunarinnar. Hugsunin er sú að frjálst framsal tíðniréttinda sé meginreglan, sbr. orðalag ákvæðisins um að Fjarskiptastofa skuli almennt ekki synja um framsal, lán eða leigu á tíðniréttindum. Þessi framsals- og lánsréttur er því ekki skilyrðislaus þar sem viðtakandi réttihafi þarf að vera fær um að yfirtaka þær skyldur og skuldbindingar sem kveðið er á um í viðkomandi tíðniheimild og eftir atvikum í skilmálum fyrir úthlutun heimildarinnar, auk þess að vera skráður sem fjarskiptafyrirtæki hér á landi. Það er Fjarskiptastofa sem leggur mat á hæfni fyrirhugaðs viðtakanda réttindanna. Þannig er ekki nóg að hann leggi fram skriflega og staðfesta yfirlýsingu um að hann yfirtaki umræddar skyldur og/eða skuldbindingar skv. b-lið 3. mgr. ef skilyrði skv. c-lið ákvæðisins er ekki uppfyllt að áliti Fjarskiptastofu. Telji Fjarskiptastofa að ólíklegt sé að fyrirhugaður viðtakandi tíðniréttinda geti uppfyllt skilyrði viðkomandi tíðniheimildar eða staðið við skuldbindingar sem bundnar eru við hana, t.d. um útbreiðslu og gæði fjarskiptaþjónustunnar, er stofnuninni heimilt að synja um framsal, lán eða leigu á tíðniréttindum. Slík ákvörðun skal vera rökstudd og hún er kæránleg. Jafnframt ber að hafa í huga sem valkost við mögulega synjun á framsali, láni eða leigu tíðniréttinda að gera

breytingar á skilmálum viðkomandi tíðniheimildar, sbr. heimild skv. 14. gr. frumvarpsins. Hér er ekki endilega um það að ræða að Fjarskiptastofa slaki á skilyrðum eða skuldbindingum tíðniheimildar þótt það kunni að koma til greina ef mat stofnunarinnar er að umrædd skilyrði eða skuldbindingar séu ekki lengur við hæfi eða þeirra ekki lengur þörf. Fremur kemur til álita að aðlaga skilyrði og skuldbindingar að nýjum viðtakanda réttindanna, jafnvel með því að setja ný skilyrði í heimildina. Slík ráðstöfun getur einnig verið tímabundin þar til reynsla hefur fengist af nýjum réttihafa tíðniréttindanna.

Skylt er að tilkynna til Fjarskiptastofu um fyrirhugað framsal, lán eða leigu tíðniréttinda með a.m.k. 30 daga fyrirvara áður en fyrirhuguð ráðstöfun á að taka gildi. Slíkri tilkynningu skulu fylgja allar nauðsynlegar upplýsingar um nýjan viðtakanda réttindanna og upplýsingar um ástæður og forsendur framsals, láns eða leigu á réttindunum. Á grundvelli heimildar sinnar til gagnaöflunar vegna rannsókna á einstökum málum getur Fjarskiptastofa kallað eftir þeim gögnum sem hún telur nauðsynleg til að leggja mat á hæfi nýs viðtakanda réttindanna og um lögmæti framsals, láns eða leigu réttindanna að öðru leyti. Ef gleymist eða ferst fyrir af einhverjum ástæðum að tilkynna um fyrirhugað framsal, lán eða leigu á tíðniréttindum er í 5. mgr. gert ráð fyrir að Fjarskiptastofa geti tekið ákvörðun á grundvelli þessa ákvæðis þegar stofnunin fær vitneskju um viðkomandi framsal, lán eða leigu. Með vitneskju um fyrirhugað framsal, lán eða leigu tíðniréttinda er átt við að Fjarskiptastofa hafi fengið sannanlegar upplýsingar um löggerninginn eða ráðstöfunina. Ekki dugar að leggja til grundvallar að stofnunin hafi mátt vera ljóst að framsal, lán eða leiga tíðniréttinda hafi átt sér stað.

Ríkja skal gagnsæi um framsal, lán eða leigu tíðniréttinda. Því er í lokamálsgrein ákvæðisins gert ráð fyrir því að Fjarskiptastofa uppfæri skrá sína um útgefnar tíðniheimildir og réttihafa þeirra þegar framsal, lán eða leiga á tíðniréttindum hefur verið samþykkt.

Um 14. gr.

Með þessu ákvæði frumvarpsins er lagt til að innleidd verði 52. gr. tilskipunarinnar. Ljóst er að aðgangur að tíðniréttindum getur haft veruleg áhrif á samkeppnisstöðu aðila sem starfa á mörkuðum fyrir þráðlausa fjarskiptaþjónustu. Sífelld aukning á gagnamagni í umferð á farnetum kallar á meiri og stærri úthlutunir á tíðnisviðum. Ef stærð tíðnisviða er ekki aukin þrátt fyrir aukið gagnamagn getur það farið að hafa áhrif á gagnaflutningshraða í viðkomandi farneti og þar með þjónustupplifun viðskiptavina fjarskiptafyrirtækja. Þannig er aðgangur að tíðnum eftirsótt og verðmæt auðlind og kappsmál fyrir markaðsaðila í farnetsþjónustu að hafa aðgang að nægu tíðnisviði fyrir hana. Þegar tíðniúthlutun á tilteknu tíðnisviði hefur verið takmörkuð, sbr. 15. gr. frumvarpsins, og eftirspurn er meiri en framboð getur reynt á samkeppnisþjónarmið við nýja úthlutun á slíku tíðnisviði, endurnýjun þegar útgefnna tíðniréttinda, endurskoðun á skilmálum slíkrar úthlutunar eða við framsal á slíkum réttindum.

Með frjálsum framsali á tíðniréttindum, sbr. 13. gr. frumvarpsins, ásamt þeirri breytingu að skapa aukinn fyrirsjáanleika við ráðstöfun tíðniréttinda sem bundin eru samræmingarákvörðun innan Evrópska efnahagssvæðisins til 20 ára eða með lágmarksgildistíma slíkra réttinda til a.m.k. 15 ára, sbr. 18. gr. frumvarpsins, er nauðsynlegt að grípa til mótvægisáðgerða til að koma í veg fyrir möguleg samkeppnisvandamál sem kunna að koma upp á gildistíma réttindanna, t.d. við framsal á slíkum réttindum eða við nýja úthlutun eða endurnýjaða úthlutun á öðrum tíðnisviðum sem hafa samkeppnisleg áhrif á viðkomandi réttindi. Meginhugsunin felst í því að koma í veg fyrir að tíðniréttindi safnist fyrir á fárra hendur sem skapar samkeppnishindranir á markaði eða erfiðleika fyrir innkomu nýrra aðila á markaðinn. Sömuleiðis ef mikið ójafnvægi skapast varðandi aðgang að tíðnum sem hafa í för með sér aðstöðumun og skekkta

samkeppnisstöðu. Með þessu er ekki verið að létta ábyrgð af fjarskiptafyrirtækjum um að gera eðlilegar ráðstafanir til að tryggja sér aðgang að tíðniréttindum við úthlutun þeirra, t.d. í útboði eða uppboði, heldur fremur að taka á aðstæðum sem upp kunna að koma, eru ekki fyrirséðar og e.t.v. ekki á valdi þeirra fjarskiptafyrirtækja sem verða fyrir neikvæðum samkeppnislegum áhrifum. Því ber Fjarskiptastofu ávallt að meta hvaða samkeppnislegu áhrif tiltekin ráðstöfun tíðniréttinda muni hafa, hvort sem um er að ræða nýja úthlutun, endurnýjun á úthlutun eða framsal, lán eða leigu á tíðniréttindum. Einnig getur verið um að ræða aðrar forsendubreytingar sem hafa áhrif á samkeppni á markaði og kalla á inngrip af hálfu Fjarskiptastofu hvað varðar handhöfn tíðniréttinda eða breytingu á skilyrðum sem við þau eru bundin.

Þær ráðstafanir sem Fjarskiptastofu er heimilt að grípa til í þeim tilgangi að koma í veg fyrir samkeppnisvandamál sem tengjast tíðniréttindum eru talin upp í staflaðum ákvæðisins. Ekki þykir þörf á að skýra efni þeirra frekar. Hins vegar er rétt að geta þess að ekki er um ræða tæmandi upptalningu á mögulegum ráðstöfunum sem Fjarskiptastofa getur gripið til en aðrar ráðstafanir skulu vera málefnalegar og ekki ganga lengra en nauðsynlegt er til að ná því lögmæta markmiði sem að er stefnt, sbr. 1. málsl. ákvæðisins. Það sama á að sjálfsgöðu einnig við um þær ráðstafanir sem sérstaklega eru taldar upp í ákvæðinu.

Um 15. gr.

Með þessu ákvæði er lagt til að innleiddar verði 35. og 55. gr. tilskipunarinnar. Efni ákvæðisins varðar heimild Fjarskiptastofu til að takmarka tíðniúthlutanir á tilteknu tíðnisviði. Ástæða þess er fyrst og fremst sú að úthlutað tíðnisvið þurfa oft að vera af tiltekinni stærð þannig að unnt sé að veita tiltekna tegund af fjarskiptaþjónustu. Þegar svo háttar til er einungis hægt að úthluta tilteknum fjölda tíðniréttinda miðað við heildarstærð viðkomandi tíðnisviðs. Við slíkar aðstæður er mögulegt að framboð reynist vera minna en eftirspurn. Fleira getur haft áhrif á fjölda og stærð einstakra tíðniúthlutana, t.d. markmið um gæði þjónustunnar og hagkvæma uppbyggingu hennar en með stærra tíðnisviði gefst kostur á að fækka sendastöðum og gera uppbyggingu þannig ódýrari en ella. Ríkar kröfur til útbreiðslu fjarskiptaþjónustu geta því leitt til ákvörðunar um að úthluta stærra tíðnisviði en nauðsynlegt er til að veita þjónustuna eingöngu út frá tæknilegum forsendum. Sams konar heimild er að finna í 9. gr. gildandi fjarskiptalaga.

Ljóst er að ákvarðanir Fjarskiptastofu um skiptingu tíðnisviða og takmörkun á fjölda og stærð tíðniúthlutana hafa mikil áhrif á fjarskiptamarkaðinn enda er ekki ólíklegt að við slíkar aðstæður sé framboð af tíðnum minna en eftirspurn eftir þeim. Því er gert ráð fyrir að stofnunin viðhafi almennt og opið samráð um fyrirætlanir sínar í þessum efnum og taki á endanum rökstudda ákvörðun um skiptingu tíðnisviðs, fjölda og stærð tíðniréttinda. Í slíkri ákvörðun felst jafnframt niðurstaða um hvaða aðferð verður notuð til úthlutunar á réttindunum, t.d. uppboð, útboð eða annars konar aðferð. Það er því mikilvægt þegar efnt er til samráðs um takmarkanir á tíðniréttindum að fyrir liggi upplýsingar um þá aðferðafræði tíðniúthlutunar sem stuðst verður við auk þeirra viðmiða sem ráða munu vali á tíðniréttihöfum, ef um er að ræða úthlutun samkvæmt samkeppnisáðferð. Við samráð um takmörkun á tíðniréttindum samkvæmt þessu ákvæði þurfa ekki að koma fram ítarlegar eða tæmandi upplýsingar um úthlutunarferlið enda er gert ráð fyrir að Fjarskiptastofa viðhafi sérstakt samráð um drög að útboðs- eða uppboðsskilmálum eða aðra aðferð sem notuð verður. Upplýsingagjöf um þessi atriði í samráði um takmörkun tíðniréttinda þarf þó að vera nægjanleg til að markaðsaðilar geti í megindrátum metið mögulegar fjárhagslegar skuldbindingar sem tíðniúthlutunin gæti haft í för með sér fyrir þá.

Í ljósi þess að ákvörðun um takmörkun tíðniúthlutunar hefur mótandi áhrif á markaðsaðstæður og markmið samstarfsins um Evrópska efnahagssvæðið er lýtur að einsleitu markaðsumhverfi er nú brugðið á það ráð að aðildarríkjum ber að tilkynna um fyrirhugaðar ákvarðanir um takmörkun á tíðniúthlutunum, samkvæmt þessu ákvæði, til evrópsks stefnuhóps um fjarskiptatíðnirófið (e. Radio Spectrum Policy Group eða RSPG). Í tilkynningunni eða í eftirfarandi rökstuðningi skal Fjarskiptastofa rökstyðja hvernig takmörkunin sé í samræmi við eitt eða fleiri skilyrði sem talin eru upp í 1. mgr. ákvæðisins. Hin svokallaða jafningjarýni hópsins felst í því að yfirfara þessar forsendur og meta hvort fyrirætluð ráðstöfun eftirlitsstjórnvaldsins sé líkleg til að uppfylla þessi markmið. Jafningjarýni um tilkynnta takmörkun á sér ekki stað nema Fjarskiptastofa óski eftir slíkri málsmeðferð. Ef jafningjarýni fer fram um tilkynnta takmörkun Fjarskiptastofu þarf rökstuðningur stofnunarinnar jafnframt að sýna fram á að skilyrði skv. 2. mgr. séu uppfyllt en það eru skilyrði sem horfa til evrópsks fjarskiptamarkaðar í víðara samhengi. Að lokinni mögulegri jafningjarýni getur stefnuhópurinn gefið frá sér álit um tilkynnta takmörkun á tíðniúthlutun. Fjarskiptastofu ber að taka ýtrasta tillit til þeirra sjónarmiða sem þar koma fram og rökstyðja endanlega ákvörðun um takmörkun á tíðniúthlutun ef mat hennar er að ekki verði fallist á sjónarmið stefnuhópsins, hvort heldur að hluta eða öllu leyti. Í ljósi þess að jafningjarýni skv. 35. gr. tilskipunarinnar varðar ráðstöfun sem fjallað er um í 55. gr. hennar þykir hagkvæmt að innleiða þessi tvö ákvæði í einu og sama ákvæði.

Um 16. gr.

Með þessu ákvæði frumvarpsins er lagt til að innleidd verði 47. gr. tilskipunarinnar. Hér er um að ræða þau skilyrði sem Fjarskiptastofa má binda tíðniréttindi sem gefin eru út samkvæmt sérstakri úthlutun. Ekki þykir þörf á að fjalla um tiltekin skilyrði skv. 1. mgr. ákvæðisins, að undanskildu skilyrði skv. g-lið, þ.e. hvers kyns skuldbindingar sem fyrirtæki, sem hafa fengið afnotarétt, hafa gengist undir innan ramma ferlisins við veitingu eða endurnýjun heimildar áður en heimildin var veitt eða, eftir atvikum, samkvæmt umsókn um afnotarétt. Ljóst er að það er nokkuð opið hvað getur fallið hér undir. Telja verður að skilyrði sem sett eru samkvæmt þessum staflið 1. mgr. þurfi að vera í samræmi við markmið fjarskiptalaga og/eða hafa tengingu við framkvæmd viðkomandi tíðniúthlutunar, svo sem ákvæði tíðniheimildar um dagsektir, skýrslugjöf um áfanga uppbyggingar, úrræði til að bregðast við skaðlegum truflunum o.s.frv.

Í 2. mgr. eru talin upp skilyrði sem lagt er til að Fjarskiptastofa geti sett í því skyni að stuðla að markmiðum um útbreiðslu fjarskiptapjónustu. Eðli málsins samkvæmt geta skilyrði um uppbyggingu og útbreiðslu fjarskiptapjónustu verið íþyngjandi fyrir tíðnirétthafa og verið hlutaðeigandi kostnaðarsöm. Þegar sett eru íþyngjandi skilyrði samkvæmt þessari málsgrein verður að ætla að það hafi áhrif á ákvörðun Fjarskiptastofu um lágmarksboð í tíðnir, ef þau eru boðin upp, og gildistíma viðkomandi réttinda. Almennt er rétt að verð fyrir tíðniheimildir lækki eftir því sem skuldbindingar sem fylgja þeim eru kostnaðarsamari og að gildistími þeirra lengist að sama skapi.

Um 17. gr.

Með þessu ákvæði frumvarpsins er lagt til að innleidd verði 48. gr. tilskipunarinnar um málsmeðferð við úthlutun tíðniréttinda. Ákvæði tilskipunarinnar er nokkuð opið hvað þetta varðar og gefur talsvert svigrúm um hvaða reglur um málsmeðferð aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins setja sér varðandi úthlutun tíðna. Ákvæði 11. gr. gildandi fjarskiptalaga er nokkuð nýlegt hvað þetta varðar, sbr. lög nr. 34/2011, um breytingu á lögum um fjarskipti,

nr. 81/2003 (fjarskiptaáætlun, stjórnun og úthlutun tíðna o.fl.). Ekki þykir þörf nú, við innleiðingu á endurnýjuðu evrópsku fjarskiptaregluverki, að hrófla við gildandi málsmeðferðarreglum.

Við úthlutun tíðna má fyrst og fremst nota fjórar aðferðir. Í fyrsta lagi er hægt að úthluta tíðnum með almennri úthlutun sem kemur til greina þegar engin umframeftirspurn er eftir tíðnum á viðkomandi tíðnisviði. Í öðru lagi er hægt að úthluta tíðnum samkvæmt opnu samráðsferli við markaðsaðila. Í þriðja lagi með útboði og í fjórða lagi má úthluta tíðnum með uppboði, samkvæmt ákvörðun ráðherra. Útboð og uppboð eru úthlutunaraðferðir sem koma til skoðunar fyrst og fremst þegar eftirspurn er meiri en framboð og eru við þær aðstæður nauðsynlegar svo að gæta megi jafnræðis við úthlutun. Forsenda fyrir vali á úthlutunaraðferð er því að fyrir liggja hvort eftirspurn sé eftir viðkomandi tíðnisviði eða ekki.

Líkt og að gildandi lögum er í 1. mgr. gert ráð fyrir að Fjarskiptastofa taki ákvörðun um réttindi til að nota tíðnir eins fljótt og unnt er eftir móttöku umsóknar. Gert er ráð fyrir tafarlausri afgreiðslu í 2. mgr. ef sótt er um óverulegan hluta tíðnisviðs og ekki er hætt á að úthlutun geti skert framboð á tíðnum á umræddu sviði eða hamlað samkeppni. Undir þetta ákvæði geta t.d. fallið umsóknir um einstakar tíðnir fyrir fastasambönd og talstöðvar og umsóknir um minni háttar úthlutanir á fjarskipta- og útvarpstíðnum.

Samkvæmt 3. mgr. skal Fjarskiptastofa kanna áhuga á afnotum af tíðnisviðum fyrir hljóð- og myndmiðlun ef umsókn fellur ekki undir 2. mgr. Ef mikill áhugi kemur í ljós skal viðkomandi tíðnisviði úthlutað með útboði eða uppboði, nema að sérstakar aðstæður mæli gegn því og er þá úthlutað með samráðsaðferð. Ef áhugi reynist lítill er fyrirbyggjandi umsókn að jafnaði tekin til afgreiðslu án frekari tafar og úthlutað samkvæmt henni ef öllum viðeigandi kröfum um hæfi umsækjanda og notkun tíðnisviðsins er fullnægt.

Í 4. mgr. er greint frá almennum kröfum sem gera má til umsækjenda um réttindi til að nota tíðnir. Annars vegar er fjallað um þær upplýsingar sem umsækjandi þarf að veita áður en umsókn hans er afgreidd og hins vegar er heimild til að setja almenn hæfisskilyrði sem stuðla eiga að því að notkun á réttindum verði skilvirk og í samræmi við ákvæði laganna.

Í 5. mgr. er fjallað um takmarkanir sem hægt er að setja varðandi úthlutun útvarpstíðna vegna menningarlegra sjónarmiða, svo sem til þess að stuðla að almennri menningarþróun og efla íslenska tungu. Einnig er gert ráð fyrir að setja megi skorður við úthlutun tíðna ef úthlutun getur orðið til þess að hindra virka samkeppni á fjölmiðlamarkaði. Hér er einkum átt við að komið verði í veg fyrir að tíðniheimildir fyrir útvarp safnist á fárra hendur. Við beitingu þessa ákvæðis er eðlilegt að hafa samráð við þá stofnun sem fer með eftirlit með fjölmiðlum. Með orðinu útvarp er í ákvæðinu bæði átt við hljóðvarp og sjónvarp.

Í 6. mgr. er nánar fjallað um framkvæmd útboða á tíðnum og númerum og í 7. mgr. um uppboð. Gert er ráð fyrir nánari útfærslu í reglugerð, sbr. 10. mgr., með vísan til gildandi reglugerðar nr. 1047/2011 um skipulag og úthlutun tíðna í fjarskiptum.

Í 8. mgr. er fjallað um heimild Fjarskiptastofu til álagningar dagsekta og gert ráð fyrir óbreyttum fjárhæðarmörkum, þ.e. allt að 500.000 kr. á dag. Ákvæðið er einkum mikilvægt til þess að fylgja eftir kröfum um uppbyggingu og útbreiðslu fjarskiptaþjónustu sem gengist er undir í útboði eða uppboði. Algengt er að uppbygging fjarskiptaneta taki lengri tíma en lofað er í tilboði og það kemur fyrir að engin uppbygging eigi sér stað. Í slíkum tilvikum er þörf fyrir skýrt og fljótvirkt úrræði til þess að bregðast við vanefndum.

Ef ákvæðið er að úthluta tíðniréttindum á grundvelli samkeppnisaðferðar er í 9. mgr., líkt og að gildandi lögum, gert ráð fyrir að heimild til að framlengja málsmeðferðartíma skv. 1. mgr. miðist við átta mánuði að hámarki.

Í 10. mgr. er gert ráð fyrir að nánar sé kveðið á um málsmeðferð við úthlutun tíðniréttinda í reglugerð. Í lokamálslið er lagt til að vísað verði til sameiginlegs úthlutunarferlis sem byggist á því að Fjarskiptastofa geti tekið þátt í samstarfi ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu um tiltekna úthlutun, með vísan til 37. gr. tilskipunarinnar.

Um 18. gr.

Lagt er til að með ákvæðinu verði innleiddar 49. og 50. gr. tilskipunarinnar sem varða gildistíma tíðniréttinda og endurnýjun þeirra. Þar sem um er að ræða skyld atriði þykir haganlegt að fjalla um þetta í einu og sama ákvæði fyrirhugaðra laga.

Í 1. mgr. er fjallað um ákvörðun á gildistíma tíðniréttinda almennt. Hér um að ræða sérstaka úthlutun tíðniréttinda sem ekki eru bundin ákvörðunum um samræmda tíðninotkun innan Evrópska efnahagssvæðisins. Tekið er fram að við afmörkun gildistíma tíðniréttinda þurfi að horfa til atriða sem geta haft áhrif á verðmæti tíðnanna og/eða kostnað við að efna skuldbindingar sem við þær eru bundnar, t.d. um útbreiðslu og gæði fjarskiptaþjónustunnar. Því meiri sem áætlaður kostnaður er við að uppfylla skuldbindingar því lengri tíma þarf að áætla til fyrningar og eðlilegrar endurheimtu á fjárfestingunni. Ýmis önnur atriði þarf að hafa í huga við ákvörðun á gildistíma tíðniréttinda, t.d. hvaða áhrif slík ákvörðun hefur á samkeppni, möguleika á innkomu nýrra aðila á markað og hvaða áhrif gildistími tíðniréttinda getur haft á skilvirka nýtingu tíðnirófsins.

Í 2. mgr. ákvæðisins er fjallað um tíðniréttindi sem bundin eru ákvörðunum um samræmda tíðninotkun innan Evrópska efnahagssvæðisins. Til viðbótar við almenn skilyrði sem horfa þarf til skv. 1. mgr. eru gerðar viðbótarkröfur sem eru til þess fallnar að skapa aukinn fyrirsjáanleika fyrir rétthafa þeirra. Gerð er krafa um fyrirsjáanleika ráðstöfunar tíðniréttinda til a.m.k. 20 ára. Með ráðstöfun er í þessu sambandi átt við atriði sem varða lagalega umgjörð réttindanna, þ.e. hvaða réttindi og skyldur þeim fylgja, sem getur haft áhrif á rekstrarumhverfi tíðniréttihafa. Heimilt er að úthluta tíðniréttindum sem falla undir þessa málsgrein til skemmri tíma, eða til 15 ára, en þá er skylt að gefa kost á mögulegri framlengingu til fimm ára að undangengnu sérstöku markaðsmati. Um er að ræða sams konar markaðsmat og gert er ráð fyrir að Fjarskiptastofa framkvæmi við endurnýjun á tíðniréttindum ef stofnunin telur þörf á nánari greiningu á forsendum fyrir endurnýjun tíðniréttinda. Rétt er að taka fram að ekki er þörf á markaðsmati að 15 árum liðnum hafi tíðniréttindunum verið úthlutað til 20 ára eða lengri tíma. Í slíkum tilvikum fer fram markaðsmat í framhaldi af ósk rétthafa um endurnýjun tíðniréttindanna, ef Fjarskiptastofa telur þörf á slíku mati.

Í 3. mgr. ákvæðisins er lagt til að mælt verði fyrir um skilyrði sem heimila að vikið sé frá kröfum 2. mgr. um 20 ára fyrirsjáanleika á ráðstöfun tíðniréttinda. Ekki þykir tilefni til að fjalla nánar um einstök skilyrði. Þó má segja að ef eitt eða fleiri skilyrði eru uppfyllt gilda engin sérstök neðri mörk á gildistíma þeirra tíðniréttinda sem um ræðir.

Í 4. mgr. er að finna meginefni þeirrar reglu sem gildir um endurnýjun tíðniréttinda. Endurnýjun á sér ekki stað ef við úthlutun tíðniréttinda hefur verið ákveðið að þau verði ekki endurnýjuð og sérstakur skilmáli settur um það í tíðniheimild. Að öðru leyti skal Fjarskiptastofa huga að endurnýjun tíðniréttinda á samræmdu fjarskiptaþjófnirófi tímanlega áður en gildistími réttinda rennur út. Til þessa hefur gilt sú regla hér á landi að réttindi til tíðna sem eru í fullri og skilvirkri notkun fyrir fjarskiptaþjónustu og eftirspurn er eftir skulu að jafnaði endurnýjuð við lok gildistíma þeirra. Endurnýjun er þó ekki sjálfgefín ef slík ráðstöfun er talin hafa möguleg neikvæð áhrif á samkeppni eða skilvirka nýtingu tíðnirófsins eða aðrar málefnalegar ástæður mæla gegn slíkri ráðstöfun. Gert er ráð fyrir að mælt sé nánar fyrir um þær ástæður

sem geta leitt til þess að ekki sé rétt að endurnýja eða hafna endurnýjun nema að undangengnu markaðsmati. Það fer því ávallt fram mat af hálfu Fjarskiptastofu á því hvort rétt sé og í þágu markmiða fjarskiptalaga að endurnýja tíðniréttindi. Það sem bætist nú við með innleiðingu á 50. gr. tilskipunarinnar er framkvæmd svokallaðs markaðsmats, ef Fjarskiptastofa kemst að þeirri niðurstöðu að loknu frummati að fyrir hendi séu rök sem kunni að mæla gegn endurnýjun tiltekinna tíðniréttinda. Við þær aðstæður þykir rétt að framkvæma ítarlegra mat og horfa til þeirra sjónarmiða sem talin eru upp í 5. mgr. ákvæðisins. Tekið skal fram að með almannahagsmunum, sem getið er um í b-lið, er m.a. átt við þætti sem lúta að því að tryggja öryggi mannlífa, allsherjarreglu, almannaöryggi eða landvarnir. Við framkvæmd markaðsmats ber Fjarskiptastofu ekki eingöngu að meta markaðsaðstæður eins og þær eru á hverjum tíma heldur er einnig þörf á að horfa fram á við og meta þá þróun sem er líkleg til að eiga sér stað.

Í 6. mgr. er lagt til að nánar verði mælt fyrir um ástæður fyrir mögulegri synjun á endurnýjun tíðniréttinda og inntak og framkvæmd markaðsmats tíðninotkunar í reglugerð. Varðandi ástæður sem mælt geta gegn endurnýjun tíðniréttinda verður að leggja til grundvallar að þau séu hin sömu eða sambærileg þeim sem tiltekin eru í gildandi reglugerð nr. 1047/2011 um skipulag og úthlutun tíðna í fjarskiptum.

Um 19. gr.

Ákvæðið er sambærilegt 7. gr. í gildandi fjarskiptalögum þar sem tekið er fram að númer og kóðar séu auðlindir undir stjórn íslenska ríkisins. Um er að ræða réttindi sem skráð eru á nafn og kennitölu réttihafa. Líkt og gert er ráð fyrir í 13. gr. frumvarpsins, að því er varðar tíðniréttindi, segir í 2. málsli. ákvæðisins að úthlutun á númerum feli í sér tímabundna heimild til skilyrtra afnota sem hvorki leiði til eignarréttar né varanlegs nýtingar- og ráðstöfunarréttar. Að gildandi lögum er hvers konar framsal númera og kóða óheimilt. Með ákvæðinu er nú lögð til sú breyting að framsal verði heimilt með þeim skilyrðum sem Fjarskiptastofa mælir fyrir um í reglum.

Með hugtökunum númer og kóðar er átt við talnarunur sem notaðar eru til stýringar á fjarskiptaumferð og eru samsettar samkvæmt tilmælum frá Alþjóðafjarskiptasambandinu (ITU).

Um 20. gr.

Með þessu ákvæði er lagt til að innleiddur verði hluti 93. gr. og 1. mgr. 97. gr. tilskipunarinnar. Þá er ráðgert að ákvæði 96. gr. og að hluta til 109. gr. tilskipunarinnar verði innleidd með setningu reglna af hálfu Fjarskiptastofu á grundvelli 3. mgr. ákvæðisins. Samkvæmt ákvæðinu er skipulag númera og kóða vegna fjarskiptastarfsemi á hendi Fjarskiptastofu. Stofnunin skal gera ráðstafanir til að forði númera og kóða sé ávallt nægur og standi fjarskiptafyrirtækjum til boða á jafnréttisgrundvelli. Henni ber að sjá til þess að ekki séu fyrir hendi tæknileg vandkvæði fyrir endanotendur við að ná sambandi við ósvæðisbundin númer óháð tækni og búnaði þess fjarskiptafyrirtækis sem þjónar þeim. Efnislega er ákvæðið að mestu leyti sambærilegt við 15. gr. gildandi fjarskiptalaga. Hins vegar er ætlunin að innleiða meginefni 93. gr. tilskipunarinnar með nánari reglum sem Fjarskiptastofa gefur út á grundvelli viðeigandi lagastoðar.

Ákvæði 2. mgr. varðar heildstæðan og sameiginlegan gagnagrunn til uppfléttingar á númerum við beiningu símtala er óbreytt frá gildandi ákvæði 15. gr. gildandi laga þar að lútandi og þarfnast ekki nánari skýringar.

Samkvæmt a-lið 3. mgr. mælir Fjarskiptastofa fyrir um hvaða skilyrði þurfa að vera uppfyllt til að númerum sé úthlutað fyrir fjarskiptastarfsemi hér á landi. Nú er sjö tölustafa símanúmerum úthlutað fyrir fjarskiptastarfsemi hér á landi. Miðað við fólksfjölda er forði númera nægur til að anna eðlilegri eftirspurn. Gert er ráð fyrir að Fjarskiptastofa setji skilyrði sem þurfa að vera uppfyllt til þess að númer teljist vera notuð fyrir fjarskiptastarfsemi, t.d. að númer sé skráð í símstöð hér á landi með íslenskum netkóða og að lúkning símtals fari fram hér á landi. Einnig getur verið að Fjarskiptastofa geri kröfu um að fjarskiptafyrirtæki eigi eða hafi umráð yfir viðeigandi búnaði til að geta þjónustað númer og boðið fram fjarskiptaþjónustu. Skilyrði samkvæmt þessum staflíð felur ekki í sér að eingöngu íslensk fjarskiptafyrirtæki geti fengið úthlutað sjö tölustafa númerum úr íslenska númeraskipulaginu en erlend fjarskiptafyrirtæki sem sækja um slíka úthlutun þurfa að vera skráð hér á landi og veita fjarskiptaþjónustu á Íslandi, sbr. þau skilyrði sem sett verða á grundvelli þessa ákvæðis.

Í samræmi við 2. mgr. 93. gr. tilskipunarinnar er gert ráð fyrir að Fjarskiptastofu sé heimilt að úthluta símanúmerum til annarra aðila en skráðra fjarskiptafyrirtækja. Þetta er háð því skilyrði að nægur forði númera sé til staðar og viðkomandi aðilar séu metnir hæfir til að hýsa og þjónusta númerin. Gert er ráð fyrir að Fjarskiptastofa útfæri skilyrði fyrir úthlutun númera til annarra aðila en fjarskiptafyrirtækja, sbr. b-lið.

Samkvæmt c-lið er það hlutverk Fjarskiptastofu að tilgreina fyrir hvaða tegundir fjarskiptaþjónustu einstaka númeraraðir skulu notaðar. Hér er t.d. um að ræða hvaða númer skulu vera til afnota fyrir farsíma og talsíma, gjaldfrjáls númer og yfirlagsnúmer.

Samkvæmt d-lið ákveður Fjarskiptastofa hvers konar þjónustur eru tengdar stuttnúmerum. Með þessu ákvæði frumvarpsins er ráðgert að Fjarskiptastofa geri viðeigandi ráðstafanir til að innleiða stuttnúmerin 116000 og 116111, þ.e. ábendingarlínu vegna barna sem er saknað og hjálparsíma fyrir börn, og neyðarnúmerið 112, sbr. 109. gr. tilskipunarinnar.

Samkvæmt e-lið skal Fjarskiptastofa kveða nánar á um tilgreiningu sérstakra númeraraða fyrir fjarskiptaþjónustu milli tækja innan Evrópska efnahagssvæðisins. Umræddur staflíður er til innleiðingar á 4. mgr. 93. gr. tilskipunarinnar. Hér er ekki um að ræða númer sem ætluð eru til að þjónusta íslenskan fjarskiptamarkað heldur ósvæðisbundið innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þetta eru númer sem eru ætluð fyrir fjarskipti milli tækja. Eftir sem áður er gert ráð fyrir að umsækjendur um slík númer hafi fengið skráningu sem fjarskiptafyrirtæki hér á landi.

Í f-lið er að finna heimild fyrir Fjarskiptastofu til að tilgreina hluta af tilteknum númeraröðum til svæðisbundinna nota hér á landi. Töluvert er síðan sérstök svæðisnúmer voru aflögð hér á landi en eðlilegt þykir að stofnunin geti gripið til slíkrar ráðstöfunar ef þess gerist þörf.

Í g-lið er gert ráð fyrir að Fjarskiptastofa geti útfært nánar reglur og málsmeðferð við framsal á númerum og kóðum, sbr. þau skilyrði sem hægt er að binda notkun númera skv. g-lið 22. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt h-lið getur Fjarskiptastofa sett meginreglur um gjaldskrá og hámarksverð sem geta átt við í tilgreindri númeraröð til að unnt sé að tryggja neytendavernd. Hér á landi hefur ekki verið farin sú leið að útfæra neytendavernd sem bundin er við tiltekna númeraröð, að undanskildum ákvæðum í reglugerð um yfirlagsnúmer sem veita skal í 900-númeraröðinni. Með þróun tækni og viðskipta er hins vegar ekki útilokað að slíkar reglur verði útfærðar fyrir tilteknar númeraraðir í framtíðinni.

Um 21. gr.

Með frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir breytingum á málsmeðferð vegna úthlutunar númera, sbr. 11. gr. gildandi fjarskiptalaga. Þó er gert ráð fyrir að Fjarskiptastofa setji verk-

lagsreglur um málsmeðferð númeraúthlutana og birti þær opinberlega, þ.e. geri þær aðgengi-
legar á vef stofnunarinnar.

Um 22. gr.

Ákvæði frumvarpsins um skilyrði fyrir notkun númera er að mestu óbreytt frá því sem greinir í 1. mgr. 10 gr. gildandi fjarskiptalaga. Þetta eru þau skilyrði sem talin eru upp í E-hluta viðauka I við tilskipun (ESB) 2018/1972. Rétt er að benda á að þó svo að orðalag ákvæðisins kveði á um skilyrði fyrir notkun númera getur verið um að ræða skilyrði sem fjarskipta-fyrirtæki þurfa að sýna fram á að þau uppfylli áður en kemur til úthlutunar númeranna, t.d. að þau hafi gert ráðstafanir til að geta boðið viðskiptavinum númeraflutning og veitt símaskrár-upplýsingar um viðskiptavinum, sé þess óskað af þeirra hálfu.

Hvað varðar f-lið, þegar númeraúthlutun er markaður ákveðinn gildistími, skal lengd tíma-bilsins vera viðeigandi fyrir þá þjónustu sem um er að ræða og markmiðið sem stefnt er að, að teknu tilhlýðilegu tilliti til þess að gera þarf ráð fyrir viðeigandi tíma til afskrifta fjárfestinga. Nýr k-liður felur í sér innleiðingu á 115. gr. tilskipunarinnar, sbr. VI. viðauka.

Um 23. gr.

Með þessu ákvæði er lagt til að innleidd verði 2. mgr. 97. gr. tilskipunarinnar. Markmið ákvæðisins er að sporna við svikastarfsemi í fjarskiptum. Misnotkun númera í fjarskiptum er þekkt leið til að svíkja út fé. Þá er t.d. um að ræða notkun sjálfvirkra upphringivéla til að búa til falska fjarskiptaumferð (ekki eiginleg samskipti milli manna) í þeim tilgangi að heimta lúkningar- eða samtengigjöld frá því fjarskiptafyrirtæki sem verður fyrir barðinu á svikunum. Til að bregðast við þessu er gert ráð fyrir að Fjarskiptastofa geti gefið út fyrirmæli til fjarskiptafyrirtækja, þegar uppi er rökstuddur grunur um svik, um að loka fyrir aðgang að slíkum númerum og samtengiumferð þeirra. Með rökstuddum grun er átt við að fjarskiptafyrirtæki, sem telur á sér brotið, leggi fram gögn sem sýni óeðlilegt flæði fjarskiptaumferðar, t.d. reglubundnar og stuttar hringingar yfir allan sólarhringinn yfir tiltekið tímabil sem bent gæti til þess að um væri að ræða sjálfvirkar upphringivélar. Enn fremur er gert ráð fyrir að Fjarskiptastofa geti krafðið fjarskiptafyrirtæki sem stendur frammi fyrir ólögætum kröfum um greiðslu lúkningar- eða samtengigjalda um að halda eftir greiðslum þar til mál hefur verið fullrannsakað. Við slíkar aðstæður ber viðkomandi fjarskiptafyrirtæki að kæra mál til lögreglu. Hafi endanotendur orðið fyrir tjóni vegna svika ber, eftir því sem kostur er, að nota greiðslur sem haldið hefur verið eftir til að bæta þeim tjónið.

Um 24. gr.

Ákvæðið byggist á gildandi 59. gr. fjarskiptalaga. Í 39. gr. tilskipunarinnar er kveðið á um að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins skuli birta lista yfir staðla eða forskriftir til að hvetja til aukinnar samleitni við rekstur fjarskiptaneta, veitingu fjarskiptaþjónustu, tengda aðstöðu og þjónustu. Fjarskiptafyrirtæki skulu samkvæmt tilskipuninni hvött til að nota um-rædda staðla og forskriftir, einkum á vegum evrópsku staðlastofnananna Staðlasamtaka Evrópu (CEN), Rafstaðlasamtaka Evrópu (Cenelec) og Fjarskiptastaðlastofnunar Evrópu (ETSI). Enn fremur verði horft til staðla sem Alþjóðafjarskiptasambandið (ITU), Samtök póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu (CEPT), Alþjóðlegu staðlasamtökin (ISO) og Alþjóðaraftækni-nefndin (IEC) hafa samþykkt. Í 3. mgr. er gert ráð fyrir almennri reglugerðarheimild ráðherra.

Um 25. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um innanhússfjarskiptalagnir. Með orðinu lagnir er í frumvarpi þessu átt við fjarskiptalagnir. Lög um ráðstafanir til hagkvæmrar uppbyggingar háhraðafjarskiptaneta, nr. 125/2019, voru sett til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2014/61 frá 15. maí 2014 um ráðstafanir til að lækka kostnað við uppbyggingu á háhraða rafrænum fjarskiptanetum og tóku gildi 1. janúar 2020. Með lögnum voru gerðar breytingar á gildandi ákvæði 60. gr. fjarskiptalaga um innanhússfjarskiptalagnir, sbr. c-lið 1. tölul. 15. gr. laganna. Ekki er því lögð til breyting á umræddu ákvæði í þessu frumvarpi, utan smávægilegra orðalagsbreytinga. Rétt þykir að vekja athygli á að innanhússfjarskiptalögn sem er tilbúin fyrir tengingu við háhraðanet er sérstaklega skilgreint orðasamband í 5. gr. Þá vísast til skilgreiningar á aðgangspunkti í sama ákvæði, einnig nefnt húskassi. Vísast til skýringa við 15. gr. í frumvarpi því er varð að lögum nr. 125/2019, sbr. þskj. 122, 122. mál á 150. lögþ. 2019–2020.

Um 26. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um grunnkröfur til þráðlauss fjarskiptabúnaðar. Ákvæðið er óbreytt frá gildandi lögum (61. gr.) og 1. og 2. mgr. eru innleiðing á þeim grunnkröfum, sem tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2014/53 frá 16. apríl 2014, um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða þráðlausan fjarskiptabúnað fram á markaði, svokölluð RED-tilskipun, sem þráðlaus fjarskiptabúnaður þarf að uppfylla svo að markaðssetja megi hann og taka í notkun á Evrópska efnahagssvæðinu. Gildandi ákvæði 61. gr. var breytt með lögum nr. 41/2018, um breytingu á lögum um fjarskipti, nr. 81/2003, með síðari breytingum (EES-reglur, nethlutleysi, CE-merkingar á fjarskiptabúnaði).

Um 27. gr.

Í ákvæðinu (1.–3. mgr.) er fjallað um þráðlausan sendibúnað, sem er ýmist háður leyfi eða tilkynningu til Fjarskiptastofu. Seljendur leyfis skylds þráðlauss búnaðar eru jafnframt tilkynningaskyldir um kaupendur slíks búnaðar til stofnunarinnar. Enn fremur er í ákvæðinu að finna ákvæði um heimildir einstaklinga til að starfrækja ákveðnar tegundir þráðlauss búnaðar (4.–5. mgr.)

Ákvæði 1.–3. mgr. er óbreytt frá gildandi 62. gr. sem hefur verið breytt í tvígang, að viðbætti reglugerðarheimild. Fyrst með lögum nr. 78/2005 og vísast til skýringa við 10. gr. frumvarpsins er varð að þeim lögum (þskj. 1102, 738. mál á 131. lögþ. 2004–2005) og því næst með lögum nr. 34/2011 og vísast til skýringa við 7. gr. frumvarpsins er varð að þeim lögum (þskj. 149, 136. mál á 139. lögþ. 2010–2011).

Í 4. og 5. mgr. er fjallað um heimildir einstaklinga til starfrækslu þráðlauss sendibúnaðar og eru þær efnislega óbreyttar frá því sem greinir í 68. gr. gildandi fjarskiptalaga. Að því er varðar 2.–4. máls. 4. mgr. vísast til skýringa við 11. gr. frumvarps sem varð að lögum nr. 118/2008 (þskj. 824, 523. mál á 135. lögþ. 2007–2008). Að fyrirmynd gildandi laga er gert ráð fyrir að Fjarskiptastofa geti sett nánari reglur um heimildir einstaklinga til að starfrækja fjarskiptabúnað. Í gildi er reglugerð nr. 348/2004 um starfsemi radióáhugamanna, með áorðnum breytingum. Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki nánari skýringa.

Um 28. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða 63. gr. gildandi fjarskiptalaga. Þó hefur reglugerðarheimild ráðherra verið færð í sjálfstæða málsgrein, þ.e. nýja 5. mgr. Í 3. mgr. viðauka XI við tilskip-

un (ESB) 2018/1972 er kveðið á um að útvarpsviðtæki í ákveðinni tegund bifreiða, svokallaðar M-gerðir, sem settar eru á markað innan Evrópska efnahagssvæðisins frá 21. desember 2020 skuli búa yfir þeim möguleika að taka á móti og endurvarpa útvarpsþjónustu sem er veitt í gegnum svæðisbundið stafrænt útvarp. Þá er Evrópusambandið að gefa út og vinna að gerðum er varða fjarskipti beint úr bifreiðum, til að mynda skyldu um sjálfvirkar hringingar í neyðar- aðstoð 112. Mikilvægt má telja að slíkar gerðir verði innleiddar hér á landi og viðeigandi að ákvæði sem þetta, sem og ákvæði er varða endurvarp útvarpsþjónustu, verði útfærð nánar í reglugerð á grundvelli 5. mgr. ákvæðisins. Þar af leiðandi reynist ekki þörf á breytingum á umræddu ákvæði frá gildandi lögum.

Um 29. gr.

Ákvæðið er að mestu leyti óbreytt frá 64. gr. gildandi fjarskiptalaga og fjallar um heimildir Fjarskiptastofu til að takmarka fjarskipti vegna truflana eða sérstakra aðgerða. Með frumvarpinu er þó lagt til að orðalag 2. mgr. endurspegli skýrar að ef rökstuddur grunur liggur fyrir um að rafföng, tæki eða því um líkt valdi skaðlegri truflun á rekstri fjarskiptavirkis sé Fjarskiptastofu heimilt að beina fyrirmælum til eiganda slíks hlutar um að hann grípi án tafar til viðeigandi úrbóta á eigin kostnað. Einnig er lagt til að ákvæðið taki til fjarskiptavirkja og raffanga sem hætta er á að valdi skaðlegum fjarskiptatruflunum. Í því felst að Fjarskiptastofa þarf ekki að sýna fram á að skaðleg truflun sé komin fram heldur dugar að tiltekið fjarskiptavirki eða raffang sé líklegt til að valda skaðlegri fjarskiptatruflun síðar meir, t.d. vegna bilunar. Mat Fjarskiptastofu um líklega truflunarvalda byggist m.a. á reynslu af því að tiltekinn búnaður sé líklegur til að bila síðar meir og valda skaðlegum fjarskiptatruflunum. Þessar aðstæður eiga t.d. við um örbylgjuloftnet sem ætluð voru til að taka á móti sjónvarpsmerki í MMDS-sjónvarpsdreifikerfinu sem nú hefur verið aflagt. Reynslan sýnir að slíkt loftnet valda skaðlegum truflunum á háhraðafarnetsþjónustu. Hér er um að ræða umfangsmikinn og alvarlegan truflanavanda sem bregðast þarf við óháð því hvort truflunin er komin fram í búnaði eða ekki. Þykir því vera þörf á því að taka af allan vafa um að þær valdheimildir sem Fjarskiptastofu eru fengnar að lögum til að fyrirbyggja og uppræta fjarskiptatruflanir eigi við um þessi tilvik og önnur sambærileg. Samhliða þessari breytingu er orðinu „loftnet“ bætt við upp- talningu á rafföngum í dæmaskyni í 2. mgr.

Ákvæði 64. gr. gildandi fjarskiptalaga var breytt með breytingalögum nr. 34/2011. Vísast til skýringa við 10. gr. í frumvarpinu er varð að þeim lögum (þskj. 149, 136. mál á 139. lögþ. 2010–2011).

Um 30. gr.

Ákvæðið er óbreytt frá gildandi lögum. Um er að ræða grundvallarákvæði um heimild aðila til að setja þráðlausan fjarskiptabúnað á markað og taka hann í notkun hér á landi. Ákvæðinu var breytt við innleiðingu RED-tilskipunarinnar, sbr. 5. gr. laga nr. 41/2018, og vísast til skýringa við frumvarpið er varð að þeim lögum.

Um 31. gr.

Ákvæðið er efnislega óbreytt frá 65. gr. a í gildandi lögum. Líkt og sum önnur ákvæði þessa kafla á það rætur að rekja til innleiðingar RED-tilskipunarinnar í íslenskan rétt. Það lýtur að skyldum vegna reksturs þráðlauss búnaðar, þ.e. framleiðendum hans, innflytjendum og dreifingaraðilum. Vísast til skýringa við 6. gr. frumvarps sem varð að lögum nr. 41/2018 (þskj. 540, 390. mál á 148. lögþ. 2017–2018). Til frekari skýrleika er þó bætt við í 2. máls. 1. mgr.

að samræmismat geti ýmist verið hjá samræmismatsstofu eða á grundvelli sjálfsmats. RED-tilskipunin hefur að geyma nokkuð ítarleg ákvæði um hvenær framleiðandi geti framkvæmt sjálfsmat á þráðlausum búnaði sínum. Ákvæðið fjallar líka um upplýsingar sem skuli fylgja þráðlausum fjarskiptabúnaði. Þessi upptalning byggist jafnframt á RED-tilskipuninni og kveður til að mynda á um að ESB-samræmismatsyfirlýsing og tæknigögn skuli fylgja. Um ESB-samræmisyfirlýsingu er fjallað í 18. gr. RED-tilskipunarinnar og er í raun yfirlýsing um að sýnt hafi verið fram á að búnaðurinn uppfylli þær grunnkröfur sem kveðið er á um í tilskipuninni. Gerð er breyting á 1. mgr. ákvæðisins þar sem bætt er við nýjum lokamálslið þar sem tiltekinn er sérstaklega réttur framleiðanda til að kæra niðurstöður faggiltrar samræmismatsstofu á ósamræmi búnaðar, þ.e. þegar samræmismatsstofan telur að umræddur þráðlaus fjar-skiptabúnaður uppfylli ekki grunnkröfur sem til hans eru gerðar, til úrskurðarnefndar fjar-skipta- og póstmála.

Um 32. gr.

Ekki er gert ráð fyrir breytingum á þessu ákvæði, sem er efnislega óbreytt frá 66. gr. gildandi laga og var hluti af innleiðingu á áðurnefndri RED-tilskipun, sbr. lög nr. 41/2018. Vísast til skýringa við frumvarpið sem varð að lögum nr. 41/2018 (þskj. 540, 390. mál á 148. lögþ. 2017–2018).

Um 33. gr.

Ákvæðið er nánast óbreytt frá 66. gr. a í gildandi lögum. Reglugerðarákvæðið er nokkuð ítarlegt og er ætlað að ná með heildstæðum hætti yfir ákvæði RED-tilskipunarinnar. Þannig mun reglugerð sem setja skal samkvæmt ákvæðinu m.a. kveða á um samræmismatsstofur, kröfur til þeirra og eftirlit með þeim, mismunandi samræmismat, kröfur til samræmismatsstofa, faggildingu þeirra og niðurstöðu samræmismats, gerð tæknigagna, CE-merki og áfestingu þess, hlutverk tilkynningaryfirvalda, samstarf við önnur ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og Eftirlitsstofnun EFTA. Þá er reglugerðinni einnig ætlað að kveða ítarlega á um skyldur fjar-skiptafyrirtækja, eftirlit með markaðssetningu og valdheimildir Fjar-skiptastofu, t.d. ákvörðun stjórnvaldssekta.

Um 34. gr.

Ákvæðið er hliðstætt 69. og 70. gr. gildandi laga um fjar-skipti og felur í sér innleiðingu á 43. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972. Með frumvarpi þessu er lagt til að fallist verði á breytingatillögur er komið hafa fram við fyrri þinglega meðferð málsins, í því skyni að stuðla að skilvirkari úrlausn ágreiningsmála um fjar-skiptalagnir en ella.

Ákvæðið er ætlað til þess að tryggja fjar-skiptafyrirtækjum aðgang að landi eða öðrum eignum annarra til þess að leggja fjar-skiptalagnir og koma upp annarri fjar-skiptaaðstöðu ef nauðsyn krefur. Gert er ráð fyrir að algengasta leiðin sé að semja um aðgang og greiðslur fyrir aðganginn, enda komi fullar bætur fyrir sannanlegt tjón ef það er raunin. Átt er við sannanlegt tjón af tímabundnu raski og skerðingu á mögulegri nýtingu fasteignar; einskisgreiðslu bóta fyrir fjárhagslegt tjón, beint eða óbeint, sem framkvæmd hefur í för með sér, en ekki viðvarandi leigu- og/eða aðstöðugjald fyrir aðgang og afnot af umræddu landi. Gæta ber að hagsmunum eiganda og annarra mögulegra rétthafa við lagningu, en gert ráð fyrir að ágreiningi um lagnaleið megi vísa til úrskurðar Fjar-skiptastofu.

Í 2. mgr. er lagt til nýmæli um ferli við ákvörðun lagnaleiðar, þar sem m.a. er lagt til að ef ekki finnast upplýsingar um dvalarstað allra eigenda þegar um sameign ræðir megi auglýsa áformaða framkvæmd í Lögbirtingablaði.

Ákvæði 3. mgr. er samhljóða 2. mgr. 69. gr. gildandi fjarskiptalaga, sjá þó tillögu að nýjum 3. málsl. Leiði framkvæmd til varanlegrar skerðingar á réttindum landeiganda eða annars réttihafa sem rétt getur átt á eignarnámsbótum skuli um ákvörðun bóta fara að lögum um framkvæmd eignarnáms.

Þá er nýmæli í 4. mgr. að opinberum aðilum eru settar ákveðnar viðmiðanir um málsmeðferð og tiltekinn frestur til að afgangur um aðgang. Þessi málsgrein snýr einkum að tilvikum þar sem eignir sem óskað er eftir aðgangi að eru í eigu eða undir yfirráðum opinberra aðila. Almennt er ekki þörf á samþykki opinberra aðila í öðrum tilvikum.

Annað nýmæli er í 5. mgr. þar sem gerð er krafa um að þegar opinberir aðilar sem reka sjálfir almenn fjarskiptanet eða fjarskiptaþjónustu þurfa að taka afstöðu til aðgangsbeiðna verði ákvörðun hvað það varðar tekin af stofnun eða einingu sem er algerlega ótengd fjarskiptastarfsemi hins opinbera aðila.

Náist ekki samningar um aðgang skv. 1. mgr. er í 6. mgr. gert ráð fyrir að óska megi eftir heimild ráðherra til eignarnáms, líkt og 70. gr. gildandi fjarskiptalaga kveður á um.

Um 35. gr.

Ákvæði þetta felur í sér innleiðingu á 44. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972. Það er að mörgu leyti hliðstætt 25. gr. gildandi laga og fjallar um samnýtingu á aðstöðu sem fengin er í samræmi við 34. gr. frumvarpsins. Þau tilfelli sem geta leitt til ákvörðunar Fjarskiptastofu eru nokkuð víðtækari en í gildandi ákvæði, t.d. getur skipulag sveitarfélaga verið ástæða til ákvörðunar. Þá er ekki lengur skilyrði fyrir ákvörðun að öðrum fjarskiptafyrirtækjum sé ómögulegt að fá aðgang. Upptalning í dæmaskyni á þeim eignum sem samnýting getur náð til er margþættari en áður.

Um 36. gr.

Ákvæði þetta samsvarar 1. og 6. mgr. 24. gr. gildandi laga um fjarskipti. Efnisatriðum sem nú eru í 24. gr. er í frumvarpi þessu skipt upp í ákvæði um réttindi og skyldur fjarskiptafyrirtækja varðandi aðgang og samtengingu í 36. gr. og skyldur Fjarskiptastofu í 37. gr. Ákvæði 36. gr. er ætlað til innleiðingar á 59. og 60. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972.

Engin breyting er á því gerð að fjarskiptafyrirtæki eiga rétt á og ber skylda til að samtengja net sín. Til áréttingar er bætt við texta um að tilgangurinn sé að tryggja framboð og rekstrar-samhæfi á öllu Evrópska efnahagssvæðinu og að ekki sé skilyrði fyrir samtengingu fyrirtækja í öðrum löndum á svæðinu að þau séu skráð hjá Fjarskiptastofu ef þau bjóða ekki fjarskiptaþjónustu eða -net hér á landi.

Þá er áréttað í 3. mgr. að aðgangur og samtenging skuli vera í samræmi við sérstakar kvaðir sem kunna að hvíla á viðkomandi fyrirtæki samkvæmt sérstökum ákvörðunum Fjarskiptastofu.

Ákvæði 4. mgr. er samhljóða 6. mgr. 24. gr. gildandi laga og fjallar um skilmála umferðarstýringar í samtengi- og aðgangssamningum. Ákvæði þetta á rætur að rekja til reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2120 um ráðstafanir varðandi opinn netaðgang o.fl., sem innleidd var hér á landi með reglugerð nr. 1128/2018 um framkvæmd nethlutleysis. Sjá einnig reglugerð nr. 1174/2012 um alþjóðlegt reiki á almennum farnetum innan Evrópska efnahagssvæðisins, með áorðnum breytingum.

Um 37. gr.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eru samhljóða 2. og 3. mgr. 24. gr. gildandi laga varðandi hlutverk Fjarskiptastofu við að stuðla að samtengingu og aðgangi, fyrir utan smávægilega orðalagsbreytingu.

Í 3. mgr. er nýtt ákvæði um leiðbeiningarskyldu Fjarskiptastofu í þessum málaflokki sem er m.a. hugsað til þess að koma til móts við lítil og staðbundin fyrirtæki sem þurfa á samtengingu við önnur net að halda.

Ákvæði 37. gr. er til innleiðingar á 1. másl. 1. mgr. 59. gr. og 1. mgr. 61. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972.

Um 38. gr.

Í greininni er fjallað um kvaðir sem Fjarskiptastofa getur lagt á, án tillits til markaðsstyrks viðkomandi fyrirtækja. Tilgangur ákvæðisins er að tryggja tengingu milli endanotenda fjarskiptaþjónustu, m.a. með því að fyrirskipa samtengingu neta, rekstrarsamhæfingu og aðgang að aðstöðu í tilteknum tilvikum. Ákvæðið byggist á 61. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972.

Gert er ráð fyrir að sett verði nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd þessa ákvæðis, t.d. um hvaða atriða skuli líta til við mat á nauðsyn þess að beita ákvæðinu, sbr. upptalningar sem er að finna í ofangreindu ákvæði tilskipunarinnar. Þar að auki verða gefnar út leiðbeiningar og hugsanlega framkvæmdagerðir á vettvangi Evrópska efnahagssvæðisins um frekari útfærslu og skilyrði fyrir beitingu kvaða innan ramma ákvæðisins sem gæti verið ástæða til að setja í reglugerð þegar að því kemur.

Samkvæmt 2. mgr. er mögulegt að leggja á nokkrar mismunandi kvaðir. Í fyrsta lagi er skv. a-lið hægt að skylda fyrirtæki til að samtengja net sín ef það hefur ekki verið gert að frumkvæði netrekenda. Í öðru lagi er skv. b-lið hægt að leggja á kröfur um rekstrarsamhæfi á fyrirtæki sem stjórna aðgangi endanotenda en það á eðli máls samkvæmt fyrst og fremst við um netrekendur og aðila sem reka númeraháða þjónustu. Þessir tveir fyrstu liðir eru ekki alveg nýir af nálinni en ákvæði um þetta hafa verið í eldri tilskipunum um fjarskipti og Fjarskiptastofa hefur haft ákveðið hlutverk að þessu leyti þótt ef til vill hafi orðalag gildandi laga um fjarskipti ekki verið mjög skýrt hvað varðar heimildir í þessu sambandi. Mál af þessu tagi hafa ekki verið algeng hér á landi fram til þessa. Í þriðja lagi er skv. c-lið heimilt undir ákveðnum kringumstæðum að leggja kvaðir um rekstrarsamhæfi á þjónustuveitendur sem bjóða þjónustu sem ekki notar símanúmer. Þessi liður er nýmæli og er hann ætlaður til þess að hægt sé að tryggja tengingu milli endanotenda hjá mismunandi þjónustuveitendum ef til þess kemur að vefþjónustur sem bjóða samskipti án símanúmera, t.d. spjallforrit með möguleika á tal- og myndsambandi, nái verulega mikilli útbreiðslu og fjölda notenda og að það verði farið að hafa áhrif á möguleika notenda í mismunandi þjónustum til þess að hafa samband hver við annan. Ákvæði þessu verður þó ekki beitt nema sett verði sérstök EES-framkvæmdagerð um beitingu þess en gert er ráð fyrir að nánari ákvæði verði sett um þetta ákvæði í innlendra reglugerð. Í fjórða lagi er skv. d-lið heimilt að setja kvaðir um aðgang að forritatengslum og rafrænum dagskrárvísunum. Ákvæði d-liðar er ekki nýmæli en kveðið hefur verið á um slíkan aðgang í reglum sem Fjarskiptastofa hefur sett í samræmi við 56. gr. gildandi laga. Ekki hefur reynt á þær reglur svo að vitað sé síðan þær voru settar árið 2006. Um skilgreiningu á orðinu hugbúnaðarskil vísast til 5. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt 3. mgr. getur Fjarskiptastofa lagt kvaðir á fjarskiptafyrirtæki eða aðra aðila sem kunna að eiga innanhússlagnir um að veita aðgang að þeim án þess að viðkomandi aðili hafi

áður verið útnefndur með umtalsverðan markaðsstyrk. Aðgangurinn nær til lagna og tengdrar aðstöðu. Í lögum um ráðstafanir til hagkvæmrar uppbyggingar háhraða fjarskiptaneta, nr. 125/2019, er kveðið á um aðgang að efnislegum grunnvirkjum, en í þeim lögum eru fjarskiptalagnirnar undanskildar. Í 3. mgr. þessarar greinar er hins vegar gefinn möguleiki á að kveða á um aðgang að lögnum. Aðgangur þessi nær að meginstefnu til lagna inni í byggingu eða að fyrsta samantektarpunkti utan byggingar. Þó eru möguleikar á að útvíkka aðganginn þannig að hann nái dýpra inn í fjarskiptakerfi eða allt að þeim punkti sem tengir nægilega marga endanotendur til þess að tenging teljist hagkvæm í ljósi aðstæðna. Í tilskipun (ESB) 2018/1972 er gert ráð fyrir að evrópskur hópur eftirlitsaðila á sviði fjarskipta (BEREC) gefi út leiðbeiningar um hugsanlega beitingu þessa ákvæðis utan fyrsta samantektarpunkts. Samkvæmt aðfararorðum tilskipunarinnar þarf að gæta að því að draga ekki úr hvata til nýrra fjárfestinga í háhraðanetum þegar þessari kvöð er beitt og jafnframt þarf að gæta þess að beiting hennar styrki ekki umtalsverðan markaðsstyrk fyrirtækis á viðkomandi markaði. Til greina kemur í undantekningartilfellum að leggja á kvaðir um aðgang að virkum netþáttum eða sýndaraðgang ef ekki er hagkvæmt eða mögulegt að notast við aðgang að óvirkum netþáttum.

Í 4. mgr. er gert ráð fyrir að við tiltekna aðstæður sé Fjarskiptastofu heimilt að láta kvaðir um aðgang ganga lengra en til fyrsta samantektar- eða dreifipunktar, öðrum punkti eða jafnvel virkra netþátta og sýndaraðgang.

Í 5. mgr. er fjallað um fyrirtæki sem eru eða geta verið undanþegin kvöðum skv. 3. mgr. á grundvelli þess að þau bjóði aðrar fullnægjandi leiðir til aðgangs á heildsölustigi.

Í 6. mgr. er heimilað að kveða á um aðgang að netþáttum þráðlausra fjarskiptaneta ef nauðsynlegt er til að tryggja svæðisbundinn aðgang. Hægt er að mæla fyrir um aðgang að óvirkum netþáttum, svo sem sendastöðum og möstrum, en einnig kemur til álita að kveða á um svæðisbundið reiki milli neta. Aðeins má beita slíkum kvöðum ef skýrt er kveðið á um slíkan möguleika í viðkomandi tíðniheimildum. Þetta ákvæði getur t.d. haft mikla þýðingu þegar farið verður í uppbyggingu háhraðaneta, svo sem 5G á strjálbýlum svæðum og meðfram þjóðvegum.

Í 7. mgr. er kveðið á um málsmeðferð, almennar kröfur til álagningar kvaða samkvæmt ákvæðinu, mat á þeim og endurskoðun.

Loks er í 8. mgr. gert ráð fyrir nánari útfærslu ákvæðisins í reglugerð.

Um 39. gr.

Ákvæði þetta er hliðstætt 56. gr. gildandi laga og er til innleiðingar á d-lið 2. mgr. 61. gr. og 62. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972. Ákvæðið varðar kerfi sem stýra aðgangi notenda að hljóð- og myndefni sem sent er um fjarskiptanet. Nánar verður kveðið á um tæknilegar kröfur til slíkra kerfa og aðgang fjölmiðlaveita að þeim í reglum sem settar eru af Fjarskiptastofu. Reglurnar munu byggjast á fyrrgreindum ákvæðum tilskipunarinnar og II. viðauka hennar. Hliðstæðar reglur voru settar af Fjarskiptastofu árið 2006 með stoð í gildandi lögum um fjarskipti, en lítið sem ekkert hefur reynt á beitingu þeirra.

Ákvæði 2. mgr. er efnislega óbreytt frá 4. mgr. 61. gr. gildandi laga og fjallar um notendabúnað fyrir stafrænt sjónvarp. Það er jafnframt innleiðing á hluta 113. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972 og 1. og 2. mgr. viðauka XI við hana en gert er ráð fyrir að Fjarskiptastofa muni setja reglur sem kveða á um ítarlegri skilyrði sem fram koma í umræddu ákvæði og viðauka. Rétt þykir að áréttta sérstaklega í lagaákvæðinu að það nái til alls búnaðar, hvort sem hann er boðinn til sölu eða leigu á innri markaðnum, enda er það sérstaklega tilgreint í tilskipuninni. Ákvæði 3. mgr. er efnislega óbreytt frá 5. mgr. 61. gr. gildandi fjarskiptalaga að öðru leyti en

að nú er gert ráð fyrir að óheimilt sé að framleiða eða markaðssetja tiltekinn búnað eða hugbúnað, en orðalag ekki bundið við framleiðslu og markaðssetningu.

Um 40. gr.

Ákvæði 40. gr. er ætlað að koma í veg fyrir hömlur á veitingu aðgangs að almennum fjarskiptanetum í gegnum þráðlaus staðarnet, svo sem WiFi. Ákvæðið er til innleiðingar á 56. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972. Með ákvæðinu er endanotendum heimilað að veita almennan aðgang að staðarneti sínu og fjarskiptafyrirtækjum er enn fremur heimilað að veita almennan aðgang að netum sínum í gegnum staðarnet sem staðsett eru í húsnæði endanotanda að fengnu upplýstu samþykki endanotandans.

Aðili sem veitir aðgang að staðarneti sínu án þess að það sé í atvinnuskyni er ekki bundinn af ýmsum skilyrðum sem gilda um starfsemi fjarskiptafyrirtækja, þar á meðal skilyrði almennrar heimildar til fjarskiptastarfsemi, ákvæðum um neytendavernd og er ekki skylt að samtengja net sín. Staðarnet sem þessi nota samræmd opin tíðnisvið og er því ekki þörf á að sækja um sérstaka tíðniheimild.

Ákvæðið gerir ráð fyrir því að aðilar geti safnað saman þráðlausum staðarnetum mismunandi endanotenda og gert þau aðgengileg í einu lagi. Enn fremur er gert ráð fyrir að opinberir aðilar sem reka þráðlaus staðarnet í afmörkuðum tilgangi geti veitt almennan aðgang að staðarnetinu sem viðbót við þá opinberu þjónustu sem veitt er á svæðinu.

Ákvæðinu er ætlað að koma til móts við síaukna þörf á þráðlausum gagnaflutningi og létta þannig álag á almennum þráðlausum farnetum.

Um 41. gr.

Ákvæðinu er ætlað að greiða fyrir uppsetningu smárra þráðlausra senda sem mun fyrirsjáanlega fjölga með útbreiðslu nýrra þráðlausra háhraðaneta, svo sem 5G-farneta. Ákvæðið er til innleiðingar á 57. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972.

Ekki þarf sérstaka heimild frá Fjarskiptastofu til að setja upp senda af slíku tagi en heimild til tíðninotkunar þarf ef sendirinn starfar ekki á opnu tíðnisviði.

Í 2. mgr. er kveðið á um skyldu opinberra aðila sem fara með yferráð yfir grunnvirkjum að heimila uppsetningu senda, t.d. í ljósastaurum og stöðvum fyrir almenningssamgöngur. Að einhverju leyti er hægt að fá aðgang á grundvelli laga um ráðstafanir til hagkvæmrar uppbyggingar háhraða fjarskiptaneta, nr. 125/2019, en þau lög taka ekki til opinberra grunnvirkja nema þau séu hluti af einhvers konar neti og því kemur ákvæði 2. mgr. til fyllingar.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að ráðherra skilgreini í reglugerð nánari kröfur um tæknilega eiginleika sem slíkir sendar skulu uppfylla og munu þær reglur byggjast á framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1070 frá 20. júlí 2020, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 277/2021 frá 24. september 2021.

Fjarskiptastofu er ætlað hlutverk við samræmingu reglna um aðgang á landsvísu og miðlun upplýsinga skv. 4. og 5. mgr.

Um 42. gr.

Ákvæði 42. gr. er samhljóða ákvæði 26. gr. gildandi laga. Ákvæðið samsvarar 2. mgr. 60. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972. Ákvæðið fjallar um skyldu fjarskiptafyrirtækja til að nota

ekki upplýsingar sem ganga á milli fyrirtækja þegar sótt er um aðgang eða samtengingu í öðrum tilgangi en þeim er ætlað við samningagerðina og framkvæmd samnings.

Um 43. gr.

Ákvæði 1. mgr. 43. gr. er samhljóða 16. gr. gildandi laga um fjarskipti. Ákvæðið er til innleiðingar á 3. mgr. 64. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972. Það fjallar um fyrstu aðgerðir Fjarskiptastofu í því ferli að meta hvort þörf er á að beita kvöðum gagnvart fyrirtækjum með umtalsverðan markaðsstyrk. Þetta fyrsta skref felst í því að skilgreina og afmarka þá markaði sem taka á til skoðunar, bæði hvað varðar tegundir þjónustu sem undir hann geta fallið og landfræðilega afmörkun.

Í 2. mgr. er kveðið á um að taka skuli ýtrasta tillit til viðeigandi tilmæla og leiðbeininga Eftirlitsstofnunar EFTA. Eftirlitsstofnun EFTA gefur út tilmæli þar sem tilgreindir eru þeir þjónustumarkaðir sem taka ber til skoðunar og eru þau tilmæli útgangspunkturinn en Fjarskiptastofa þarf að taka afstöðu til þess hvernig viðkomandi þjónustumarkaður er nánar afmarkaður miðað við innlendar aðstæður. Til þess kann að koma að Fjarskiptastofa telji þörf á að taka til greiningar aðra þjónustumarkaði en þá sem tilgreindir eru í tilmælunum og þarf stofnunin þá að bera það undir Eftirlitsstofnun EFTA skv. 28. gr. laga um Fjarskiptastofu, nr. 75/2021. Gert er ráð fyrir að Eftirlitsstofnun EFTA gefi út leiðbeiningar um markaðsgreiningar og mat á umtalsverðum markaðsstyrk enda hefur framkvæmdastjórn Evrópusambandsins nýlega gefið út nýjar leiðbeiningar þess efnis (e. Communication from the Commission, Guidelines on market analysis and the assessment of significant market power under the EU regulatory framework for electronic communications networks and services, 2018/C 159/01). Í þeim leiðbeiningum er að finna umfjöllun um skilgreiningu markaða sem taka þarf tillit til. Nánari útlistun á aðferðafræði við afmörkun markaða mun koma fram í reglugerð.

Í 3. mgr. er kveðið á um að setja skuli reglugerð til nánari útfærslu á efni IX. kafla. Reglugerð þessi, ein eða fleiri, munu að stórum hluta byggjast á þeim hlutum viðkomandi ákvæða tilskipunarinnar sem fela í sér nánari útfærsluatriði og enn fremur á þeim framkvæmdagerðum, viðmiðunarreglum og leiðbeiningum sem gert er ráð fyrir að gefnar verði út um þennan mála-flokk samkvæmt tilskipuninni.

Um 44. gr.

Ákvæðið samsvarar að nokkru 17. gr. gildandi laga en er þó mun ítarlegra. Ákvæðið í heild sinni er til innleiðingar á 67. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972. Engin grundvallarbreyting hefur orðið á aðferðafræði við markaðsgreiningu sem felst í því að meta hvort virk samkeppni er á viðkomandi markaði eða hvort eitthvert fyrirtæki hefur umtalsverðan markaðsstyrk. Þó er aukin áhersla lögð á það í aðfararorðum tilskipunarinnar og í leiðbeiningum Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) um mat á umtalsverðum markaðsstyrk að byrja skuli á því að líta til tengdra smásöllumarkaða og skoða hvort þar sé að finna samkeppnisvandamál. Ef vandamál eru ekki til staðar á smásöllumarkaði er ekki ástæða til að beita kvöðum um aðgang að netum og þjónustu á heildsöllumarkaði.

Í 1. mgr. er Fjarskiptastofu falið að framkvæma markaðsgreiningar í samræmi við skuldbindingar samkvæmt EES-samningnum.

Í 2. mgr. er lýst þeim einkennum sem markaður þarf að hafa til þess að réttlætlanlegt sé að beita kvöðum. Eftirlitsstofnun EFTA gefur út tilmæli með fyrir fram skilgreindum mörkuðum og ber Fjarskiptastofu skv. 3. mgr. að ganga út frá því að þeir markaðir sem þar eru tilgreindir uppfylli skilyrði ákvæðisins, nema til staðar séu sérstakar landsbundnar aðstæður sem geri

stöðu á viðkomandi markaði hér á landi frábrugðnar á þann hátt að eitthvert skilyrðanna sé ekki uppfyllt.

Í 4. mgr. er lagt fyrir Fjarskiptastofu að skoða markaði með það fyrir augum að leggja mat á hvernig þeir mundu þróast ef kvaðir væru ekki lagðar á.

Í 5. mgr. er kveðið á um að markaðsgreining skuli vera grundvöllur ákvörðunar um hvort kvaðir verði lagðar á, þeim viðhaldið, breytt eða þær felldar niður.

Í 6. mgr. er gert skylt að leggja sérstakt mat á stöðu á smásöllumarkaði.

Í 7. mgr. eru tilteknir frestir Fjarskiptastofu til þess að framkvæma greiningar á nýjum mörkuðum og endurskoða fyrri greiningar. Frestur eru á bilinu þrjú til sex og hálf ár eftir atvikum. Slíkir frestir hafa ekki áður verið lögbundnir.

Markaðsgreining er flókið ferli og er þörf á að útfæra það nánar í reglugerð þar sem byggt verður á nánari ákvæðum tilskipunarinnar og leiðbeiningum um mat á umtalsverðum markaðsstyrk sem gefnar eru út af Eftirlitsstofnun EFTA.

Um 45. gr.

Ákvæðið er samhljóða 1. og 2. mgr. 18. gr. gildandi laga og fjallar um viðmið við ákvörðun um hvort fyrirtæki hefur umtalsverðan markaðsstyrk. Ákvæðið er ætlað til innleiðingar á 63. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972. Eins og áður kemur til greina að fleiri en eitt fyrirtæki verði skilgreind með sameiginlegan umtalsverðan markaðsstyrk og skv. 2. mgr. getur styrkur á einum markaði leitt til þess að fyrirtæki verði talið hafa umtalsverðan markaðsstyrk á tengdum markaði. Nánari leiðbeiningar um framkvæmd munu koma fram í reglugerð sem mun byggjast á leiðbeiningum um mat á umtalsverðum markaðsstyrk sem gefnar eru út af Eftirlitsstofnun EFTA.

Um 46. gr.

Ákvæði þetta á sér hliðstæðu í 1. mgr. 27. gr. gildandi laga og fjallar almennt um kvaðir sem hægt er að leggja á fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk. Ákvæðið er til innleiðingar á 68. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972. Ákvæðið er mun ítarlegra en gildandi ákvæði en felur ekki í sér grundvallarbreytingu. Orðalag ákvæðisins er að mestu í samræmi við þá framkvæmd sem hefur verið viðhöfð fram til þessa en ástæða þykir til að fjalla ítarlegar um viðmið við beitingu kvaða í lagatexta en gert var áður. Helsta breytingin í raun er sú að nú vísar ákvæðið til fleiri úrræða en áður en um þau úrræði er fjallað í eftirfarandi ákvæðum og eru sum þeirra ný af nálinni.

Í 1. mgr. er að finna almenna heimild Fjarskiptastofu til þess að beita eftir atvikum þeim úrræðum sem er að finna í IX. kafla.

Í 2. mgr. er tekið fram að ef fyrirtæki er útnefnt með umtalsverðan markaðsstyrk skuli beita ákveðnum kvöðum eins og við á. Lögð er áhersla á meðalhóf við beitingu úrræðanna.

Í 3. mgr. er nýtt ákvæði sem takmarkar þær kvaðir sem hægt er að leggja á fyrirtæki á markaði sem er tengdur þeim markaði sem það er útnefnt með umtalsverðan markaðsstyrk á með þeim hætti að markaðsstyrkur yfirfærast á tengda markaðinn. Ákvæðið á rætur að rekja til 3. mgr. 63. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972.

Í 4. mgr. er fjallað um þann möguleika að Fjarskiptastofa telji að leggja þurfi á aðrar kvaðir en þær sem eru sérstaklega tilgreindar í eftirfarandi ákvæðum. Í slíkum tilvikum þarf að bera slík áform undir Eftirlitsstofnun EFTA í samræmi við 28. gr. laga um Fjarskiptastofu og skuldbindingar samkvæmt EES-samningnum.

Í 5. mgr. eru talin upp nokkur þeirra viðmiða sem hafa skal í huga þegar metið er hvaða kvaðir eru viðeigandi í hverju tilviki.

Í 6. gr. er fjallað um skyldu Fjarskiptastofu til þess að tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA um þær kvaðir sem stofnunin ákveður að leggja á.

Í 7. mgr. er fjallað um skyldu Fjarskiptastofu til þess að fylgjast með þróun á mörkuðum þar sem kvaðir hafa verið lagðar á. Ef verulegar breytingar verða á aðstæðum á markaði getur slíkt kallað á nýja markaðsgreiningu en ef breytingarnar eru minni getur verið ástæða til þess að gera breytingar á álögðum kvöðum án þess að leggja í alla þá vinnu sem ný markaðsgreining felur í sér.

Um 47. gr.

Ákvæði þetta er nýmæli og er til innleiðingar á 72. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972. Með því verður heimilað að leggja kvaðir á fjarskiptafyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk um að veita öðrum fjarskiptafyrirtækjum aðgang að mannvirkjum eða hluta mannvirkja sem hið fyrrnefnda hefur yfir að ráða. Þannig yrði smærri fjarskiptafyrirtækjum gert kleift að leggja sín eigin net án þess að þurfa að fara í sérstaka mannvirkjagerð. Til dæmis getur aðgangur að rörum verið mjög gagnlegur við uppbyggingu nýrra fjarskiptaneta þar sem það sparar fjarskiptafyrirtæki vinnu við skurðgröft og dregur jafnframt úr þeim óþægindum sem síendurteknar framkvæmdir geta valdið. Gert er ráð fyrir skv. 5. mgr. 48. gr. frumvarpsins að þetta úrræði verði skoðað fyrst og ef það er talið duga þurfi jafnvel ekki að koma til setningar fleiri aðgangskvaða á viðkomandi markaði. Áhersla á að skoða þessa kvöð á undan öðrum er í samræmi við þau markmið frumvarpsins að stuðla að uppbyggingu nýrra háhraðaneta og auka samkeppni milli neta.

Mannvirki sem hægt er að veita aðgang að samkvæmt þessu ákvæði eru að mörgu leyti þau sömu og kveðið er á um í lögum um ráðstafanir til hagkvæmrar uppbyggingar háhraða fjarskiptaneta, nr. 125/2019. Þetta ákvæði nær þó lengra að því leyti að það getur náð til lagnaleiða og röra. Þessu ákvæði er beitt með öðrum hætti en lögum nr. 125/2019. Ákvæðið á aðeins við gagnvart fyrirtækjum með umtalsverðan markaðsstyrk og er beitt sem fyrir fram ákveðinni kvöð gagnvart þeim, eftir atvikum með öðrum kvöðum, t.d. um gagnsæi, jafnræði, bókhaldslegan aðskilnað og eftirlit með gjaldskrá. Það getur verið nauðsynlegt þegar um er að ræða fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk að hafa fyrir fram ákveðna og skýra skilmála um aðgang keppinauta þeirra á markaði. Lög nr. 125/2019 gera hins vegar að meginstefnu ráð fyrir að samið sé um aðgang við netrekendur á ýmsum sviðum og að skorið sé úr ágreiningi eftir á ef hann kemur upp.

Um 48. gr.

Ákvæði þetta samsvarar að miklu leyti 28. gr. gildandi laga. Helsti munurinn er sá að Fjarskiptastofu ber að kanna aðra valkosti áður en ákveðið er að beita kvöðum um aðgang að fjarskiptanetum og þjónustu. Ákvæðið er til innleiðingar á 73. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972.

Í 1. mgr. er fjallað almennt um heimild Fjarskiptastofu til þess að beita kvöðum um aðgang að netum og þjónustu.

Í 2. mgr. og 3. mgr. eru talin upp dæmi um aðgang og skilmála tengda aðgangi sem hægt er að kveða á um. Upptalningin er nokkuð ítarlegri en í gildandi ákvæði en ekki er líklegt að þetta breytta orðalag eitt og sér leiði til grundvallarbreytinga á framkvæmd varðandi álagningu kvaða af þessu tagi. Nýmæli er að finna í d-lið, þ.e. að kvaðir geti falið í sér að fjarskiptafyrir-

tæki megi ekki afturkalla aðgang að aðstöðu sem þegar hefur verið veittur. Þetta á þó ekki við ef rekstri viðkomandi aðstöðu er hætt en þá getur eftir atvikum komið til beitingar 60. gr.

Í 4. mgr. er lagt fyrir Fjarskiptastofu að meta hvort aðrir aðgangsmöguleikar á markaðnum eða tengdum markaði, annaðhvort í formi kvaða eða framboðs að eigin frumkvæði fyrirtækja, geti verið nægjanlegir til þess að takast á við samkeppnisvandamál á markaðnum. Í því sambandi eru talin upp atriði sem stofnuninni ber að líta til.

Samkvæmt 5. mgr. er skylt að skoða hvort kvaðir um aðgang að mannvirkjum skv. 47. gr. geti dugað til að tryggja nægilegan aðgang áður en lögð er á kvöð um aðgang að netum eða þjónustu. Ákvæði þetta er bæði ætlað til þess að stuðla að því að kvaðir verði ekki meira íþyngjandi en nauðsyn ber til og til þess að stuðla að samkeppni í uppbyggingu neta.

Að lokum er í 6. mgr. veitt heimild til þess að setja skilyrði varðandi tæknilega eiginleika neta og þjónustu, bæði hjá aðgangsveitanda og -þiggjanda. Það getur verið nauðsynlegt til þess að tryggja eðlilega virkni neta og þjónustu.

Um 49. gr.

Ákvæði þetta samsvarar 29. gr. gildandi laga. Ákvæðið er nokkuð ítarlegra en verið hefur en felur ekki sér grundvallarbreytingu. Ákvæðið er til innleiðingar á 69. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972.

Samkvæmt 1. mgr. er hægt að skylda fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk til þess að birta ýmsar upplýsingar, svo sem bókhaldsupplýsingar, verð, tækniforskriftir, upplýsingar um eiginleika neta og væntanlega þróun þeirra, auk skilmála og skilyrða fyrir framboði og notkun, þ.m.t. skilyrði varðandi breytingar á aðgangi að eða notkun á þjónustu og hugbúnaði, m.a. að því er varðar flutning úr eldri fjarskiptanetum.

Samkvæmt 2. mgr. er hægt að skylda fyrirtæki til þess að gefa út viðmiðunartilboð varðandi þær aðgangspjónustur sem eru í boði hjá fyrirtækinu samkvæmt ákvörðun Fjarskiptastofu. Í slíku tilboði er gerð grein fyrir öllum skilmálum slíks aðgangs og hann sundurliðaður þannig að fyrirtæki sem óska aðgangs þurfi ekki að kaupa aðra þjónustuþætti en þá sem það þarf á að halda. Slík tilboð hafa þekkt hér á landi í mörg ár.

Samkvæmt 3. mgr. er heimilt að setja nánari reglur um innihald tilboða. Slíkar reglur munu byggjast á viðmiðunarreglum BEREC. Gildandi reglur nr. 993/2009 voru settar af Póst- og fjarskiptastofu (nú Fjarskiptastofa) en gera má ráð fyrir að þær þurfi að endurskoða þegar nýjar viðmiðunarreglur BEREC liggja fyrir.

Um 50. gr.

Ákvæðið er nokkuð ítarlegra en samsvarandi ákvæði 30. gr. gildandi laga en ekki er gert ráð fyrir að nein grundvallarbreyting verði á beitingu þess. Það er til innleiðingar á 70. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972.

Ákvæðið heimilar að lögð verði skylda á fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk um að það gæti jafnræðis við veitingu aðgangs, þ.m.t. að það veiti ekki eigin rekstrareiningum betri þjónustu en samkeppnisaðilum sem sækja um aðgang.

Um 51. gr.

Ákvæðið er að mestu samhljóða 31. gr. gildandi laga og er það ætlað til innleiðingar á 71. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972.

Ákvæðið fjallar um kvaðir varðandi aðskilnað bókhalds fyrir þá starfsemi sem fellur undir aðgang og samtengingu. Tilgangurinn er að tryggja jafnræði og gagnsæi í verðlagningu.

Í 2. mgr. er bætt við heimild til þess að birta upplýsingar varðandi bókhald viðkomandi fyrirtækja, að teknu tilliti til reglna um leynd viðskiptaupplýsinga. Samsvarandi heimildir er nú að finna í reglugerð um bókhald og kostnaðargreiningu í rekstri fjarskiptafyrirtækja, nr. 564/2011, en rétt þykir að kveða skýrt á um þetta atriði í lögum.

Um 52. gr.

Ákvæði þetta samsvarar að nokkru ákvæði 32. gr. gildandi laga varðandi kvöð um eftirlit með gjaldskrá fyrirtækja sem útnefnd hafa verið með umtalsverðan markaðsstyrk. Ákvæði frumvarpsins er þó mun ítarlegra og er í því kveðið á um atriði sem Fjarskiptastofa þarf að taka tillit til áður en tekin er ákvörðun um beitingu kvaðarinnar. Þar á meðal er tillit til þarfar á því að stuðla að uppbyggingu nýrra háhraðaneta. Að öðru leyti er ekki talið að breytingar á orðalagi muni leiða til stórra breytinga í framkvæmd, t.d. hvað varðar kostnaðargreiningar- aðferðir og birtingu upplýsinga. Hermipróf eru ein af þeim aðferðum sem beitt er til þess að tryggja jafnræði skv. 50. gr. Efnahagslegt hermipróf er sú jafnræðiskvöð sem helst getur komið í stað verðkvaðar skv. 52. gr.

Áfram er gert ráð fyrir að nánari útfærsla verði í reglugerð eins og verið hefur, sbr. gildandi reglugerð um bókhald og kostnaðargreiningu í rekstri fjarskiptafyrirtækja, nr. 564/2011.

Ákvæði 52. gr. eru til innleiðingar á 74. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972.

Um 53. gr.

Í greininni er að finna nýmæli sem byggist á 75. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972. Ákvæðið fjallar um hámarksverð fyrir lúkningu símtala, þ.e. heildsöluverð sem netrekandi tekur fyrir að tengja endanotanda í sínu neti við endanotanda í öðru neti sem efnir til símtals. Um getur verið að ræða gjald fyrir tengingu og gjald fyrir hverja mínútu símtals. Ákvæðið á bæði við um lúkningu símtala í farnetum og föstum netum.

Ákvæðið gerir ráð fyrir að framvegis gildi samræmd lúkningarverð á öllu Evrópska efnahagssvæðinu. Sett verður framkvæmdagerð að höfðu samráði við BEREC þar sem ákveðið verður hámarksverð fyrir lúkningu. Þessu heildsöluverði er ætlað að gilda hér á landi og er gert ráð fyrir að hámarksverð verði birt í reglugerð sem ráðherra setur á svipaðan hátt og gert hefur verið varðandi reikiverð.

EES-gerð um hámarksverð verður byggð á vegnu meðaltali kostnaðar í netum í Evrópu sem teljast rekin á hagkvæman hátt. Það er svipuð aðferðafræði og Fjarskiptastofa hefur beitt við ákvörðun lúkningarverðs samkvæmt gildandi lögum og er því ekki víst að mikil verðbreyting verði í brád.

Að öllu jöfnu verður ekki þörf á því lengur að Fjarskiptastofa greini markaði fyrir lúkningu símtala og taki sérstakar ákvarðanir um verð fyrir lúkningu. Að því leyti léttir þetta ákvæði á eftirliti stofnunarinnar með markaðsaðilum.

Samkvæmt 3. mgr. er Fjarskiptastofu heimilað að framkvæma markaðsgreiningu á lúkningsarmörkuðum og taka ákvörðun um kvaðir ef ekkert hámarksverð er gefið út á vettvangi Evrópska efnahagssvæðisins.

Samkvæmt 4. mgr. er Fjarskiptastofu gert skylt að fylgjast með verðlagningu og tryggja að hún sé ekki umfram það hámark sem gildir.

Fyrir endurflutning frumvarpsins á 152. löggjafarþingi voru gerðar þær breytingar á ákvæðinu að hámarksverð skuli ekki einungis gilda á Evrópska efnahagssvæðinu, heldur og ef í gildi eru viðskiptasamningar við einstök ríki utan þess um slík hámarksverð.

Um 54. gr.

Ákvæði 1. og 2. mgr. 54. gr. byggist á 35. gr. gildandi laga um hámarksverð í heild- og smásölu fyrir símtöl í reikiþjónustu. Þar er kveðið á um að verð fyrir reikiþjónustu innan Evrópska efnahagssvæðisins skuli að hámarki vera það verð sem fram kemur í svokallaðri Evrópugjaldskrá, með vísan í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 717/2007 um reikiþjónustu á almennum farsímanetum og samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2120, um ráðstafanir varðandi opinn Netaðgang o.fl., að því er varðar millilanda-símtöl innan Evrópska efnahagssvæðisins. Umrætt reikiverð er reglulega endurskoðað af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og verður eftir því sem við á innleitt með reglugerð ráðherra.

Ákvæði 3.–5. mgr. eru nýmæli og varða hámarkssmásluverð fyrir mínútu símtals og SMS-sendingu sem fer fram milli landa Evrópska efnahagssvæðisins. Þannig mun gilda Evrópugjaldskrá um þessi símtöl líkt og um símtöl í reikiþjónustu. Ákvæðið er innleiðing á 50. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1971, svokallaðrar BEREC-reglugerðar, sem breytir reglugerð (ESB) 2015/2120. Hámarksverð án virðisaukaskatts fyrir mínútu símtals verður samkvæmt þessum gerðum 0,19 evrur og 0,06 evrur fyrir SMS og miðast við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni. Þetta er nokkur lækkun ef miðað er við almennar gjaldskrár fjarskiptafyrirtækja en ekki er ljóst nákvæmlega hver áhrifin verða með tilliti til sérstakra áskriftaleiða og magns símaumferðar milli Íslands og annarra EES-ríkja.

Gert er ráð fyrir að verð ásamt nánari útfærslu, í samræmi við viðeigandi EES- reglugerð, verði birt í reglugerð sem ráðherra setur, á sama hátt og lagt er til að gert verði varðandi verð fyrir lúkningu símtala og reikiverð.

Fyrir endurflutning frumvarpsins á 152. löggjafarþingi voru gerðar þær breytingar á ákvæðinu að hámarksverð skuli ekki einungis gilda á Evrópska efnahagssvæðinu, heldur einnig ef í gildi eru viðskiptasamningar við einstök ríki utan þess um slík hámarksverð.

Um 55. gr.

Í greininni er að finna nýtt ákvæði sem byggist á 76. gr. tilskipunar (EBS) 2018/1972. Þetta er eitt þeirra ákvæða sem eiga að auka útbreiðslu háhraðaneta.

Samkvæmt ákvæðinu getur fjarskiptafyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk boðið öðrum fyrirtækjum að taka þátt í fjárfestingum í háhraðanetum og fengið þannig undanþágu frá öðrum kvöðum hvað viðkomandi netþætti varðar, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Skilyrðin varða meðal annars innihald fjárfestingartilboða og aðgang þriðju aðila sem ekki taka þátt í fjárfestingunni.

Ef Fjarskiptastofa telur tilboð uppfylla skilyrði 1. mgr. getur stofnunin gert skuldbindingar samkvæmt tilboðinu bindandi og sleppt öðrum kvöðum. Ef sérstaklega stendur á getur Fjarskiptastofa þó beitt öðrum kvöðum samhliða skv. 3. mgr. ef veruleg samkeppnisvandamál eru til staðar sem ekki er hægt að takast á við með öðrum hætti.

Um 56. gr.

Ákvæði þetta er nýmæli og er til innleiðingar á 77. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972. Ákvæðið veitir heimild til þess, í undantekningartilfellum þegar hefðbundnar kvaðir um aðgang, jafnræði, gagnsæi, bókhaldslegan aðskilnað og eftirlit með gjaldskrá duga ekki til að leysa mikil og viðvarandi samkeppnisvandamál, að taka stjórnsluákvörðun um að aðskilja ákveðnar rekstrareiningar lóðrétt samþætts fyrirtækis. Ákvæði þessu yrði aðeins beitt ef önnur

úrræði laganna yrðu talin fullreynd og ekki hefur tekist með þeim að leysa alvarleg samkeppnisvandamál á markaðnum.

Í 2. mgr. er lýst skyldum, sem hvíla á aðskilinni rekstrareiningu, sem stuðla að jafnræði á milli hins lóðrétt starfandi fyrirtækis og keppinauta þess á markaði.

Ef Fjarskiptastofa hefur í hyggju að beita þessu úrræði skal leita samþykkis Eftirlitsstofnunar EFTA, sbr. 3. mgr., sbr. og 28. gr. laga um Fjarskiptastofu, nr. 75/2021. Í 3. og 4. mgr. eru talin upp atriði sem eiga að vera í erindi til Eftirlitsstofnunar ESA og í drögum að ákvörðun sem lögð er fram með erindinu. Gert er ráð fyrir að nákvæmari útfærsla á nokkrum þessara atriða verði í reglugerð.

Ef framkvæma á slíkan aðskilnað skal Fjarskiptastofa gera nýja greiningu á viðkomandi markaði og meta þörf á endurskoðun kvaða.

Um 57. gr.

Ákvæðið er nýmæli og byggist á 78. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972. Í ákvæðinu er fjallað um tilvik þar sem fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk aðskilur aðgangsnét sín frá annarri starfsemi að eigin frumkvæði.

Samkvæmt 3. og 4. mgr. skal Fjarskiptastofa meta áhrif aðskilnaðar ásamt öðrum skuldbindingum sem fyrirtækið kann að bjóða samhliða aðskilnaði og meta hvort ástæða er til að endurskoða kvaðir á viðkomandi markaði með tilliti til aðskilnaðarins.

Samkvæmt 5. mgr. kemur til greina að framlengja skuldbindingar sem gerðar eru á grundvelli ákvæðisins.

Um 58. gr.

Í greininni er kveðið á um málsmeðferð varðandi skuldbindingar sem fjarskiptafyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk gera tilboð um í sambandi við sameiginlegar fjárfestingar í háhraðanetum skv. 55. gr., aðgang þriðju aðila í tengslum við aðskilnað skv. 57. gr. og í sambandi við kvaðir sem lagðar eru á í samræmi við 46. gr. Ákvæðið er ætlað til innleiðingar á 79. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972.

Fjarskiptastofu ber að viðhafa opið samráð þegar slíkt tilboð kemur fram í þeim tilgangi að meta hugsanleg áhrif skuldbindinganna á viðkomandi markað.

Telji Fjarskiptastofa rétt að gera umræddar skuldbindingar bindandi skal jafnframt meta áhrif þess á markaðsþróun og endurskoða þörf á kvöðum á markaðnum.

Um 59. gr.

Í ákvæðinu er að finna nýmæli varðandi fyrirtæki sem starfa eingöngu á heildsölumarkaði. Ákvæðið byggist á 80. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972.

Ef fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk starfar eingöngu á heildsölumarkaði og hefur engin tengsl eða sérsamninga við smásöluþyrntæki getur Fjarskiptastofa að öllu jöfnu aðeins lagt á það kvaðir um aðgang að netum og þjónustu, jafnræði og um réttláta og sanngjarna verðlagningu.

Samkvæmt 3. og 4. mgr. skal Fjarskiptastofa fylgjast með þróun starfseminnar og ef skilyrði eru ekki lengur uppfyllt eða samkeppnismál leysast ekki er stofnuninni heimilt að leggja á fleiri kvaðir eftir atvikum.

Um 60. gr.

Í greininni er fjallað um flutning úr eldri netum yfir í ný. Ákvæði byggist á 81. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972. Ákvæðið gæti t.d. átt við ef fyrirtæki ákveður að hætta starfrækslu koparnets eða hluta þess og flytja notendur yfir í ljósleiðaranet. Ef net sem taka á úr notkun er bundið kvöðum vegna umtalsverðs markaðsstyrks eiganda þess ber að tilkynna Fjarskiptastofu um slík áform með hæfilegum fyrirvara.

Fjarskiptastofa á að hafa umsjón með því að unnið verði eftir skýrri tímaáætlun, viðkomandi aðilum verði tilkynnt um framkvæmdina með tilhlýðilegum fyrirvara og að fullnægjandi aðgangur verði í boði á nýja netinu.

Þegar viðkomandi skilyrði eru uppfyllt getur Fjarskiptastofa afturkallað þær kvaðir sem hvíla á eldra netinu.

Um 61. gr.

Í greininni er fjallað um undantekningartilvik sem getur komið upp ef kvaðir á heilðsölustigi duga ekki til þess að ná fram virkri samkeppni á smásölustigi.

Í slíkum tilvikum getur Fjarskiptastofu verið heimilt að leggja á kvaðir á smásölustigi, svo sem varðandi verðlagningu, jafnræði notenda og samsetningu þjónustupakka.

Ákvæði þetta byggist á 83. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972. Ákvæðið er hliðstætt 2. mgr. 27. gr. gildandi laga en er nokkuð ítarlegra.

Um 62. gr.

Ákvæðið kemur í staðinn fyrir 19. gr. gildandi fjarskiptalaga þar sem vikið er að rétti notenda um land allt til alþjónustu. Gert er ráð fyrir að þjónustutegundum innan alþjónustu fækki, til samræmis við þróun samevrópskra reglna, sem ekki falla lengur undir alþjónustuaðgang að almenningssímum, upplýsingaþjónustu um símanúmer og aðgang að símaskrá. Þetta kemur að sjálfsögðu ekki í veg fyrir að fyrirtæki geti veitt framangreinda þjónustu á viðskiptalegum forsendum kjósi þau svo.

Í 1. mgr. er lagt til að réttur til alþjónustu taki til *neytenda*, í samræmi við 84. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972. Með þessu er gildissviðið lítillaga þrengt frá því sem gildandi fjarskiptalög gera ráð fyrir en í 19. gr. þeirra er vísað til notenda. Tilskipunin gefur kost á rýmkun þannig að réttur til alþjónustu nái einnig til svokallaðra örfyrirtækja, lítilla og meðalstórra fyrirtækja, sem og samtaka sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni, sbr. vísun til örfélaga í 5. mgr. Ekki er gert ráð fyrir að breytingin hafi teljandi áhrif á markaðnum enda engin dæmi um að framangreindum aðilum hafi verið neitað um þjónustu hér á landi. Lagt er til að hugtakið *alþjónusta* verði skilgreint í orðskýringum, að fyrirmynd gildandi laga, að teknu tilliti til framangreindrar breytingar.

Að fyrirmynd gildandi laga er áfram gert ráð fyrir að nota hugtakið *símaþjónusta* þegar vísað er til réttar neytenda til þeirrar tegundar alþjónustu en hugtakið felur í sér munnlegt samtal yfir almennt fjarskiptanet, óháð tækni (sjá orðskýringarákvæði). Neytendur skulu, skv. 1. mgr., eiga rétt á aðgangi að nothæfri netaðgangsbjónustu og símaþjónustu með tilgreindum gæðum á lögheimili eða aðsetri samkvæmt skráningu hjá Þjóðskrá Íslands. Hugtakið *nothæf netaðgangsbjónusta* kemur í stað orðanna nothæf internetþjónusta í gildandi fjarskiptalögum, með vísan til orðskýringa í 5. gr. Vísast til greinargerðar með frumvarpi sem varð að lögum nr. 72/2018, um breytingu á lögum um Póst-og fjarskiptastofnun og lögum um fjarskipti (þskj. 653, 454. mál á 148. lögþ.). Um lögheimili og aðsetur gilda samnefnd lög nr. 80/2018. Lögheimili er sá staður þar sem einstaklingur hefur fasta búsetu, sbr. 1. mgr. 2. gr. þeirra laga.

Hugtakið *föst búseta* er skilgreint nánar í 2. mgr. ákvæðisins, þ.e. staðurinn þar sem einstaklingur hefur bækistöð sína, dvelst að jafnaði í tómsundum sínum, hefur heimilismuni sína og er svefnstaður hans þegar hann er ekki fjarverandi um stundarsakir vegna náms, orlofs, vinnuferða, veikinda eða annarra hliðstæðra atvika. Lögheimili skal skráð í íbúðarhúsnæði í fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands, sbr. nánari ákvæði laganna þar um. Með aðsetri er samkvæmt lögum nr. 80/2018 átt við tímabundna búsetu í húsnæði sem uppfyllir skilyrði lögheimilis. Um skráningu aðseturs innan lands fer skv. 8. gr. laga nr. 80/2018. Ekki er hins vegar gert ráð fyrir að skráning skv. 3. gr. þeirra laga veiti sjálfstæðan rétt til að fá aðgang að alþjónustu enda er þá ekki um að ræða skráð íbúðarhúsnæði samkvæmt fasteignaskrá.

Í 2. mgr. er, að fyrirmynd laga nr. 72/2018, um breytingu á lögum um Póst- og fjarskiptastofnun (nú Fjarskiptastofa) og lögum um fjarskipti (gjaldtaka fyrir tíðnir og alþjónusta), gert ráð fyrir að veiting skilgreindrar lágmarkspjónustu innan alþjónustu verði ekki bundin við tiltekna tækni. Gæði og öryggi farnetspjónustu hefur aukist mjög hér á landi á undanförunum árum. Ekki er því lengur gert ráð fyrir að binda síma- og netaðgangspjónustu innan alþjónustu við fast net. Við ákveðnar aðstæður getur jafnvel verið ódýrara og hagkvæmara að nýta farnetstækni. Ef neytandi á tilteknum stað hefur aðgang að farnetspjónustu sem uppfyllir skilgreind gæðaviðmið á hann ekki rétt á því til viðbótar að fá einnig aðgang að fastnetspjónustu undir merkjum alþjónustu.

Í 3. mgr. er lagt til að kveðið verði á um rétt neytenda til að óska eftir að tenging skv. 1. mgr. verði takmörkuð við símaþjónustu, með vísan til 4. mgr. 84. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972.

Í 4. mgr., sem byggist í grunninn á 4. mgr. 19. gr. gildandi fjarskiptalaga, er lagt til að kveðið verði á um að réttur til alþjónustu sé ekki fortakslaus. Nú gildir sú regla að alþjónustuveitandi getur hafnað að útvega tengingu ef kostnaður við að útvega hana fer yfir 650.000 kr., sbr. ákvörðun Fjarskiptastofu nr. 31/2017 um útnefningu Mílu ehf. með skyldu til að útvega tengingu við almenna fjarskiptanetið, innan reglna um alþjónustu. Eðli máls samkvæmt verður að gera ráð fyrir að kostnaður við að þjóna einstökum stöðum geti reynst svo hár fyrir fjarskiptafyrirtæki á markaði að ekki þyki réttlætlanlegt að skylda þau til að koma upp viðunandi búnaði.

Í 5. mgr. er lagt til að nýtt verði valkvætt ákvæði 6. mgr. 85. gr. tilskipunarinnar og réttur til alþjónustu á viðráðanlegu verði skuli útvíkkaður þannig að hann nái ekki einungis til neytenda, sbr. 1. mgr., heldur og til örfélaga í skilningi laga um ársreikninga, nr. 3/2006, á þeim stöðum þar sem þau eru með heilsársstarfsemi.

Loks er í 6. mgr. gert ráð fyrir að ráðherra kveði í reglugerð nánar á um þá þjónustubætti (þjónustu og aðgerðir) sem neytendur eiga að geta framkvæmt í gegnum þá tengingu sem þeir hafa aðgang að. Gert er ráð fyrir að mat á því hvort landsmenn hafi aðgang að fullnægjandi fjarskiptaþjónustu fari fram í tengslum við þá markaðskönnun sem vitnað er til í 64. gr. Við það mat þarf m.a. að líta til aðstæðna hér á landi, t.d. útbreiðslu farneta og fastra neta, sem og til þess hvaða gagnaflutningshraði meiri hluta landsmanna stendur almennt til boða. Við setningu reglugerðarinnar skal tekið mið af þeim þjónustubáttum sem fram koma í viðauka V með tilskipuninni. Samkvæmt honum skal netaðgangspjónusta geta stutt við a.m.k. eftirfarandi aðgerðir eða notkun:

- a. tölvupóst,
- b. leitarvélar sem gera kleift að leita að og finna allar gerðir upplýsinga,
- c. tæki til undirstöðuþjálfnar og menntunar á netinu,
- d. vef- eða fréttablöð,

- e. pantanir og kaup á vörum eða þjónustu á netinu,
- f. atvinnuleit og atvinnuleitartæki,
- g. bankaviðskipti á netinu,
- h. rafræna stjórnsýslu,
- i. samfélagsmiðla og snarboð,
- j. símtöl og myndsímtöl (af staðalgæðum).

Við setningu nánari reglna samkvæmt ákvæðum þessa kafla ber jafnframt að horfa til skýrslna og samantekta sem evrópskur hópur eftirlitsaðila á sviði fjarskipta (BEREC) mun taka saman reglulega. Kröfur til fjarskiptaþjónustu skulu því endurspegla tækniframfarir og breytingar á notkunarmynstri neytenda frá einum tíma til annars.

Um 63. gr.

Einn af þeim þáttum sem falinn er í alþjónustuhugtakinu skv. 85. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972 er að þjónustan sé veitt neytendum á viðráðanlegu verði, sbr. 62. gr. Gert er ráð fyrir að Fjarskiptastofa fylgist með þróun og verðlagi alþjónustu í smásölu, sbr. 1. mgr. Með lögum nr. 72/2018, um breytingu á lögum um Póst- og fjarskiptastofnun (nú Fjarskiptastofa) og lögum um fjarskipti (gjaldtaka fyrir tíðnir og alþjónusta), var felld niður heimild stofnunarinnar til að ákveða hámarksverð á þjónustu innan alþjónustu, með vísan til þess að þar sem búið væri að gera þjónustuþætti innan alþjónustu tæknilega hlutlausu væru brostnar forsendur fyrir því að ein gjaldskrá gildi um land allt, enda þjónustan veitt með mismunandi tækni. Ekki er með frumvarpi þessu lagt til að horfið verði frá þessu fyrirkomulagi.

Eftirlit með gjaldskrá á fjarskiptamarkaði er forsenda þess að Fjarskiptastofa geti lagt mat á hvort ákveðnir hópar neytenda séu útilokaðir frá aðgengi að skilgreindri lágmarksþjónustu innan alþjónustu, sbr. 2. mgr. ákvæðisins. Ef niðurstaða stofnunarinnar bendir til útilokunar má gera ráð fyrir að útnefna þurfi fjarskiptafyrirtæki með nánar útfærða skyldu til að veita alþjónustu, sbr. 64. gr. Eins og staðan er í dag er ólíklegt að koma muni til þess að skylda verði lögð á fjarskiptafyrirtæki til að bjóða ákveðnum hópum lægri gjaldskrá en almennt er í gildi á markaðnum.

Í 3. mgr. er kveðið á um reglugerðarheimild ráðherra.

Um 64. gr.

Ákvæðið byggist á 86. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972. Í 1. mgr. er lagt til að kveðið verði á um að áður en ákvörðun er tekin um hvort ástæða sé til að leggja á fjarskiptamarkaðinn einstakar alþjónustuskyldur skuli Fjarskiptastofa gera markaðskönnun. Tilgangur hennar er fyrst og fremst að meta hvort markaðurinn sjálfur um land allt hafi leyst eftirspurn eftir alþjónustu eins og hún er skilgreind á hverjum tíma. Ef niðurstaða markaðskönnunar er á þá leið að neytendur hafi ekki aðgang að skilgreindri lágmarksþjónustu er gert ráð fyrir að Fjarskiptastofa geti útnefnt fjarskiptafyrirtæki með skyldu til að veita alþjónustu. Við málsmeðferð gilda almennar stjórnsýslureglur.

Í 2. mgr. greinir frá þeirri vísireglu að við útnefningu skuli lágmarka röskun á markaði. Þetta á einkum við í þeim tilfellum þegar nauðsynlegt þykir að kveða á um verð eða viðskiptaskilmála sem færu gegn eðlilegum viðskiptakjörum. Á hinn bóginn er í ákvæðinu gert ráð fyrir að Fjarskiptastofa standi jafnframt vörð um almannahagsmuni við útnefninguna.

Í 3. mgr. er lagt til að kveðið verði á um skyldu fjarskiptafyrirtækis sem útnefnt hefur verið með alþjónustuskyldur til að tilkynna Fjarskiptastofu, með hæfilegum fyrirvara, um það ef ætlunin er að selja aðgangsnét. Hér á landi hafa verið byggð upp aðgangsnét víðs vegar um

landið, m.a. með aðstoð fjarskiptasjóðs sem starfar samkvæmt lögum nr. 132/2005. Ef alþjónustuskyldur hafa verið lagðar á eigendur slíkra neta getur verið mikilvægt að stofnunin fái upplýsingar í tíma ef til stendur að selja þau.

Loks er í 4. mgr. gert ráð fyrir heimild til ráðherra um setningu nánari reglna í þessum efnunum, um skilyrði og útfærslu ráðstafana.

Um 65. gr.

Ákvæðið byggist á 89 gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972 þar sem fjallað er um þá aðferðafræði sem viðhafa skal við útreikninga á alþjónustukostnaði og kemur í stað 21. gr. gildandi fjarskiptalaga. Aðferðafræðin gengur að meginstefnu út á að einangra þann kostnað sem alþjónustuveitandi mundi ekki leggja út í nema vegna þeirrar kvaðar sem hvílir á honum. Þetta þýðir m.a. að meta þarf viðskiptastefnu alþjónustuveitanda með og án kvaðarinnar og einangra þar með þann kostnað sem tilkominn er vegna kvaðarinnar. Þegar kostnaðurinn/tapið liggur fyrir þarf sjálfstætt mat að fara fram á því hvort umrætt tap sé ósanngjörn byrði á viðkomandi alþjónustuveitanda.

Samkvæmt 1. mgr. á alþjónustuveitandi rétt á að sækja um framlag vegna kvaða sem hvíla á tækinu ef þjónusta er talin rekin með tapi og metin ósanngjörn byrði á fyrirtækinu. Með alþjónustu er átt við þær tegundir fjarskiptalþjónustu sem tilgreindar eru í 1. mgr. 62. gr., þ.e. nothæfa netaðgangþjónustu og símaþjónustu á viðráðanlegu verði.

Ákvæði 3.–7. mgr. eru samhljóða ákvæðum 2.–5. mgr. gildandi laga.

Í 8. mgr. er gert ráð fyrir heimild ráðherra til að setja reglugerð um útreikninga á kostnaði vegna alþjónustu samkvæmt aðferðafræði um hreinan kostnað. Þær reglur sem hér er vísað til eru í viðauka VII með tilskipun (ESB) 2018/1972 en þar er að finna þau sjónarmið sem taka ber mið af við útreikningana sem og hvaða stjórnvald skal sannreyna kostnaðinn.

Á undanförunum árum hefur nokkrum sinnum reynt á það álitafni hvort útnefndir alþjónustuveitendur eigi rétt á framlagi úr jöfnunarsjóði vegna kvaða sem hvíla á þeim samkvæmt reglum um alþjónustu. Með ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar (nú Fjarskiptastofa) nr. 35/2012, vegna umsóknar Símans hf. um framlag úr jöfnunarsjóði alþjónustu vegna árána 2007–2011, var því hafnað að tap af rekstri almenningssíma væri ósanngjörn byrði á félaginu í skilningi 1. mgr. 21. gr. laga um fjarskipti, nr. 81/2003. Í ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 25/2018 komst stofnunin að þeirri niðurstöðu að Míla mundi mögulega loka fyrir aðgang á alls 97 símstöðvum ef ekki væri fyrir hendi kvöð um að útvega tengingar í samræmi við ákvæði fjarskiptalaga um alþjónustu. Komst stofnunin að þeirri niðurstöðu að Míla hefði borið tiltekið tap vegna þessarar tilteknu þjónustu. Með ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 19/2019 komst stofnunin að þeirri niðurstöðu að þetta tap væri ekki ósanngjörn byrði á Símasamstæðunni í skilningi 1. mgr. 21. gr. laga um fjarskipti.

Gera má ráð fyrir að sú ákvörðun að gera þjónustutegundir undir alþjónustu tæknilega hlutlausar, þ.e. að horfa eigi til þjónustunnar sem veitt er og neytendur hafa aðgang að í stað þess að einskorða þjónustuframboðið við fastnetstengingar, muni hafa þau áhrif almennt að kostnaður vegna alþjónustu fari minnkandi á komandi árum. Í þessu sambandi má jafnframt hafa í huga að íslenska ríkið hefur í gegnum fjarskiptasjóð, sem starfar samkvæmt lögum nr. 132/2005, staðið fyrir ljósleiðaravæðingu í dreifbýli í gegnum verkefnið *Ísland ljóstengt* sem ætlað er að stuðla að uppbyggingu fjarskiptainnvíða í dreifbýli utan markaðssvæða.

Um 66. gr.

Frumvarpið gerir ráð fyrir óbreyttu fyrirkomulagi við fjármögnun kvaða vegna alþjónustu, sjá og 90. gr. tilskipunarinnar. Miðað við þá stöðu sem er nú á íslenskum fjarskiptamarkaði, með hliðsjón af þeim þjónustubáttum sem taldir eru upp í viðauka VII í tilskipun (ESB) 2018/1972 og breytingunni sem fólst í að gera alþjónustu tæknilega hlutlausu, er að mati Fjarskiptastofu ekki fyrirséð að til fjármögnunar hugsanlegra alþjónustukvaða þurfti að koma.

Með frumvarpinu er ekki lagt til að efnislegar breytingar verði gerðar á ákvæðum gildandi fjarskiptalaga um framkvæmd við útreikning og álagningu á jöfnunargjaldi sem lagt er á fjarskiptafyrirtækin. Ákvæði 1.–4. mgr. eru í samræmi við ákvæði 1.–4. mgr. 22. gr. gildandi laga.

Í 5. mgr. er kveðið á um tiltekinn þröskuld fyrir álagningu jöfnunargjalds. Gert er ráð fyrir því að jöfnunargjald sé ekki lagt á fjarskiptafyrirtæki með veltu undir 30millj. kr. á ársgrundvelli. Þessi upphæð svarar til þess að lægsti hundradshluti (1%) þeirra fjarskiptafyrirtækja sem mynda heildarveltu á fjarskiptamarkaði greiði ekki jöfnunargjald.

Ákvæði 6. mgr. er sambærilegt 5. mgr. 22. gr. gildandi fjarskiptalaga.

Í 7. mgr. er kveðið á um skyldu Fjarskiptastofu til að birta skýrslu um þær kvaðir sem hvíla á markaðnum vegna alþjónustu, kostnað við þær sem og yfirlit yfir framlög fjarskiptafyrirtækja í jöfnunarsjóð. Á vef stofnunarinnar, www.fjarskiptastofa.is, er hægt að finna skýrslur þessa efnis frá árinu 2000.

Um 67. gr.

Í þessum kafla frumvarpsins er að finna ákvæði um skilmála og gjaldskrár, gæði og neytendavernd. Ef annað er ekki tekið fram berum orðum er með frumvarpinu lagt til að ákvæði 69.–77. gr. skuli ekki gilda um fjarskiptafyrirtæki sem veita fjarskiptaþjónustu milli einstaklinga sem er ótengd númerum og teljast örfélög í skilningi laga um ársreikninga, nema þau veiti einnig aðra fjarskiptaþjónustu. Er sú tillaga í samræmi við ákvæði 98. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972. Á hinn bóginn er í 2. mgr. gert ráð fyrir að endanotendur séu upplýstir um það sérstaklega og með sannanlegum hætti að undanþága eigi við áður en gengið er til samninga um þjónustu.

Um 68. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að innleidd verði 99. gr. tilskipunarinnar. Afdráttarlaust verði kveðið á um að fjarskiptafyrirtæki sé óheimilt að mismuna endanotendum að því er aðgengi að fjarskiptaþjónustu eða fjarskiptanetum varðar á grundvelli þjóðernis, búsetu (einstaklinga) eða staðfestu (lögadila), nema slík meðferð sé rökstudd á hlutlægan hátt. Hvers konar takmarkanir á rétti endanotanda til aðgengis að netum og þjónustu verða að hvíla á málefnalegum ástæðum og vera í samræmi við gildandi lög. Slíkt gæti einkum átt við þegar um ræðir heilsufarsógn og öryggishagsmunir krefjast, svo og við rannsókn sakamála.

Um 69. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að innleidd verði 102. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972. Í 1. mgr. eru útlistaðar kröfur til fjarskiptafyrirtækis um upplýsingamiðlun gagnvart neytendum áður en þeir eru bundnir af samningi eða tilboði um þjónustu. Upplýsingar sem veittar eru samkvæmt ákvæðinu, á skýran og sannanlegan hátt, skulu teljast óaðskiljanlegur hluti sammings. Rétt þykir að taka fram að eftirlit með framkvæmd laga um neytendasamninga, nr. 16/2016, er í höndum Neytendastofu skv. 27. gr. þeirra laga.

Í 2. mgr. eru tíundaðar lágmarkskröfur til samantektar yfir meginefni samnings. Gert er ráð fyrir að nánar verði kveðið á um þær í reglugerð skv. 4. mgr., með vísan til viðauka VIII við tilskipunina. Lagt er til að ráðherra fái enn fremur kveðið nánar á um upplýsingakröfur að því er varðar megin Einkenni þjónustu og um sniðmát samantektar skv. 2. mgr., með vísan til viðauka IX við tilskipunina. Vísast enn fremur til framkvæmdareglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2243 frá 17. desember 2019 um sniðmát samantektar yfir meginefni samnings um fjarskiptaþjónustu, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sam-eiginlegu EES-nefndarinnar nr. 276/2021 24. september 2021.

Í 3. mgr. er með flutningsþjónustu sem notuð er til að veita þjónustu tækis í tæki átt við þjónustu milli véla.

Um 70. gr.

Lagt er til að með ákvæðinu, sem lýtur að gæðum og samanburði þjónustu, verði innleiddar 103. og 104. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972. Ákvæði 2. mgr. á rætur að rekja til 41. gr. gildandi fjarskiptalaga en með frumvarpinu er lagt til að nethlutleysi verði gerð skil í sér-ákvæði, sbr. 71. gr.

Í samræmi við tilskipunina er með 1. mgr. gert ráð fyrir að Fjarskiptastofa sjái til þess að starfrækt sé samanburðarþjónusta sem geri endanotendum, sér að kostnaðarlausu, kleift að bera saman verð og gæði á fjarskiptamarkaði í samræmi við 2. mgr. 103. gr. tilskipunarinnar. Í tilskipuninni er talað um samanburðarþjónustu sem geri neytendum kleift að bera saman verð og gjaldskrár og gæði þjónustu þar sem boðið er upp á lágmarksþjónustu. Með orðalaginu samanburðarþjónusta er ljóst að um ákveðið tæki eða þjónustu er að ræða og því séu samræmdir og/eða staðlaðir samningsskilmálar og/eða verðskrár ekki nægjanleg. Fjarskiptastofa skal sjá til þess að slík samanburðarþjónusta sé tiltæk á íslenskum fjarskiptamarkaði og skal hún vera óháð fjarskiptafyrirtækjum og taka til netaðgangsjónustu og fjarskiptaþjónustu milli einstaklinga sem tengd er númerum, svo og eftir atvikum fjarskiptaþjónustu milli einstaklinga sem er ótengd númerum. Með ákvæðinu er ekki verið að kveða á um skyldu stofnunarinnar til að halda slíkri þjónustu úti heldur að stofnunin skuli tryggja að a.m.k. einn aðili bjóði slíka þjónustu neytendum til hagsbóta.

Gert er ráð fyrir nánari reglusetningarheimild til Fjarskiptastofu um gæði þjónustu og framsetningu upplýsinga en tilgangurinn er sá að endanotendur hafi aðgang að ítarlegum samanburðarhæfum og skiljanlegum upplýsingum.

Um 71. gr.

Ákvæðið um nethlutleysi er nánast samhljóða 41. gr. gildandi fjarskiptalaga, sbr. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins 2015/2120/EB um ráðstafanir varðandi opinn netaðgang o.fl. Vísast til skýringa við 3. gr. frumvarpsins sem varð að lögum nr. 41/2018 (sjá þskj. 540, 390. mál á 148. lögb. 2017–2018).

Um 72. gr.

Ákvæði 1.–3. mgr. eru að grunni til samhljóða 2.–3. mgr. 37. gr. gildandi fjarskiptalaga. Tilgangur ákvæðisins er að tryggja að skilmálar og verklag fjarskiptafyrirtækja við uppsögn samninga hindri ekki flutning neytenda milli fjarskiptafyrirtækja og þar með virka samkeppni á markaði. Ákvæði 105. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972 kveður á um að óheimilt sé að kveða á um lengri binditíma neytenda en 24 mánuði en það sé hins vegar heimilt að viðhalda styttri hámarksbinditíma. Með ákvæðinu er leitast við að tryggja réttarvernd fyrir neytendur. Í

2. mgr. 37. gr. gildandi fjarskiptalaga er kveðið á um sex mánaða hámarksbinditíma og hefur það ákvæði verið í fjarskiptalögum frá því 2007, sbr. 4. gr. laga nr. 39/2007, um breytingu á lögum um fjarskipti, nr. 81/2003. Aukin réttarvernd til neytenda er á meðal helstu markmiða tilskipunarinnar. Með hliðsjón af breyttum samkeppnisaðstæðum er þó lagt til að hámarksbinditími verði lengdur í 12 mánuði. Aukið svigrúm í þessum efnunum getur orðið neytendum í hag með tilliti til vöru-/þjónustuframboðs og verðlagningar. Ákvæði 3. másl. 1. mgr. er nýmæli og felur í sér að 12 mánaða hámarksbinditími eigi ekki við um sérstaka afborgunarsamninga sem neytandi gerir vegna uppsetningar á fjarskiptanetum, sérstaklega á háhraðanetum. Slíkir afborgunarsamningar skulu ekki taka til endabúnaðar, svo sem beinis, og skulu ekki koma í veg fyrir að neytandi geti nýtt réttindi sín samkvæmt ákvæðinu. Nýr b-liður 2. mgr., svo og 4.–5. mgr., fela í sér innleiðingu á 105. gr. tilskipunarinnar. Verði frumvarpið óbreytt að lögum munu neytendur, með breytingunni á 2. mgr., öðlast rétt til fyrirvaralausrar uppsagnar án greiðslu bóta ef marktækt eða endurtekið misræmi er á milli raunafkasta umsaminna fjarskiptaþjónustu, annarrar en netaðgangsjónustu, og umsaminna afkasta.

Í 4. mgr. er lagt til það nýmæli að þegar samningar um fjarskiptaþjónustu kveða á um ákveðinn binditíma og þeir framlengjast sjálfkrafa skuli fjarskiptafyrirtæki verða gert skylt upplýsa endanotendur með eins mánaðar fyrirvara um fyrirhuguð samningslok. Á sama tíma og þegar til stendur að gera breytingar á slíkum samningi skal endanotandi upplýstur um hvernig hann geti sagt upp þjónustunni og hvar hann geti fundið upplýsingar um bestu gjaldskrár í samræmi við ákvæði 3. mgr. 105. gr. tilskipunarinnar. Slíka upplýsingagjöf er hægt að uppfylla með margvíslegum hætti, m.a. rafrænum.

Þá er í 5. mgr. gert ráð fyrir takmörkun bótagreiðslna við lögmæta uppsögn, þ.e. þær aðstæður ef endanotandi kys að halda endabúnaði við samningslok, svo og tilgreind viðmið sem liggja skulu til grundvallar ákvörðunar bótafjárhæðar. Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringa.

Um 73. gr.

Ákvæðið lýtur að birtingu skilmála og gjaldskrár, sbr. 5. mgr. 37. gr. gildandi fjarskiptalaga. Markmið 1. mgr. er að gera notendum kleift að fylgjast með og stjórna útgjöldum vegna þjónustu, ekki síst alþjónustu. Í 2. mgr. er að finna þá skyldu fjarskiptafyrirtækja vegna þjónustuleiða sem eru gjaldfærðar eftir tíma- eða neyslumagni að sjá til þess að neytendum sé gert kleift að fylgjast með og stjórna notkun sinni í rauntíma. Jafnframt er kveðið á um skyldu fjarskiptafyrirtækis til að senda tilkynningar til neytenda áður en inniföldu tíma- eða neyslumagni þjónustuleiða er náð. Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringa.

Um 74. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að efni 38. gr. gildandi fjarskiptalaga haldi sér svo til óbreytt. Þó er lagt til að notað verði hugtakið *notandi* í stað *áskrifanda* á einstaklingsmarkaði og *neytandi* alþjónustu í samræmi við hugtakanotkun tilskipunar (ESB) 2018/1972. Þá þykir jafnframt rétt að taka fram að nægjanlegt er að fjarskiptafyrirtæki uppfylli skyldu sína varðandi sundurliðun reikninga, fyrir notendur sína og neytendur að því er varðar alþjónustu, rafrænt.

Lagt er til að lögfest verði heimild til fjarskiptafyrirtækja um að senda notendum sérstakan reikning fyrir yfirgjaldsjónustu, m.a. með vísan til þess að aukið gagnsæi í þeim efnunum væri neytendum í hag. Hugtakið *yfirgjald* er skilgreint í 5. gr. frumvarpsins. Hafa þarf skil við önnur lög í huga í þessu samhengi. Þar á meðal lög um greiðsluþjónustu, nr. 114/2021, og innheimtulög, nr. 95/2008.

Um 75. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að efni 39. gr. gildandi fjarskiptalaga, um vanskil greiðslna vegna símaþjónustu, haldi sér svo til óbreytt. Þó er lagt til að notað verði hugtakið *notandi* í stað orðsins *áskrifandi*. Í þeim tilvikum sem notandi símanúmers og greiðandi þess er ekki einn og sami aðili er æskilegt að báðum aðilum sé tilkynnt um fyrirhugaða lokun með a.m.k. mánaðar fyrirvara, en hér á landi er nokkuð algengt að þetta sé ekki einn og sami aðilinn. Sem dæmi má nefna starfsmann sem nýtir sér fjarskiptaþjónustu með sínu eigin símanúmeri en vinnuveitandi hefur tekið að sér að greiða fyrir þjónustuna að hluta eða öllu leyti. Í slíku tilviki er ljóst að þó að vinnuveitandi greiði fyrir fjarskiptaþjónustuna getur hann ekki virkjað réttindi notanda sem við hana eru bundin, t.d. óskað eftir sundurliðuðum upplýsingum um fjarskiptanotkun, nema notandi samþykki slíkt fyrirkomulag sérstaklega. Á hinn bóginn getur það varðað greiðanda jafn miklu og notanda að fá tilkynningu um fyrirhugaða lokun þjónustu. Þessu tengt er mikilvægt, þegar um er að ræða fjarskiptaþjónustu sem styðst við símanúmer, að tekinn sé af allur vafi um að notandi er jafnframt réttthafi símanúmers sem skráð er á nafn og kennitölu hans hjá fjarskiptafyrirtæki. Inntak hugtaksins *rétthafi* ræðst af hefðbundinni lögfræðilegri skilgreiningu á því.

Skrifleg aðvörðun telst einnig vera uppfyllt ef hún er sannarlega send rafrænt. Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringa.

Um 76. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að ákvæði um númeraflutning og flutning netaðgangsjónustu milli fjarskiptafyrirtækja verði ítarlegri en nú er, sbr. 52. gr. gildandi fjarskiptalaga, til samræmis við ákvæði 106. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972. Mikilvægustu nýmæli greinir í 3.–4. mgr. og varða flutningsferli. Með fyrirframgreiddri þjónustu í 4. mgr. er átt við fyrirframgreidd símanúmer eða frelsisnúmer svokölluð.

Um 77. gr.

Lagt er til að 107. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972 verði innleidd með ákvæðinu og er um nýmæli að ræða, þ.e. allítarleg skilyrði um pakkatilboð. Slíkir þjónustupakkar (vöndlar) hafa orðið æ algengari á undanförunum árum og kaupa margir neytendur ýmiss konar þjónustu sem hluta af slíkum pökkum. Með ákvæðinu er leitast við að takmarka erfiðleika neytenda við að skipta um þjónustuveitendur og þjónustuleiðir og þannig koma í veg fyrir samningsbundna „innlokun“ neytenda. Í 1. mgr. er kveðið á um að í samningi við neytanda um þjónustupakka, sem inniheldur a.m.k. fjarskiptaþjónustu milli einstaklinga sem er tengd númerum (símaþjónustu) eða netaðgangsjónustu skulu nánar tilgreind ákvæði fyrirhugaðra laga gilda um alla þætti pakkans. Með 2. mgr. er neytanda tryggður uppsagnarréttur vegna vanefnda eða afhendingarskorts að því er alla þætti pakka varðar, ef slíkur réttur er til staðar fyrir lok samningstíma að því er tiltekinn þjónustubátt hans varðar. Ákvæði 3. mgr. tekur enn fremur af skarið um að gildistíma samnings neytanda um netaðgangsjónustu eða fjarskiptaþjónustu milli einstaklinga sem tengd er númerum verður ekki breytt, að því er þá þjónustu varðar, með nýrri áskrift hjá sama þjónustuveitanda að viðbótarþjónustu eða endabúnaði nema neytandinn samþykki slíka breytingu sérstaklega.

Í 4. mgr. er lagt til að 1. og 3. mgr. ákvæðisins skuli gilda um örfélög í skilningi laga um ársreikninga og samtök sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni, eins og tilskipunin heimilar, nema þau afsali sér þeim rétti með skýrum hætti.

Um 78. gr.

Ákvæði 78. gr. hefur tekið allmiklum breytingum frá fyrri framlagningu frumvarps þessa. Efnisákvæði eru nú knappari en markmið breytinganna að gera þau enn skýrari en ella og er nú gert ráð fyrir nánari útfærslu í reglugerð. Þá er um nýmæli að ræða hvað varðar útvistun (6.–7. mgr.), tilkynningarskyldu (8. mgr.), áhættumiðað eftirlit Fjarskiptastofu (10. mgr.) og reglugerðarheimild um staðsetningarskyldu (12. mgr.). Visast til breytingartillagna sem fram komu við þinglega meðferð frumvarps þessa á 151. löggjafarþingi (2020–2021) og laga um breytingu á lögum um fjarskipti, lögum um Fjarskiptastofu og lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri (áfallaþol fjarskiptaþjónustu og fjarskiptaneta), sem samþykkt voru á Alþingi 10. febrúar 2022 (þskj. 502, 169. mál á 152. lögb.).

Í 1. mgr. er kveðið á um skyldu fjarskiptafyrirtækja sem veita almenna fjarskiptaþjónustu eða reka almenn fjarskiptanet til að setja sér skjalfesta öryggisstefnu og ferla og lágmarka hættu sem steðjað getur að starfseminni.

Fjarskiptafyrirtækjum sem veita almenna fjarskiptaþjónustu eða reka almenn fjarskiptanet ber skv. 2. mgr. að verja þær upplýsingar sem fara um fjarskiptanet. Hér er um að ræða ótvíræða skyldu til að verja upplýsingar gegn t.d. glötun, skemmdum og aðgengi óviðkomandi aðila. Þessi grunnkrafa ákvæðisins er óbreytt frá 2. másl. 1. mgr. 47. gr. gildandi laga. Þessi krafa kom fyrst inn með breytingu á gildandi fjarskiptalögum með lögum nr. 39/2007 en um er að ræða mikilvægan þátt til að tryggja fjarskiptaleynd. Í þessu sambandi er rétt að leggja til grundvallar rúma skilgreiningu á hugtakinu *upplýsingar*. Er því ekki eingöngu átt við persónu-upplýsingar heldur hvers konar gögn sem teljast til fjarskipta, þ.e. hvers konar sendingu og móttöku tákna, merkja, skriftar, mynda og hljóða eða hvers konar boðmiðlun eftir strengjum, með þráðlausri útbreiðslu eða öðrum rafsegulkurfum. Eins er edlilegt að gögn er varða reikningagerð og gögn um fjarskipti sem liggja þeim til grundvallar séu hér meðtalin. Fjarskiptafyrirtæki skulu setja sér öryggisstefnu, framkvæma áhættumat og ákveða öryggisráðstafanir á grundvelli þess.

Í 3. mgr. er kveðið á um skyldu til skjalfestingar áætlana um samfelldan og órofinn rekstur og veitingu þjónustu til að tryggja takmörkun á tjóni ef alvarleg röskun verður á starfsemi hlutaðeigandi fjarskiptafyrirtækis sem veitir almenna fjarskiptaþjónustu eða rekur almenn fjarskiptanet. Í öryggisstefnu skal m.a. gera verkferlum og viðbrögðum við öryggisatvikum skv. 80. gr. skil.

Í 4. mgr. er sett fram sú krafa að öryggisskipulag og áhættustýring samkvæmt 78. gr. skuli taka mið af alþjóðlegum stöðlum og viðmiðum um bestu framkvæmd, í samræmi við 40. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972. Að lágmarki skal þetta ná til tæknilegra og skipulagslegra ráðstafana sem talin eru upp í a–d-lið 4. mgr., með vísan í 94. lið formálsorða tilskipunarinnar. Hafa ber í huga að í 5. mgr. 40. gr. hennar er gert ráð fyrir heimild framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, að fengnu álit frá Netöryggisstofnun Evrópu (ENISA), til að skilgreina auknar kröfur hvað öryggisskipulag og lágmarkskröfur varðar. Sú krafa er sett fram í 40. gr. tilskipunarinnar að ENISA skuli leitast við að tryggja að samræmi verði í framkvæmd ákvæðisins og því edlilegt að taka mið af leiðbeiningum ENISA við túlkun og framfylgd ákvæðisins. Gert er ráð fyrir að a–d-liðir verði útfærðir nánar í reglugerð.

Í 5. mgr. er kveðið á um virkt inna eftirlit fjarskiptafyrirtækja sem veita almenna fjarskiptaþjónustu eða reka almenn fjarskiptanet og, ef við á, gert ráð fyrir samráði af hálfu fjarskiptafyrirtækis sem notar fjarskiptanet annarra fjarskiptafyrirtækja við þau síðarnefndu.

Ákvæði 6. og 7. mgr. eru samhljóma 1.–2. mgr. 1. gr. laga um breytingu á lögum um fjarskipti, lögum um Fjarskiptastofu og lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri

(áfallaþol fjarskiptaþjónustu og fjarskiptaneta), sem samþykkt voru á Alþingi 10. febrúar 2022 (þskj. 502 – 169. mál á 152. lögb.). Krafa verði gerð um að skýr skriflegur þjónustusamningur liggi til grundvallar útvistun af hálfu fjarskiptafyrirtækis á starfsemi sem nauðsynleg er fyrir virkni, vernd eða stjórnun fjarskipta. Þá verði eftirlitsaðila tryggður aðgangur að viðeigandi upplýsingum frá þjónustuveitanda vegna eftirlits á grundvelli laganna. Abyrgð á uppfyllingu lágmarkskrafna um áhættustýringu og viðbúnað verður ekki útvistað, hana ber fjarskiptafyrirtækið sem í hlut á (þjónustukaupi). Ljóst má vera að útvistun starfsemi fjarskiptafyrirtækja sem nauðsynleg er fyrir virkni, vernd eða stjórnun fjarskipta á Íslandi út fyrir íslenska lögsögu getur torvelað eftirlit. Ef hætta er talin á að slík útvistun ógni rekstrarsamfellu eða fjarskiptaleynd og varðar almannahagsmuni eða þjóðaröryggi skal fjarskiptafyrirtækið sem í hlut á grípa til viðeigandi ráðstafana eins fljótt og mögulegt er. Ef slík útvistun veldur rofi á rekstrarsamfellu eða fjarskiptaleynd sem varðar almannahagsmuni eða þjóðaröryggi skal fjarskiptafyrirtæki bregðast við án tafar í því skyni að tryggja áframhaldandi starfsemi og takmörkun á tjóni, eftir atvikum með því að færa starfsemina undir íslenska lögsögu. Vísast til skýringa með frumvarpi til laga um breytingu á lögum um fjarskipti, lögum um Fjarskiptastofu og lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri (áfallaþol fjarskiptaþjónustu og fjarskiptaneta) (þskj. 171 – 169. mál á 152. lögb.) og nefndarálits meirihluta umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um frumvarpið (þskj. 448 – 169. mál á 152. lögb.).

Ákvæði 8. mgr. er samhljóma 3. mgr. 1. gr. áðurnefndra laga um breytingu á lögum um fjarskipti, lögum um Fjarskiptastofu og lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri (áfallaþol fjarskiptaþjónustu og fjarskiptaneta). Lögfest verði sérstök tilkynningarskylda af hálfu fjarskiptafyrirtækja gagnvart Fjarskiptastofu um nýjar upplýsingar eða annað sem tengist áfallaþoli fjarskiptaneta eða fjarskiptaþjónustu og varðar almannahagsmuni eða þjóðaröryggi. Tilgangur ákvæðisins er að styðja við forsendur og aðstöðu stjórnvalda til að bregðast við ef þörf krefur. Við mótun ákvæðisins var horft til orðalags 2. mgr. 8. gr. laga um þjóðaröryggisráð, nr. 98/2016, sem kveður á um tilkynningarskyldu til þjóðaröryggisráðs um nýjar upplýsingar eða annað sem kunni að varða þjóðaröryggisstefnuna eða öryggi ríkisins og almennings. Vísast og til skýringa með frumvarpi til laga um breytingu á lögum um fjarskipti, lögum um Fjarskiptastofu og lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri (þskj. 171, 169. mál á 152. lögb.) og nefndarálits meirihluta umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um frumvarpið (þskj. 448 – 169. mál á 152. lögb.).

Í 9. mgr. er lagt til að kveðið verði á um heimild Fjarskiptastofu til að fara fram á að fjarskiptafyrirtæki framkvæmi sértækt áhættumat. Annars vegar að því er varðar einstaka rekstrar- eða kerfisþætti fjarskiptaneta og/eða -þjónustu og hins vegar að því er sérstakar ógnir varðar sem steðjað geta að upplýsingum, fjarskiptanetum eða -þjónustu. Á grundvelli niðurstöðu áhættumats skulu fjarskiptafyrirtæki ákvarða öryggisráðstafanir í starfsemi sinni, m.a. í samræmi við alþjóðleg viðmið um bestu framkvæmd.

Ákvæði 10. mgr. er samhljóma 5. mgr. 1. gr. áðurnefndra laga um breytingu á lögum um fjarskipti, lögum um Fjarskiptastofu og lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri (áfallaþol fjarskiptaþjónustu og fjarskiptaneta). Kveðið verði á um að við mat Fjarskiptastofu á öryggisskipulagi, ráðstöfunum og áhættustýringu fjarskiptafyrirtækis skuli m.a. horfa til hagsmuna notenda fjarskiptaþjónustu af því að hún haldist órofin, almannahagsmuna og þjóðaröryggis. Brýnt er að fjarskiptafyrirtæki leggi áherslu á viðeigandi og virka framkvæmd áhættustýringar og viðbúnaðar. Mat á hvað er viðeigandi í hverju tilviki veltur m.a. óhjákvæmilega á eðli og umfangi starfsemi hlutaðeigandi fjarskiptafyrirtækis, almanna- og mögulega þjóðaröryggishagsmunum. Í samræmi við gildandi fjarskiptaregluverk og alþjóðleg

viðmið um bestu framkvæmd ber fjarskiptafyrirtækjum að viðhafa stöðugt endurmat í þessum efnunum, enda þróun í tækni og þjónustu/viðskiptum viðstöðulaus.

Þá er í 11. mgr. reglugerðarheimild, en á grundvelli gildandi fjarskiptalaga hefur Póst- og fjarskiptastofnun (nú Fjarskiptastofa) sett reglur um annars vegar vernd upplýsinga í almennum fjarskiptanetum (1221/2007) og hins vegar um virkni almennra fjarskiptaneta og almennrar fjarskiptaþjónustu (1222/2007). Í reglugerð verði framvegis kveðið nánar á um skyldur fjarskiptafyrirtækja skv. 78. gr., þar á meðal um afkastagetu og flæði umferðar um fjarskiptanet, viðbúnaðaræfingar og eftirlitsúrræði Fjarskiptastofu.

Lagt er til að ákvæði samhljóma 2. gr. áður nefndra laga um breytingu á lögum um fjarskipti, lögum um Fjarskiptastofu og lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri (áfallaþol fjarskiptaþjónustu og fjarskiptaneta) verði fundinn staður aftast í 78. gr. (12. mgr.). Um mikilvæga en vandmeðfarna heimild er að ræða, með vísan til skýringa með frumvarpinu sem varð að umræddum lögum (þskj. 171 – 169. mál á 152. lögb.) og nefndarálits meirihluta umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um frumvarpið (þskj. 448 – 169. mál á 152. lögb.).

Grundvallarstarfsemi ríkisvaldsins og mikilvægra innviða byggist meðal annars á virkni og öryggi fjarskiptaneta og fjarskiptaþjónustu og varðar því *þjóðaröryggi*. Líta verður svo á að öryggi ríkisins sé fólgið í hugtakinu þjóðaröryggi. Fjarskiptasamband sem varðar varnarmál og fjarskiptasamband við útlönd telst einnig varða þjóðaröryggi. Þá eru *almannahagsmunir* í fjarskiptum bæði fölgir í tiltækileika þjónustunnar, ekki síst alþjónustu í fjarskiptum og möguleika til að ná sambandi við neyðarþjónustu 112, svo og leynd fjarskipta. Í frumvarpinu er byggt á því að almannaöryggi, að því er viðkemur fjarskiptum, rúmist innan hugtaksins almannahagsmunir.

Um 79. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um ákveðin eftirlitsúrræði Fjarskiptastofu. Ákvæðinu er ætlað að innleiða 41. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972. Almenn ákvæði um eftirlitsheimildir og -úrræði er að finna í lögum um Fjarskiptastofu, nr. 75/2021. Tilskipunin sem innleidd er með þessu frumvarpi gerir ráð fyrir ákveðnum heimildum til framfylgðar á ákvæðum um öryggi neta og þjónustu. Það þykir hins vegar rétt að setja inn ákvæði er þetta varðar í framhaldi af þeim kröfum sem gerðar eru til fjarskiptafyrirtækja, enda er um nokkuð ítarleg og sértæk úrræði að ræða hvað þessar kröfur varðar. Þá er talið rétt að láta ákvæðið ná til upplýsingaöryggis líka.

Í 1. mgr. ákvæðisins er að finna heimild fyrir Fjarskiptastofu til að gera úttektir og prófanir á því hvort fjarskiptafyrirtæki, þ.e. hvort tveggja þau sem reka almennt fjarskiptanet og/eða veita almenna fjarskiptaþjónustu, uppfylli kröfur laganna er varðar upplýsingaöryggi og virkni almennra fjarskiptaneta og almennrar fjarskiptaþjónustu. Ekki er um efnisbreytingu að ræða frá gildandi lögum en stofnunin hefur nokkuð víðtækar heimildir til eftirlits með fjarskiptafyrirtækjum samkvæmt tilgreindum lögum um stofnunina og í afleiddum réttarheimildum. Þannig hefur stofnunin á undanförunum áratug framkvæmt fjöldamargar úttektir er varða til að mynda meðferð og eyðingu gagna um fjarskiptaumferð, raunlæga vernd mikilvægra tækjaryma, hýsingarrými landtökustaða fjarskiptasæstrengja sem og varaafli farnetssenda á náttúruvársvæðum. Hins vegar er sérstaklega kveðið á um að kostnaður vegna úttekta og prófana skuli greiddur af viðkomandi fjarskiptafyrirtæki.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir lögfestingu heimildar til Fjarskiptastofu um framkvæmd áhættumats, eftir atvikum heildstæðs mats eða um sértæka þætti.

Í 3. mgr. er sett inn sérstakt ákvæði sem kveður á um heimild Fjarskiptastofu til að gefa út bindandi fyrirmæli um úrbætur komi í ljós að fjarskiptafyrirtæki hafi ekki uppfyllt kröfur skv.

78. gr., svo sem um tilteknar lágmarksöryggisráðstafanir. Almennt hefur stofnunin heimild til að leggja mat á hlítu við lagakröfur í stjórnsýsluákvörðun, svo sem að því er varðar öryggi upplýsinga og fjarskiptaneta. Ákvæði þetta mun ekki hafa áhrif á hefðbundna málsmeðferð og stjórnsýsluákvörðanir. Hér er hins vegar komin inn bein sérstök heimild til að gefa fyrirmæli um tilteknar ráðstafanir sem þörf er á til að ráða bót á öryggisatviki eða koma í veg fyrir að það eigi sér stað þegar veruleg ógn eða áhætta hefur verið greind. Hér má til að mynda nefna einstaka atriði sem komið hafa í ljós og varða hvort tveggja raunlæga og kerfislæga vernd, svo sem skort á læsingu, þar sem mikilvægir fjarskiptainnviðir eru til staðar, eða skort á aðgangsstýringum, eða ef aðgangur inn í mikilvæg kerfi er mögulega of opinn. Ákvæðinu er ætlað er að innleiða 1. mgr. 41. gr. tilskipunarinnar.

Um 80. gr.

Í ákvæðinu er sett fram skýr lagakrafa um skyldu fjarskiptafyrirtækja til að tilkynna Fjarskiptastofu án tafar um öll alvarleg öryggisatvik sem ógna virkni almennra fjarskiptaneta og/eða veitingu almennrar fjarskiptaþjónustu. Vísast til 5. gr. um skilgreiningu hugtaksins *öryggisatvik*. Ákvæðinu er ætla að innleiða 2. mgr. 40. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972, sjá einnig 81. gr. þessa frumvarps. Þessi skylda er ekki ný af nálinni og kom til að mynda inn í evrópska fjarskiptalöggjöf árið 2009. Hér á landi er kveðið á um upplýsingagjöf vegna atvika í reglum Fjarskiptastofu, sbr. einnig gildandi e-lið 2. mgr. 47. gr. og g-lið 3. mgr. 47. gr. laga um fjarskipti.

Í 2. mgr. ákvæðisins eru sett fram þau viðmið sem eiga að liggja til grundvallar mati á umfangi og alvarleika tilkynningarskylds atviks. Ljóst er að horfa verður til ýmissa þátta og við mat á hverjum þætti er eðlilegt að horfa til skýringa og leiðbeininga frá Evrópu, t.d. hópum sem settir voru á stofn með netöryggistilskipun (ESB) 2016/1148 (NIS-tilskipuninni), sem og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og Netöryggisstofnun Evrópu (ENISA).

Í 3. mgr. er að finna ákvæði er varðar fjarskiptaleyndina sérstaklega. Þykir rétt að hafa það í sérstöku ákvæði þar sem þeir matskenndu þættir sem tilgreindir eru í 2. mgr. og varða virkni neta og þjónustu eiga ekki við þegar kemur að öryggi upplýsinganna sjálfra. Ljóst er að kveðið er á um fjarskiptaleynd og persónuvernd í fjarskiptum í sérköggjöf frá Evrópusambandinu, þ.e. áður nefndri tilskipun 2002/58/EB, og er því rétt að kveða skýrt á um tilkynningarskyldu ef hættu er á að fjarskiptaleynd verði rofin.

Í 4. mgr. er sérstaklega gert ráð fyrir að upplýst sé um mögulegt útivistunarfyrirkomulag og hugsanleg smitáhrif, jafnvel yfir landamæri. Slíkar upplýsingar geta verið forsenda skilvirkra viðbragða gegn aðsteðjandi hættu og stuðlað að lágmarkun tjóns.

Lagt er til að í 5. mgr. verði tekið af skarið um að netöryggissveit beri að tryggja að upplýsingar um öryggisatvik séu aðgengilegar vegna framkvæmdar eftirlits á grundvelli 79. gr., líkt og við á gagnvart öðrum eftirlitsstjórnvöldum skv. 1. mgr. 9. gr. laga um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða, nr. 78/2019. Vísast og til 17. gr. reglugerðar nr. 480/2021, um netöryggissveit Fjarskiptastofu (áður Póst- og fjarskiptastofnun).

Í 6. mgr. er kveðið á um heimild Fjarskiptastofu til að setja reglur um frekari útfærslu og framkvæmd tilkynningarskyldu. Er þetta ákvæði mikilvægt svo að stofnunin geti sett skýrari fyrirmæli um hvenær öryggisatvik skulu tilkynnt til netöryggissveitar eða hvenær skuli tilkynna atvik til Fjarskiptastofu. Hér getur verið mikilvægt að aðgreina tilkynningar um t.d. raunlæga vernd eða þjónusturof vegna raunlægs atviks, svo sem náttúruhamfara, og svo vegna t.d. netógnar eða atviks.

Um 81. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um kröfu til upplýsingagjafar. Í 1. mgr. er kveðið á um skyldu fjarskiptafyrirtækja til að upplýsa þá notendur sem geta orðið fyrir áhrifum af ógn sem stöðjar að almennum fjarskiptanetum eða almennri fjarskiptaþjónustu. Skulu þau enn fremur veita upplýsingar um mögulegar verndarráðstafanir og úrræði sem hægt er að grípa til gegn umræddri ógn. Hér getur t.d. verið um að ræða ráðstafanir sem lúta að því að nota sérstaka tegund hugbúnaðar eða ákveðna dulkóðunartækni. Ákvæðinu er ætlað að innleiða 3. mgr. 40. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972, sbr. einnig 96. lið formálsorða hennar. Í þessu sambandi er mikilvægt að áréttu að upplýsinga- og leiðbeiningarskylda ákvæðisins leysir fyrirtæki ekki undan þeirri skyldu að grípa strax til viðeigandi öryggisráðstafana til að bregðast sjálfst við öryggisógninni og koma á eðlilegu öryggisástandi í rekstri netsins og/eða þjónustunnar.

Í 2. mgr. er kveðið á um heimildir Fjarskiptastofu til að upplýsa almenning um öryggisatvik þegar slík upplýsingagjöf er í þágu almannahagsmuna, svo sem til að koma í veg fyrir öryggisatvikið eða takast á við það. Eins getur stofnunin krafist þess að fjarskiptafyrirtæki upplýsi um öryggisatvik enda sé það í þágu almannahagsmuna. Ákvæðið innleiðir hluta 2. mgr. 40. gr. tilskipunarinnar. Þá er jafnframt kveðið á um að stofnunin geti tilkynnt almenningi um veikleika og almennar hættur. Fjarskiptastofa rekur nú þegar vefinn netoryggi.is þar sem finna má leiðbeiningar og fræðsluefni sem tengist notkun netsins. Vefurinn er fyrst og fremst ætlaður almenningi en á honum er jafnframt efni sem getur nýst litlum fyrirtækjum. Hefur stofnunin nýtt vefinn sem vettvang upplýsingamiðlunar í þessum tilgangi. Lokamálsliður málgreinarinnar kveður á um að Fjarskiptastofu skuli, eftir atvikum, eiga samráð við lögreglu vegna tilkynninga á grundvelli ákvæðisins. Getur þetta samráð verið mikilvægt vegna almannavarnahlutverks ríkislögreglustjóra. Í þessu samhengi er rétt að leggja til grundvallar að samráð skuli viðhaft þegar alvarleiki veikleika eða áhættu er slíkur að framangreint hlutverk ríkislögreglustjóra gæti virkjast.

Í 3. mgr. er Fjarskiptastofu gert skylt að upplýsa eftirlitsstjórnvöld í öðrum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu og Netöryggisstofnun Evrópu (ENISA) um öryggisatvik ef þörf krefur. Ákvæðinu er ætlað að innleiða hluta 2. mgr. 40. gr. tilskipunarinnar. Við framkvæmd ákvæðisins er það í höndum Fjarskiptastofu að meta hvenær eðlilegt er að láta sambærilegar eftirlitsstofnanir og Netöryggisstofnun Evrópu vita þegar öryggisatvik á sér stað. Verður eðlilega að taka mið af eðli atviksins og umfangi þess. Loks er gert ráð fyrir miðlun yfirlitskýrslu árlega til Netöryggisstofnunar Evrópu, sbr. 2. mgr. 40. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972.

Um 82.–85. gr.

Í ákvæðunum er fjallað um hlutverk netöryggisveitar Fjarskiptastofu þegar kemur að öryggi net- og upplýsingakerfa fjarskiptafyrirtækja. Alþingi samþykkti 11. júní 2019 lög um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða, nr. 78/2019, og tóku þau gildi 1. september 2021. Með lögunum voru samþykktar breytingar á 47. gr. a í gildandi lögum um fjarskipti, nr. 81/2003. Í stað þessarar einu greinar komu inn fjórar nýjar greinar sem taka sérstaklega til mikilvægis fjarskiptaneta í nútímasamfélagi og samræmis var gætt við hin nýju lög sem gilda um mikilvæga innviði á öðrum sviðum samfélagsins, til að mynda um meðferð upplýsinga. Með frumvarpi þessu, til nýrra heildarlaga um fjarskipti, er ekki gerð tillaga um efnislegar breytingar á ákvæðum um netöryggisveit frá því sem Alþingi samþykkti með lögum nr. 78/2019.

Í 82. gr. frumvarpsins er fjallað um viðbúnað og hlutverk netöryggissveitarinnar og er ákvæðið óbreytt frá framangreindum breytingarlögum að því undanskildu að tekin er út tilkynningarskyldan enda er hana nú að finna í 80. gr. frumvarpsins. Aðrar greinar, þ.e. 83. gr. um samninga netöryggissveitar og fjarskiptafyrirtækja, 84. gr. um aðgang að upplýsingum, þagnarskyldu og vinnslu persónuupplýsinga og 85. gr. um reglugerðarheimild er varðar netöryggissveit, eru óbreyttar frá lögum nr. 78/2019. Vísast til skýringa við frumvarp er varð að þeim lögum, sbr. sér í lagi b-lið 2. tölul. 27. gr. (þskj. 557, 416. mál á 149. lögb. 2018–2019).

Um 86. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um vernd fjarskiptavirkja. Ákvæðið á sér nokkuð langa sögu í íslenskum fjarskiptarétti og er efnislega óbreytt frá 71. gr. gildandi fjarskiptalaga, að undanskildum lokamáls. 3. mgr.

Í 3. mgr. er fjallað um bótaskyldu ef jarðrask eða aðrar framkvæmdir hafa leitt til skemmda á fjarskiptavirkjum eða truflana á rekstri þeirra. Í 2. máls. er kveðið á um mjög ríka bótaábyrgðarskyldu þar sem tjónvaldi er skylt að bæta allt tjón sem af skemmdunum leiðir, bæði beint og óbeint, þar á meðal viðskiptatap, nema hann sýni fram á að ekki hafi verið komist hjá tjóni þó að sýnd hafi verið fyllsta aðgæsla. Komid hafa upp tilvik þar sem þessi bótaskylda hefur þótt of afdráttarlaus og ekki verið tekið nægjanlegt tillit til þess hvernig frágangi fjarskiptalagna, svo sem ljósleiðaralagna, er háttað. Á þetta sérstaklega við í þéttbýli þar sem lagnir eru oft og tíðum lagðar nokkuð grunnt í jörðu, til að mynda í gördum. Eðlilegt má telja að fjarskiptafyrirtæki sjái til þess að lágmarksráðstafanir séu gerðar til að verja lagnir að ákveðnu dýpi til að forða eigendum lóða frá tjóni við eðlilega umgengni um lóðir og við garðstörf. Fjarskiptastofa hefur gefið út leiðbeiningar vegna lagningar ljósleiðarastrengja í dreifbýli þar sem fram kemur að ljósleiðararör og -strengir skulu almennt lagðir (grafnir eða plægðir) á sem næst 70 cm dýpi, en þó aldrei grynna en á 50 cm dýpi. Þurfi hins vegar að leggja ljósleiðararör eða -strengi á minna dýpi en nemur 50 cm, t.d. vegna klappar eða grýtts jarðvegs, skal verja rör og strengi með plasthlífðarrörum. Framangreindar leiðbeiningar voru bornar undir hagsmunaaðila í opnu samráði áður en til útgáfu kom og bárust ekki athugasemdir. Eðlilegt þykir að líta til þessara leiðbeininga þegar metið er við hvað skuli takmarka bótaábyrgð tjónvalds. Er því lagt til að í 3. mgr. 86. gr. frumvarpsins, sem samsvarar 3. mgr. 71. gr. gildandi fjarskiptalaga, skuli hin víðtæka bótaábyrgð skv. 2. máls. ekki gilda um lagnir á minna en 20 cm dýpi innan lóðarmarkna, þ.e. innan marka fasteigna.

Vert þykir að benda á að sá hluti 4. mgr. sem varðar bann við notkun ákveðinna veiðarfæra kom inn nýr með lögum nr. 78/2005 um breytingu á lögum um fjarskipti, nr. 81/2003. Vísast sérstaklega varðandi 4. mgr. til skýringa við 11. gr. frumvarpsins er varð að þeim lögum (þskj. 1102, 738. mál á 131. lögb. 2004–2005). Með frumvarpinu er lagt til að nýjum 5. og 6. máls. verði fundinn staður í 4. mgr. Lagning nýrra fjarskiptastrengja í sjó getur haft í för með sér umtalsverða takmörkun á nýtingu fiskveiðisvæða, með vísan í núgildandi bannreglu. Tilefni þykir til að gera mögulegt að veita undanþágu frá banni við botnveiðum þar sem fjarskiptastrengir liggja, í sérstökum tilvikum á afmörkuðum svæðum. Undanþága verði þó háð skilyrði um notkun veiðarfæra sem ekki eru talin líkleg til að raska áreiðanleika og öryggi viðkomandi fjarskiptastrengs, að teknu tilliti til aðstæðna. Sem dæmi má nefna að línuveiðar hafa verið taldar falla undir bann gildandi fjarskiptalaga, en slíkar veiðar þykja þó ekki í öllum tilvikum raska öryggi fjarskiptastrengja í sjó. Markmið breytinganna er að draga úr líkum á að nýir fjarskiptastrengir í sjó takmarki óhóflega og að óþörfu möguleika á fiskveiðum. Gert er ráð fyrir að ráðherra veiti sérstakar undanþágur, byggðar á hverju tilviki fyrir sig og að kveðið

verði á um skilyrði fyrir slíkum undanþágum í reglugerð. Því er um að ræða möguleika á rýmkuð gildandi laga, en ekkert svigrúm er til mats á aðstæðum hverju sinni að gildandi lögum. Ávallt verði þó haft að leiðarljósi að tryggja öryggi fjarskiptastrengja í sjó og því ber að túlka undanþáguheimildina þröngt.

Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki nánari skýringa.

Um 87. gr.

Í ákvæðinu er tekið mið af þeim vaxandi kröfum sem mörg ríki telja sig nú knúin til að gera til að efla öryggi innviða sinna, þar á meðal 5G-farnetsþjónustu. Alþjóðlega er í þessu sambandi lögð áhersla á áhættugreiningu og að þjónustan megi ekki verða of háð einum birgi eða framleiðanda búnaðar og að gera þurfi sérstakar öryggiskröfur vegna afmarkaðra hluta fjarskiptakerfa. Er þá annars vegar átt við þætti í miðlægum stjórnhluta kerfis og hins vegar þætti er varða öryggismál og varnir. Ríki hafa farið mismunandi leiðir að þessu marki og kall- að hefur verið eftir meiri samhæfingu þvert á landamæri. Stjórnvöld á Íslandi hafa fylgst með þessari þróun og sérstaklega nálgun grannríkja á borð við Noreg.

Starfshópur með fulltrúum þriggja ráðuneyta var skipaður 29. janúar 2020 til að meta þörf á regluverki vegna öryggishagsmuna og ráðstöfunum sem til þess eru fallnar að auka öryggi 5G-kerfa á Íslandi og tryggja traust erlendra sem innlendra aðila á íslenska farnetskerfinu. Þann sama dag gaf Evrópusambandið út rit með ráðleggingum um hvernig standa bæri að því að bæta öryggi 5G-farneta, *Cybersecurity of 5G networks – EU Toolbox of risk mitigating measures*. Árið 2019 stóð sambandið fyrir könnun meðal aðildarríkja á aðferðafræði við að stuðla að öryggi 5G-farneta og gaf út skýrslu um niðurstöðurnar. Starfshópur ráðuneytanna skilaði skýrslu sinni 11. febrúar 2020 og tók að verulegu leyti mið af ráðleggingum framangreindrar verkfærakistu ESB, auk þess sem horft var til þess sem grannríki hafa verið að gera varðandi öryggi 5G-kerfa.

Við útfærslu þessa ákvæðis frumvarpsins var tekið mið af tillögum starfshópsins. Ákvæðið er í ögn breyttri mynd frá fyrri framlagningu frumvarpsins. Markmiðið með ákvæðinu er að stuðla að öryggi 5G-farnetsþjónustu á Íslandi og gagnsæi um stefnu stjórnvalda á þessu sviði að svo miklu leyti sem unnt er að móta hana nú, því öryggismál farnetskerfa eru enn í mótun alþjóðlega. Það er því ekki að fullu fyrir séð hvaða kröfur kunni að vera gerðar á því sviði í framtíðinni.

Í 1. mgr. ákvæðisins er almennu markmiði ákvæðisins lýst. Við þróun, uppbyggingu og rekstur fjarskiptaneta skuli á hverjum tíma horft til þess að bregðast við áhættuþáttum er varðað geta almannahagsmuni og öryggi.

Í 2. mgr. er lagt til að Fjarskiptastofu verði falið að leggja mat á hlutdeild mismunandi framleiðenda í búnaði farneta á landsvísu. Telji stofnunin hættu á að farnet á landsvísu séu eða geti orðið háð búnaði frá einum framleiðanda verði stofnuninni á grundvelli öryggishagsmuna heimilt að binda leyfi skv. 27. gr. (um þráðlausan sendibúnað) skilyrðum er stuðla að fjölbreytni í gerð búnaðar, setja slík skilyrði í reglum um tilkynningu þráðlauss sendibúnaðar skv. 3. mgr. 27. gr. eða að grípa til annarra viðeigandi ráðstafana. Viðmið stjórnvalda varðandi þennan þátt er almennt og beinist ekki að einum framleiðanda frekar en öðrum. Í íslenskum farnetskerfum er ákveðin fjölbreytni búnaðar og fjarskiptafyrirtæki munu hugsanlega sjálf tryggja áfram ákveðinn fjölbreytileika á þessu sviði. Ákvæði 2. mgr. hróflar því ekki við þeim kerfishlutum sem nú þegar er búið að byggja upp en til takmarkana gæti komið við leyfisveitingu vegna uppsetningar þráðlauss sendabúnaðar við frekari uppbyggingu ef hætta er talin á að farnetskerfi landsins séu eða geti orðið um of háð búnaði frá einum framleiðanda. Með

öðrum viðeigandi ráðstöfunum í lok málsgreinarinnar er vísað til hlutverks Fjarskiptastofu er varðar almannahagsmuni og þjóðaröryggi, með vísan til 8. gr. laga um Fjarskiptastofu, nr. 75/2021, VI. kafla laga um almannavarnir, nr. 82/2008, og 2. mgr. 8. gr. laga um þjóðaröryggisráð, nr. 98/2016.

Akvæði 3.–4. mgr. taka mið af þeim vaxandi kröfum sem mörg ríki telja sig nú knúin til að gera til að efla öryggi innviða sinna, þar á meðal 5G-farnetsþjónustu. Minna verður á ákvæði 78. gr. í þessu samhengi sem gera ríkar kröfur til net- og upplýsingaöryggis og umgjarðar áhættustýringar sérhvers fjarskiptafyrirtækis. Í starfsemi sinni ber Fjarskiptastofu m.a. að horfa til leiðbeininga Netöryggisstofnunar Evrópu (ENISA) um bestu framkvæmd eftirlits með fjarskiptaöryggi sem t.d. leggja áherslu á áhættumat með tillit til öryggis aðfanga fjarskiptafyrirtækja, þar á meðal hvort einsleitni gæti að því er varðar framleiðendur búnaðar og þá í samhengi við aðrar öryggisráðstafanir hlutaðeigandi.

Starfshópur með fulltrúum þriggja ráðuneyta var skipaður 29. janúar 2020 til að meta þörf á regluverki vegna öryggishagsmuna og ráðstöfunum sem til þess eru fallnar að auka öryggi 5G-kerfa á Íslandi og tryggja traust og trúverðugleika erlendra sem innlendra aðila á íslenska farnetskerfinu. Starfshópurinn skilaði skýrslu 11. febrúar 2020.

Í 3. mgr. er lagt til að ráðherra sem fer með fjarskiptamál geti, að fengnum umsögnum ráðherra sem fara með utanríkis- og varnarmál, almannavarnir og löggæslu, kveðið í reglugerð á um að búnaður í tilteknum hlutum innlendra fjarskiptaneta, sem teljast viðkvæmir með tilliti til almannahagsmuna og þjóðaröryggis, skuli í heild sinni eða að ákveðnu hlutfalli vera frá framleiðanda í ríki sem Ísland á öryggissamstarf við eða ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins. Enn fremur er gert ráð fyrir að í reglugerð skv. 1. másl. geti ráðherra jafnframt heimilað notkun búnaðar frá öðrum ríkjum, hafi hann verið samþykktur til sambærilegra nota af ríkjum sem Ísland á öryggissamstarf við.

Annars vegar koma til skoðunar hlutar sem tengjast öryggissamstarfi Íslands við önnur ríki. Samstarfsríki geta gert réttmætar kröfur um traust til búnaðar sem trúnaðarsamskipti eiga að fara um og í sumum tilvikum getur verið um beinar skuldbindingar að ræða af Íslands hálfu. Til viðbótar geta komið innlendar öryggiskröfur, t.d. vegna neyðar- og öryggisfjarskipta. Afmarkaður hluti farnetsþjónustu og farnetsbúnaðar getur fallið undir framangreindar kröfur. Lagt er til að ráðuneyti fjarskiptamála meti og útfæri þetta í reglugerð, að fengnum umsögnum ráðuneyta sem fara með utanríkis- og varnarmál, almannavarnir og löggæslu.

Hins vegar er um að ræða viðkvæma hluta miðlægs stjórnvöldar farnetskerfa. Þróun í fjarskiptatækni er ör og skilin á milli miðlægs hluta og sendahluta fjarskiptakerfa geta verið óljós. Mikilvægt er fyrir fjarskiptafyrirtæki að hafa sem skýrasta mynd af öryggiskröfum á hverjum tíma, svo og þróun þeirra. Að sama skapi þurfa stjórnvöld að fylgjast með og taka mið af stefnu samstarfsríkja á þessu sviði, sérstaklega ef viðmið formgerast í samevrópskum kröfum og reglugerðum.

Ljóst er að við álagningu kvaða eða takmarkana er varða miðlæga hluta farnetskerfa verður að gæta meðalhófs. Íslensk stjórnvöld þurfa að geta brugðist við hertum kröfum á þessu sviði alþjóðlega en þó með þeim hætti að svigrúm fjarskiptafyrirtækja sé ekki takmarkað meira en nauðsynlegt er. Jafnan eru öryggisstofnanir ríkja leiðandi í slíku mati enda er það einungis að hluta til tæknilegt. Sambærilegar stofnanir eru ekki til héraðs og þar sem rót þessara krafna er einkum öryggissamstarf Íslands við önnur ríki og það traust sem þarf að vera til íslenskra innviða þótti raunhæfast að fara þessa leið.

Í 4. mgr. er lagt til að kveðið verði á um að umsögn skv. 3. mgr. skuli vera undanþegin upplýsingarétti samkvæmt upplýsingalögum eða öðrum lögum. Um sérákvæði er að ræða

gagnvart upplýsingalögum enda geta hagsmunir tengdir almanna- og þjóðaröryggi verið í húfi, auk öryggis ríkisins og varnarmála. Ráðherra fjarskiptamála geti þó létt trúnaði af umsögn að fengnu samþykki þess ráðherra er hana veitti, svo fremi að öryggishagsmunir teljist ekki lengur standa afhendingu eða birtingu í vegi.

Að því er hugtökin þjóðaröryggi og almannahagsmuni á sviði fjarskipta varðar vísast til skýringa við 78. gr.

Um 88. gr.

Í ákvæðinu er að finna grundvallarreglu um fjarskiptaleynd, þ.e. að öll vinnsla fjarskipta, þ.m.t. geymsla, hlustun, upptaka eða hlerun, er óheimil nema með upplýstu samþykki notanda eða á grundvelli lagaheimildar. Ákvæðið er efnislega óbreytt frá gildandi fjarskiptalögum, þ.e. 4., 5., 6., 8., og 11. mgr. 47. gr. sem fjallar um öryggi og þagnarskyldu. Ákvæðið byggist á 5. gr. tilskipunar 2002/58/EB um persónuvernd í fjarskiptum sem er ætlað að tryggja fjarskiptaleynd og leynd fjarskiptaumferðarupplýsinga, sbr. 1. og 2. mgr. greinarinnar. Nú þykir rétt að kljúfa ákvæði 47. gr. gildandi laga í tvö ákvæði þar sem fjarskiptaleynd byggist jafnframt að mestu á ákvæðum tilskipunar 2002/58/EB en öryggi fjarskipta á hinni nýju tilskipun (ESB) 2018/1972 á sviði fjarskipta. Um skilyrði samþykkis og upplýsingaskyldu fer eftir ákvæðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018.

Í 2. mgr. ákvæðisins er fjallað um vefkökur, smygildi eða aðra slíka tækni, þ.e. um notkun hvers konar kerfa og búnaðar, þar með talið hugbúnaðar, til njósna eða hlerunar (njósna hugbúnað, vefhlerunarbúnað o.s.frv.) eða annars slíks búnaðar sem komið er fyrir í nettengdum endabúnaði notanda, svo sem snjalltækjum, tölvum og því um líku, til að fá aðgang að upplýsingum, safna földum upplýsingum eða fylgjast með athöfnum hans. Afmarkar þetta jafnframt gildissvið ákvæðisins. Ákvæði þetta byggist á 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 2002/58/EB en ákvæði hennar var síðar breytt árið 2009, sbr. tilskipun 2009/136/EB. Í ljósi breytinga á Evrópulöggjöf og tækniframfara á þessu sviði þykir því rétt að bæta réttarstöðu notanda almennrar fjarskiptaþjónustu nú með því að uppfæra ákvæðið og einungis heimila notkun hugbúnaðar í þessum tilgangi að fengnu upplýstu samþykki notanda. Með upplýstu samþykki er átt við að upplýsingaskylda samkvæmt lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga sé uppfyllt gagnvart notanda áður en samþykkis er aflað. Hér er almennt um að ræða vefkökur frá öllum aðilum sem ætlaðar eru í öðrum tilgangi en lögmætum. Ákvæðið hefur að geyma ákveðna undanþágu frá framangreindri kröfu um upplýst samþykki þegar notkunin er í lögmætum tilgangi. Slíkur lögmætur tilgangur skal túlkaður þröngt og getur eingöngu átt við í tveimur tilfellum. Í fyrsta lagi þegar um er að ræða tæknilega geymslu eða aðgang að upplýsingum í þeim eina tilgangi að framkvæma fjarskiptin yfir fjarskiptanet, þ.e. að auðkenna endapunkta fjarskiptanna, til að skiptast á gagnapökkum í réttri röð og til að uppgötva sendingarvillur eða gagnatap. Hér er um að ræða upplýsingar sem eru í raun nauðsynlegar til að tryggja virkni viðkomandi síðu o.s.frv. Hér þarf í raun að meta hvað sé nauðsynlegt til að tryggja virknina og svo hvað er einungis gert til að auðvelda notkun síðunnar en mögulega þarf samþykki fyrir hinu síðarnefnda. Í öðru lagi þegar notkunin er nauðsynleg forsenda þess að unnt sé að veita ákveðna þjónustu sem sérstaklega hefur verið óskað eftir. Þannig verður að vera ómögulegt að veita viðkomandi þjónustu, sem notandi óskar eftir án þess að viðkomandi upplýsingar séu fyrir hendi.

Í 3. mgr. ákvæðisins er að finna efnislega óbreytt ákvæði frá 6. og 8. mgr. 47. gr. gildandi fjarskiptalaga. Rétt þykir að færa ákvæðin og setja saman í eina málsgrein og færa í ákvæði um fjarskiptaleynd til að halda samfellu varðandi aðila er starfa við fjarskiptavirki, net eða þjónustu.

Ákvæði 4. mgr. er óbreytt frá 9. mgr. 47. gr. gildandi fjarskiptalaga. Hefur ákvæðið einungis verið flutt í ákvæði er varðar fjarskiptaleynd.

Um 89. gr.

Ákvæðið er efnislega óbreytt frá 42. gr. gildandi laga og fjallar um gögn um fjarskipti, svokallaðar fjarskiptaumferðarupplýsingar. Ákvæðið felur í sér mikilvægan hluta fjarskiptaleyndar, þ.e. eyðingu gagna um fjarskiptaumferð en fjarskiptafyrirtækjum ber, samkvæmt meginreglu greinarinnar, að eyða þeim eða gera nafnlaus þegar þeirra er ekki lengur þörf við afgreiðslu ákveðinnar fjarskiptasendingar. Hins vegar er þeim heimilt skv. 2. mgr. að geyma gögn um fjarskiptanotkun sem eru nauðsynleg fyrir reikningagerð og vegna uppgjörs fyrir samtengingu þar til ekki er lengur hægt að vefengja reikning eða hann fyrnist. Almennu hefur verið talið að ekki sé þörf á að geyma þessar upplýsingar lengur en í sex mánuði. Vísast til skýringa við gildandi ákvæði.

Í 3. mgr. ákvæðisins er að finna ákvæði sem kveður á um skyldu fjarskiptafyrirtækja til að varðveita ákveðna lágmarksskráningu gagna í sex mánuði á grundvelli almannaöryggis og meðferð sakamála. Ákvæðið er óbreytt frá gildandi lögum en það kom inn í gildandi fjarskiptalög með breytingalögum nr. 78/2005. Vísast til skýringa við 7. gr. frumvarpsins sem varð að þeim lögum (þskj. 1102, 738. mál á 131. lögb. 2004–2005).

Ákvæði 4.–6. mgr. ákvæðisins eru óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því að bætt hefur verið við skilyrði um upplýst samþykki notanda vegna vinnslu gagna. Felur það í sér að áður en samþykkis er aflað þarf þjónustuveitandi að sinna upplýsingaskyldu sinni samkvæmt skilyrðum persónuverndarlaga, þ.e. notandi þarf að hafa fengið viðeigandi og greinargóðar upplýsingar áður en hann veitir samþykki sitt. Að öðru leyti vísast til skýringa við gildandi lög.

Um 90. gr.

Ákvæðið kveður á um að einungis megi vinna úr upplýsingum um staðsetningu búnaðar í almennum fjarskiptanetum eða almennri fjarskiptaþjónustu, að ekki sé hægt að tengja þær við einstaka notendur eða að fengnu samþykki þeirra. Ákvæðið er óbreytt frá 1. mgr. 43. gr. gildandi fjarskiptalaga, að því undanskildu að nú er gerð krafa um upplýst samþykki notanda.

Um 91. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um hljóðritun símtala og er það efnislega óbreytt frá 48. gr. gildandi fjarskiptalaga. Ákvæði 1. mgr. felur í sér almenna skyldu aðila sem hljóðrita símtöl til að tilkynna um slíka hljóðritun í upphafi símtals. Það er því ekki í samræmi við ákvæðið að tilkynna einungis um að símtalið kunni að vera hljóðritað en nokkuð hefur verið um slíka framkvæmd. Taka verður af alla óvissu, viðmælendum í hag.

Í 2. mgr. er hins vegar að finna undanþágu frá framangreindri skyldu 1. mgr. en samkvæmt ákvæðinu þarf aðili ekki að tilkynna um upptöku símtals þegar ótvírætt má ætla að viðmælenda sé kunnugt um hljóðritunina. Ljóst er að hér er um undanþágu að ræða frá almennri meginreglu sem ætlað er að vernda friðhelgi einkalífs. Því ber að túlka undanþáguákvæðið þröngt og verður að vera ótvírætt að viðmælenda sé kunnugt um hljóðritunina. Með þessu ákvæði er komið til móts við þarfir atvinnulífsins sem í vaxandi mæli byggir samband sitt við viðskiptavini á samningum í gegnum síma enda sé það eðlilegur þáttur í starfsemi viðkomandi. Við mat á því hvort og hvernig tilkynning um hljóðritun er nauðsynleg verður að líta til þarfa

og aðstæðna á þeim markaði sem um ræðir, sér í lagi á fjármálamarkaði, en ætla má að ákvæðið eigi m.a. við í fjárfestingabankastarfsemi.

Í 3. mgr. er að finna aðra undanþágu frá meginreglu 1. mgr. og lýtur hún að opinberum stofnunum þegar hljóðritun er eðlilegur þáttur í starfsemi stjórnvalds. Sem dæmi um símtöl sem ótvírætt má ætla að séu hljóðrituð eru símtöl til viðbragðsaðila, svo sem Neyðarlínunnar, lögreglu og slíkra aðila.

Ákvæði 4. og 5. mgr. snúa að samspili ákvæðisins við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga en við fyrirkomulag hljóðritunarinnar og kynningu hennar skal fara eftir skilyrðum sem Persónuvernd kann að setja sem og að úrvinnsla hljóðritanna sé í samræmi við lög.

Um 92. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um aðstoð fjarskiptafyrirtækja við aðgerðir lögreglu í tengslum við rannsókn sakamála. Með ákvæðinu eru teknar saman málsgreinar í gildandi 47. gr. fjarskiptalaga og þær settar í sérstakt ákvæði. 1. mgr. ákvæðisins er 10. mgr. 47. gr. gildandi laga og kveður á um þá skyldu aðila sem reka fjarskiptaþjónustu eða fjarskiptanet að verða við tilmælum lögreglu um aðstoð við rannsókn sakamáls, enda styðjist þau tilmæli við dómsúrskurð eða lagaheimild. Þá er jafnframt kveðið á um skyldu fjarskiptafyrirtækja til að setja sér verklagsreglur um viðbrögð við beiðnum um aðgang lögreglu að persónuupplýsingum notenda fjarskiptaþjónustu.

Í 2. mgr. er að finna efnislega óbreytt ákvæði frá 7. mgr. 47. gr. gildandi fjarskiptalaga. Þar er að finna meginreglu um bann við aðgangi óviðkomandi aðila að gögnum eða að hlusta á eða hljóðrita fjarskiptasamtöl nema á grundvelli dómsúrskurðar. Þrátt fyrir þetta bann skal fjarskiptafyrirtæki veita lögreglu, í þágu rannsóknar sakamáls, ákveðnar upplýsingar, þ.e. upplýsingar um hver sé skráður notandi ákveðins símanúmers, hver sé notandi vistfangs (IP-tölu) og hvaða símanúmer tiltekinn viðskiptavinur var með á tilteknu tímabili. Að tillögu lögreglu er lagt til að kveðið verði skýrt á um að hún geti krafist afhendingar gagna á tilteknu formi, samkvæmt alþjóðlegum viðmiðum. Að öðru leyti fer um aðgang lögreglu að upplýsingum um fjarskipti samkvæmt lögum um meðferð sakamála.

Í 3. mgr. er að finna ákvæði sem er óbreytt frá 12. mgr. 47. gr. gildandi laga, en þó talað um stafræn gögn í stað tölvugagna og fjarskiptaumferðarupplýsingar í stað gagna um tölvusamskipti. Ákvæði 4. mgr. samsvarar 11. mgr. 47. gr. gildandi laga og 5. mgr. samsvarar 13. mgr. 47. gr. gildandi fjarskiptalaga.

Um 93. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um skrár yfir notendur, þ.e. númera- og vistfangaskrár fjarskiptafyrirtækja og símaskrár, hvort sem er á prenti, rafrænar eða í upplýsingaþjónustu um símanúmer. Með símaskrá er átt við samsafn þessara númera- og vistfangaskráa fjarskiptafyrirtækja sem úthluta símanúmerum. Ákvæðið er nokkuð breytt frá því sem nú er í 45. gr., sbr. einnig 3. mgr. 19. gr., gildandi fjarskiptalaga. Ekki er lengur talin þörf á að leggja alþjónustuskyldu á aðila til að viðhalda heildstæðri símaskrá yfir notendur þar sem nú ríkir samkeppni á þeim markaði, þ.e. fyrir upplýsingaþjónustuveitur um símanúmer. Áður fólst í ákvæðinu tvíþættur tilgangur. Í fyrsta lagi að tryggja að mögulegt væri að fyrirtæki, sem lagðar höfðu verið á þær alþjónustukvaðir að gefa út símaskrá og reka upplýsingaþjónustu um símanúmer, gæti uppfyllt kvaðir þessu tengdar. Í þessu sambandi var grundvallaratriði að gera hlutaðeigandi fyrirtæki kleift að afla upplýsinga um notendur allra fjarskiptafyrirtækja sem úthluta símanúmerum. Í öðru lagi

hafði ákvæðið þann tilgang tryggja að samkeppni gæti skapast á jafnræðisgrundvelli á markaði fyrir útgáfu símaskrár og rekstur upplýsingaþjónustu um símanúmer. Nú er staðan á hinn bóginn sú að hin nýja tilskipun (ESB) 2018/1972 fellir ekki þessa tegund þjónustu undir alþjónustu nema þörf teljist vera á slíku í viðkomandi ríki. Í Evrópu virðist því samkeppni hafa skapast á markaði fyrir upplýsingaþjónustuveitur líkt og hér á landi. Aftur á móti er gríðarlega mikilvægt að áfram séu til staðar forsendur fyrir virkri samkeppni, þ.e. að aðilar á markaði fyrir upplýsingaþjónustuveitur og útgefendur símaskráa, eða nýir aðilar, hafi jafnan aðgang að sömu grunnupplýsingum um notendur sem eru forsenda slíkrar starfsemi, þ.e. að númera- og vistfangaskrár fjarskiptafyrirtækja. Því er áfram mælt fyrir um skyldu fjarskiptafyrirtækja sem úthluta númerum að halda númera- og vistfangaskrár sem eru ætlaðar fyrir aðila sem starfa á markaði fyrir símaskrár og upplýsingaþjónustuveitur.

Í 1. mgr. ákvæðisins er kveðið á um rétt endanotanda í númeratengdri fjarskiptaþjónustu til að ákveða hvort persónuupplýsingar um hann skuli birtar í opinberri símaskrá, hvort sem er prentaðri eða rafrænni, eða notaðar fyrir upplýsingaþjónustuveitur um símanúmer. Notendur hafa ávallt haft þann rétt að ákveða sjálfir hvort þeir verða skráðir í skrár sem þessum. Nú er tekinn af allur vafi um að fjarskiptafyrirtæki sem úthlutar endanotanda símanúmeri skuli upplýsa hann um þennan rétt sinn, hvaða persónuupplýsingar um ræðir og um vinnslu þeirra, til að mynda miðlun þeirra, áður en hann er skráður í númera- og vistfangaskrá félagsins. Ákvæðið gerir því þá kröfu til fjarskiptafyrirtækja að halda sérstaka númera- og vistfangaskrá í þessum tilgangi. Hér er ekki um að ræða hefðbundna viðskiptamannaskrá fyrirtækjanna heldur skrá sem er sérstaklega ætluð til miðlunar á upplýsingum notenda til aðila sem starfa á markaði fyrir opinberar símaskrár og upplýsingaþjónustuveitur.

Í 2. mgr. ákvæðisins kemur fram að þær persónuupplýsingar sem um ræðir takmarkist við þær upplýsingar sem þarf til að bera kennsl á notanda. Þær upplýsingar teljast vera nafn hans og heimilisfang, ef við á, ásamt pósthúsnúmeri sem og upplýsingum um hvort viðkomandi óskar eftir að símanúmer sé ekki nýtt fyrir beina markaðssetningu aðila, þ.e. að hann sé merktur svokallaðri bannmerkingu símaskrár. Þannig er óheimilt að hringja í slík bannmerkt númer í markaðslegum tilgangi, sbr. 6. mgr. 94. gr. frumvarpsins. Fjarskiptafyrirtækjum er heimilt, að fengnu upplýstu samþykki viðkomandi endanotanda, að skrá viðbótarupplýsingar sem hann vill að jafnframt birtist í opinberum símaskrár eða séu notaðar í upplýsingaþjónustu fyrir símanúmer. Hér er ekki um að ræða sjálfstæðan rétt til endanotanda heldur getur fjarskiptafyrirtækið boðið upp á slíka skráningu, t.d. á grundvelli samninga við fyrirtæki sem starfar á markaði fyrir upplýsingaþjónustu. Skráning og miðlun slíkra viðbótarupplýsinga skal fara eftir lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Að fyrirmynd 2. mgr. 45. gr. gildandi fjarskiptalaga er í 2. mgr. ákvæðisins lagt til að endanotendur skuli hafa aðgang að upplýsingum um sig áður en þær eru skráðar í símaskrár eða notaðar fyrir upplýsingaþjónustuveitur um símanúmer. Í þessu felst krafa á fjarskiptafyrirtæki að veita endanotanda möguleika á að sjá og yfirfara upplýsingar um sig áður en fjarskiptafyrirtæki miðlar upplýsingum úr númera- og vistfangaskrá sinni til aðila sem starfa á markaði fyrir upplýsingaþjónustuveitur eða gefa út símaskrár, prentaðar eða rafrænar. Þessi krafa getur verið uppfyllt með því að endanotandi geti yfirfarið upplýsingar sínar við skráningu í númera- og vistfangaskrána sjálfa. Þá er jafnframt tilgreint að fjarskiptafyrirtækjum sé óheimilt að taka gjald fyrir þennan rétt endanotenda. Undir þjónustuna, sem snýr að rétti endanotanda varðandi grunnupplýsingar hans í númera- og vistfangaskrá, fellur skráning grunnupplýsinga eða afskráning úr númera- og vistfangaskrá.

Í 3. mgr. ákvæðisins er að finna efnislega óbreytt ákvæði frá 4. mgr. 45. gr. gildandi fjarskiptalaga um heimild Fjarskiptastofu til að kveða á um skyldu fjarskiptafyrirtækja til að verða við öllum réttmætum beiðnum um miðlun grunnupplýsinga úr númera- og vistfangaskrá þeirra til aðila er starfar á markaði upplýsingaþjónustuveita á því formi sem aðilar koma sér saman um og með skilmálum sem eru sanngjarnir, tryggja jafnræði og byggjast á kostnaði ásamt hæfilegri álagningu. Hér er um að ræða grundvallarákvæði sem tryggja á að virk samkeppni geti ríkt á markaði fyrir upplýsingaþjónustuveitur, sbr. fyrri umfjöllun. Byggist ákvæðið á 112. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972. Rísi ágreiningur á milli aðila um form afhendingar eða kostnað geta aðilar, á grundvelli ákvæðisins, leitað til Fjarskiptastofu.

4. mgr. ákvæðisins er óbreytt frá 5. mgr. 45. gr. gildandi fjarskiptalaga.

Um 94. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um mikla réttarvernd fyrir endanotendur fjarskiptaþjónustu gegn markaðsstarfsemi aðila. Ákvæðið er efnislega óbreytt frá 46. gr. gildandi laga að undanskilinni nýrri 4. mgr. Það varðar vernd friðhelgi einkalífs og leggur bann við óumbeðnum fjarskiptum í formi markaðssetningar með notkun sjálfvirkra uppkallskerfa, símbréfa, tölvupósts og hvers konar rafrænna skilaboða, nema viðkomandi einstaklingur hafi veitt upplýst samþykki fyrir öðru eða að uppfylltum skilyrðum 2. mgr. varðandi tölvupóstsendingar þegar um er að ræða markaðssetningu til viðskiptavina. Þannig hefur einstaklingur rétt samkvæmt þessu ákvæði til að samþykkja markaðssetningu frá ákveðnum aðilum með upplýstu samþykki skv. 1. mgr. eða að tölvupóstfang hans sé notað skv. 2. mgr. Ákvæði þetta er sérlagaákvæði gagnvart ákvæðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018, og laga um skráningu einstaklinga, nr. 140/2019, sbr. sér í lagi 3. mgr. 15. gr. þeirra. Þá ber að nefna að sá aðili er stendur að markaðssetningu ber sönnunarbyrði þess að uppfylla skilyrði ákvæðisins um upplýst samþykki skv. 1. mgr. eða að viðkomandi hafi verið boðið að hafna notkun tölvupósts skv. 2. mgr.

Skapast hefur mikil reynsla af framkvæmd gildandi ákvæðis 46. gr. fjarskiptalaga í gegnum ákvarðanir Fjarskiptastofu. Þannig má nefna að hugtakið *bein markaðssetning* hefur verið túlkað rúmt af hálfu stofnunarinnar enda er ákvæðið sett til að vernda friðhelgi einkalífs notenda fjarskiptaþjónustu. Er þetta m.a. í samræmi við álit starfshóps um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga sem settur var á fót á grundvelli 29. gr. tilskipunar 95/46/EB um að hugtakið ætti að ná yfir hvers kyns markaðsátak, þar á meðal beina markaðssetningu hjálparstofnana og stjórn málaflókka. Þá þurfa fjarskiptin ekki heldur að vera framkvæmd í hagnaðarskyni til þess að teljast bein markaðssetning heldur hefur verið miðað við að ef markmið þess aðila sem stendur fyrir óumbeðnum fjarskiptum er að fá móttakanda til þess að aðhafast eitthvað eða skuldbinda sig með einhverjum hætti þá falli tilvikið undir ákvæðið.

Orðalagsbreyting er lögð til á 1. mgr. ákvæðisins, frá því sem er í 1. mgr. 46. gr. gildandi fjarskiptalaga, þar sem hugtakið *rafræn skilaboð* er sett inn án frekari skilgreiningar. Ekki er um efnisbreytingu að ræða þar sem SMS og MMS eru vissulega rafræn skilaboð í skilningi ákvæðisins. Hins vegar þykir rétt að gera þessa breytingu svo að áhersla ákvæðisins nái til hvers kyns rafrænna skilaboða í formi óumbeðinna fjarskipta. Hugtakið *rafræn skilaboð* er skilgreint í h-lið 2. gr. tilskipunar 2002/58/EB og telst vera „texta-, radd-, hljóð- eða myndskilaboð sem send eru á almennu fjarskiptaneti, sem er öllum aðgengilegt, sem hægt er að geyma á netinu eða í endabúnaði viðtakandi þar til þau eru sótt af viðtakanda“. Þá er jafnframt

gerð sú breyting að samþykki notenda samkvæmt málsgreininni þarf að vera upplýst. Er það til samræmis við ákvæði laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018.

Heimild 2. mgr. til að nota tölvupóst fyrir beina markaðssetningu er undanþága frá banni við óumbeðnum fjarskiptum og skal túlkast þröngt. Er undanþágan einungis heimil til viðskiptavina fyrirtækis/söluaðila vegna markaðssetningar á eigin vörum eða þjónustu fyrirtækisins ef viðskiptavinur er gefinn kostur á að andmæla slíkri notkun tölvupóstfanga þeim að kostnaðarlausu þegar skráning á sér stað og sömuleiðis í hvert sinn sem skilaboð eru send, hafi viðskiptavinurinn ekki þegar í upphafi hafnað slíkri notkun. Áréttu ber að ákvæðið nær einungis til tölvupóstsendinga. Ákvæðið er óbreytt frá gildandi 2. mgr. 46. gr. fjarskiptalaga.

Í 3. mgr. er að finna almennt bann við óumbeðnum fjarskiptum í formi beinnar markaðssetningar, annarra en sem um getur í 1. og 2. mgr. ákvæðisins. Hér er því að finna meginreglu ákvæðisins um verndun friðhelgi einkalífs, þ.e. því skal ekki raskað nema að fengnu upplýstu samþykki þegar um er að ræða sjálfvirk uppkallskerfi, símbref, tölvupóst og önnur rafræn skilaboð eða þegar um er að ræða tölvupóst til viðskiptavinar fyrirtækis, enda hafi hann ekki hafnað slíkri notkun tölvupóstsins þegar honum var gefinn skýr kostur á að gera slíkt. Ákvæðið er óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því að í stað hugtaksins áskrifandi kemur notandi.

Í 4. mgr. er að finna nýmæli er varðar almenn tölvupóstföng fyrirtækja og stofnana. Þannig er gert heimilt fyrir fyrirtæki/söluaðila að nálgast fyrirtæki í markaðslegum tilgangi með sendingu tölvupósta á slík almenn tölvupóstföng fyrirtækis eða stofnunar. Afmörkun ákvæðisins er því skýr og veitir ákvæðið ekki heimild til að senda tölvupóst í markaðslegum tilgangi á tölvupóstföng sem fyrirtæki eða stofnun úthlutar einstaka starfsmönnum sínum.

Í 5. mgr. ákvæðisins eru aðilar sem nota tölvupóst í markaðssetningu sinni skyldaðir til að láta það koma skýrt fram hver standi að markaðssetningunni og heimilisfang viðkomandi. Ákvæðið er óbreytt frá gildandi lögum en nær nú jafnframt til nýrrar 4. mgr.

Ákvæði 6. mgr. er óbreytt frá 5. mgr. 46. gr. gildandi fjarskiptalaga. Fjallar það um svokallaða bannskrá símaskráa en samkvæmt því er óheimilt að hringja í endanotanda í markaðslegum tilgangi sé hann merktur með þeim hætti í símaskrá að hann vilji ekki fá slíkar hringingar. Þetta ákvæði helst í hendur við ákvæði 93. gr. með þeim hætti að bannmerkingin er ein þeirra grunnupplýsinga sem fjarskiptafyrirtæki skal skrá í númera- og vistfangaskrá sinni sem er grunnur opinberra símaskráa og fyrir upplýsingaþjónustuveitur um símanúmer, kjósi viðkomandi það.

Um 95. gr.

Lagt er til að kveðið verði á um að tiltekin ákvæði XII. kafla er varða öryggi fjarskiptaneta (78.–81. gr.) skuli einnig ná til neyðar- og öryggisfjarskipta, svo og reglugerðarheimild.

Trygg neyðar- og öryggisfjarskipti er forsenda þess að hægt sé að hefja og samræma aðgerðir viðbragðsaðila þegar vá ber að höndum. Samfélagið reiðir sig á neyðar- og öryggisfjarskipti á tímum neyðar vegna slysa, náttúruhamfara eða hamfara af mannavöldum til að tryggja:

- a. öryggi almennings,
- b. rekstur grunnþjónustu,
- c. að tjón á mannvirkjum verði í lágmarki, og
- d. virkni samgangna á landi, lofti og sjó.

Áreiðanleiki neyðar- og öryggisfjarskipta byggist á áreiðanleika allra fjarskiptaneta sem þau nota, hvort heldur þau eru í eigu hins opinbera eða markaðsaðila.

Með ákvæðinu er lagt til að sú umgjörð sem gildir um almenn fjarskiptanet taki jafnframt til allra fjarskiptaneta sem notuð eru fyrir neyðar- og öryggisfjarskipti. Hér er m.a. átt við að beita skuli sömu aðferðum og verkferlum til að skjalfesta fyrirkomulag öryggisskipulags og uppfylla sömu viðmið og kröfur um áhættustýringarumgjörð, með vísan til 78. gr. og reglugerða sem kunna að verða settar á grundvelli hennar. Þá er lagt til að sömu almennu reglur um meðhöndlun öryggisatvika, tilkynningar um slík atvik og stjórnsýsluleg úrræði Fjarskiptastofu gildi um þessi fjarskiptanet.

Þá er lagt til að ráðherra geti í reglugerð kveðið á um auknar kröfur til skipulags net- og upplýsingaöryggis og fyrirkomulag áhættustýringar neyðar- og öryggisfjarskipta sem og þeirra fjarskiptaneta sem notuð eru fyrir neyðar- og öryggisfjarskipti. M.a. má í reglugerð kveða nánar á um hvernig standa skuli að framkvæmd áhættumats, öryggisráðstöfunum og tilhögun innra eftirlits. Gengið er út frá að sömu heimildir Fjarskiptastofu til upplýsingaöflunar, úttekta og prófana gildi um neyðar- og öryggisfjarskipti og öll önnur fjarskiptanet sem þau nota.

Með ákvæðinu er ekki ætlunin að hrófla við þeim þáttum sem snúa að neyðarfjarskiptakerfum í lögum um almannavarnir, nr. 82/2008.

Um 96. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að innleidd verði 109. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972 um samræmda evrópska neyðarnúmerið 112. Þetta ákvæði frumvarpsins er að mestu leyti sambærilegt gildandi ákvæði 49. gr. gildandi fjarskiptalaga. Hins vegar er nú tekið fram að símtali skuli fylgja fjarskiptaumferðarupplýsingar sem eru nauðsynlegar til að staðsetja þann sem hringir neyðarsímtal. Eins og verið hefur er ekki heimilt að gjaldfæra neyðarsímtöl og neikvæð staða inneignar getur ekki verið hindrun þess að slíkt símtal sé flutt. Með neikvæðri stöðu inneignar er einnig átt við að lokun á fjarskiptaþjónustu vegna vanskila notanda á ekki að koma í veg fyrir flutning á neyðarsímtali.

Hér á landi hefur framkvæmdin verið sú að neyðarsímtal er mótttekið og flutt í farnetum óháð því hvort notandinn sé staðsettur á þjónustusvæði síns fjarskiptafyrirtækis. Nú er ætlunin að lögfesta framkvæmdina hvað þetta varðar.

Þá er mikilvægt að hafa í huga, hvað varðar hluta af þeim skyldum sem lagðar eru á stjórnvöld skv. 109. gr. tilskipunarinnar, svo sem að tryggja að neyðarsímtali sé svarað, að sérstök lög gilda um samræmda neyðarsímsvörun, nr. 40/2008.

Um 97. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að innleidd verði 96. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972 um samræmdu evrópsku númerin 116000 og 116111. Annars vegar er um að ræða númerið 116000 fyrir ábendingalínu vegna tilkynninga um börn sem er saknað. Í framkvæmd hefur þessu verkefni verið sinnt af Neyðarlínunni og viðbúið að svo verði áfram. Hins vegar er um að ræða númerið 116111 sem er hugsað sem hjálparlína fyrir börn sem þurfa umhyggju og vernd við tiltekna aðstæður. Gert er ráð fyrir að símsvörun fyrir þessa þjónustu verði sömuleiðis í höndum neyðarvarða sem hafa hlotið þjálfun í samskiptum við fólk í erfiðum aðstæðum, þ.m.t. börn. Eftir atvikum verður hins vegar að gera ráð fyrir því að verkefnið sé í framhaldinu unnið með aðkomu annarra þar til bærra opinberra aðila sem vinna að hagsmunum og heilbrigði barna.

Um 98. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um skyldu fjarskiptafyrirtækja til að senda upplýsingar um staðsetningu notenda til aðila sem annast neyðarþjónustu og eru opinberlega viðurkenndir sem slíkir. Þessar upplýsingar skulu sendar án endurgjalds og er ekki gerð krafa um samþykki notanda fyrir þessari miðlun upplýsinga. Ákvæðið er að mestu efnislega samhljóða 2. mgr. 43. gr. gildandi fjarskiptalaga en það kom inn með breytingarlögum nr. 39/2007. Vísast til skýringa með frumvarpi er varð að þeim lögum (þskj. 547, 436. mál á 133. lögb. 2006–2007).

Í ákvæðinu er lagt til að kveðið verði á um það nýmæli að fjarskiptafyrirtæki sé ekki aðeins skylt að senda upplýsingar um staðsetningu notanda í þeim tilvikum sem lögregla telur að líf hans sé í bráðri hættu heldur jafnframt ef mat lögreglu er að líf annarra sé í bráðri hættu og upplýsingarnar eru nauðsynlegar til að afstýra hættunni. Tekið skal fram að fjarskiptafyrirtæki verða almennt við slíkum neyðarbeiðnum lögreglu á grundvelli eins konar neyðarréttar en viðeigandi þykir að festa núverandi framkvæmd í lög með skýrum hætti. Neyðarbeiðnir sem þessar eru aðeins sendar af hálfu lögreglu þegar staðfest hefur verið að slík hætta sé fyrir hendi og gilda skýrar verklagsreglur um hvernig ber að undirbúa og framkvæma slíkar beiðnir. Ákvæðið felur í sér undantekningu frá 80. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008, þar sem ekki er krafist dómsúrskurðar áður en upplýsingar eru sendar lögreglu. Ber því að túlka ákvæðið þröngt og ljóst að ekki er heimilt að beita því í neinum öðrum tilgangi en kveðið er á um í ákvæðinu.

Í þessu samhengi er mikilvægt að áréttu að þótt skyldan lúti einungis að því sem er tæknilega gerlegt er ljóst að staðsetningarupplýsingarnar skulu innihalda upplýsingar úr netkerfum og, þar sem það er mögulegt, upplýsingar sem fengnar eru úr endabúnaði. Vísast til dóms Evrópudómstólsins frá 5. september 2019 í máli C-418/18 í þessu samhengi þar sem því var slegið föstu að skylda fjarskiptafyrirtækja til að veita staðsetningarupplýsingar náí til símtala úr farsímum sem eru án SIM-korta, auk þess sem dómstóllinn lagði áherslu á að upplýsingarnar sem veittar eru þyrftu að vera nægjanlega áreiðanlegar og nákvæmar svo að þær gætu komið neyðaraðilum að notum. Samræmist þetta einnig 6. mgr. 109. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972 þar sérstaklega er kveðið á um þær heimildir viðeigandi eftirlitsstjórnvalda að setja lágmarkskröfur um gæði upplýsinganna. Í þessu samhengi ber að áréttu að þessi skylda fjarskiptafyrirtækja skal vera án endurgjalds.

Um 99. gr.

Um almannavarnir og skipulag þeirra fer samkvæmt lögum um almannavarnir, nr. 82/2008. Ákvæði þetta fjallar um boðkerfi almannavarna sem gefur almannavarnayfirvöldum tækifæri til þess að senda smáskilaboð með viðvörun um neyðarástand til almennings, þ.e. allra notenda sem staðsettir eru innan útbreiðslusvæðis tiltekinna farnetsenda. Um er að ræða innleiðingu á 110. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972.

Það er fyrst og fremst í höndum Neyðarlínunnar að vera í samskiptum við fjarskiptafyrirtæki um slík neyðarboð en skilaboð geta átt rætur að rekja til lögreglu, slökkviliðs eða annarra opinberra viðbragðsaðila. Ekki ber að leggja þröngan skilning í hugtakið neyðarástand. Þannig fellur náttúruvæ ekki einungis undir ákvæðið heldur getur einnig verið um ræða stórfelldan húsbruna, eiturefnaleka eða önnur atvik sem geta stefnt líf og heilsu fólks í hættu.

Framangreind skilaboð eru fyrst og fremst móttekin í farsímum en ekki er hægt að útiloka að þau séu móttekin í annars konar nettengdum búnaði, t.d. spjaldtölvum eða snjallúrum.

Þegar talað er um fjarskiptafyrirtæki í þessu sambandi er átt við þau fyrirtæki sem eiga og reka farnet en einnig sýndarnetsaðila og endursöluaðila farnetsþjónustu sem veita þjónustu á

farnetum. Þá er gert ráð fyrir að fjarskiptafyrirtækjum sé skylt að veita þessa þjónustu endurgjaldslaut og láta hana njóta forgangs í almennum fjarskiptanetum.

Um 100. gr.

Umrætt ákvæði byggist á 72. gr. í gildandi fjarskiptalögum og er í samræmi við kröfur 108. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972 um að aðildarríki skuli gera ráðstafanir til að tryggja mesta mögulega tiltækileika talfjarskiptaþjónustu og netaðgangsbjónustu sem veitt er um almenn fjarskiptanet við aðstæður eins og stórfellt nethrun eða við óviðráðanlegar aðstæður. Í gildandi lögum er eingöngu gert ráð fyrir að neyðarástand geti skapast vegna náttúruhamfara. Í ljósi ákvæðis 108. gr. tilskipunarinnar þykir rétt að gera forsendur fyrir neyðaráráðstöfununum almennari en skilyrði um alvarleika þurfa þó að vera uppfyllt, þ.e. að rof fjarskipta taki til stórs landsvæðis eða til umtalsverðs fjölda notenda. Slíkar aðstæður gætu mögulega skapast vegna stórfelldrar netárásar, bilunar, rekstrarstöðvunar o.s.frv. Séu aðstæður með þeim hætti að viðbrögð fjarskiptafyrirtækis við yfirvofandi eða yfirstandandi fjarskiptarofi reynast því ofviða gæti ríkisvaldið þurft að grípa inn í.

Lagt er til að orðalagi 1. mgr. ákvæðisins verði breytt frá því sem er í gildandi lögum á þá vegu að úrræði ráðherra samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar takmarkist ekki við ófriðartíma heldur hvers konar aðstæður er kunna að varða þjóðaröryggi eða almannaoöryggi, viðvarandi eða tilfallandi alvarlega ógn. Að því er hugtökin þjóðaröryggi og almannaoöryggi á sviði fjarskipta varðar vísast til skýringa við 78. gr., en í frumvarpinu er byggt á því að almannaoöryggi rúmist innan hugtaksins almannahagsmunir, að því er viðkemur fjarskiptum.

Um 101. gr.

Ákvæðið er að mestu óbreytt frá gildandi fjarskiptalögum og þarfnast ekki skýringar.

Um 102. gr.

Lagt er til að Fjarskiptastofa hafi samkvæmt ákvæðinu heimild til að framkvæma vettvangskönnun og prufukaup, grípa til aðgerða, leggja á sektir og dagsektir og krefjast lögbanns skv. 20. gr. a og b, 2. mgr. 21. gr. c, 22.–25. gr., 25. gr. a og 27. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, nr. 57/2005. Heimildirnar eru ætlaðar til viðbótar við aðrar heimildir og viðurlög sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir og lög um Fjarskiptastofu. Til áréttingar er lagt til að kveðið verði á um að ákvörðunum Fjarskiptastofu verði skotið til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála en ekki úrskurðarnefndar neytendamála. Ákvæði laga um Fjarskiptastofu um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála skulu gilda að öðru leyti um málsmeðferð.

Ákvæðið á rætur að rekja til reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2394 um samvinnu milli landsyfirvalda sem bera ábyrgð á að framfylgja lögum um neytendavernd o.fl. Samkvæmt reglugerðinni fellur ákvæði 13. gr. tilskipunar (ESB) 2002/58 um persónuvernd í fjarskiptum undir reglugerðina en það lýtur að óumbeðnum fjarskiptum. Reglugerð (ESB) 2017/2394 var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 172/2019. Ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra lagði á 150. löggjafarþingi fram frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna samvinnu stjórnvalda á Evrópska efna-hagssvæðinu um neytendavernd (heimildir til rannsókna og framfylgdar) (þskj. 374, 330. mál á 150. lögb. 2019–2020), þar á meðal lögum um fjarskipti, nr. 81/2003. Frumvarpið var samþykkt á Alþingi 5. mars 2020 sem lög nr. 21/2020. Þetta ákvæði frumvarps til nýrra fjarskiptalaga byggist á 11. gr. þeirra laga og er til komið vegna athugasemdar atvinnuvega- og nýsköp-

unarráðuneytis við drög að frumvarpi þessu sem voru til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda frá 9. desember 2019 til 9. janúar 2020.

Um 103. gr.

Lagt er til að í ákvæðinu verði kveðið á um heimild Fjarskiptastofu til álagningar stjórnvaldssekta vegna brota gegn ákvæðum laganna. Vísað er til skýringa í kafla 3.6 í greinargerðinni.

Í 4. mgr. er gert ráð fyrir að ákvörðun um stjórnvaldssekt megi skjóta til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 20. gr. laga um Fjarskiptastofu, nr. 75/2021.

Í 5. mgr. er lagt til að heimild til að leggja á stjórnvaldssekt falli niður þegar fimm ár eru liðin frá því að háttsemi lauk. Er það sami fyrningarfrestur og gilda mun um refsíabyrgð einstaklinga og lögaðila vegna brota á lögunum. Í 104. gr. frumvarpsins er lagt til að hámarksrefsing vegna brota gegn ákvæðum frumvarpsins skuli vera sektir eða fangelsi allt að tveimur árum. Því er fyrningarfrestur gagnvart einstaklingum fimm ár skv. 1. mgr. 81. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Sami fyrningarfrestur gildir gagnvart lögaðilum, sbr. 5. mgr. 81. gr. almennra hegningarlaga. Ef um samfellda brotastarfsemi eða ástandsbrott er að ræða telst broti ekki lokið fyrr en hinu ólögumæta ástandi linnir og upphaf fyrningarfrests telst þá einnig frá þeim tíma, með vísan til meginreglna refsiréttar. Í 2. málsl. 5. mgr. er kveðið á um að tilkynning Fjarskiptastofu til aðila um rannsókn á meintu broti rjúfi fyrningu. Rof frests hefur réttaráhrif gagnvart öllum sem staðið hafa að broti. Þó svo að réttur til álagningar stjórnvaldssekta sé fyrndur kemur ákvæðið ekki í veg fyrir að Fjarskiptastofa fjalli efnislega um mál og kveði upp úr um það hvort tiltekin háttsemi hafi falið í sér brott gegn lögunum.

Um 104. gr.

Lagt er til að í ákvæðinu verði kveðið á um refsingar vegna brota gegn ákvæðum laganna, sbr. 1. mgr. 103. gr. Þau varði sektum eða fangelsi allt að tveimur árum ef sakir eru miklar eða brott ítrekuð. Í 2. mgr. er, að fyrirmynd 3. mgr. 74. gr. gildandi laga um fjarskipti, gert ráð fyrir að brott gegn ákvæðum XIII. kafla er lúta að vernd persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs geti varðað allt að þriggja ára fangelsi ef brott er framið í ávinningsskyni, hvort sem er í eigin þágu hins brotlega eða annarra. Vísast jafnframt til skýringa í kafla 3.6 í greinargerðinni.

Um 105. gr.

Lagt er til að í ákvæðinu verði kveðið á um málsmeðferð vegna kæru mála til lögreglu, í samræmi við viðtekin viðmið þar um. Ákvæðið þarfnast ekki nánari skýringar.

Um 106. gr.

Lagt er til að með ákvæðinu verði kveðið á um rétt manna til að fella ekki á sig sök með vísan til meginreglna refsiréttar þar um. Ákvæðið þarfnast ekki nánari skýringar.

Um 107. gr.

Gert er ráð fyrir almennri heimild til ráðherra um setningu reglugerðar um nánari framkvæmd laga þessara. Ákvæðið þarfnast ekki skýringar.

Um 108. gr.

Með frumvarpinu er lagt til að innleidd verði hér á landi efnisákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1972 frá 11. desember 2018 um setningu evrópskra reglna um

fjarskipti, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um upptöku hennar í EES-samninginn nr. 275/2021 frá 24. september sl., sem tekin var með stjórnskipulegum fyrirvara. Vísast jafnframt til skýringa í köflum 1, 2 og 3.8 í greinargerð.

Um 109. gr.

Lagt er til að gildistaka nýrra heildarlaga um fjarskipti, verði frumvarpið samþykkt, miðist við mitt ár 2022.

Um 110. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða I–II.

Ákvæðin þarfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða III.

Sjá skýringar í kafla 3.7 í greinargerð.